

**Staðfesting greinargerðar:**

Greinargerð þessi var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, hinn ..... 2008.

---

F.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.

Aðalskipulag þetta var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra.

Reykjavík, hinn .....2008.

---

---

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Sjá kafla 3.0. í greinargerð.

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 .

Reykjavík, hinn ..... 2008.

---

Umhverfisráðherra.

---

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>1-4</b>
<b>1.0. INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>1.1. Formáli</b> .....	<b>7</b>
<b>1.2. Um lög og reglugerðir</b> .....	<b>7</b>
<b>1.3. Um aðalskipulagstillöguna og málsmeðferð</b> .....	<b>8</b>
<b>2.0. MEGINATRÍÐI STEFNUMÖRKUNAR/LANDNOTKUNAR</b> .....	<b>12</b>
<b>2.1. Umhverfis- og verndunarmál</b> .....	<b>13</b>
2.1.1. Fornminjar .....	15
2.1.2. Fornminjaskráning/hverfisvernd.....	15
2.1.3. Vatnsverndarsvæði .....	16
2.1.4. Efnistökusvæði .....	16
<b>2.2. Þróun byggðar/þéttbýli</b> .....	<b>16</b>
2.2.1. Íbúðarsvæði/stök íbúðarhús .....	16
<b>2.3. Atvinnumál</b> .....	<b>17</b>
2.3.1. Landbúnaður/ræktun.....	18
2.3.2. Iðnaðarmál/ iðnaðar- og athafnasvæði.....	19
2.3.3. Miðsvæði/verslunar- og þjónustusvæði .....	19
2.3.4. Svæði fyrir frístundabyggð .....	20
2.3.5. Veiðivötn, fiskeldi .....	21
<b>2.4. Veitur</b> .....	<b>21</b>
2.4.1. Vatnsveita/vatnsvernd.....	21
2.4.2. Hitaveita .....	22
2.4.3. Rafveita.....	22
2.4.4. Fráveita .....	22
2.4.5. Sorpeyðing.....	22
<b>2.5. Samgöngumál</b> .....	<b>23</b>
2.5.1. Samgöngur á landi .....	23
2.5.2. Reiðleiðir, gönguleiðir.....	23
2.5.3. Flugsamgöngur .....	24
2.5.3. Fjarskipti.....	24
<b>2.6. Þjónustustofnanir</b> .....	<b>24</b>
2.6.1. Mennta- og menningarmál.....	24
2.6.2. Dagvistun.....	25
2.6.3. Heilbrigðismál .....	25
2.6.4. Félagsþjónusta .....	25
2.6.5. Opinber stjórnsýsla .....	25
2.6.6. Kirkjur .....	25
<b>2.7. Félagslíf, opin svæði til sérstakra nota; íþróttir og útivist</b> .....	<b>25</b>
<b>2.8. Náttúruvá/öryggismál</b> .....	<b>26</b>
<b>Landnotkunartafla</b> .....	<b>A</b>
<b>3.0. MAT Á UMhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat skipulagstillögunnar</b> .....	<b>28</b>
<b>4.0. Náttúrufar</b> .....	<b>33</b>
4.1. Staðháttalýsing/landslag .....	33
4.2. Jarðfræði .....	33
4.3. Lífríki.....	35
4.4. Veðurfar .....	37
4.5. Kötlugos/skriðuföll og snjóflóð .....	38
4.6. Jarðskjálftar.....	46
4.7. Náttúruminjar, umhverfis- og verndunarmál.....	46
4.8. Efnistökusvæði .....	47
<b>5.0. BYGGÐ</b> .....	<b>50</b>
<b>5.1. Saga byggðar</b> .....	<b>50</b>

5.1.1.	Menningarminjar .....	51
5.1.1.1	Fornminjar/fornleifar .....	51
5.1.1.2	Húsafriðun .....	52
5.1.1.3	Fornminjaskráning/hverfisvernd .....	53
<b>5.2.</b>	<b>Íbúapróun í Vestur Skaftafellssýslu .....</b>	<b>55</b>
<b>5.3.</b>	<b>Íbúapróun í Mýrdalshreppi árabilið 1971-2006, spá .....</b>	<b>56</b>
5.3.1.	Aldurs- og kynjaskipting .....	58
<b>5.4.</b>	<b>Skipulagsáætlanir eftir 1950 .....</b>	<b>58</b>
<b>5.5.</b>	<b>Íbúðarbyggð .....</b>	<b>60</b>
5.5.1.	Núverandi íbúðar- og atvinnuhúsnæði og aðrar fasteignir .....	60
5.5.2.	Húsnæði og landnotkun .....	61
<b>5.6.</b>	<b>Atvinnulíf .....</b>	<b>62</b>
5.6.1.	Almennt um atvinnulífið .....	62
5.6.2.	Ársverk .....	62
5.6.3.	Landbúnaður .....	63
5.6.4.	Iðnaður .....	68
5.6.5.	Ferðaþjónusta, frístundahús .....	68
5.6.6.	Önnur þjónusta-einkarekin/verslun .....	70
5.6.7.	Veiðivötn, fiskeldi .....	70
5.6.8.	Virkjun vatns- og vindaflds .....	71
5.6.9.	Landnotkun og mannaflí .....	71
<b>5.7.</b>	<b>Veitur .....</b>	<b>71</b>
5.7.1.	Vatnsveita .....	71
5.7.2.	Hitaveita .....	72
5.7.3.	Rafveita .....	72
5.7.4.	Fráveita .....	72
5.7.5.	Sorpeyðing .....	72
<b>5.8.</b>	<b>Samgöngumál .....</b>	<b>72</b>
5.8.1.	Almennt .....	72
5.8.2.	Samgöngur á landi, umferð .....	73
5.8.3.	Reið- og gönguleiðir .....	76
5.8.4.	Flugsamgöngur .....	78
5.8.5.	Fjarskipti .....	78
<b>5.9.</b>	<b>Þjónustustofnanir .....</b>	<b>78</b>
5.9.1.	Mennta- og menningarmál .....	79
5.9.2.	Dagvistun .....	80
5.9.3.	Heilbrigðismál .....	80
5.9.4.	Félagsþjónusta .....	81
5.9.5.	Opinber þjónusta/stjórnslá .....	81
5.9.6.	Kirkjur .....	81
5.9.7.	Félagslíf, opin svæði til sérstakra nota; íþróttir og útivist .....	82
<b>5.10.</b>	<b>Öryggismál .....</b>	<b>83</b>
<b>6.0.</b>	<b>EIGNARHALD Á LANDI .....</b>	<b>83</b>
<b>7.0.</b>	<b>KÖNNUN Á LANDNOTKUN .....</b>	<b>84</b>
<b>7.1.</b>	<b>Skipulag á bújörðum .....</b>	<b>85</b>
<b>8.0.</b>	<b>UM SKIPULAG .....</b>	<b>85</b>
<b>8.1.</b>	<b>Framkvæmd og endurskoðun skipulags .....</b>	<b>85</b>
<b>9.0.</b>	<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>86</b>
<b>10.0.</b>	<b>HELSTU HEIMILDIR .....</b>	<b>86</b>
<b>11.0.</b>	<b>SKÝRINGAR HUGTAKA .....</b>	<b>88-93</b>
	Uppdrættir vegna aðalskipulags og viðaukar greinargerðar .....	94-

**Myndaskrá**

1.	Veðurupplýsingar, hitastig.....	37
2.	Veðurupplýsingar, úrkoma.....	38
3.	Kötluhlaup 1860.....	41
4.	Kötluhlaup 1918.....	41
5.	Helstu hlaupaleiðir vegna Kötlugoss.....	42
6.	Hermun hlaups niður Mýrdalssand.....	42
7.	Hermun hlaups niður Sólheimasand.....	43
8.	Katla séð frá Vík 1918.....	43
9.	Íbúapróun í Mýrdalshreppi frá 1981 (spá).....	57
10.	Nettóflutningar í Mýrdalshreppi 1980-2004.....	57
11.	Fjölgun/fækkun í Mýrdalshreppi 1980-1999.....	57
12.	Aldurs- og kynjaskipting í Mýrdalshreppi/Ísland 2000.....	58
13.	Fasteignir í sveitarfélaginu skv. fasteignamati 2000.....	60
14.	Ársverk í Mýrdalshreppi 1985-1996.....	63
15.	Fóðuröflun, þróun 1990-2000.....	66

**Töfluskrá**

1.	Landnotkunarflokkar.....	13
2.	Landnotkunartafla.....	extra
3.	Veður, meðaltalstölur frá Vík í Mýrdal.....	38
4.	Helstu gos í Mýrdalsjökli/Kötlu.....	38
5.	Námuskrá í Mýrdalshreppi.....	48-49
6.	Friðlýsingar fornminjar í Mýrdalshreppi.....	52
7.	Íbúapróun í Mýrdalshreppi 1981-2006.....	56
8.	Fasteignir í sveitarfélaginu skv. fasteignamati 2000/2006.....	60
9.	Áætluð nýting íbúðarsvæða á skipulagstímanum.....	61
10.	Ársverk í Mýrdalshreppi 1985-1996.....	63
11.	Ábúð á bújörðum og fleiri upplýsingar (haustið 2007).....	64
12.	Bújarðir án búrekstrar og aðrar upplýsingar (haustið 2007).....	65
13.	Eyðibýli, upplýsingar (haustið 2007).....	65
14.	Greiðslumark í kindakjöti 1998 og 2007.....	66
15.	Greiðslumark í mjólk 1998/99 og 2007/08.....	66
16.	Ásett búfé árabilið 1995 til 2006.....	66
17.	Heyfengur og ræktun árabilið 1996 til 2006.....	66
18.	Landgræðslugirðingar í Mýrdalshreppi.....	68
19.	Skrá yfir iðnfyrirtæki og verktakaþjónustu í Mýrdalshreppi í ágúst 2007.....	68
20.	Skrá yfir fyrirtæki í ferðaþjónustu í Mýrdalshreppi í ágúst 2007.....	69
21.	Núverandi frístundahús /-svæði 2003.....	69
22.	Frístundsvæði samkvæmt aðalskipulaginu.....	69
23.	Gistirými í Mýrdalshreppi, heildarframboð, 2007.....	70
24.	Framboð gistirýmis á hótelum og gistiheimilum á Suðurlandi 2001.....	70
25.	Skrá yfir þjónustufyrirtæki og umboð í Mýrdalshreppi í september 2007.....	70
26.	Nokkrar vegalengdir frá Vík.....	73
27.	Stofnvegaskrá í Mýrdalshreppi.....	74
28.	Tengivegaskrá í Mýrdalshreppi.....	75
29.	Héraðsvegaskrá í Mýrdalshreppi.....	75
30.	Landvegaskrá í Mýrdalshreppi.....	75
31.	Skrá yfir stofnanir í Mýrdalshreppi í mars 2002.....	78
32.	Nemendafjöldi í skóla/spá.....	79
33.	Niðurstaða könnunar um landnotkun.....	84

**Skýringaruppdrættir byggðir á kortagrunnum:**

A.	Friðuð/vernduð- svæði í Mýrdalshreppi.....	Í lok gr. gerðar
B.	Efnisnám í Mýrdalshreppi.....	--
C.	Flóðaannáll í Mýrdalshreppi.....	--
D.	Rýmingarkort í Vík.....	--
E.	Húsavernd, aldursgreining mannvirkja í Vík.....	--
F.	Samsetning í landbúnaði 2002.....	--
G.	Ræktað land í Mýrdalshreppi.....	--
H.	Opinber mannvirki og slóðar í Mýrdalshreppi.....	--
I.	Þjónustustofnanir í Vík.....	--
J.	Frístundahús, ferðaþjónusta, íþrótt- og útivistarsvæði.....	--
K.	Skógræktarsvæði í Vík.....	--
	Sveitarfélagsuppdráttur.....	--
	Þéttbýlisuppdráttur.....	--

## 1.0. Inngangur

Upphaf vinnu við skipulagsáætlanir í Vík má rekja til ársins 1947, en þá óskaði hreppsnefnd eftir því við Skipulag bæja, kaupúna og sjávarþorpa (síðar Skipulagsstofnun) að gerður yrði uppdráttur af Víkurkaupúni. Skipulagsuppdráttur, sem náði til hluta kaupúnsins, var síðan kynntur árið 1949. Áfram var unnið að skipulagsgerðinni og fram kom nýr skipulagsuppdráttur, í mkv. 1/1000, árið 1950. Þá hófst umræða um byggð niður á sandinum. Mæling og kortlagning í Vík fór fram árið 1951. Tillöguuppdráttur af verslunar- og iðnaðarsvæði í Vík var kynntur árið 1954. Nýr skipulaguppdráttur leysti þann eldri (frá 1950) af hólmi árið 1959. Uppdrátturinn, sem var endurskoðaður á ný árið 1969, varð síðan grundvöllur að staðfestu aðalskipulagi.

Fyrsta aðalskipulag fyrir byggðina var staðfest hinn 22. apríl 1970. Árið 1977 var endurskoðað Aðalskipulag Víkur 1975-1995 síðan staðfest og þetta skipulag hefur gilt til þessa. Skipulag ríkisins sá um þessi verkefni í samvinnu við heimamenn.

Nauðsynlegt hefur reynst að gera nokkrar breytingar á aðalskipulaginu í áranna rás vegna breyttra forsendna frá þeim tíma sem hin upphaflega tillaga var staðfest. Þessi verkefni voru að mestu í höndum Skipulagsstofnunar,

skipulagsfulltrúa og skipulagsnefndar Mýrdalshrepps. Skipulagstillögur þessar voru síðan samþykktar af sveitarstjórn og skipulagsstjórn (skipulagsstjóra) og loks staðfestar af ráðherra. Sjá kafla 5.4.

Árið 2001 samþykkti sveitarstjórn að óska eftir þátttöku Skipulagsstofnunar við gerð Aðalskipulags Mýrdalshrepps. Ráðgjafi var fengin til starfsins eftir útboð. Hinn 21. nóvember árið 2001 var haldinn fyrsti fundur oddvita, sveitarstjóra, formanns skipulags- og byggingarnefndar ásamt skipulagsfulltrúa með skipulagsráðgjafa.

Skipulags- og byggingarnefnd ásamt skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa, í umboði sveitarstjórnar, hafa unnið að stefnumótun og tillögum að landnotkun, sem kynntar hafa verið fagnefndum, lagðar fyrir íbúafundi og loks samþykktar af sveitarstjórn. Kallað var eftir umsögnum fagaðila og stofnana. Að því loknu var tillagan auglýst hinn 16. september 2004. Af ýmsum ástæðum var síðan áveðið að auglýsa tillöguna á ný. Sjá kafla 1.3.

Skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn starfa í samráði við Skipulagsstofnun sem lögum samkvæmt er eftirlits- og umsjónaraðili með aðalskipulaginu.

### Í skipulags- og byggingarnefndinni sátu eftirtaldir fulltrúar kjörtímabilið 1998-2002:

Ómar H. Halldórsson, formaður  
Sigurjón Eyjólfsson  
Helga Ólafsdóttir

Gunnar Bragi Jónsson  
Björn Sæmundsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi var Sveinn Pálsson verkfræðingur sem ennþá gegnir því starfi.

### Í sveitarstjórn sátu eftirtaldir fulltrúar kjörtímabilið 1998-2002:

#### Aðalfulltrúar:

Helga Þorbergsdóttir oddviti  
Guðmundur Pétur Guðgeirsson  
Steinþór Vigfússon  
Sigurður Ævar Harðarson  
Svanhvít M. Sveinsdóttir  
Guðrún Jónsdóttir  
Bryndís F. Harðardóttir  
Sveitarstjóri var Sæmundur Hafsteinn Jóhannesson

#### Varamenn:

Sveinn Pálsson  
Jónas Erlendsson  
Sædís Íva Elíasdóttir  
Jóhanna S. Jónsdóttir  
Helga Halldórsdóttir  
Birna K. Pétursdóttir  
Kolbrún Matthíasdóttir

### Í skipulags- og byggingarnefndinni sátu eftirtaldir fulltrúar kjörtímabilið 2002-2006:

#### Aðalmenn:

Sigurður K. Hjálmarsson formaður  
Sigurjón Eyjólfsson  
Steinþór Vigfússon  
Sveinn Þórðarson  
Sigurjón Rútsson

#### Varamenn:

Gunnar Bragi Jónsson  
Helga Ólafsdóttir  
Karl Pálmason  
Sigurður Ævar Harðarson  
Matthías Jón Björnsson

**Í sveitarstjórn sátu eftirtaldir fulltrúar kjörtímabilið 2002-2006:**

**Aðalmenn:**

Elín Einarsdóttir, oddviti  
Sveinn Pálsson  
Bryndís F. Harðardóttir  
Karl Pálmason  
Sif Hauksdóttir

**Varamenn:**

Ólafur Steinar Björnsson  
Þórhildur Jónsdóttir  
Ólafur Gunnarsson  
Gísli Sigurðsson  
Steinþór Vigfússon

**Í skipulags- og bygginganefndinni sátu eftirtaldir fulltrúar eftir kosningar 2006:**

**Aðalmenn:**

Sveinn Þórðarson, formaður  
Helga Ólafsdóttir  
Páll Tómasson  
Karl Pálmason  
Þráinn Sigurðsson

**Varamenn:**

Guðmundur Emil Sæmundsson  
Steinþór Vigfússon  
Guðlaug B. Sigurðardóttir  
Sigurjón Eyjólfsson  
Sigurður Ævar Harðarson

**Í sveitarstjórn sátu eftirtaldir fulltrúar kjörtímabilið eftir kosningar 2006:**

**Aðalmenn:**

Þórhildur Jónsdóttir oddviti  
Elín Einarsdóttir  
Karl Pálmason  
Sveinn Pálsson sveitarstjóri  
Björgvin Jóhannesson varaoddviti

**Varamenn:**

Victor Berg Guðmundsson  
Þorgerður Einarsdóttir  
Ólafur Steinar Björnsson  
Sif Hauksdóttir  
Þráinn Sigurðsson

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig varð sveitarstjóri eftir kosningar 2002, hefur veitt miklar upplýsingar vegna verkefnisins og unnið að framgangi þess með Benedikt Björnssyni skipulagsráðgjafa.

Fulltrúar Skipulagsstofnunar á fundum ráðgjafa og fulltrúa sveitarstjórnar hafa verið Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Matthildur Elmarsdóttir og Birna Björk Árnadóttir. Rætt var við Hafðisi Hafliðadóttur eftir að ákvörðun hafði verið tekin um breytingar og uppfærslu, varðandi gildistíma, á aðalskipulagstillögunni.

Til þess að skipulagsráðgjafi fengi betri innsýn í stöðu og starfsemi í sveitarfélaginu var í upphafi vinnunnar farin kynnisferð um svæðið. Vettvangsferðir voru fleiri samhliða vinnu við gerð uppdráttar og greinargerðar. Leitað var í gagnasmiðju Mýrdalshrepps, stofnana í sveitarfélaginu auk fagaðila innan og utan Mýrdalshrepps.

Haldnir voru nokkrir fundir í byggingar- og skipulagsnefnd, og sameiginlegir fundir með sveitarstjórn, þar sem aðalskipulag sveitarfélagsins var megin viðfangsefni á meðan á vinnslu þess stóð.

Greinargerð vegna aðalskipulagsins er þannig uppbyggð að í inngangskafli er fjallað um vinnuferlið, ýmsar forsendur, þar er formáli og fleira, ásamt nokkrum helstu lagaforsendum skipulagstillögunnar. Í 2. kafla er stefnumörkun og helstu breytingar sem varða landnotkun í Mýrdalshreppi sett fram, þar er einnig núverandi landnotkun staðfest í texta. Í

3. kafla er umfjöllun um umhverfismat vegna skipulagstillögunnar. Þeir kaflar sem á eftir koma koma fjalla um forsendur, þ.e. 4. kafla til og með kafla 8. Lokaorð, heimildarskrá og skýringar hugtaka reka síðan lestina í greinargerðinni. Þar eftir birtast síðan fylgiskjöl sem tengjast aðalskipulaginu.

Þegar drög að aðalskipulagstillögu lágu fyrir, hinn 2. maí 2002, voru þau kynnt íbúum sveitarfélagsins svo sem lög gera ráð fyrir. Endanleg tillaga var síðan kynnt á íbúafundi hinn 3. júní 2004 í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Ásamt aðalskipulagstillögunni var umsögn um hana, sem fram kom frá Skipulagsstofnun, auglýst. Á auglýsingartímanum voru gerðar lagfæringar á tillögunni í samræmi við áður nefnda umsögn frá stofnuninni. Nokkrar athugasemdir bárust frá heimamönnum og voru þær afgreiddar af sveitarstjórn.

Síðla árs 2005 lá fyrir samþykkt í sveitarstjórn um það að í stað þess að gera ráð fyrir jarðgöngum og nýjum vegum í lengri framtíð skyldi þegar gert ráð fyrir þessum mannvirkjum og þau staðfest í tillögu þeirri sem hér er lögð fram. Í kjölfar þessa var ákveðið að uppfæra tillöguna þannig að í stað gildistíma til 2022 skyldi hann vera fyrir tímabilið frá 2005 til 2025. Þetta kallaði á nokkrar breytingar á uppdráttum og í greinargerð. Að því loknu var skipulagstillagan send til umsagnaraðila, auglýst á ný og afgreidd til staðfestingar ráðherra.

**1.1 Formáli**

Verður ritaður eftir auglýsingu skipulagstillögunnar.

**1.2 Um lög og reglugerðir**

Markmið skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru efnislega þannig í aðalatriðum, sbr. 1. gr.: Að sjá til þess að þróun byggðar og landnotkun í landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Stuðlað skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða. Tryggja skal varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspöll og ofnýtingu. Sjálfbær þróun skal ávallt höfð að leiðarljósi. Tryggt skal réttaröryggi þegnanna, þótt hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi. Tryggja skal faglegan undirbúning mannvirkjagerðar.

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu, segir í skipulags- og byggingarlögum:

**17. gr.** „*Kynning aðalskipulagstillögu.* Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 18. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en birta skal athugasemdir Skipulagsstofnunar.

**18. gr.** *Auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu.* Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi eða breytingu á því með áberandi hætti. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan

F.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

tilskilins frests teljist samþykktur henni. Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.-2. mgr. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir skv. 2. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.”

Í 9. gr. laganna segir að allt landið sé skipulagsskylt, þar segir einnig m.a.: „Í skipulagáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl. Í samræmi við 1. gr. laga þessara.”

Í lögunum segir að í skipulagsreglugerð verði kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, þar segir m.a. : „Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdratta, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.”

#### **Meginatriði í þessu sambandi eru eftirfarandi:**

- a) Gildistími aðalskipulags skal minnst vera 12 ár, en er oftast 20 ár.
- b) Á minnst fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skal endurskoða aðalskipulagstillögur og ef forsendur hafa breyst og þarfir verða aðrar heldur en voru þegar gildistímabilið hófst þá skulu gerðar nauðsynlegar lagfæringar sem aðlagast nýjum hugmyndum. Ef tilefni er til, að dómi sveitarstjórnar, þá skal gera nýja áætlun um aðalskipulag (endurskoðun).
- c) Á aðalskipulagsuppdrætti ber að sýna skiptingu byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðar- og athafnasvæði, flugvelli og hafnar-svæði, verslun og þjónustu, svæði fyrir þjónustustofnanir, opin græn svæði, vegi, lagnir, o.s.frv. Jafnframt skal í meginatriðum sýna skiptingu landbúnaðarsvæða í viðkomandi sveitarfélagi.
- d) Greinargerð skal fylgja með viðkomandi uppdrætti, þegar aðalskipulag er gert, þar

sem greint er frá forsendum, helstu sérkennum og aðstæðum, svo sem við á. Þá skal og gerð grein fyrir sennilegri þróun á hlutaðeigandi stöðum.

- e) Landnotkun er eitt meginatriði skipulagsgerðar, sem og skipting og tenging allra meginþátta sveitarfélagsins.
- f) Aðalskipulag er bindandi grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð, þannig að afmörkuð verkefni séu í samræmi við meginstefnu í þróun byggðarinnar. Aðalskipulag er því nokkurs konar trygging fyrir því að heildarmarkmiðum verði náð.
- g) Nauðsynlegt er að leita staðfestingar ráðherra á aðalskipulagi, og er það gert í samræmi við skipulags- og byggingarlög, þar sem 9. gr., 1. mgr., kveður svo á um að öll mannvirki sem áhrif hafa á útlit umhverfisins skuli vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. um auglýsingu aðalskipulagstillögunnar og heimild almennings til þess að hafa áhrif á skipulagsgerð eru mikilvæg. Almennigur á þess kost að gera skriflegar athugasemdir við áform sveitarstjórnar varðandi aðalskipulagstillöguna. Almennir fundir á viðkomandi svæði eru einnig nauðsynlegur þáttur í kynningu á skipulags-hugmyndum og nauðsynlegt er að halda a.m.k. tvo slíka fundi. Fundirnir fjalli um drög að stefnumörkun og um drög að aðalskipulagi. Á þessum fundum á að gefast tækifæri til að ræða mismunandi lausnir og valkosti.

Megin tilgangur með Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 er eftirfarandi:

1. Að vera stefnumarkandi varðandi uppbyggingu sveitarfélagsins.
2. Að vera hjálpargagn sveitarstjórnar við gerð fjárhagsáætlana.
3. Að tryggja að nýting landsvæða verði sem best og að skapað sé gott umhverfi.

### **1.3 Um aðalskipulagstillöguna og málsmeðferð**

#### **Frávik frá Aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995:**

Megin frávik þessarar skipulagstillögu frá gildandi aðalskipulagi Víkur er að nú er unnin svokallaður sveitarfélagsuppdráttur sem ekki var í fyrri skipulagstillögum. Með því er einnig mörkuð stefna varðandi landnotkun í dreifbýlishluta sveitarfélagsins.

Hvað varðar þéttbýlið í Vík er nú gert ráð fyrir nýrri íbúðargötu í Túnahverfi. Smáíbúðahverfi hefur verið staðfest m.br. á gildandi aðalskipulagi og óbyggðar lóðir á núverandi svæðum verða nýttar og byggðin þannig þétuð. Svæði til síðari nota (framfarsvæði) sem gert var ráð fyrir í Aðalskipulagi Víkur 1975-1995 vikja. Í kafla 5.5.2 er nánar fjallað um breytingar sem gerðar hafa verið á landnotkun íbúðarsvæða, frá fyrra aðalskipulagi, og þar kemur einnig fram áætlun um þörf á auknu húsnæðisrými. Nýtt iðnaðarsvæði norðan við það sem fyrir var hefur verið staðfest. Í fyrirliggjandi aðalskipulagi er frekari skilgreining sett fram varðandi opin græn svæði til sérstakra nota, sem eru ríkuleg í Vík. Golfvöllur, sem var á fyrra aðalskipulagsupprætti, hefur verið færður austur undir Víkurhamra. Þar er nú níu holu völlur. Ennfremur er gert ráð fyrir sjóvarnargarði og nýjum vegi í Víkurfjöru.

#### Meginatriði skipulagstillögunnar er varðar dreifbýlishluta sveitarfélagsins:

Gerð er tillaga að nýrri legu þjóðvegur nr. 1, ásamt jarðgöngum í gegnum Reynisfjall og Geitafjall. Reið- og gönguleiðum eru gerð ítarleg skil. Frístunda-, verslunar og þjónustu- og útivistarsvæði eru nú staðfest í Mýrdalshreppi, auk þess sem friðað svæði, önnur svæði á náttúruminjakrá og vatnsverndarsvæði fá meðhöndlun. Stórt efnistökusvæði á Mýrdalssandi er staðfest auk annarra minni slíkra svæða. Mörg fleiri atriði mætti nefna sem kynnt eru í kafla 2 og sem í vissum tilfellum er nánar fjallað um í forsenduköflum.

#### Stefnumótun í Vestur-Skaftafellssýslu:

Frá árinu 1998 stóð yfir vinna í nokkur ár við byggðarþróunarverkefni fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. Þrjú meginþættir voru einkum teknir til umfjöllunar, þ.e. einhæft atvinnulíf, aðstöðumunur til menntunar og minni almenn lífsgæði. Með þetta í huga var farið af stað með stefnumótunarvinnu í sýslunni. Í vinnuhópi sátu sveitarstjórar Mýrdals- og Skaftárhrepps ásamt starfsmanni byggðarþróunarverkefnisins. Ákveðið var að kalla fram sjónarmið íbúanna og haldin voru íbúáþing í þeim tilgangi.

Íbúáþingin voru haldin árið 2001 í Mýrdalshreppi og í Skaftárhreppi undir yfirskriftinni „Sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér“, niðurstöður íbúáþinganna voru síðan kynntar á sameignlegum fundi.

Í framhaldi af íbúáþingunum hefur verið mótuð stefna í Mýrdalshreppi sem, að svo miklu leyti sem við á, birtist í aðalskipulagi sveitarfélagsins án þess að þess sé getið í hverju tilfelli.

#### Staðardagskrá 21:

Mýrdalshreppur var meðal þeirra sveitarfélaga sem tók þátt í fyrsta áfanga við verkefnið *Staðardagskrá 21*. Sveitarstjórn var stýrihópur verkefnisins. Mismunandi var hver voru helstu viðfangsefni hvers einstaks sveitarfélags.

#### Málaflokkar staðardagskrárs voru:

- Holræsi og fráveitukerfi
- Gæði neysluvatns
- Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum
- Náttúrumengun
- Hávaði og loftmengun
- Menningarminjar og náttúruvernd
- Ræktun og útivist
- Umhverfisfræðsla í skólum
- Orkusparnaðaraðgerðir
- Meindýraeyðing
- Skipulagsmál
- Opinber innkaup
- Neyslumynstur og lífsstíll

Verkefnið var hluti „Byggðaðróunarverkefnis í Vestur Skaftafellssýslu“. Áfangaskýrsla um þáverandi stöðu var tilbúin síðari hluta ágústmánaðar 1999. Vinna við markmiðssetningu lauk árið 2002 og skýrsla þar að lútandi var samþykkt í mars 2002. Á árinu 2006 tók Mýrdalshreppur þátt í stofnun byggðasamlags um Green Globe 21 ásamt sveitarfélögum í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum.

#### Náttúruvá:

Allmikil umræða hefur farið fram um náttúruvá í Mýrdalshreppi á síðustu árum og töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar af ýmsum vísindamönnum. Sett hafa verið upp mælitæki á tilteknum stöðum sem gefa eiga upplýsingar um hugsanlega náttúruvá. Frá fyrri tíð liggja einnig fyrir talsverðar rannsóknir á þessu sviði. Í greinargerð þessari er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir stöðu þessara mála í eftirfarandi köflum:

**2.8. Náttúruvá/öryggismál**, sem fjallar um stefnumörkun og landnotkun.

**4.5. Kötlugos/skriðuföll og snjóflóð** - ásamt kafla **4.6. Jarðskjálftar**, sem báðir fjalla um náttúruvá.

**5.10. Öryggismál**, sem fjallar um byggðaforsendur.

#### Samræming:

Ekki hefur verið gert svæðisskipulag í Vestur-Skaftafellssýslu. Hér er tekið er tillit til svæðisskipulags **Miðhálandisins** sem gildir til

2015, en það nær inn í Mýrdalshrepp norðanverðan.

#### Umsagnir og samráð:

Í gr. 3.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, segir m.a. efnislega: Séð skal til þess að skipulagstillögur og fyrirliggjandi skipulagsáætlanir séu aðgengilegar íbúum og öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta.

Vegna vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins var haft samráð við þá aðila, auk **Skipulagsstofnunar**, sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til og viðeigandi er vegna aðalskipulags Mýrdalshrepps. Vegna þessa hefur greinargerð og uppdráttir verið send til allra þessara aðila til kynningar á tillögunni og í vissum tilfellum tvisvar sinnum áður en lokatillaga var auglýst.

Á meðan vinnan við skipulagið stóð yfir var einnig haft samband og samráð við ýmsa aðila með skriflegum fyrirspurnum eða símtölum. Þessir aðilar voru m.a. Vegagerðin, Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun), Þjóðminjasafnið, heilbrigðisyfirvöld, skólastjórar leik- og grunnskóla auk fleiri stofnana í sveitarfélaginu.

#### Formlegir samráðsaðilar:

Samráð var haft við **Landbúnaðarráðuneyti** um landnotkunarbreytingar á landbúnaðarsvæðum, með tilliti til jarðalaga nr. 81/2004.

Samráð var haft við **Vegagerðina** um val á legu þjóðvega og tengingar við þá, sbr. ákvæði vegalaga nr. 45/1994.

Samráð var haft við **Siglingastofnun** við skipulagsgerð, sbr. ákvæði hafnalaga og laga um Siglingastofnun Íslands. Þetta var einkum gert vegna strandlengjunnar við Vík.

Samráð var haft við **Fornleifavernd ríkisins** um fornleifaskráningu, sbr. ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001. Öll gögn um fornleifar í landinu skulu liggja fyrir hjá Fornleifavernd ríkisins.

Samráð var haft við **Umhverfisstofnun** og viðkomandi heilbrigðisnefnd Suðurlands. Tekið skal tillit til reglugerða sem lúta að; (a) vörnum gegn mengun vatns og grunnvatns, (b) um fráveitur, skólp og varnir gegn mengun vatns vegna köfnunarefnissambanda frá landbúnaði, (c) um meðferð úrgangs og spilliefna, og (d) um hávaðamengun. Einnig ber að nefna reglugerð um fráveitur og skolp nr. 798/1999. Haft skal samráð við stofnunina um náttúruvernd, **flokkun strandsvæða** og vatnasvæða. Í 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. segir að leita skuli umsagnar

til Umhverfisstofnunar vegna nýrrar eða endurskoðaðrar aðalskipulagstillögu.

Samráð var haft við **Veðurstofu Íslands og Ríkislögreglustjóran** **Almannavarnadeild** um almennar veðurfarslýsingar og um hættumat vegna snjóflóða, skriðufalla og Kötlugoss með afleiðingum þess s.s. segir í lögum nr. 49/1997 sem fjalla um þessa gerð náttúruvár.

Samráð var haft við **samvinnunefnd um Miðhálandi Íslands** vegna svæðis í Mýrdalshreppi sem er hluti af því.

Áður en Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2002-2022 var augýst hinn 16. september 2004 bárust formlegar umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

**Almannavörnum**, bréf dags. 22. maí 2002.

**Fornleifavernd ríkisins**, bréf dags. 25. júní 2002.

**Samvinnunefnd Miðhálandis**, bréf dags. 29. janúar 2003.

**Vegagerðin**, bréf dags. 10. júní 2003.

**Umhverfisstofnun**, bréf dags. 26. júní 2003.

**Skipulagsstofnunar**, bréf dags. 7. febr. 2003.

Þegar Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2002-2022 var auglýst var það einnig sérstaklega kynnt **nágrannasveitarfélögunum**. Þetta var endurtekið er aðalskipulagið var auglýst á ný.

Leitast var við að leiðrétta og með öðrum hætti að lagfæra greinargerð og uppdrátti í samræmi við ábendingar þessara aðila eftir auglýsingartíma hinnar fyrri tillögu.

Áður en aðalskipulagstillagan var auglýst á ný hafði verið óskað eftir nýrri umsögn frá **Vegagerðinni**, bréf dags. 19. janúar 2006 og sama gilti um **Umhverfisstofnun**, bréf dags. 17. febrúar 2006. Auk þess var boðað til almenns kynningarfundar í Leikskálum hinn 14. nóvember 2005, þar sem þetta málefni var eitt á dagskrá. Ýmis sjónarmið komu fram í umsögnum tédra stofnana og einnig meðal íbúa og hagsmunaaðila á kynningarfundinum. Sjá bókun í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 7. mars 2006.

Samhliða auglýsingu Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2005-2025 var tillagan send eftirfarandi samráðsaðilum á ný: Vegagerð, Umhverfis- og Siglingastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Ríkislögreglustjóra Almannavarnadeild og Skipulagsstofnun. Þetta var gert hinn ..... 2007.

Rétt er að benda á að þegar landnotkun á bújörðum er breytt er nauðsynlegt að afskrá

slík lönd sem landbúnaðarsvæði, sbr. jarðalög nr. 81/2004. Þetta er í samræmi við breytingu á eldri lögum er varð eftir fyrri auglýsingu aðalskipulagsins.

#### Umhverfisstofnun.

Stjórnsýslustarfsemi þeirra stofnana sem fóru með mengunarvarnir, hollustuhætti, náttúruvernd, dýravernd og stjórn á stofnstærð villtra dýra var sameinuð í eina stofnun hinn 1. janúar 2003. Þeir þættir sem falla undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Veiðistjóraembættisins, Hreindýraráðs og Dýraverndarráðs verða sameinaðir í hinni nýju stofnun. Auk þess mun Umhverfisstofnun annast framkvæmd alþjóðlegra samninga hér á landi á sviði mengunarvarna og náttúruverndar sem áður voru í höndum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnunin er með aðsetur í Reykjavík. En veiðistjóraembættið er áfram rekið á Akureyri og málefni á sviði hreindýramála á Austurlandi. Starfsemi í þjóðgörðum og landvarsla verður einnig áfram rekin á landsbyggðinni. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002.

Rétt er að vekja athygli á hlutverki **Byggðastofnunar**. Það er í megnatriðum að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Helstu verkefni Þróunarsviðs Byggðastofnunar eru:

- Samstarf við atvinnuþróunarfélög og faglegur stuðningur við þau.
- Samskipti við ráðuneyti, ríkisstofnanir, sveitarfélög, háskóla og rannsóknarstofnanir.
- Upplýsingaöflun og rannsóknir.
- Gerð og öflun innlendra og erlendra samstarfsverkefna.
- Þátttaka í gerð byggðaaáætla.

#### Afgreiðsla skipulagstillögunnar.

##### Auglýsing, athugasemdir og afgreiðsla þeirra.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum hinn dag. mán. 2007 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025. Gildistími auglýsingarinnar var frá dag. mán. 2007 að meðtöldum athugasemdafrest. Fyrir lok hans höfðu borist xx erindi með ábendingum og athugasemdum við tillöguna. Athugasemdirnar voru af ýmsum toga, en einna ríkust var gagnrýni á x og y. Á tímabilinu frá dag. mán. 2007 til dag. mán. 2007 tók sveitarstjórn til afgreiðslu tillögur skipulagsnefndar um afgreiðslu þeirra athugasemda sem borist höfðu við skipulagstillöguna. Sú afgreiðsla leiddi til þess að gerðar voru eftirtaldar breytingar á tillögunni áður en hún var send Skipulagsstofnun til afgreiðslu 7. febrúar 2007:

1. a
2. b
3. c

##### Umhverfismat áætlunarinnar.

Skv. lögum um umhverfismat áætla, nr. 105/2006, taka ákvæði þeirra til allra skipulagsáætlana, sem ekki höfðu hlotið afgreiðslu fyrir 21. júlí 2006. Í 3. mgr. 13. gr. sömu laga segir að umhverfisráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þeirra. Með vísan til þess hefur sveitarstjórn með bréfi dags. .... 2007 sótt um slíka undanþágu, enda var sjálfri tillögugerðinni lokið við gildistöku þeirra og Skipulagsstofnun hafði afgreitt tillöguna til auglýsingar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga áður en lög nr. 105/2006 öðluðust gildi.

Í bréfum Skipulagsstofnunar til sveitarstjórnar, sem dags. eru dag. mán. 2007, er því lýst yfir að stofnunin muni mæla með því við umhverfisráðherra að umbeðin undanþága verði veitt.

**Eftirtalin skipulagsgögn verða staðfest vegna Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2005-2025:**

Greinargerð.
Sveitarfélagsuppdráttur mkv. 1:50.000.
Þéttbýlisuppdráttur, mkv. 1:10.000.

## 2.0. Meginatriði stefnumörkunar-/landnotkunar

Stefnumörkun aðalskipulags Mýrdalshrepps, til ársins 2025, nær til atriða á sviði sveitarstjórnarmála sem varða skipulagsmál og önnur málefni sem áhrif hafa á þróun byggðar í sveitarfélaginu. Megin þættir aðalskipulagsins ná til landnotkunar, samgöngukerfa, umhverfismála ásamt verndunar- og öryggismála.

Markmiðið er að leggja fram raunhæfa tillögu sem sveitarfélagið vinni eftir á skipulagstímabilinu 2005-2025. **Stofnmarkmið** eins og þau eru fram sett hér á eftir eru mikilvægust í skipulagstillögunni, en þar er og nánar vikið að ýmsum markmiðum í tengslum við einstaka málaflokka. Stofnmarkmið skipulagstillögunnar leiða jafnan til breyttrar eða aukinnar landnotkunar. Hin almennu **stuðningsmarkmið** og **starfsmarkmið** eru fram sett til frekari áherslu og til að greina frá útfærslum stofnmarkmiða.

Í þeim köflum greinargerðar þar sem forsendur og stöðumat koma til umfjöllunar (kaflar 4, 5, 6 og 7) má sjá, í nokkrum aðalatriðum, hverjar núverandi aðstæður eru í sveitarfélaginu. Leitast er við að vísa til þessara kafla og undirkafla þeirra í umfjöllun um stefnumótun/landnotkun eftir því sem þörf er á og viðeigandi er talið. Í nokkrum tilfellum geta þar verið atriði er lúta að stefnumótun.

Aðalskipulaginu er ætlað að marka stefnu í þróun sveitarfélagsins og í ýmsum greinum að benda á ákveðin verkefni sem stuðla að þeim markmiðum. Í þessu skyni eru settar fram tillögur um málefni sem sveitarstjórn telur að leiði til æskilegrar þróunar. Ákvarðanir sveitarstjórnar um breytta landnotkun eru staðfestar á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdráttum.

Mikilvægt er að skilgreina hlutverk þeirra aðila sem ber að fjalla nánar um einstök markmið og loks að fylgja þeim eftir. Þessir aðilar geta verið sveitarstjórn, héraðsnefnd, opinberir aðilar, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, einstaklingar, félagasamtök og fleiri.

Til þess að fylgja eftir stofnmarkmiðum aðalskipulagsins þurfa fyrrnefndir aðilar að koma því til stuðnings. Þar eru m.a. sett fram atriði sem kalla á að ríkisvaldið famfylgi stefnu sinni varðandi málefni landsbyggðarinnar. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands** hefur einnig miklu hlutverki að gegna til þess að fylgja eftir stofnmarkmiðum aðalskipulagsins, t.d. við mótun atvinnusvæðisins.

Stofnmarkmið aðalskipulagsins eru :

### ◆ Umhverfis- og verndunarmál:

Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við Ríó- samþykktina og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma litið og stefnt er að því að Mýrdalshreppur verði í fararbroddi í sjálfbærri auðlindanotkun og minnkandi umhverfisálagi.

Skráningu fornminja, skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001, er lokið fyrir Vík og nágrenni. Gert er ráð fyrir að skráningu fornminja í Mýrdalshreppi verði lokið á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

### ◆ Byggðarþróun í Mýrdalshreppi:

Stefnt er að eflingu Mýrdalshrepps.

Stefnt er að því að Mýrdalshreppur sé búsetuvænt samfélag. Fjölgun íbúa í sveitarfélaginu verði umfram landsmeðaltal.

### ◆ Þróun Víkur:

Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu þjónustukjarnans í Vík.

Núverandi íbúðarbyggð í Túnahverfi verði stækkuð og óbyggðar lóðir í öðrum hverfum verði nýttar.

### ◆ Atvinnumál:

Öflugt atvinnulíf byggi á þeim auðlindum sem bjóðast í sveitarfélaginu.

Fjölga ber atvinnutækifærum í Mýrdalshreppi, einnig með meira val í huga.

Fjölga þarf störfum sem krefjast náms- og fagþekkingar.

Opinberum störfum verði fjölgað.

Fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða atvinnuráðgöf í heimabyggð.

Efla ber iðnað með því að fylgjast vel með öllum raunhæfum tækifærum sem gefast.

Vinnsla á vikri úr Kötlu hefjist sem fyrst.

Efla ber landbúnað og treysta búsetu og búrekstur á jörðum. Auka þarf möguleika bænda til að bæta rekstur í hefðbundnum búgreinum og styðja við nýsköpun í greininni.

Stefnt er að því að gera svæði almennrar þjónustu og verslunar aðlaðandi á skipulagstímabilinu.

Efla ber ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Stuðla ber sérstaklega að vistvænni og menningarlegri ferðapjónustu sem samrýmist markmiðum um verndun umhverfis og arfleifðar Mýrdælinga.

◆ **Nýting á heitu vatni:**

Stefnt er að frekari rannsókum og leit að heitu vatni í sveitarfélaginu og í framhaldi af því verði hagkvæmni nýtingar skoðuð.

◆ **Frárennismál:**

Sveitarstjórn leggur áherslu á að ljúka úrbótum sem fyrst á frárennismálum í Mýrdalshreppi. Lagfæring verði gerð í frágangi útrása vegna frárennslis.

◆ **Samgöngur:**

Hringvegur um Mýrdal verði lagður um jarðgöng í gegnum Reynisfjall og Geitafjall.

Stefnt verði að því að varanlegt slitlag verði komið á tengivegi á skipulagstímabilinu.

◆ **Pjónustustofnanir:**

Efla skal þjónustustofnanir í Mýrdalshreppi með fjölgun stofnana og/eða útibúum og hlúa ber að þeim sem fyrir eru. Mikilvægt er að flytja ákvörðunarvaldið sem næst vettvangi.

Íbúðarsvæði (ÍS)	Óbyggð svæði (ÓS)	Landbúnaðarsvæði (LS)
Svæði fyrir þjónustustofnanir (ÞS)	Efnistökusvæði (ES)	Vötn og ár
Verslunar- og þjónustusvæði (VP)	Vatnsverndarsvæði (VS)	Samgöngumannvirki
Athafnasvæði (AS)	Fristundasvæði (FS)	Náttúruverndarsvæði (NMS)
Opin svæði til sérstakra nota (OS)	Flóðasvæði	Friðlýst svæði (FLS)
Iðnaðarsvæði (IS)	Sorpurðunar- og söfnunarsvæði (SF)	Hugsanleg hverfisverndarsvæði (HV)
Miðsvæði (MS)		

Tafla nr. 1. Landnotkunarflokkar.

Heimild:

Skipulagsreglugerð.

Í undirköflum hér á eftir eru landnotkunarflokkar skilgreindir eins og þeir koma fyrir á þéttbýlis- og sveitarfélagsupprætti og þar er leitast við að greina nánar frá áhrifum stefnumörkunar sem rakin er í þessum kafla. Í lok kaflans er birt tafla (nr. 2) sem sýnir helstu atriði landnotkunnar, viðeigandi flokkun sem lögð er til grundvallar í aðalskipulagstíllögunni. Í ýmsum tilfellum háttar svo til að litlar eða jafnvel engar breytingar verða í landnotkun innan einstakra efnisflokka þrátt fyrir að stefnumörkun sveitarstjórnar nái til viðkomandi þátta. Til glöggvunar er þó getið flestra atriða, til þess að fá heildarmynd.

Ýmis atriði, eins og náttúruvernd, varðveisla fornleifa, vatnsvernd o. fl. koma einnig fyrir í kafla nr. 2 og munu hafa sömu gildi og landnotkun og takmörk landnotkunar á skipulagstímabilinu sem framundan er. Ýmislegt er þó ógert í rannsóknum á þessum sviðum sem getur kallað á frekari verndun eða friðun í framtíðinni.

◆ **Menntunar-, menningar- og heilsugæslumál og félagsþjónusta:**

Auka ber starfsemi á sviði menntunar-, menningar-, heilsugæslumála og félagsþjónustu í Mýrdalshreppi.

◆ **Íþróttamál og útivist:**

Stefnt er að gerð göngu- og hjóltreidastiga og reiðvega. Útivistar- og íþróttaaðstaða verði bætt.

Gert er ráð fyrir að golfvöllur verði stækkaður í 18 holur.

◆ **Öryggismál:**

Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggja öryggi íbúanna gagnvart náttúruvá svo vel sem kostur er á.

Stefna er mörkuð varðandi landnotkun í samræmi við eftirfarandi landnotkunarþætti á svæðinu, sjá töflu nr. 1.

Þar sem um tiltekna landnotkun er að ræða í sveitarfélaginu eru svæðin merkt á landnotkunarupprætti með sama hætti og gert er á töflunni sem hér er birt.

**2.1. Umhverfis- og verndunarmál**

**Stofnmarkmið aðalskipulagsins:**

Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við Ríó- samþykktina og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma litið og stefnt er að því að Mýrdalshreppur verði í fararbroddi í sjálfbærri auðlindanotkun og minnkandi umhverfisálagi.

**Stuðningsmarkmið í umhverfis- og verndunarmálum:**

- Í samræmi við alþjóðlega umræðu um þann umhverfisvanda sem blasir við jarðarbúum skal unnið að því markmiði að nálgast sem mest þá sjálfbæru þróun sem stuðlar að jafnvægi í náttúrunni. Efnahagsleg sjónarmið þurfa því ávallt að taka mið af þeim kostum sem náttúran býður uppá. Þetta er í

*samræmi við stefnu stjórnvalda og hefur Umhverfisstofnun verið forgöngu um stefnumótun á þessu sviði. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 eru lögð til grundvallar þessari stefnumótun.*

- ❑ *Fjölbreytt og vandað umhverfi til búsetu og mannvirkja verði haft að leiðarljósi í allri uppbyggingu sveitarfélagsins.*
- ❑ *Skilgreina þarf vatnsverndarsvæði þar sem um samveitu er að ræða.*
- ❑ *Átak verði gert í frárennismálum. Sjá nánar kafla 2.4.4.-fráveita.*
- ❑ *Mýrdalurinn verði þekktur fyrir snyrtilegt umhverfi og því verði fylgt eftir af til þess bærum eftirlitsaðilum.*

#### **Starfsmarkmið í umhverfismálum:**

1. Við framkvæmd aðalskipulagsins 2005-2025 verði tekið tillit til stefnumörkunar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar í héraði. Við gerð skipulagsáætlunarinnar var leitað eftir umsögn þessara aðila skv. ákvæðum náttúruverndarlaga um landslagsvernd. Hugsanleg landslags- og hverfisvernd verði skoðuð sérstaklega í tengslum við aukna landnotkun.
  2. Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er kveðið á um að eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi skuli njóta sérstakrar verndar og að forðast skuli rökun þeirra eins og kostur er:
    - a. eldvörp, gervigfagar og eldhraun,
    - b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
    - c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
    - d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
    - e. sjávarfitjar og leirur.
- Fyrirvari:** Þar eð náttúruvirkni þar sem hér á undan eru talin eru ekki skrásett nema að hluta til í aðalskipulagi þessu, og hafa ekki verið metin, skal í öllum tilfellum leita umsagnar Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt á slíkum stöðum.
3. Gerð verði áætlun um verndun fornleifa, söguminja og náttúruminja. Með gerð nákvæmra jarðfræðikorta verður t.d. hægt að skrásetja vatnsból og vatnsvernd í sveitarfélaginu til lengri framtíðar.
- Sami fyrirvari gildi hér og segir til um í tl. 2.
4. Verkefni framtíðar verður að vinna að frekari rannsóknnum á gróður- og dýraríki í Mýrdalshreppi og samræma heildargagnasafnið. Í framhaldi af því gæti farið fram frekari athugun varðandi staði sem hafa sérstaka þýðingu fyrir dýralíf og kannað hvaða staðir hafa gróðursfarslega sérstöðu. Í þessu sambandi má t.d. nefna fuglalíf og hins vegar fágætar plöntur, sem hoga fyrir ræktun og mannvirkjagerð.
  5. Stefnit skal að því að gerð verði kort sem taki til náttúrufars í Mýrdalshreppi fyrir endurskoðun aðalskipulagsins.
  6. Tillit skal tekið til náttúrufars og landslags við plöntuval og útplöntun skógar. Skógrækt má eigi spilla minjum né koma í veg fyrir að

almennigur geti notið útiveru, t.d. við vatns- eða fljótsbakka. Sjá einnig kafla 4.7.

7. Í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 segir að leita skuli umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að náttúruminum sem eru á náttúruminjaskrá verði spillt sem ekki hafa verið friðlýstar. Ávallt þarf leyfi stofnunarinnar til framkvæmda þar sem hætta er á að friðlýst svæði spillist.
  8. Við gerð bygginga- og framkvæmdaáætlana skal gefa öllum þeim svæðum gaum sem kunna að hafa varðveislu- og náttúruverndargildi, burt séð frá fyrri ákvörðunum.
  9. Umhverfisstofnun mun annast undirbúning að nýrri náttúruverndaráætlun, í samráði við til þess bæra aðila s.s. náttúruverndarnefndir í héraði, sjá kafla 4.7.
  10. Mikilvægt er að draga úr vexti minkastofnsins og eftirlit þarf hafa með viðgangi refastofnsins. Selastofninum þarf einnig að halda niðri til þess að vernda árósa í Mýrdalshreppi.
  11. Stuðlað verði að frekari hreinsun skólps í Mýrdalshreppi, svo fljótt sem auðið er, sbr. 5. gr. laga um um hollustuhætti og mengunarnáttúruvernd. Til hliðsjónar skal hafa reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
  12. Gera skal kröfur um sómasamlega umgengni við efnisvinnslu þar sem hún er stunduð, þannig að sem minnst umhverfisspjöll hljóttist af. Þegar efnisvinnslu lýkur þarf að gera kröfur um góðan frágang á efnistökusvæðinu. Varðandi efnisvinnslu ber að taka mið af IV. kafla og 49. gr. laganna um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br.
- Samkvæmt nýju ákvæði í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem samþykkt var 3. júní 2006, er efnistaka óheimil eftir 1. júlí 2008 á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netalaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri atriði eiga við um efnistöku:
- a. áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 fermetrar eða meira,
  - b. áætluð efnistaka eftir 1. júlí sem. er 50.000 rúmmetrar eða meiri,
  - c. áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 fm eða meira,
  - d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. töluliðar 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem er friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.
- Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1999 í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd.
13. Efnisvinnsla, á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum, hagkvæmi og framlagðri áætlun um efnistöku sem taki til magns og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi námu að vinnslu lokinni. Komi nýjar námur til þarf að gera breytingu á aðalskipulaginu og auk þess þarf að liggja fyrir framkvæmdaleyfi. Ef svo háttar þarf ýmist að fara fram umhverfismat vegna

- námuvinnslunnar eða að tilkynna nýjar námur vegna hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum.
14. Tiltekið svæði hefur verið nýtt til þess að taka á móti fyllingarefni og uppgreftri úr húsa-grunnum og vegna annarrar mannvirkja-gerðar, einnig er seyra urðuð á tilteknum stað. Sjá kafla 2.4.5. Svæðisbundin áætlun er enn í vinnslu og og miðað er við að þeirri vinnu ljúki árið 2009.
  15. Gera skal ráð fyrir aukinni þátttöku almennings í góðri umgengni við náttúruna, t.d. mun brátt koma að því að flokkun sorps verður eðlilegur hluti af daglegu lífi fólks.
  16. Sveitarfélagið verði virkur þátttakandi í verkefni Landverndar „Vistvernd í verki.”
  17. Kynna skal *Staðardagskrá 21* og leitast verði við að fá íbúa Mýrdalshrepps til þess að tileinka sér þá hugmyndafræði sem að baki liggur.

#### Landnotkun

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Í Mýrdalshreppi er eitt friðlýst svæði (FLS), það er Dyrhólaey. Um þetta svæði gilda sérstakar reglur varðandi umgengni. Þar er óheimilt að skerða lífríki og valda öðrum spjöllum á náttúrunni. Þar er gert ráð fyrir að verði útivistarsvæði enda er Dyrhólaey einn fjölsóttasti ferðamannstaður í sveitarfélaginu. Dyrhólaey er jafnframt nytjaland bænda.

#### Náttúruminjasgrá:

Í Mýrdalshreppi eru fjögur mismunandi stór svæði sem skilgreind eru sem „aðrar náttúruminjar” í náttúruminjasgrá (NMS-; 708, 709, 710 og 711). Þessi svæði þarf að umgangast með varfærni. Ennfremur þarf að leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasgrá. Náttúruminum er nánar lýst í kafla 4.1.

#### Landnotkun

##### Sveitarfélagsuppdráttur:

**708. Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall.**

**709. Skammadalskambar í Mýrdal.**

**710. Vatnsdalur á Dalahéiði.**

**711. Eyjarhóll.**

**Skýringar:** Friðlýst svæði (FLS) er afmarkað á landnotkunaruppdrætti með dökkum skálínum - þéttstrikudum. Svæði á náttúruminjasgrá (NMS) eru afmörkuð á landnotkunaruppdrætti með dökkum skálínum; -minni þéttleiki strikalína heldur en þar sem um er að ræða (FLS).

#### 2.1.1. Fornminjar

##### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Skráningu fornminja, skv. Þjóðminjalögum nr. 107/2001, er lokið fyrir Vík og nágrenni. Gert er ráð fyrir að skráningu fornminja í Mýrdalshreppi verði lokið á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

##### Stuðningsmarkmið vegna fornleifaskráningar:

- *Lögð er áhersla á góða umgengni við friðlýstar fornleifar og vernduð mannvirki. Sjá kafla 5.1.1. og 5.1.1.2.*
- *Ef þurfa þykir mun sveitarstjórn gera tillögur um friðlýsingu fornleifa og beina því til réttra aðila.*

#### Landnotkun

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Friðlýstar fornleifar (PMS) eru átta talsins í Mýrdalshreppi. Fornminjarnar eru á eftirtöldum stöðum: Í Görðum (PMS1), á Hjörleifshöfða (PMS2), á Loftsóllum (PMS3), í Norður-Hvammi (PMS4), í Reynisdal (PMS5), á Ytri-Sólheimum (PMS6), á Stóru-Heiði (PMS7) og í Þórisholti (PMS8). Eyðibýli í sveitarfélaginu eru sýnd með flötum krossi, sjá einnig kafla 5.1.1.

**Skýringar:** Þjóðminjasvæði eru sýnd á skipulagsuppdráttum með dökkgulum lit.

#### 2.1.2. Fornminjaskráning/hverfisvernd

Vinna við skráningu fornminja í Mýrdalshreppi hófst í ársbyrjun 2004 og er skráningu enn ekki lokið. Sveitarstjórn hefur látið taka saman skrá yfir staði sem heimamenn telja ástæður til að varðveita. Síðan verði, við fyrstu endurskoðun þessa skipulags, skoðað sérstaklega hvort ástæða sé til að setja á hverfisvernd á tilteknum stöðum. Þetta verði gert með hliðsjón af fornminjaskráningunni og fleiri þáttum sem kunna að koma fram. Húsakönnun hefur verið gerð í sveitarfélaginu og niðurstöður hennar verða mótandi fyrir framtíð viðkomandi mannvirkja.

Á skýringaruppdrætti A eru svæðin/staðirnir kallaðir (HV)-með tölusetningu.

##### Starfsmarkmið vegna hverfisverndar:

- Sveitarstjórn hefur ákveðið að athugun verði gerð á 31 svæðum/stöðum með hverfisverndun í huga.
- Um þau svæði og staði sem ákveðið verður að njóti hverfisverndar verði settar reglur er gildi á hverju þeirra um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð, sjá einnig skipulagsreglugerð gr. 4.22.1.

#### Landnotkun

**Skýringaruppdráttur:** Sundlaug við Réttarklett í landi Hvambólís (HV1). Gróðrarstöðin í Brynkudal í landi Skammadalshóls (HV2). Völvuleiði (Völvureitur) á Felli (HV3). Strympa (heygeymsla) í Eyjarhólum (HV4). Fiskigerði, Ketilsstöðum II (HV5). Tættur gömlu bæjarraðarinnar í Péturs-

ey (HV6). Húsatættur í Engigarði (HV7). Syngjandinn í Vík (HV8). Heiðarétt (HV9). Bæjarrústir á (gamla) Felli (HV10). Miðfells-hellir, Höfðabrekkuafretti (HV11). Stórhellir, Kerlingardalsheiði (HV12). Selhellrar, Vatnsársundum (HV13). Selhellir í Ystheiði, Ytri-Sólheimum (HV14). Hóltún, Fagradal (HV15). Forn vegagerð í Vatnsársundum (HV16). Núpar-þjóðleið af Mýrdalssandi upp á heiðina (HV17). Götuslóðar í Fagradalsbrekkum (HV18). Hlaðinn grjótgardur í landi Garða (HV19). Eysteinsaugur, Fagradal (HV20). Akurreinar, Fagradal (HV21). Akurreinar, Ketilsstöðum (HV22). Víkurbaðstofa, þar var fyrir meir útræði (HV23). Vegur um Grafargil (HV24). Vegur inn Kerlingardals- og Höfðabrekkuheiði (HV25).

**Gamlir kirkjugarðar:** Reynir (HV26), Dyrhólar (HV27), Ytri-Sólheimar (HV28) og Höfðabrekka (HV29).

**Skýringar:** Þessi svæði eru sýnd, ótölusett, á sveitarfélagsuppdrætti til skýringar, án staðfestingar.

Sjá kafla 5.1.1.3: Um hverfisvernd, þar er nánar fjallað um viðkomandi staði.

### 2.1.3. Vatnsverndarsvæði

**Vatnsverndarsvæði (VS)** fyrir samveitur, eru sex og skilgreind samkvæmt viðeigandi lögum og reglugerð. Tvö vatnsverndarsvæði eru vegna Víkurveitu (VS1) og (VS2), auk þeirra eru í sveitarfélaginu Reynisveita (VS3), Dyrhólaveita (VS4) og Péturseyjarveita (VS5).

Tillaga um afmörkun vatnsverndarsvæða er staðfest á landnotkunaruppdráttum. Stefnt er að því að koma á innra eftirliti og skilgreina vatnsverndarsvæðin nánar fyrir vatnsveituna í Vík fyrir árið 2008. Jafnframt verði unnið að athugun og skilgreiningu einkaveitna í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Til hliðsjónar skal hafa reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Sjá einnig kafla 2.4.1 og 5.7.1 og 11 (skilgr. verndarflokka vatns).

### 2.1.4. Efnistökusvæði

Efnistökusvæði (ES) eru staðfest á 20 stöðum. Í kafla 4.8 er getið um stöðu og vinnslu í námunum. Sjá einnig töflu nr. 2; Landnotkun. Gert er ráð fyrir að opna tvær nýjar námur á skipulagstímabilinu. Sjá einnig kafla 2.1, 3.0 og 4.8 (tafla 5.).

### Landnotkun

**Sveitarfélagslagsuppdráttur:** Efnisnámur eru á eftirfarandi stöðum: Brandslækjargryfja (ES1), við efri-Brú á Klifanda (ES2), Gatnabrún (ES3), Hafursey I (ES4), Hvammsá (ES5), Litlu-Heiðargryfju (ES6), Aurgata (ES7), Háfell (ES8), Holtsgil (ES9), Hólsá (ES10), Kerlingardalsá (ES11), Klifandi við Suðurlandsveg (ES12), Múlkvísl, sunnan vegar (ES13), Selgilsgrýfja (ES14), Steigaraurar- (ES15), Sólheimasandur (ES16), vikurnáma á Mýrdalssandi (ES17), Háfell 2 (ES18) og Eystri-Sólheimar (ES19). Sjá einnig kafla 4.8 og töflu nr. 5 í þeim kafla sem sýnir námukskrá.

### Þéttbýlisuppdráttur:

Sand- og malarnáma í Víkurfjöru (ES20).

Aðeins ein náma er mjög stór, þ.e. vikurnáman á Mýrdalssandi, en hún hefur þegar farið í umhverfismat. Fjórar námur eru á stærðarbilinu 25-100.000 rúmmetrar, hinar eru minni en 10.000 rúmmetrar.

**Skýringar:** Efnistökusvæði eru sýnd með dröppuðum lit á skipulagsuppdráttum.

## 2.2. Þróun byggðar/þéttbýli

### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Stefnt er að eflingu Mýrdalshrepps.

Stefnt er að því að Mýrdalshreppur sé búsetuvænt samfélag. Fjölgun íbúa í sveitarfélaginu verði umfram landsmeðaltal.

Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu þjónustukjarnans í Vík.

Núverandi íbúðarbyggð í Túnahverfi verði stækkuð og óbyggðar lóðir í öðrum hverfum verði nýttar.

### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Þróun byggðar ræðst af fjölmörgum þáttum sem hver hefur áhrif á annan. Meginforsenda fyrir þróun byggðar er að nægt framboð sé á atvinnu á viðkomandi stað eða svæði. Einnig hafa ýmis konar félagslegar aðstæður orðið æ veigameiri þáttur í kröfum íbúanna um skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi. Þetta á sérstaklega við um ýmis konar félagsstarfsemi, menntamál og heilbrigðisþjónustu. Til þess að skapa lífvænlegt umhverfi þarf að hafa fullnægjandi rými fyrir mismunandi starfsemi fyrir tiltekið svæði og nauðsynlegt er að reyna að skoða hlutina sem eina heild, þar sem unnið er að mótun samfélags sem eftirsóknarvert er að búa í. Stefnt er að því að landnotkun í þéttbýlinu verði sem hagkvæmust og myndi rökræna heild.

### Takmarkanir nýbygginga á sandinum í Vík:

Vegna landbrots- og sjóflóðahættu hefur verið komið upp flóðvarnargarði sunnan byggðar. Verði framhald á landbrotinu er fyrirhugað að grjótverja garðinn. Sjóvarnargarðurinn er sýndur á þéttbýlisuppdrætti. Nútíu metrum ofan sjóvarnargarðs er lína sem sýnir takmörk nýbygginga næst ströndinni. Sjá kafla 2.8.

Vegsvæði Suðurlandsvegjar frá gangnamunna Reynisfjalls, austanvert, mun afmarka byggingarsvæðin frá strandsvæðinu og jafnframt þarf að verja veginn gegn sjógangi sunnanvert.

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Þéttbýli (PB) er auðkennt með dökkrauðum lit.

**Skýringar:** Á skýringaruppdrætti C eru svæði undir náttúruvátáknunum með lóðréttum rauðum línunum.

### 2.2.1 Íbúðarsvæði/stök íbúðarhús

#### Stuðningsmarkmið vegna íbúðarsvæða:

- Sveitarstjórn Mýrdalshrepps stefnir að því að nægt framboð íbúðarhúsalóða verði ávallt fyrir hendi þar sem þéttbýli er fyrir. Tekið verður tillit til náttúrulegra aðstæðna við skipulag íbúðarhverfa og við hönnun húsa verði slíkra sjónarmiða einnig gætt.
- Gert er ráð fyrir að gerð íbúðarhúsa verði í samræmi við það sem þegar er í Vík, þ.e. einbýlishús verði í meirihluta, en einnig sé heimilt að gera ráð fyrir parhúsum og litlum raðhúsum og fjölbýlishúsum.
- Í dreifbýlishluta (á landbúnaðarsvæði) sveitarfélagsins verði heimilun byggðing allt að tveimur stökum íbúðarhúsum eða einu smábýli þar sem aðstæður og rök leyfa. Þetta verði gert í samræmi við þær reglur um byggingu íbúðarhúsa sem fram koma í kafla 2.3.1.

#### Starfsmarkmið:

1. Skipulagning íbúðarhverfa verði í samræmi við áætlaða mannfjöldaþróun.
2. Íbúðarsvæði falli ávallt sem best að náttúrulegu umhverfi og lagður sé metnaður í ná samfellu byggðar og náttúru.

#### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Íbúðarsvæði eru fyrst og fremst ætluð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir takmarkaðri starfsemi sem eðlilegt er að sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis. Á landnotkunaruppdrætti eru íbúðarsvæðin eftirfarandi: **Tún (ÍS1)** sem ná yfir Suðurvíkurveg, Hátún, Sigtún, Mylluland og Heimland. Þetta svæði mun stækka til muna. **Bakkar (ÍS2)** sem ná yfir Árabraut, Mýrabraut, Bakkabraut og Austurveg að hluta. **Hjallar (ÍS3)** ná yfir Kirkjuveg og Austurveg að hluta. **Fít (ÍS4)** nær yfir Ránarbraut og mestan hluta (tvö svæði). Sunnu- og Mánabrautar. **Undir Bökkunum (ÍS5)** nær yfir Víkurbraut. **Smábúðarhverfi**

(ÍS6) nær yfir vesturhluta Sunnu- og Mánabrautar. Á töflu nr. 2 er greint frá heiti einstakra íbúðarsvæða og í kafla 5.5.2 er nánar fjallað um einstök íbúðarsvæði í upphafi skipulagstímabils og þar er skýrt frá breytingum frá fyrra aðalskipulagi. Sjá einnig töflu nr. 9 í kafla 5.5.2 sem greinir nánar frá stöðu og þéttleika einstakra íbúðarsvæða og nýtingu þeirra.

**Skýringar:** Á þéttbýlisuppdrætti eru íbúðarsvæði táknunum með lillabláum lit.

### 2.3 Atvinnumál

#### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Öflugt atvinnulíf byggji á þeim auðlindum sem bjóðast í sveitarfélaginu.

Fjölga ber atvinnutækifærum í Mýrdalshreppi, einnig með meira val í huga.

Fjölga þarf störfum sem krefjast náms- og fagþekkingar.

Opinberum störfum verði fjölgað.

Fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða atvinnuráðgjöf í heimabyggð.

Efla ber iðnað með því að fylgjast vel með öllum raunhæfum tækifærum sem gefast.

Vinnsla á vikri úr Kötlu hefjist sem fyrst.

Efla ber landbúnað og treysta búsetu og búrekstur á jörðum. Auka þarf möguleika bænda til að bæta rekstur í hefðbundnum búgreinum og styðja við nýsköpun í greininni.

Stefnt er að því að gera svæði almennrar þjónustu og verslunar aðlaðandi á skipulagstímabilinu.

Efla ber ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Stuðla ber sérstaklega að vistvænni og menningarlegri ferðaþjónustu sem samrýmist markmiðum um verndun umhverfis og arfleifðar Mýrdælinga.

#### Stuðningsmarkmið vegna atvinnumála:

- Markaðs- atvinnuráðgjafi, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, verði staðsettur í Mýrdalshreppi.
- Atvinnurekendur standi saman að öflugri kynningu á svæðinu.
- Komist verði á fót samtökum/samstarfi atvinnurekanda á svæðinu að frumkvæði atvinnumálanefndar sveitarfélagsins.

#### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Lögð hefur verið áhersla á að tengja sem best landnotkun innan hinna ýmsu þátta atvinnulífs í Vík.

Mikilvægt er að hafa aðgengi og nálægð milli vinnustaðar og heimilis sem best fyrir komið til þess að nýta kosti lítillar byggðar. Aðkoma til og frá stofnvegi þarf einnig að vera góð. Sjá landnotkun í tengslum við einstakar atvinnugreinar í kafla 2.3.2 og 2.3.3.

### 2.3.1 Landbúnaður/ræktun

#### Stuðningsmarkmið í landbúnaðarmálum:

- Efla ber landbúnað almenn, þannig að hefðbundnar búgreinar fái áfram að þróast en nýjum greinum sé einnig gefið tækifæri til að dafna. Landnýting sé jafnan sjálfbær og í samræmi við landkosti á hverju svæði. Störfum í landbúnaði fækki ekki frá því sem nú er.

#### Starfsmarkmið:

1. Áhersla er lögð á mikilvægi hefðbundinna búgreina sem Mýrdælingar kunna best, þ.e. sauðfjárræktar, mjólkurframleiðslu, garðyrkju og hlunnindanytja, að framleiðsluréttur verði aukinn, og að nýjar búgreinar verði þróaðar í samræmi við landkosti á hverjum stað.
2. Hefðbundin hlunnindi, söfnun villtra jurta ,og sjálfbærar nytja bænda og landeiganda á fugli og fiski haldist og verði hagnýtt til atvinnu- og tekjusköpunar. Hvatt er til samstarfs um þessa þætti þar sem við á og því verður fyrir komið.
3. Reglur verði settar um lausagöngu búfjár og beitarstýring verði tekin upp þar sem þess er þörf.
4. Hvatt er til þróunar nýrra búgreina til styrktar hefðbundnum landbúnaði.
5. Skógrækt ríkisins sjái um rannsóknir og ráðgjöf á sviði skógræktar.
6. Framkvæmd skógræktarátaxsins „Suðurlands-skógar“ verði fylgt eftir svo sem kostur er. Skipulag skógræktar taki mið af þróun byggðar á hverjum stað.
7. Landbúnaður uppfylli í auknum mæli kröfur um verðmæti, gæði og hollustu afurða t.d. með því að bændur skoði kosti gæðastýringar, vistvænnar og lífrænnar framleiðslu.
8. Stök frístundahús, allt að tvö, á landbúnaðarsvæðum eru heimiluð að gefnum ákveðnum skilyrðum, sjá einnig kafla 2.3.4.

#### Landnotkun

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Afmörkun **landbúnaðarsvæða** miðast að jafnaði við 300 m.y.s. Enda þótt svæði ofan þessarar línu séu nýtt fyrir landbúnaðarstarfsemi, sem heimahagar og afréttir fyrir búfé, þá er ekki gert ráð fyrir breytingum á landnotkun á þessum svæðum, þess vegna eru þau kölluð **óbyggð svæði (ÓS)** (sjá töflu nr. 1. og skipulagsreglugerð).

Nýbyggingar eða viðbyggingar sem tengjast landbúnaðarstarfsemi á bújörðum eru ekki ákvarðaðar í aðalskipulagstillögunni. Þetta á einnig við um takmarkaða bændagistingu í núverandi húsakosti á bújörðum og nýtingu eldra húsnæðis, t.d. fyrir smáíðnað. Þegar um er að ræða nýbyggingar þarf að leggja fram

deiliskipulagstillögu. Smávirkjanir á bilinu 10-200 kW séu hluti af landbúnaðarstarfsemi. Á skýringaruppdrætti D er ábúð og landnýting sýnd.

**Skýringar:** Á skipulagsuppdrætti eru landbúnaðarsvæði sýnd með ljósmosagrænum lit.

#### Forsendur fyrir byggingarleyfi stakra frístundahúsa eða íbúðarhúsa á bújörðum án tengsla við búrekstur eru:

1. Lóðarhafi/landeigandi skal leggja fram deiliskipulag með umsókn sinni um byggingarleyfi, sem sýnir staðsetningu lóðar á bújörð, húss á lóð og aðkomu af vegi. Þá skal einnig sýna tengingu við lagnir og rotþró, svo og afstöðu og fjarlægð næstu húsa bújarðar og aðliggjandi jarða.
2. Með byggingarleyfisumsókn skal fylgja umsögn náttúruverndar- og heilbrigðisnefndar.
3. Hverju húsi skal fylgja afmörkuð lóð, samkvæmt lóðarleigusamningi. Stærð lóðar sé að jafnaði minnst 0,5 ha en mest 1,0 ha.
4. Ekki verða að jafnaði leyfðar fleiri en tvær nýjar byggingarlóðir á jörð á skipulags tímabilinu.
5. Staðsetning lóðar (lóða) sé í sem bestu samræmi við aðra landnýtingu á jörðinni.
6. Lágmarks fjarlægð frá húsi á lóð að húsum bújarðar eða næstu jarða skal helst vera 150 m, sjá einnig heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.
7. Lágmarksfjarlægð bygginga frá landamerkjum næstu jarðar skal vera a. m. k. 50 m.
8. Lóðarhafi skal setja upp girðingu á lóðarmörkum og sjá um viðhald hennar.
9. Byggingarlóð fylgir ekki afnotaréttur afréttarlands jarðar eða sveitarfélags.
10. Jarðareigandi hefur forkaupsrétt að fasteignum á lóðinni, ef um sölu þeirra er að ræða, sjá þó jarðalög nr. 81/2004.
11. Húsbyggjandi skal leita samþykkis sveitarstjórnar fyrir nafni á húsi sínu. Sé um að ræða tvö hús á samliggjandi lóðum, mega þau heita sama nafni með nr. 1 og 2.
12. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að synja um byggingarleyfi, ef hún telur einhverjar ástæður mæla gegn byggingu á viðkomandi stað. Að öðru leyti fer með þessar byggingar eftir gildandi skipulags- og byggingarlögum.

Í könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun kom í ljós að nú aðilar hyggjast hefja skógrækt á löndum sínum eða auka við hana. Þeir þættir sem þar koma fram verða hluti af aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025. Tafla nr 23, í kafla 7.0, sýnir niðurstöður þessarar könnunar.

Afmörkun bænda(-nytja)skógræktar verður ekki tilgreind á aðalskipulagsupprætti, heldur gilda almenn ákvæði um þá landnýtingu. Skógrækt ríkisins mun veita leiðbeiningar og ráðgjöf við skipulag bændaskógræktarinnar. Auk þessa þarf að taka tillit þeirra takmarkanna sem hér á eftir er lýst.

#### Takmarkanir vegna nytjaskógræktar eru:

Vegna umhverfissjónarmiða skal hugað að eftirtöldum atriðum:

1. Tekið skal tillit til náttúru- og minjaverndarsvæða sem þekkt eru og finnast kunna, þó að ekki séu skrásett.
2. Við skógrækt nálægt sjó, vötnum og straumvötnum skal þess gætt að almennur umferðarréttur sé virtur. Sérstaklega sé haft í huga að samspil skógar, lands og vatns njóti sín. Miðað sé við að skógrækt gangi ekki svo nærri bökkum straumvatna að hætta sé á að þau rífi tré með sér í vatnavöxtum. Þar sé einnig göngufært, sbr lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
3. Fjarlægð skógræktar frá vegum sé í samræmi við 33. gr. vegalaga. Samkvæmt þeim má ekki staðsetja byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Þá sé frítt svæði við veitur í samræmi við reglur veitustofnana.
4. Tilteknar skógræktaráætlanir 200 ha að stærð eða stærri er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, áður en til ræktunar kemur, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/00. Skógræktaráætlanir á verndarsvæðum eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu og sama gildir um ruðning á náttúrulegum skógi vegna nytjaskógar. Skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld ef hún fellur undir ákvæði um tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.
5. Plötnuval og útplöntun taki mið af náttúruvari og landslagi. Hafa skal í huga 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 sem fjallar um jarðmyndanir og vistkerfi.

#### 2.3.2 Iðnaðarmál/ iðnaðar- og athafnasvæði

##### Stuðningsmarkmið vegna iðnaðar- og athafnasvæða:

- Athafna- og iðnaðarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsgreinargerð og á upprætti, verði

*jafnan innan þéttbýliskjarnans, frá þessu geti þó verið undantekningar.*

##### Starfsmarkmið:

- ✓ Smáíðnaður, utan þéttbýlis, getur byggst á nýtingu mannvirkja sem fyrir eru, s.s. í fyrrum gripahúsum.

##### Landnotkun

**Þéttbýlisuppráttur: Iðnaðarsvæði (I-1)** á sandinum sunnan Þjóðveggar í austurjaðri þéttbýlisins í Vík er að mestu fullbyggt. Þar er m.a. gert ráð fyrir sjálfsafgreiðslu fyrir eldsneyti. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði norðan Þjóðveggar, gengt því núverandi, það er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-2). Nýja svæðið er talsvert stærra en það eldra og þar er gert ráð fyrir 30.000 fm lóð fyrir úrvinnslu og frágang vikurs, sjá töflu nr. 2. Rotþrær í Vík eru skilgr. (I-3). Vatnsgeymar eru merktir (I-4).

**Skýringar:** Iðnaðarsvæði eru táknuð með dökkgráum lit. Þessi svæði eru ætluð fyrir starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjur, virkjanir, dælustöðvar og birgðastöðvar fyrir olíur og fleira.

**Þéttbýlisuppráttur:** Innan þéttbýlisins er þrjú svæði skilgreind sem **athafnasvæði (AS)**. Svæði (AS1) við Víkur-, Sunnu- og Mánabraut, sem er nú þegar að nokkru byggt. Svæði (AS2) austan Víkurskála og lóð slökkviliðs o.fl. við Suðurvíkurveg (AS3). Svæði (AS4) norðan við Suðurlandsveg og vestan við iðnaðarsvæði (I-2).

**Sveitarfélagsuppráttur:** Skilgreind iðnaðar- eða athafnasvæði eru ekki í dreifbýli.

**Skýringar:** Á þéttbýlisupprætti eru athafnasvæði táknað með ljósgráum lit. Þar er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun.

#### 2.3.3 Miðsvæði/verslunar- og þjónustusvæði

Vík hefur lengi verið verslunar- og þjónustukjarni fyrir nærsveitir. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu þessarar, þjónustu, ekki síst ferðaþjónustu sem er mjög öflug í Mýrdalshreppi. Í þessu sambandi má nefna að gistirými eru rúmlega 500 og fer fjölgandi, afþreying er tiltölulega fjölbreytileg.

##### Stuðningsmarkmið vegna verslunar- og þjónustusvæða:

- Verslunar- og þjónustusvæði verði mótuð með skýrum og áhugaverðum hætti.
- Ferðaþjónusta verði eflað í Mýrdalshreppi, með aukinni umsetningu og mannafla.

- ❑ *Menningartengd ferðahjónusta verði aukin í Mýrdal.*
- ❑ *Sögufraegir staðir og svæði sem bjóða upp á sérstætt náttúruferðar verði kynnt sem hluti af afþreyingu, sjá einnig tillögu um hverfisvernd.*
- ❑ *Ferðahjónusta sé skipulögð þannig að álag á land og náttúruminjar sé í samræmi við þol svæðanna*

#### Starfsmarkmið:

1. Samræming verði aukin í almennri upplýsingamiðlun og markaðssetningu ferðahjónustunnar.
2. Tryggt verði gott aðgengi að ferðamannastöðum í sveitarfélaginu.
3. Hvatt er til samstarfs sveitarfélagsins og landeigenda um bættu merkingu og aðgengi að sögustöðum og merkjum náttúruminjum.
4. Á þeim svæðum sem eru friðuð eða á náttúruminjasrá (NMS 708, 709, 710 og 711) skal tekið sérstakt tillit til að um friðunar- eða verndarsvæði er að ræða. Þessi svæði verði merkt s.s. ástæða þykir til, til upplýsingar fyrir heimamenn og ferðamenn. Sjá kafla 2.1.

#### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Miðsvæði: Lóðir hótels Lunda, lóð Brydebúðar; með sýningarsal og kaffihúsi, Halldórsverslun og Skaftfellingsskemma eru í skipulagi þessu skilgreind sem miðsvæði (MS1). **Verslunar- og þjónustusvæði** þjóna jafnan tilteknum svæðum eða heilli byggð. Segja má að verslunar-/þjónustusvæði eða slíkar stakstæðar lóðir séu sjö talsins í Vík og er gengið út frá þeirri skilgreiningu. Gistihúsið Norður-Vík er skilgreint (VP1) og gistihúsið Ársalir (VP2). Við Víkurbraut er verslunarlóð tölusett svæði (VP3). Við Austurveg eru tvö þjónustusvæði (VP4), þar sem eru skrifstofur og (VP5), þar sem er söluskáli. Við Klettsveg eru einnig tvö þjónustusvæði (VP6), þar sem er Hótel Vík og (VP7), þar sem er golfskáli. Aðalskipulagstíllagan gerir ekki ráð fyrir nýjum verslunar- og þjónustusvæðum í Vík en þess í stað verði núverandi svæði betur nýtt.

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Utan þéttbýlis eru tíu verslunar- og þjónustusvæði, þ.e.: Í landi Höfðabrekku (VP8) er Hótel Höfðabrekka, í landi Áss er Hótel Dyrhólaey (VP9), í landi Sólheimahjáleigu er gisting í eldra íbúðarhúsi (VP10), vélsleðaleiga og aðstöðuhús eru á Sólheimahéiði (VP11) og ferðahjónustusvæði í Þakgili (VP12) -þar er fyrirhuguð er lítil vatnsvirkjun. Í landi Eystrisólheima er gisting í íbúðarhúsi (VP13). Fyrirhuguð er umtalsverð uppbygging ferðahjónustu: Í landi Valla (VP14), í landi Vestri-Péturseyjar (VP15) og landi Steigar (VP16). Veitinga- og gistaðstaða að Görðum (VP17).

**Skýringar:** Miðsvæði er táknað með dökkgulum lit. Verslunar- og þjónustusvæði er táknað með ljósgulum lit.

#### 2.3.4. Svæði fyrir frístundabyggð

#### Stuðningsmarkmið vegna frístundasvæða:

- ❑ *Ný svæði fyrir frístundabyggð verði ákvörðuð. Þetta miðast við þrjú hús eða fleiri.*

#### Starfsmarkmið:

5. Megin uppbygging frístundahúsa verði á til þess skipulögðum svæðum.
6. Dvöl í frístundahúsum verði ríkari þáttur í ferðahjónustu í sveitarfélaginu. Litið verði til ýmssa markhópa, s.s. yngri og eldri borgara í því sambengi.
- ✓ Húsgerðir og lóðaskipan frístundahúsa þurfa að falla vel að landslagi.
- ✓ Á nokkrum stöðum eru skógræktarlóðir, sem hlúð er að af lóðarhöfum, svo verði áfram á skipulagstímabilinu.

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Núverandi og fyrirhuguð svæði fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu verða á eftirfarandi stöðum samkvæmt Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025: Í landi Ytri-Sólheima (FS1), í landi Reynisdals (FS2), í Fellsmörk (FS3), í landi Reynisholts 1 (FS4) og í landi Eystrisólheima (FS5). Í vissum tilfellum er þarna einnig um að ræða almenna ferðahjónustu, þar sem einstök hús eru leigð út til lengri eða skemmri tíma.

**Þéttbýlissuppdráttur:** Þar er um að ræða tvö svæði: Annað er ofarlega á grænu svæðunum í Vík (FS6). Á hinu svæðinu er aðeins eitt stakt frístundahús á lóð, merkt (FS7).

Í könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun kom í ljós að fjórir aðilar hyggjast nýta land sitt til ferðahjónustu. Fimm landeigendur hyggjast nýta lönd sín, að hluta, fyrir frístundahús/-byggð. Auk þessa var hafin uppbygging frístundabyggðar á tveimur svæðum. Þessir þættir verða hluti af Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025. Tafla nr. 33, í kafla 7.0, sýnir niðurstöður landnotakönnunar, sem sveitarstjórn hefur samþykkt að hafa til hliðsjónar við skipulagsvinnuna.

Stök frístundahús, veiðihús og fjallaskálar eru sýnd á skýringaruppdrætti I og talin upp í töflu nr. 2.

Gerð er nánari grein fyrir þessum mannvirkjum og frístundasvæðunum í kafla nr. 5.6.5 og töflu nr. 22. Komi til nýbygging af þessu tagi verða þær hluti af landbúnaðar-

svæðum, þar sem við á, ella fái þær viðeigandi afgreiðslu, t.d. á óbyggðum svæðum.

**Skýringar:** Svæði fyrir frístundabyggð eru táknuð með ljóslilla lit.

### 2.3.5. Veidivötn, fiskeldi

#### Stuðningsmarkmið vegna lax og silungsveiða/fiskeldis:

- *Frekari möguleikar fiskeldis verði rannsakadir.*

#### Starfsmarkmið:

1. Gerð verði úttekt á framtíðarmöguleikum fiskeldis, með tilliti til eldis eða áframeldis ferskvatnsfiska.
2. Stuðlað verði að aukinni ræktun í ám og vötnum og lögð áhersla á sem bestan arð af veiðunum.
3. Lokið verði við flokkun vatns sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns vegna útrása. Í reglugerðinni er ennfremur kveðið á um að sveitarstjórnir skulu setja sér langtímamarkmið fyrir ástand yfirborðsvatns.

#### Landnotkun

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi í **fiskeldi** á núverandi stigi. Sleppitjarnir, fyrir lax og silung, verða ekki varanleg mannvirki og eru því ekki staðfestar í aðalskipulaginu. Veiðihús falla undir skilgreiningu frístundahúsa, skv. skipulagsreglugerð.

### 2.4. Veitur

#### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Stefnt er að frekari rannsókum og leit að heitu vatni í sveitarfélaginu og í framhaldi af því verði hagkvæmni nýtingar skoðuð

Sveitarstjórn leggur áherslu á að ljúka úrbótum sem fyrst á frárennismálum í Mýrdalshreppi. Lagfæring verði gerð í frágangi útrása vegna frárennslis.

#### Landnotkun

Staða sveitarfélagsins í **veitumálum** er almennt séð í góðu lagi, en þó má gera betur á nokkrum sviðum. Lögð verður áhersla á vistvænar lausnir í öllum þeim framkvæmdum sem þörf er á. Í þessu sambandi má nefna að stefnt er að því að skilgreina öll vatnsverndarsvæði og flokka vatn fyrir árið 2009.

### 2.4.1. Vatnsveita/vatnsvernd

#### Stuðningsmarkmið vegna vatnsveitu:

- *Ljúka skal afmörkun verndarsvæða vatnsbóla í sveitarfélaginu, svo fljótt sem auðið er, þar*

*sem samveitur eru fyrir hendi. Með ákvæðum um vatnsvernd sem fram kemur í forsenduhluta greinargerðar þarf að tryggja að neysluvatni verði ekki spillt með mannvirkjagerð eða öðrum athöfnum.*

#### Starfsmarkmið:

1. Vatnsverndarsvæði verði endanlega afmörkuð umhverfis vatnsból og þarf aðrennissvæði þeirra til brunnsvæðis að tryggja gæði vatns, hindra vatnsþurrð og koma í veg fyrir mengun. Þetta er verndun á svokölluðu nytjavatni, en með því er fyrst og fremst átt við neysluvatn. Vatnið er ætlað til manneldis og matvælagarðar, auk atvinnurekstrar og útflutnings. Til þess að tryggja þessa vernd eru skilgreindir í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns m.s.br. nr. 533/2001, eftirfarandi flokkun svæða: Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Tveir fyrrnefndu flokkarnir eru jafnan þeir viðkvæmstu.
2. Við afmörkun vatnsverndarsvæða skal tekið tillit til margra atriða, s.s. vatnafræðilegrar legu þeirra, mikilvægis þeirra og áhættu vegna mengunar. Afmörkunin getur verið erfið og þess vegna skulu mörkin vera rúm. Ef þörf er á er hægt að aflétta friðun af vatnsverndarsvæði.
3. Gæði neysluvatns frá einkaveitum verði kannað og eftirlit með ástandi þess eflit.
4. Komið verði á fót reglulegu gæðaeftirliti með vatnsveitu og vatnsbólum í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Vatnsveitustjóri er ábyrgur fyrir því að eftirlitið komist á.

#### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Núverandi **vatnsból** Víkur eru á tveimur stöðum. Aðalvatnsbólið (VS1) er vestan Víkurár, í hlíðum Reynisfjalls. Aukavatnsból (VS2) er í hlíðinni ofan við byggðina, undir Hrafnatindum, ofan við Suður-Víkurtún. Vatnsgeymar eru grafnir í jörðu á báðum stöðum. Í Vík er vatnsöflun í góðu lagi og neysluvatnið er talið mjög gott. Vatnsgeymar eru merktir (I-4).

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Verndarsvæði vatnsbóla annarra **samveitna** eru sýnd á sveitarfélagsuppdrætti. Þessar samveitur eru, í **Reynishverfi (VS3)**, **Dyrhólahverfi (VS4)**; vatn er tekið úr borholu á svæðinu og í **Pétursey (VS5)**; úr borholu í Pétursey.

Sjá nánari umfjöllun um vatnsveitu í kafla 2.1.3 og 5.7.1.

Sérstök afmörkun á verndarsvæðum minni vatnsbóla í sveitarfélaginu liggur eigi fyrir, þar eð rannsóknir eru á frumstigi.

Vatnslagnir liggi jafnan meðfram eða í vegum (götum) innan þéttbýlissins í Vík eftir því sem hægt er og sama gildir um aðra hluta sveitarfélagsins.

**Skýringar:** Svæði sem skilgreint er brunnsvæði er sýnt með dökkbláum lit en grann- og fjarsvæði eru með misþéttum bláum skálflum.

#### 2.4.2. Hitaveita

##### **Stuðningsmarkmið í hitaveitumálum:**

- ❑ *Leitast verði við að finna heitt vatn eða að leita annarra leiða við rekstur hitaveitu. Þetta yrði forsenda ýmissra möguleika sem tengist búsetu í sveitarfélaginu og ber að leggja áherslu á það.*

##### **Starfsmarkmið:**

- ✓ Lögð verði áhersla á áframhaldandi leit að heitu vatni og öðrum úrræðum varðandi orkuöflun.

##### **Landnotkun**

Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð vegna **hitaveitu** og þar af leiðandi verður slík starfsemi ekki staðfest á landnotkunaruppráttum.

#### 2.4.3. Rafveita

##### **Stuðningsmarkmið í raforkumálum:**

- ❑ *Svæðinu verði tryggð nægjanleg og örugg raforka á sem hagstæðustum kjörum.*
- ❑ *Vatns- og vindorka svæðisins verði að einhverju leyti nýtt með uppbyggingu heima-rafstöðva þar sem hagkvæmni verður náð.*
- ❑ *Raflínur verði lagðar í jörðu.*

##### **Starfsmarkmið**

1. Virkjun vatnsorku verði samstarfsverkefni landeigenda, Iðnaðarráðuneytis og Orkusjóðs.
2. Raflínur, þar sem þær eru ofanjarðar, valdi sem minnstum spjöllum og þær verði þannig lagðar að þær falli sem best að landslagi og æskilegast væri að þær lægu að mestu í jörð.
3. Lokið verði uppbyggingu þriggja fasa rafkerfis í sveitinni.

##### **Landnotkun**

**Þéttbýlisuppráttur:** Vararafstöð sem er í Vík er skilgreind á upprætti (AS1). Spennuvirki sem tengjast nýrri byggð, utan lóða til annarra nota, verði ákveðin í deiliskipulagi. Raflagnir til mannvirkja verði jafnan lagðar meðfram vegum (götum) og götulýsing verði þróuð í samræmi við þarfir.

**Skýringar:** Dreiflína (R) er táknuð eru með heilum línunum (loftlína) eða brotnum línunum (í jörð). Smávirkanir að 100kW eru hluti af landbúnaðarstarfsemi. Sjá einnig kafla 7.0.

#### 2.4.4. Fráveita

##### **Stuðningsmarkmið í fráveitumálum:**

- ❑ *Frárennsli sem fer í Víkurá verði hreinsað eins vel og kostur er á.*
- ❑ *Gengið verði frá fráveitu í sveitarfélaginu fyrir árið 2008, s.s. segir í hollustu- og mengunarvarnarreglugerðum.*

##### **Starfsmarkmið:**

1. Gengið verði frá rotþróum við öll íbúðarhús, atvinnuhús og frístundahús í sveitarfélaginu skv. lögum, reglugerðum og samþykktum.
2. Sveitarfélagið sjái um tæmingu rotþróa annað hvert ár og losi á viðurkenndan urðunarstað fyrir seyru, eigendur rotþróa greiði holræsagjald til sveitarfélagsins sem standi undir kostnaði vegna tæmingar rotþrónna.

##### **Landnotkun**

**Þéttbýlisuppráttur:** Svæði sem nýtt eru fyrir fráveitubúnað, falla undir skilgreiningu iðnaðarsvæðis. **Vestan og austan Víkurár** eru rotþrær (IS4), með siturlögn og einstremisloka. Sérstök rotþró er fyrir iðnaðarsvæðið (IS5). Sérstök rotþró er fyrir gistiheimilið Norður-Vík mun verða tekin úr notkun enda er stefnt að því að fráveita þaðan tengist inná fráveitulögn austan Víkurár. **Útrásir** fráveitu eru sýndar á upprætti.

Samkvæmt bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 30. maí 2003, virkar hreinsivirki fráveitu austan Víkurár vel enda er það hreinsað árlega og vel við haldið. Hinn 19. maí 2003 voru sýni tekin bæði við árósa Víkurár og ofan byggðar. Samkvæmt greiningu sýnanna á rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar (COD-mæling) var minna en 10 mg (COD) í hverjum mældum lítra og ekki fundust mælanleg mengunarefni í árvatnssýnunum. Sveitarstjórn gerði heildaráætlun um fráveituframkvæmdir í Mýrdalshreppi dags. ágúst 2003. Þar var m.a. gert ráð fyrir að samskonar hreinsivirki yrðu sett upp fyrir fráveitukerfið vestan Víkurár eins og komin voru austan megin. Þessum úrbótum er ekki að fullu lokið.

**Skýringar:** Fráveitubúnaður er táknaður með dökkgráum lit (iðnaðarsvæði).

#### 2.4.5. Sorpeyðing

##### **Stuðningsmarkmið vegna sorpeyðingar:**

- ❑ *Lögð verði rík áhersla á að minnka umfang sorpsins og það verði flokkað.*

##### **Starfsmarkmið:**

1. Urðun lífræns úrgangs skal hafa minnkað um 25% árið 2010.
2. Sveitarfélagið kanni grundvöll fyrir magninnkaupum á jarðgerðarkössum fyrir heimili og stofnanir.
3. Sorp sé endurunnið eftir því sem mögulegt er.
4. Blandað val við sorpförgun kemur til greina.

##### **Landnotkun**

Móttökustöð fyrir hefðbundinn úrgang í Mýrdalshreppi er í Vík. Jarðvegsúrgangur og fylliefni úr byggingagrunnum o.þ.h. verður nýttur þar sem þörf er fyllinga. Heimilissorp er urðað á Skógarsandi í Rangárþingi eystra á vegum byggðasamlagsins Hulu. Svæðis-

bundin áætlunargerð vegna sorpurðunar liggur ekki fyrir enn sem komið er.

**Péttbýlisuppráttur:** Urðunarsvæði fyrir byggingarúrgang og annan óhvarfgjarnan úrgang (SF1) og seyru (SF2) eru við Uxafótarlæk austan Víkur. Þetta er sýnt á landnotkunarupprætti.

## 2.5. Samgöngumál

### Stuðningsmarkmið vegna samgangna:

- Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samgönguleiða innan og utan sveitarfélagsmarka.

### 2.5.1. Samgöngur á landi

#### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Hringvegur um Mýrdal verði lagður um jarðgöng í gegnum Reynisfjall og Geitafjall.

Stefnt verði að því að varanlegt slitlag verði komið á tengivegi á skipulagstímabilinu.

#### Stuðningsmarkmið í samgöngumálum:

- Rannsóknir vegna jarðganga liggja sem fyrst fyrir. Þetta á einnig við um Hringveg nr. 1 sem tengist jarðgöngunum.
- Með jarðgöngum verði samgöngur um Hringveg á Suðurlandi auðveldaðar, öryggi vegfarenda aukið, dregið er úr kostnaði við vetrarþjónustu og þungaflutninga. Með þessu verður vegurinn hæfur til að taka við núverandi þungaumferð. Sjá úrdrátt úr Jarðgangaáætlun frá árinu 2000 í kafla 5.8.2.
- Áhersla verði lögð á að tvíbreið brú komi á Jökulsá á Sólheimasandi og slyssastöðum eytt.
- Tryggja þarf að girðingar meðfram stofnvegi haldi búfénaði frá vegi og vinna þarf að því að göng undir veg fyrir búfénað séu gerð þar sem þeirra er þörf.
- Ferðamanna- og jaðarvegum í sveitarfélaginu verði komið inn á vegaáætlun. Góðar vegatengingar við Dyrhólaey, Sólheimajökul, Þakgil og Mýrdalsjökul eu grunnvallaratriði fyrir þróun ferðaþjónustu á þessum stöðum.
- Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein. Þetta þýðir að samgöngur munu aukast og að vægi vegþjónustu eykst.

#### Starfsmarkmið:

1. Stefnt er að því að því að hámarkshraði innan byggðarinnar í Vík verði 35 km/kls.
2. Snjómokstur og viðhald vega verði aukið.
3. Til hliðsjónar skal hafa reglugerð nr. 933/1999 um hávaða í sambandi við hönnun og staðsetningu nýs vegar.

#### Landnotkun

Lega stofn- og tengivega í Mýrdalshreppi er staðfest í aðalskipulagstillögunni þar sem m.a.

gert er ráð fyrir jarðgöngum og nýjum vegtengingum. Vegamannvirki á skráðu náttúruvinnusvæði fái viðeigandi meðhöndlun. Gangandi og ríðandi umferð ásamt rekstur búsmala þvert um stofn- og tengiveg verði tryggð með undirgöngum eða á annan öruggan hátt. Á skipulagstímabilinu verður ákvörðun um einhverjar minni háttar breytingar á legu stofn- og tengivega í sveitarfélaginu auglýstar sérstaklega sé þess þörf. Endanleg útfærsla og lega allra vega ásamt reið-/gönguleiðum verði gerð í fullu samræði við Vegagerðina, sjá einnig kafla 2.5.2. og 5.8.2.

**Sveitarfélagsuppráttur:** Stofnvegir eru auðkenndir með tvöfaldri línu á upprætti. Tengivegir eru sýndir með einfaldri línu. Héraðsvegir eru eingöngu sýndir til skýringar.

**Péttbýlisuppráttur:** Stofn-, tengi- og héraðsvegir eru sýndir í samræmi við skýringar á upprætti.

### 2.5.2. Reiðleiðir, gönguleiðir

#### Stuðningsmarkmið vegna göngu- og reiðleiða ásamt siglinga:

- Unnið verði að gerð reiðvega um Mýrdalshrepp til þess að auka öryggi og aðgengi hestamanna.
- Helstu gönguleiðir verði skilgreindar.

#### Starfsmarkmið

1. Gangstéttir og götulýsingar í Vík verði komnar í lag á fyrri hluta skipulagstímabilsins.
2. Áhugaverð svæði, verði markaðssett sem gönguleiðir.
3. Reiðleiðir verði komnar í gott ástand á fyrri hluta skipulagstímabilsins.
4. Lögð er áhersla á metnaðarfulla áætlun hvað varðar frágang þessara göngu- og reiðleiða.
5. Gert verði ráð fyrir göngu/hjólreiðaleið í gegnum jarðgöng um Reynisfjall

#### Landnotkun

**Sveitarfélagsuppráttur:** Reiðleiðir eru ákvarðaðar enda mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu og útivist. Reiðleiðir eru 12 talsins, merktar R-1 til R-12. Kerfi gönguleiða í sveitarfélaginu, sem verða staðfestar, eru sýndar á landnotkunar-upprætti. Þær eru 19 talsins merktar G-1 til G-19. Sjá kafla 5.8.3. þar sem þessum reið- og gönguleiðum er lýst með nokkrum orðum.

**Péttbýlisuppráttur:** Reið- og gönguleiðir í Vík eru sýndar, en þeim er ekki sérstaklega lýst í greinargerð.

**Skýringar:** Reiðleiðir eru auðkenndar með grænum punktalinum. Gönguleiðir eru auðkenndar með dökkum punktalinum.

### 2.5.3. Flugsamgöngur

#### Stuðningsmarkmið vegna flugmála:

- ❑ *Lögð er áhersla á mikilvægi flugvallarins á Höfðabrekkujökli.*

#### Landnotkun

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Flugbrautin (F1) á Höfðabrekkujökli er staðfest á landnotkunaruppdrætti. Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum vegna flugmála.

### 2.5.4. Fjarskipti

#### Stuðningsmarkmið vegna fjarskipta:

- ❑ *Fjarskiptasamband verði stórbætt í sveitarfélaginu. Þetta á við um gagnaflutningakerfi, tölvusamskipti, sjónvarp og farsímakerfi. Tryggja þarf gott fjarskiptasamband um allt svæðið þannig að gagnaflutningsleiðir hindri ekki nýtingu og framþróun fjárvinnslu við nám og atvinnuþátttöku íbúa.*
- ❑ *Öll heimili eigi kost á bestu mögulegum gagnaflutningakerfum.*
- ❑ *Möstur verði staðsett þar sem þau valda sem minnstum sjónrænum áhrifum.*

#### Landnotkun

Fyrirhugaðar framkvæmdir á sviði fjarskipta á skipulagstímabilinu er útvíkkun í farsímaþjónustu.

**Þéttbýlisuppdráttur:** Lagnir og önnur ný mannvirki sem til þarf í Vík verða eigi sýndar á landnotkunaruppdráttum.

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Fjarskiptamastur og önnur mannvirki á Háfelli, á Hraunhóli á Reynisfjalli og á Höttu eru sýnd á uppdrætti.

### 2.6. Þjónustustofnanir

#### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Efla skal þjónustustofnanir í Mýrdalshreppi með fjölgun stofnana og/eða útibúum og hlúa ber að þeim sem fyrir eru. Mikilvægt er að flytja ákvörðunarvaldið sem næst vettvangi.

Auka ber starfsemi á sviði menntunar-, menningar-, heilsugæslumála og félagsþjónustu í Mýrdalshreppi.

#### Stuðningsmarkmið vegna þjónustustofnana:

- ❑ *Dvalar- og hjúkrunarheimili verði áfram það góða skjól sem íbúar sveitarfélagsins eiga á efri árum.*

#### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Svæði fyrir þjónustustofnanir eru sjö talsins innan þéttbýlisins. Stjórnarsýsluhús Mýrdalshrepps (PS1), leikskólasvæði (PS2), svæði fyrir heilsugæslu

og dvalarheimili aldraða (PS3), lóð Víkurkirkju (PS4), lóð þar sem sýslumannsembættið hefur aðstöðu og laus lóð þar við hliðina (PS5), lóð félagsheimilis Leikskála (PS6) og svæði fyrir grunnskólann (PS7).

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Svæði fyrir þjónustustofnanir sem eru fimm eru sýnd á sveitarfélagsuppdrætti, sem eru kirkjulóðirnar á Reyni ásamt félagsheimilinu Eyrrarlandi (PS8), Skeiðflöt (PS9) ásamt lóð kapellunnar í Ytri-Sólheimum (PS10), félagsheimilið á Ketilsstöðum (PS11) og Dyrhólaeyjarviti (PS12).

**Skýringar:** Svæði fyrir þjónustustofnanir, s.s. mennta-, heilbrigðis-, menningar-, félags-, trúar- og umferðarstofnanir og aðrar stofnanir ríkis og sveitarfélaga eru táknaðar með rauðgulum lit.

### 2.6.1. Mennta- og menningarmál

#### Stuðningsmarkmið í mennta- og menningarmálum:

- ❑ *Velferð barna og unglunga verði höfð að leiðarljósi varðandi rekstur og uppbyggingu skólalastarfs.*
- ❑ *Samstarf leik-, grunn- og tónskóla verði tryggt með því að setja einn stjórnanda yfir alla skólana.*
- ❑ *Með auknu samstarfi við framhaldsskóla verði unglungum gefinn kostur á að stunda nám í heimabyggð til 18 ára aldurs.*
- ❑ *Áhersla verði lögð á aukna möguleika á fjarnámi, starfsnámi sem og framhalds- og háskólanámi.*
- ❑ *Komið verði á fót menningarstofnun í Vík*
- ❑ *Haldin verði menningar-/bæjarhátíð árlega*

#### Starfsmarkmið í mennta- og menningarmálum:

1. Samstarf verði haft við Fræðslunet Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands og aðra aðila sem bjóða upp á miðlun fræðsluefnis.
2. Fjölbreytni í skólalastarfi verði aukin með samstarfi við nágrannasveitarfélög.
3. Húsnæði og leiksvæði skólanna verði haldið í góðu ástandi.
4. Menningarmálanefnd hafi fjármagn til ráðstöfunar til að styðja við framkvæmd einstakra viðburða.
5. Komið verði á fót menningarstofnun um rekstur Brydebúðar, Halldórskaftis og Skaftfellings.

Héraðsbókasafni V-Skaftafellssýslu verði fundið varanlegt húsnæði, tengdu grunnskóla eða fyrirhugaðri menningarstofnun.

#### Landnotkun

**Þéttbýlisuppdráttur:** Gert er ráð fyrir því að lóð Grunnskóla Mýrdalshrepps sé fullnægjandi á skipulagstímabilinu. Skólalóðin er hluti af stofnanasvæðum (PS7) í Vík.

### 2.6.2. Dagvistun

#### Stuðningsmarkmið í dagvistunarmálum:

- ❑ *Elstu börn leikskólans verði markvisst búin undir nám í grunnskóla.*
- ❑ *Gefinn verði kostur á daggæslu í heimahúsum m.a. til að minnka álag á leikskólanum.*

#### Starfsmarkmið dagvistunarmálum:

1. Aðstaða leikskólans verði bætt m.a. þannig að unnt sé að sinna undirbúningi eldri barna fyrir grunnskólanám á markvissan hátt.
2. Leiksvæði leikskólans verði endurbætt.
3. Í skólanámskrá verði lögð áhersla á hópvinnu, skapandi starf, markvissa málörvun og val á námsgreinum.
4. Áfram verði gert ráð fyrir lóð fyrir leikskóla við hlið grunnskólans.

#### Landnotkun

**Péttbýlisuppráttur:** Lóð leikskólans er hluti af stofnanasvæðinu (PS2) í Vík.

### 2.6.3. Heilbrigðismál

#### Starfsmarkmið í heilbrigðismálum:

1. Heilsuvernd verði eflð og rekstur heilsugæslustöðvar tryggður.

#### Landnotkun

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á landnotkun í Mýrdalshreppi vegna heilbrigðismála. Lóð heilsugæslunnar er hluti af stofnanasvæðinu (PS3) í Vík.

### 2.6.4. Félagsþjónusta

#### Stuðningsmarkmið í félagsþjónustu:

- ❑ *Að styðja skjólstaðinga þjónustunnar til sjálfshjálpar og koma þannig í veg fyrir ótímabæra eða óþarfa stofnanavistun hvort sem í hlut eiga aldraðir, fatlaðir eða sjúkir.*
- ❑ *Að öflug sérfræðiþjónusta á sviði félagsmála verði íbúum sveitarfélagsins aðgengileg.*

#### Starfsmarkmið í félagsþjónustu.

1. Heimaþjónusta (heimahjúkrun, heimilisaðstoð, liðveisla) verði öflug til að koma í veg fyrir eða fresta sem lengst stofnanavistun.
2. Í öllum tilvikum ráði þjónustuhöfðingjarnir vistun aldraðra á hjúkrunarheimilum eða dvalarheimilum.
3. Gerð verði áætlun til 3-5 ára í senn í húsnæðismálum fatlaðra og tryggt að fötluðum þjóðist íbúðarhúsnæði er hæfir þörfum hvers og eins. Að öðru leyti séu sömu kröfur gerðar til íbúðarhúsnæðis fyrir fatlaða og fyrir ófatlaða enda sé þar farið að sömu lögum og sömu reglum.
4. Þjónusta við fötluð börn sé skipulögð innan almennra stofnana en ekki á sérstofnunum.
5. Sérfræði- og ráðgjafarþjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra verði eflð.

6. Sveitarfélagið kanni með hvaða hætti það getur stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðra eftir því sem aðstaða leyfir.
7. Sveitarfélagið móti sér sameiginlega fjölskyldustefnu þar sem sérstaklega verði hugað að málefnum barna
8. Íbúum sveitarfélagsins sé með reglubundnum hætti kynntar áherslur í félagsþjónustunni og hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta þörfum íbúana fyrir þjónustu.

#### Landnotkun

**Péttbýlisuppráttur:** Félagsþjónusta gæti leitt af sér þá breytingu á landnotkun í Mýrdalshreppi að stækka þyrfti svæði fyrir dvalarheimili aldraða (PS3).

### 2.6.5. Opinber stjórnsýsla

#### Stuðningsmarkmið vegna opinberrar stjórnsýslu:

- ❑ *Stjórnsýsla verði eflð með frekara samstarfi við nágrannasveitarfélögin á skipulags-tímabilinu.*

#### Landnotkun

**Péttbýlisuppráttur:** Stjórnsýsluhús Mýrdalshrepps er á svæði (PS1) og lóð þar sem sýslumannsembættið ásamt Kaupþing banka hefur aðstöðu er á svæði (PS5).

### 2.6.6. Kirkjur

#### Stuðningsmarkmið í kirkjumálum:

- ❑ *Núverandi kirkjur munu mæta þörfum íbúa Mýrdalshrepps og því er ekki fyrirhuguð ný kirkjubygging á skipulagstímabilinu.*

#### Landnotkun

Á skipulagsuppráttum eru svæði fyrir Víkurkirkju (PS4), Reyniskirkju (PS8), Skeiðflatarkirkju (PS9) og Sólheimakapellu á Ytri-Sólheimum (PS10) staðfest.

### 2.7. Félagslíf, opin svæði til sérstakra nota; íþróttir og útivist

#### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Stefnt er að gerð göngu- og hjólréiðastiga og reiðvega. Útivistar- og íþróttaaðstaða verði bætt.

Gert er ráð fyrir að golfvöllur verði stækkaður í 18 holur.

#### Stuðningsmarkmið í félagsmálum:

- ❑ *Að skapa sem best skilyrði fyrir félagsstarf, með umhverfi og húsakost í huga. Þessir þættir skapa ramma fyrir uppbyggingu þessa mikilvæga þáttar í mannlífi á svæðinu.*

### Stuðningsmarkmið vegna íþróttamála:

- ❑ Uppbygging íþróttasvæða í Mýrdalshreppi verði í samræmi við þarfir sveitarfélagsins.
- ❑ Hesthúsabyggð verði deiliskipulögð.
- ❑ Hestaíþróttasvæði verði við Pétursey.
- ❑ Golfvöllur verði stækkaður í 18 holur.
- ❑ Æfingasvæði fyrir skotveiðimenn verði komið upp við Uxafótarlæk.
- ❑ Æfingasvæði fyrir vélhjólaiþróttamenn verði komið upp.

### Stuðningsmarkmið í útivistarmálum:

- ❑ Að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytta útivistarkosti fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti þeirra.
- ❑ Lokið skal hönnun á opnum svæðum til sérstakra nota og ákvörðun verði tekin um frágang þeirra.

### Starfsmarkmið:

1. Útivistarsvæði verði í nálægð við byggðina í Vík, svo og í tengslum við frístundabyggðir. Reynt verði að tengja útivistarsvæðið og þéttbýlið saman með gönguleiðum.
2. Framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi á Dyrhólaey hófust á árinu 2006.
3. Æskilegt er að kanna möguleika á frekari samvinnu sveitarfélaga og félagasamtaka við rekstur íþróttamannvirkja.

### Landnotkun/skipulagsuppdrættir:

Undir þessa málaflokka falla eftirfarandi landnotkunarþættir:

1. Svæði fyrir þjónustustofnanir, s.s. skólar, heilsugæsla og félagsheimili.
2. Opin svæði til sérstakra nota, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, hesthús og reiðvellir.
3. Óbyggð svæði, eru svæði sem eru opin til almennrar útivistar og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þarna getur verið um að ræða skógræktarsvæði sem ekki eru ætluð til hefðbundinnar nýtingar.

Ákvarðanir um landnotkun í Mýrdalshreppi, sem lúta að félagslífi, kirkjum, íþróttum og útivist eru:

**Opin svæði til sérstakra nota:** Íþróttavöllur sveitarfélagsins er sýndur á **þéttbýlisuppdrætti** (OS8) vestan skólalóðarinnar og sama gildir um golfvöllinn (OS7) sem er austan við byggðina. Annar íþróttavöllur er á **sveitarfélagsuppdrætti**; í landi Péturseyjar I (OS12) og skeiðvöllur með aðstöðu er í landi Eyjarhóla (OS20).

**Þéttbýlisuppdráttur:** Svæði neðan kirkju og heilsugæslu (OS5) er skilgreint opið svæði til sérstakra nota og útivistar og lystigarður er ofan við byggðina (OS2). Tiltekið svæði meðfram Víkurá (OS3) er einnig skilgreint sem útivistarsvæði. Lystigarður er (OS4) sunnan Víkurbrautar. Minningarlund (OS11) er ætlað svæði suðvestast á þéttbýlissvæðinu.

Tjaldsvæðið (OS6) er austan við gistiskálana og næst golfvelli. Gert er ráð fyrir að golfvöllur (OS7) í Vík, sem er norðan við nýja iðnaðarsvæðið, verði stækkaður og að aðstaðan þróist þar í samræmi við þarfir og kröfur. Kirkjugarðurinn (OS1) er ofan við kirkjuna í Vík. Gert er ráð fyrir nýju hesthúsasvæði (OS10) austan iðnaðarsvæðis (IS2), eldri hesthúsasvæði (OS9) eru á tveimur stöðum.

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Kirkjugarður við Reyniskirkju (OS15). Kirkjugarðar við Skeiðflatarkirkju (OS14) og Sólheimakapellu (OS16) eru staðfestir á uppdrætti. Einnig eru kirkjugarðarnir á Eystri-Dyrhólum (OS17) og Höfðabrekku (OS18) staðfestir á uppdrætti. Útivistarsvæði á sveitarfélagsuppdrætti eru í Dyrhólaey (OS13), í Fellsmörk (OS20). Skógarreitir sem flokkast sem *opin svæði til sérstakra nota* eru eftirfarandi: Í Gjögurum (OS21), í Brynkudal við Deildará (OS22) og í Heiðardal (OS23).

**Skýringar:** Svæði fyrir þjónustustofnanir eru táknaðar með rauðgulum lit. Opin svæði til sérstakra nota eru táknuð með dökkmosagrænum lit. Óbyggð svæði eru táknuð með ljósgrænum lit.

## 2.8. Náttúruvá/öryggismál

### Stofnmarkmið aðalskipulagsins:

Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggja öryggi íbúanna gagnvart náttúruvá svo vel sem kostur er á.

### Stuðningsmarkmið vegna náttúruvár og öryggismála:

- ❑ *Vöktun visindamanna vegna hugsanlegra umbrota í Mýrdalsjökli verði viðvarandi.*
- ❑ *Áður en stofnað er til framkvæmda á þekktum ofanflóðasvæðum skal óskað álitis Væðurstofu Íslands.*
- ❑ *Huga þarf að mótvægisáðgerðum ef framhald verður á landbroti.*
- ❑ *Öryggi verði haft í fyrirrúmi í allri mannvirkjagerð.*

### Starfsmarkmið vegna náttúruvár:

1. Rýmingaræfingar vegna Kötluhlaups verði fastur liður í viðbúnaði gagnvart hamföllum.
2. Hættumat skal fyrst og fremst ná til svæða þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð. Sjá ennfremur reglugerðir nr. 163/1998 og nr. 505/2000.
3. Sjóvarnargarður verði byggður ef framhald verður á landbroti. Sjóvarnargarður er sýndur á þéttbýlisuppdrætti.
4. Ekki verði um að ræða frekari íbúðarbyggð austan Víkurár og neðan bakka.
5. Ekki verði byggt nær núverandi flóðvarnargarði í Vík en 90 m.

6. Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði í austurjaðri Víkur, vestan Kötlugarðs og norðan Suðurlandsvegur.
7. Ekki verði byggt frekar í eldra iðnaðarhverfi sunnan Þjóðvegur í Vík.
8. Núverandi flóðvarnargarður í Vík verði framlengdur til norðausturs að núverandi Kötlugarði við Suðurlandsveg.
9. Vegna landbrots og sjóflóðahættu í fjörunni neðan við Vík skulu gólfkótar húsa sem byggð eru neðan bakka að jafnaði eigi vera lægri en 4,7-5,0 m yfir sjávarmáli.
10. Ríkislögreglustjóri almannavarnardeild, Siglingastofnun og Veðurstofa Íslands hafa hlutverki að gegna vegna hamfara sem gætu orðið á svæðinu.

#### **Starfsmarkmið vegna öryggismála:**

1. Kröfur um hönnun bygginga, m.t.t. burðarþols, brunavarna og stöðugleika verði ávallt í fullu samræmi við ströngustu viðmiðanir laga, reglugerða og staðla (ÍST) sem við eiga.
2. Öryggis verði gætt við hönnun samgöngumannvirkja af allri gerð, þ.e. bílvega, brúarmannvirkja, reið- og gönguleiða.
3. Almannaþingir, sjúkraflutningar og almenn löggæsla í sveitarfélaginu verði skipulögð með þeim hætti að þessir aðilar tryggi sem best öryggi íbúanna og lágmarki áhættu gagnvart tjónum og öðrum skaða. Áfram verði þróuð sem best aðferðafræði í öryggismálum.

#### **Landnotkun**

Ávallt verður tekið tillit til þátta sem lúta að náttúruvá og öryggismálum. Þetta mun verða verða gert í aðalskipulaginu og það kappkostað að forðast alla áhættu.

**Þéttbýlisuppráttur:** Slökkvistöð er skilgreind sem athafnasvæði (AS3). Skilgreind er tiltekin lína sem sýnir takmörk bygginga næst sjávarströnd í Vík.

**Skýringaruppdrættir** Hættusvæði vegna hugsanlegra upptaka Kötlugosa og ofanflóða eru tilgreind á skýringaruppdrætti C. Sjá einnig myndir nr. 3 og nr. 4 sem sýna leiðir Kötluhlaupa árin 1860 og 1918.

Rýmingarkort í Vík sýnir viðbúnað ef til náttúruhamfara kemur.

Sjá nánari umfjöllun um Kötluhlaup, skriðuföll og snjóflóð í Mýrdalshreppi í kafla 4.5. Fjallað er um jarðskjálfta í kafla 4.6. og í kafla 5.10. er fjallað um tækjabúnað o. fl. vegna hugsanlegrar náttúruvár.

**Skýringar:** Svæði undir náttúruvá eru sýnd á skýringaruppdrætti C sem rauðar lóðréttar línur.

### 3.0. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat skipulagstillögunnar

Ný lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/00 tóku gildi í júní 2000. Komu þau í stað laga nr. 63/1993 sem voru fyrstu lög sem tóku til umhverfismats.

Í 1. gr. laganna segir efnislega að markmið þeirra sé, að tryggja að áður en leyfi sé veitt fyrir framkvæmd, vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs og sem hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Stuðlað sé að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða. Kynnt sé fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir kynntar vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/98 skal meta áhrif skipulagstillagna og einstakra markmiða þeirra á umhverfið, m.a. með því að bera saman mismunandi kosti. Lýsa skal þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar. Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfis-sjónarmiða. Gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið laganna nr. 106/2000. Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið. Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt

skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

Í Mýrdalshreppi fóru framkvæmdir ekki í umhverfismat samkvæmt eldri lögum.

Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 þarf að tilkynna framkvæmdir vegna nytja-skógræktar (bændaskógræktar) á verndarsvæðum og á þeim svæðum sem eru yfir 200 ha að stærð, vísast þar í 2. og 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Eftirtalin framkvæmd hefur farið í umhverfismat:

#### Vikurnám:

- ✓ Námuvinnsusvæði, þar er um að ræða allt að 15,8 ferkílómetra svæði.

**Vegaframkvæmdir** sem þurfa að fara í umhverfismat og eru staðfestar í fyrirbyggjandi Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025:

- ✓ Veggöng í gegnum Reynisfjall og Geitafjall, með aðkomuvegum.

#### Vegna efnistöku:

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka sem raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup>, eða meiri, matskyld og sama gildir um fleiri en einn efnistökuastað sem ná samtals yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka sem raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup>, eða meiri, tilkynningarskyld. Sama gildir um efnistöku þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná samtals yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra og um efnistöku á verndarsvæðum

Í kafla 2.1.4 og 4.8 er fjallað um allar núverandi og fyrirhugaðar námur og þær taldar upp í töflu nr. 4. Ekki er áætlað að opna fleiri námur á skipulagstímabilinu.

#### Umhverfismat skipulagstillögunnar

Til að auðvelda mat á einstökum markmiðum skipulagstillögunnar og samanburð á valkostum er unnt að setja matið fram í venslatöflum. Skilgreindir hafa verið fyrirfram ákveðnir umhverfisvísar, sem skiptast upp í hnattræna og staðbundna umhverfisvísa. Lagt er gróft mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða skipulagstillögunnar út frá umhverfisvísunum sem gefur síðan ákveðna mynd af umhverfi skipulagssvæðisins. Með venslatöflum er ekki gerð ítarleg grein fyrir umhverfisáhrifum heldur eru dregnar fram meginlínur.

## Skilgreining á umhverfisvísium, hnattrænum og staðbundnum.

### Hnattrænir umhverfisvísar.

#### Orka og auðlindir.

(dæmi: Jarðefni, eldsneyti, ósnortin víðerni)

Dæmi um áhrifaþætti:

Umferð, tegund samgangna, fjöldi og lengd ferða

Notkun endurnýjanlegra náttúruauðlinda

Notkun eldsneytis í atvinnustarfsemi

#### Loftslag

(dæmi: magn koltvíoxíds í lofti ofl.)

Dæmi um áhrifaþætti:

Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum

Losun gróðurhúsalofttegunda frá atvinnustarfsemi

Binding lofttegunda í gróðri og jarðvegi

Losun ósoneyðandi efna

#### Líffræðilegur fjölbreytileiki

(dæmi: Fjölbreytt búsvæði dýra og plantna og vistkerfi. Sjaldgæfar tegundir og búsvæði s.s.votlendi og tegundir á valista NFL.)

Dæmi um áhrifaþætti:

Framkvæmdir í dreifbýli á ósnortnum svæðum s.s.vegir, raflínur, stíflur og lón.

#### Ný byggð

Verndun eða friðun svæða, einstakra gróðursamfélaga og kjörlenda tegunda

#### Ræktun og framræsla

Álag ferðamanna á viðkvæm svæði í óbyggðum, t.d. vegna viðkvæms gróðurfars.

### Staðbundnir umhverfisvísar.

#### Loft

(Dæmi: Loftmengun, ryk og lykt)

#### Vatn

(Dæmi: Gæði og magn grunnvatns og yfirborðsvatns, mengun sjávar)

#### Jörð og jarðmyndanir

(Dæmi: Jarðvegur/jarðvegssuppygging/rof, jarðmyndanir)

#### Landslag

(Dæmi: Landslagsheildir, menningarlandslag, vernduð svæði, ósnortin víðerni)

#### Gróðurfur

(Dæmi: Gróður kjörlendi tegunda, einstæðar tegundir sérstæð vistkerfi/ náttúruleg svæði, gróðurþekja)

#### Dýralíf

(Dæmi: Sjaldgæfar tegundir, útbreiðsla, kjörlendi)

#### Manngert umhverfi

(Dæmi: Fornleifar og aðrar menningar- og söguminjar s.s. einstök mannvirki eða húsaþyrpingar)

#### Heilsa, velferð, öryggi

(Dæmi: Bein eða óbein áhrif á heilbrigði s.s. vegna mengunar ýmiskonar)

#### Félags- og menningarlíf

(Dæmi: Framboð húsnæðis, atvinna félagsleg og menningarleg þjónusta, næsta umhverfi í byggð. Sjónræn áhrif, skjól, opin svæði útivistarmöguleikar).

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025 sem lagt hefur verið fram var í vinnslu frá nóvembermánuði 2001. Skipulagstillagan hefur öðlast ákveðin tilgang í samræmi við stefnumörkun sveitarstjórnar. Einn hinn neikvæðasti þáttur sem fram kemur í forsendum tillögunnar er fækkun íbúa. Þeir þættir sem mest áhrif hafa á íbúapróun eru góðar samgöngur, hagstæð atvinnuþróun á svæðinu og góð félagsleg- og menningarleg þjónusta. Því er lögð áhersla á það í aðalskipulagstillögunni að atvinnuuppbygging í sveitarfélaginu geti þróast og eflst jafnt í þéttbýlinu í Vík sem og í sveitarfélaginu öllu. Þegar fjallað er um landnotkun skiptir landbúnaður, með aukinni fjölbreytni, miklu máli. Grundvöllur vikurnámssins skiptir einnig miklu máli. Ennfremur er lögð áhersla á að bæta skilyrði vegna þjónustu við íbúana með stækkun þéttbýlis, samgöngumál með endurbóta á vegum. Áhrif lítilla vatns- og vindvirkjana eru einnig skoðuð m.t.t. þróunar í Mýrdalshreppi. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir jarðgöngum í gegnum Reynisfjall (og Geitafjall). Lega þjóðveggar að gangamunnum hefur verið ákveðin og staðfest í aðalskipulaginu. Margt þarf að rannsaka áður en endanlegt fyrirkomulag jarðganga verður ákveðið.

Hér eru nokkur atriði skoðuð nánar út frá umhverfisvísunum og settar eru upp venslatöflur til að meta umhverfisáhrif af markmiðssetningu aðalskipulagsins.

#### Sett eru upp venslatöflur fyrir eftirfarandi markmið:

- Íbúapróun og þéttbýlismyndun (þéttbýli/dreifbýli)
- áætlanir um Suðurlandsskóga
- samgöngur; jarðgöng
- áhrif efnistökusvæðis

Niðurstöður mats á hverjum þætti eru að lokum dregnar saman.

Íbúapróun í Mýrdalshreppi er sá þáttur sem sveitarstjórn leggur mikla áherslu á. Forsenda fyrir fólksfjölgun er að skapa skilyrði fyrir traustri búsetu í sveitarfélaginu. Á Suðurlandi öllu er mikilvægt að viss samþjöppun verði og

aðliggjandi atvinnusvæði myndist með frekari samgöngubótum. Rökrétt er því að leggja mat á atvinnuþróun og kosti og galla byggðamynsturs og draga ályktun af því varðandi íbúáþróun sveitarfélagsins. Grundvöllur aukinnar þjónustu byggist einnig á tilteknum íbúafjölda og mikilvægt er að aldurskipting sé sem hagstæðust til þess að gott jafnvægi náist.

Aðalskipulagið miðast við það að Vík sé megin miðstöð Mýrdalshrepps.

Meðal markmiða í aðalskipulaginu er að efla **þéttbýlið** þar sem það er nú, þ.e. Vík.

Valkostur 1. Byggð í Vík verði efld.

Valkostur 2. Byggð þéttist á fleiri stöðum en í Vík.

Markmið aðalskipulagsins	Hnatræner umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka- og auðlindir	Loftslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Löft	Vatn	Jörð og jarð-myndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð, öryggi	Félags- og menningarlíf
<b>Valkostur 1</b> Byggð í Vík verði efld	j	j	0	j	j	0	j	j	j	0	j	j
eða												
<b>Valkostur 2</b> Byggð þéttist á fleiri stöðum en í Vík	n/0	0	0	0	n	n	n	0	0	0	0	0

j = jákvæð áhrif n = neikvæð áhrif 0 = engin eða óveruleg ? = áhrif óþekkt

#### Niðurstaða:

Við athugun á umhverfisáhrifum vegna þróunar þéttbýlis kemur í ljós að efling Víkur hefur jákvæðari áhrif á umhverfið, heldur en fleiri byggðakjarnar. Það er hagkvæmara að þetta og auka núverandi byggð og stuðla að betri nýtingu á núverandi þjónustu- og samgöngukerfum. Betri nýting fæst á minna landsvæði. Álag byggðar á umhverfið verður minna, s.s. með hagkvæmari gatnagerð og betri nýtingu lagna og nefna mætti fleiri þætti í þjónustu. Fjárfesting sveitarfélagsins verður markvissari og hagkvæmari í uppbyggingu og rekstri, þetta á t.d við um rekstur skóla. Þétting byggðarinnar hefur einnig áhrif á ferðavenjur íbúanna og dregur úr bílaumferð. Þétting núverandi byggðar hefur því jákvæðari áhrif á

umhverfið heldur en að til komi nýr eða nýir þéttbýliskjarnar.

#### Tillagan:

Í aðalskipulagstillögunni er lögð áhersla á þróun þéttbýlis í Vík. Þó er heimil bygging stakra íbúðarhúsa og breyting gripahúsa í atvinnuhús í dreifbýli (á landbúnaðarsvæði). Vegna bygginga stakra íbúðar- og frístundahúsa eru gerðar tillögur um sérstaka skipulagsmeðferð, sjá kafla 2.3.1.

Meðal markmiða í aðalskipulaginu er að efla **nýja ræktun** þar sem það hentar.

Valkostur 1. Ræktunaráætlanir verði framkvæmdar innan sveitarfélagsins þar sem hagkvæmt er talið.

Valkostur 2. Numið sé staðar með ræktunaráætlanir.

Markmið aðalskipulagsins	Hnatræner umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka- og auðlindir	Loftslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Löft	Vatn	Jörð og jarð-myndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð, öryggi	Félags- og menningarlíf
<b>Valkostur 1</b> Ræktunaráætlanir verði framkvæmdar innan sveitarfélagsins þar sem hagkvæmt er talið	j	j	j	j	j	j	j	j	j	j	j	j
eða												
<b>Valkostur 2</b> Numið staðar með ræktunaráætlanir	n	0	j	0	0	0	0	0	0	j	n	n

j = jákvæð áhrif n = neikvæð áhrif 0 = engin eða óveruleg ? = áhrif óþekkt

**Niðurstaða:**

Þegar áhrif aukinnar ræktunar eru skoðuð út frá hnattrænum áhrifum hafa rannsóknir leitt það í ljós að áhrif skógræktar á loftslag eru verulega meiri en hingað til hefur verið álitid. Auk þess hefur skógræktin mjög jákvæð staðbundin áhrif á umhverfið, fjölbreytilegra fugla og dýralíf og eykur útivistargæði. Ræktun myndar aukið súrefni og eykur hlutfall þess gagnvart kolmónosíði og koltvísýringi í andrúmsloftinu. Hún eflir byggðir og styrkir.

**Tillagan:**

Gert er ráð fyrir ræktunarátaki í Mýrdalshreppi. Í stefnumörkun sveitarfélagsins eru gerðar tillögur um sérstaka takmörkun vegna ræktunar sem auka tengingu og samráð við sveitarstjórn. Sjá kafla 2.3.1.

**Samgöngumál** eru mjög mikilvæg fyrir framtíð Mýrdalshrepps og kemur það fram í markmiðum um endurbætur núverandi vega og gerð jarðganga í gegnum Reynisfjall og Geitafjall. Samgöngubætur innan sveitarfélagsins og við önnur atvinnusvæði á Suðurlandi eru einnig mjög mikilvæg.

Hér má skipta markmiðssetningu áætlunarinnar í tvennt.

Valkostur 1. Að stofnvegur verði lagfærður þar sem hann liggur norður fyrir Reynisfjall.

Valkostur 2. Að jarðgöng komi til, með aðkomuvegum.

Markmið aðalskipulagsins	Hnattrænin umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka- og auðlindir	Loftslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Loft	Vatn	Jörð og jarðmyndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð, öryggi	Félags- og menningarlíf
<b>Valkostur 1</b> Að stofnvegur verði lagfærður þar sem hann er nú eða	j	j	?	0	0	0	0	?	?	0	0	0
<b>Valkostur 2</b> Að jarðgöng komi til með aðkomuvegum.	j	j	j	j	0	j	j	?	?	j	j	j

j = jákvæð áhrif    n = neikvæð áhrif    0 = engin eða óveruleg    ? = áhrif óþekkt

**Niðurstaða:**

Það er ljóst að þær samgöngubætur sem gert er ráð fyrir á skipulagstímanum hafa ýmis jákvæð áhrif á umhverfið. Stytting vegar með meiru öryggi er mjög jákvætt. Þróunarmöguleikar Víkur munu aukast með jarðgöngum. Neikvætt við þessa framkvæmd er að þjóðvegur nr. 1 þarf að fara yfir ræktuð lönd og mýrlendi þar sem fuglalíf er ríkulegt og nálægt friðlýstu svæði.

**Tillagan:**

Í aðalskipulagsáætluninni er gert ráð fyrir vegafarmkvæmdum sem auka öryggi vegfarenda og aukinni uppbyggingu annarra mannvirkja. Þá þarf efnistaka að koma til.

Valkostur 1. Fáir og vel skipulagðir efnistöskustaðir.

Valkostur 2. Þeir verði fleiri og dreifðari.

Markmið aðalskipulagsins	Hnattrænin umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka- og auðlindir	Loftslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Loft	Vatn	Jörð og jarð-	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð, öryggi	Félags- og menningarlíf
<b>Valkostur 1</b> Fáir og vel skipulagðir efnistöskustaðir.	0	0	j	?	j	j	j	j	j	j	?	0
<b>Valkostur 2</b> Þeir verði fleiri og dreifðari.	0	0	n	?	n	n	n	n	n	n	?	0

j = jákvæð áhrif    n = neikvæð áhrif    0 = engin eða óveruleg    ? = áhrif óþekkt

**Niðurstaða:**

Niðurstaðan er að fáir vel staðsettir tiltölulega stórir efnistökuastaðir séu æskilegir út frá umhverfissjónarmiðum. Með mörgum smærri er landslagi og fleiri þáttum náttúrunnar fremur ógnáð.

Fyrrum var litið svo á að við sérstakar vegaframkvæmdir væri rétt að veita aðgang að stöðum nærri framkvæmdastað, það stytta akstursleiðir og dróg úr mengun frá stórvirkum vélum. Fram til þessa hafa verið óvenjulega margar námur, af mismunandi stærðum, í notkun í Mýrdalshreppi (allt að 40). Nú hefur verið mörkuð sú stefna af hálfu sveitarstjórnar að reyna að takmarka fjölda efnistöðustaða sem nýttir eru til varanlegrar efnistöku. Þetta er eðlilegt þar eð vegagerð, þ.e. uppbygging vega er langt komin, utan nokkurra tengi- og héraðsvega. Einnig ber að nefna vegi og göng

ef til þess kemur, en efni úr göngunum ætti að mestu að nýtast til vegagerðarinnar.

**Tillagan:**

Í aðalskipulagsáætluninni er gert ráð fyrir tveimur tiltölulega stórum svæðum sem ætluð eru fyrir frístundabyggð þar sem jafnframt er gert ráð fyrir verulegri uppgræðslu skógar. Annað þessara stóru svæða nefnist Fellsmörk og er hluti jarðanna Fells, Álftagrófar og Keldudals. Þar er um að ræða um 300 ha lands sem ætlað er fyrir skógrækt, frístundahús og útivistarsvæði o.fl. Stærð lóða er ákvörðuð einn til tveir hektarar og byggingarreitir eru 2000 fm að stærð.

Valkostur 1. Ósnortið land.

Valkostur 2. Frístundasvæði með áherslu á skógrækt og landgræðslu.

Markmið aðalskipulagsins	Hnattrænin um-hverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka- og auðlindir	Loftslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Loft	Vatn	Jörð og jarð-	Landslag	Gróður	Dýralíf	Manngerð umhverfi	Heilsa, velferð, öryggi	Félags- og menningarlíf
<b>Valkostur 1</b> Ósnortið land.	0	0	j	?	j	j	j	j	j	j	?	0
eða												
<b>Valkostur 2</b> Frístundasvæði með áherslu á skógrækt og landgræðslu.	0	0	n	?	n	n	n	n	n	n	?	0

j = jákvæð áhrif    n = neikvæð áhrif    0 = engin eða óveruleg    ? = áhrif óþekkt

**Niðurstaða:**

Niðurstaðan er sú að uppgræðsla þessi geti verið æskileg á svæðinu. Þarna eru víða lítt eða ógrónir melar og þunn jarðvegsþekja þar sem jafnvel myndast fokhætta við viss skilyrði. Þrátt fyrir uppgræðslu á þessu tiltekna svæði er langt frá því einkennandi landslag og gróðurfar verði víkjandi í vestanverðu sveitarfélaginu.

**Tillagan:**

Í aðalskipulagsáætluninni er gert ráð fyrir einu mjög stóru svæði sem ætlað er til efnistöku. Þetta er náman á Mýrdalssandi. Þar er um að ræða um 15.8 ha svæði þar sem vinna á vikur sem komið hefur í eldsumbrotum fyrri áratuga og alda.

Valkostur 1. Ósnortið land.

Valkostur 2. Námuvinnsla.

Markmið aðalskipulagsins	Hnattrænin um-hverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka- og auðlindir	Loftslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Loft	Vatn	Jörð og jarð-	Landslag	Gróður	Dýralíf	Manngerð umhverfi	Heilsa, velferð, öryggi	Félags- og menningarlíf
<b>Valkostur 1</b> Ósnortið land.	0	0	j	?	j	j	j	j	j	j	?	0
eða												
<b>Valkostur 2</b> Námuvinnsla.	0	0	n	?	n	n	n	n	n	n	?	0

j = jákvæð áhrif    n = neikvæð áhrif    0 = engin eða óveruleg    ? = áhrif óþekkt

**Niðurstaða:**

Þarna er um að ræða námu sem er örugglega endurnýjanleg ef draga má ályktun af ferli eldsumbrota á Mýrdalsjökulsvæðinu og Kötlu í

gegnum aldir. Þess vegna má telja að vinnsla vikurs á þessum stað sé eingöngu til bóta þegar litið er á landmótun, enda telst vikursöfnun eins og hún er á þessu svæði vart til landkosta.

## 4.0. Náttúrufar

### 4.1. Staðháttalýsing/ landslag

Hreppsmörk Mýrdalshrepps að vestan eru rétt vestan við Jökulsá og að austan liggja mörkin skammt austan við Blautukvísl. Hábunga Mýrdalsjökuls afmarkar hreppinn að norðan og sjávarströndin að sunnan. Mýrdalshreppur er syðsta sveitarfélag á Íslandi og Vík er syðsti þéðlisstaðurinn. Austasti hluti hreppsins er nálægt 152 ferkílómetra stór eyðisandur, þar sem tvö allstór gróðursæl fjöll rísa yfir auðnina, Hjörleifshöfði og Hafursey. Miklar andstæður eru í miðhlutanum, þar sem er nálægt 10 ferkílómetra hallalítið gróðurlendi milli Geitafjalls og Reynisfjalls. Mest allt þetta svæði var meira og minna votlend mýri, mest af því vel grasgefið. Hefur svæðið að nokkru leyti verið þurrkað og er nytjað í dag. Við austurhluta Sólheimasands rís Pétursey, sem er einstakt fjall á opnu svæði.

Sveitin er grasi gróin, en beljandi jökulfljót og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við gróðurlendið. Víða til heiða eru fjöllin mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum. Mest eru þetta fornar sprungumyndanir sem skriðjökklar og jökulár hafa mótað. Í meginráttum er um að ræða móbergssvæði, ung jarðmyndun, sem ýmist er mynduð við neðansjávargos eða gos undir jökli. Er því svipmót fjallanna mjög sundurleitt.

Talið er að byggð hafi verið á því svæði sem nú er Mýrdalssandur en tekið af í Kötluhlaupum. Ritaðar heimildir eru af skornum skammti en hins vegar bera ýmis örnefni í nágrenninu óbeint vitni um tilveru hins forna Dynskógahverfis.

Mýrdalsjökull, sem er 595 ferkílómetrar að stærð, er fjórði stærsti og jafnframt syðsti jökull á Íslandi. Jökullinn hvílir í stærstu eldfjallaöskju landsins, Kötluöskjunni 110 km<sup>2</sup>. Meðalþykkt Mýrdalsjökuls er um 250 metrar en sum staðar er ísinn allt að 7-800 metra djúpur. Yfirborð jökulsins er um 600 km<sup>2</sup>, í allt eru þetta 130 km<sup>3</sup> af ís. Goðabunga er hæsti hluti jökulsins 1515 metrar og Hábunga fylgir á eftir 1505 metrar, en þetta eru snjódyngjur og hæðin getur verið mjög breytileg, jafnvel frá ári til árs.

Mýrdalsjökull ber við himinn með bogadregnum línunum þar sem hann er hæstur, 1450 mys, en með gínandi jökulsprungum og úfnum skriðjöklatungum neðar. Með nálægð sinni við byggð veitir jökullinn sveitinni gott skjól undan norðanáttum. Eldstöðin Katla er í

jöklinum og út úr Mýrdalsjökli gengur Kötlujökull til suðausturs. Eldstöðin Katla er hluti af stærra eldstöðvakerfi sem er um 80 km langt og 30 km breitt, þar sem það er breiðast. Eldstöðvakerfið nær allt norður fyrir Eldgjá.

Meðfram Mýrdalsjökli liggur mikill heiðarfláki, sem teygir sig misjafnlega langt suður að byggð. Þar eru beitarlönd bænda, að mestu grasi gróin frá rötum að hátind en víða erfið yfirferðar. Skiptast þar á há fjöll og fell og mikil hamragljúfur.

Fjöll og dalir eru óvenju gróðursæl miðað við það sem gerist hérlendis. Sem landbúnaðarhérað er sveitin kjörlendi til ræktunar þar sem gróðursæld, frjósemi og fjölbreytni í gróður- og fulgalífi er mikil enda er veðurfar milt á íslenska vísu, jafnt á sumri sem að vetri. Svæðið er því einnig kjörlendi til náttúruskoðunar.

Jökulárnar eru vatnsmiklar og fyrr á tímum þóttu þær erfiðar yfirferðar. Í vestri er Jökulsá á Sólheimasandi sú stærsta og austanvert er Múlavísl, þær falla beint frá Mýrdalsjökli til sjávar. Talið er að Jökulsá hafi drekkt u.þ.b. 20 manns áður en hún var brúuð árið 1921.

Ströndin er að mestu lág, hafnlaus, slétt sandströnd og því er sjósókn torsótt. Árósar einkenna svæðið. Dyrhólaey, sem er syðsti oddi landsins, og Reynisfjall skaga í sjó fram, ströndin þar á milli, Reynisfjara og Víkurfjara austan fjallsins eru taldar með fegurstu ströndum hérlendis. Talið er að Dyrhólaey hafi myndast á hlýskeyði seint á ísöld við gos í sjó. Vesturhluti hennar nefnist Háey og er úr móbergi en austurhluti hennar, oft nefndur Lágey, er að meginstofni úr grágrýti. Víkurfjara hefur verið útnefnd sem ein af 10 fegurstu ströndum heims af erlendu tímariti sem fjallar um ferðamál.

### 4.2. Jarðfræði

Mýrdalshreppur er á svokölluðu Austurgosbelti. Berggrunnur í Vestur-Skaftafellssýslu hefur hlaðist upp á síðustu 2 til 3 milljónum ára, eða á næst síðsta jökulskeyði og hlýviðraskeyðinu á undan því síðasta. Austanvert eru heiðalöndin samsett úr lagskiptum stafla móbergs og basalts sem hlóðst upp fyrir 0,7-2 milljónum ára. Mikið beltí yngra móbergs teygir sig frá vestanverðum Vatnajökli suðvestur til sjávar í Mýrdal. Á þessu móbergsbelti eru ýmsar gosstöðvar sem gosið hafa eftir landnám, s.s. Lakagígur (1783), Eldgjá (934) og Katla sem gosið hefur 16 til 20 sinnum frá landnámi.

Víðar hefur gosið í heiðunum. Frá megineldstöðinni í Mýrdalsjökli og í röndum hans er allmikið af líparíti. Blá- og grágrýtishraunlög hafa runnið á hlýskeyðum ísaldar.

Mýrdalsfjöllin eru að uppistöðu úr móbergi, sem hafa hlaðist upp við gos undir jökli eða undir sjávarmáli. Næst Vík eru móbergsfjöllin Hatta (512 m) og Reynisfjall (340 m). Lægðin á milli fjallana er gerð úr lausum jarðlögum og er þar víða djúpt niður á fast berg. Þessi dýpt á fast berg veldur því að byggingarland er sums staðar erfitt á þessu svæði. Stærstu sandarnir eru Mýrdalssandur og Sólheimasandur. Sandarnir eru fyrst og fremst komnir vegna tilfærslu á sandi vestur með suðurströndinni og vegna Kötluhlaupa og framburði ána. Sandarnir eru því myndaðir eftir að núverandi sjávarstöðu er náð og eftir að síðasta jökulskeiði lauk. Frá ísöld hefur orðið til ný og breið strandlengja, um 20-30 km, sem mynduð er af ógrynni af sandi og aur. Katla hefur þrátt fyrir allt stuðlað að stækkun landsins til suðurs. Mýrarkenndur jarðvegur er víða í Mýrdalshreppi og víða er mannvirkjagerð örðug á þeim svæðum. Þekktur jarðhiti er lítil í sveitarfélaginu, laugar eru á nokkrum stöðum en hvergi heitar.

Undir lok tertíertímans kólnaði loftslag mikið og náðu þá skriðjökklar að myndast, fyrst á megineldstöðvum. Þaðan runnu þeir til suðurs og suðausturs og grófu um leið það landslag eins og það þekkist í Mýrdalshreppi. Ísbreiðan hefur hulið meginhluta svæðisins. Talið er að ísöld hafi hafist hérlendis fyrir um 2,5 milljónum árum og endaði fyrir um 10 þúsundum árum. Eftir það hafa árnar haft hvað mest áhrif á landmótun á svæðinu auk sjávarrofsins. Sums staðar hafa árnar grafið gljúfur og þar sem straumur þeirra minnkar skila þær af sér framburði sínum og mynda áreyrar. Á þeim kvíslast árnar og halda áfram að móta landið. Undir Mýrdalsjökli austanverðum í um 1000 m hæð og þakin 400 m þykkum jökulís, er Katla, ein virkasta eldstöð landsins og ein mesta ógn byggðar fyrr á öldum. Á sögulegum tíma er talið að hún hafi gosið tæplega 20 sinnum. Til eru heimildir um öll Kötlugos frá 1580 og hafa að meðaltali liðið 42 ár á milli gosa. Hættan af Kötlugosum er fyrst og fremst tengd hlaupum sem sem verða þegar mörg tonn af ís bráðnar og lyftir íshellunni og brýst fram með ógnarhraða sem engu hlífa. Jökulhlaupin sem verða samfara stórgosum í Kötlu eru stór enda er talið að um 100.000-300.000 rúmmetrar af vatni á sekúndu flæði þá fram. Hinir víðáttumiklu sandar austan og vestan Mýrdalsins eru afleiðingar Kötluhlaupa. Hlaupin hafa borið með sér

mikið magn af sandi, gjósku og snöggkólnaðri kviku í fjölmörgum gosum á sögulegum og forsögulegum tíma.

Í Mýrdalnum eru tvær geysistórar öskjur. Önnur er Heiðardalur, hringlaga dalur, og eru bújarðir þar líklega þær einu á Íslandi sem standa í öskju. Hin askjan er Vatnsdalur, sem er uppi á Dalahéiði hjá Gæsatindum. Fossholtshraun er stærsta hraun í Mýrdal, það rann úr eldstöð í Falli. Hraunið er víðast hvar þakið jarðvegi, en sést þó á stöku stað, til dæmis sunnan við Fossbæina. Einnig sést hraunið vel vestur á Gatnabrún. Yngsta eldstöð sunnan Mýrdalsjökuls er Grafarhóll, en hann er eini stapinn í Mýrdal. Norðaustur af Vík er Arnarstakksheiði, nefnd eftir Arnarstakki, gróðurlítill en sett mosaþembum nokkuð víða. Þarna lá þjóðvegur til forna meðan sjór féll að björgum austan Víkur. Norðan Arnarstakksheiðar er Heiðarvatn, um 1,9 ferkílómetrar á stærð og dýpst um 30 metrar.

Nokkrir merkilegir hellar eru í Mýrdalshreppi og má í því sambandi nefna Loftsalahelli, fremst í Geitafjalli; þar var lengi þingstaður Mýrdælinga. Hellirinn Loddi er í Heiðardal, Hálsnefshellir er syðst í Reynisfjalli og Skiphellir er austan við bæinn Höfðabrekku.

Undir móberginu í Mýrdalnum og víðar er að finna setbrot með **steingervingum**. Á þremur stöðum hefur slíkt fundist í fjöllum, þ.e. í Pétursey, í Skammadalaskömbum og í Núpum í Höfðabrekkuheiði. Sameiginlegt er með steingervinga sem þarna hafa fundist eru fornar sæskeljar og kuðungar. Skammadalssvæðið hefur mest verið rannsakað og hafa þar fundist 15 tegundir samloka (*Lamellibranchia*), níu tegundir sæsnigla (*Gastropoda*), tvær tegundir armfætlinga (*Branchiopoda*) og 2-3 tegundir orma (*Vermes*). Einnig hafa fundist á þessu svæði blaðför af bjöllulyngi (*Vaccinium*) og víði (*Salix sp.*). Nokkuð hefur verið rannsakað í Núpum og þar hafa fundist sjö tegundir samloka og ein tegund kuðunga.

Jarðhiti (volgrur, laugar eða hverir) er hvergi að finna í Mýrdal svo vitað sé nema í Mýrdalsjökli og einhvers staðar á aðrennslis-svæði Sólheimajökuls. Hitastigull í efsta hluta jarðskorpunnar er um 50°C/km austast (við Höfðabrekku) en um 70°C/km vestast (á Sólheimum). Lægstu gildi á Íslandi eru um 50°C/km. Borað hefur verið í leit að heitu vatni á fjórum stöðum en viðunandi árangur aðeins nást á Höfðabrekku um 40°C á 757 m dýpi. Svipuðum árangri ætti að vera hægt að ná víðar í Mýrdal en ólíklegt er að finna megi heitara vatn þar eð á 400-600 dýpi tekur við blágrýtismyndun sem gefur lítið vatn.

Um Kötlugos er fjallað í sérstökum kafla, þ.e. nr. 4.5, enda er þar um að ræða fyrirbæri sem þarfa að taka verulegt tillit til þegar byggð í Mýrdalshreppi er skoðuð og um hana fjallað.

#### Rannsóknir á jarðhita:

1. Í Vík árið 1977. Rennslí úr holunni var að borun lokinni 2 sek/l af rúmlega 21°heitu vatni.
2. Í landi Norður-Víkur árið 1986. Borað var niður á 946,5 m en ekki var lokið við borun sökum fjárskorts. Óheppileg efnasamsetning reyndist vera í því vatni sem skilaði sér við borunina.
3. Í Vík árin 1986-1988. Borað var niður við sjó í Vík. Þar skilaði hola, sem var 66 m djúp, 50-60 sek/l af 9° vatni.
4. Við fjörukambinn í Vík 1989. Mikið vatnsmagn reyndist vera þarna en það var ekki eins heitt og vonast var til.
5. Hola frá 1986 var dýpkuð í 1350 m og fódruð í 480 m. Þessi hola gefur 2,4 lítra af 44°C heitu vatni með dælingu.
6. Ennfremur hefur verið borað á jörðunum Sólheimahjáleigu, Dyrhólum og Fagradal. Árangur á þessum stöðum hefur verið takmarkaður hvað hitaorku varðar.
7. Eftir borun í landi Höfðabrekku í mars 2002 fannst um 40°C heitt vatn niður á 757 m dýpi. Vatnsmagnið var 12,5 lítrar á sekúndu (l/sek).

### 4.3. Lífríki

#### Gróðurfar:

Gróður í Mýrdal mótast af fremur hlýju og röku loftslagi sem hann þrífst í, einkennisplöntur Suðurlands ná sjaldan eins miklum þroska og þar. Má þar nefna selgresi (*Plantago lanceolata*), munkhettu (*Lychnis flosuculi*) og stúfu (*Succisa pratensis*) svo dæmi séu tekin. Innan um graslendið inn til landsins finnast brönugrös, bláklukkur, blóðberg og fleiri valllendisjurtir. Út til sjávar er hávaxin hvönn víða áberandi. Ræktun erlendra trjáa- og runnategunda hefur gengið erfiðlega og þá sérstaklega norrænar tegundir. Þetta á sérstaklega við um norska skógarfuru og Alaskaösp. Þetta er talið stafa af því að oft koma hlýviðraskeið í mars og apríl og þá taka plönturnar við sér en síðan getur kólnað og þá geta plönturnar kalið og drepist. Sama virðist gilda um íslenska birkið í því loftslagi sem nú ríkir. Þrátt fyrir þetta eru bundnar góðar vonir við ýmis ný kvæmi trjáteguna og víða er unnið að skógrækt í Mýrdalshreppi eins og annars staðar kemur fram í greinargerð þessari.

Við upphaf landnáms er talið að Vestur-Skaftafellssýsla hafi verið vaxin skógi og kjarri að verulegu leyti. Í gömlum kaupmálum sem snerta skóga og skógarítök er m.a. greint frá Steinholtsskógi frá Kerlingardal. Líklegt er talið að stærstu skóglendin hafi verið þar sem nú eru auðnir Mýrdalssands; þar finnast örnefni eins og Laufskálar og Dynskógar. Eldsumbrot og jökulhlaup hafa að líkindum eytt þessum skógum.

Mjög lítið er nú um náttúrulegt skóglendi í Mýrdalshreppi og er það helst víðir og kræklótt lágvaxið birki. Til eru öruggar heimildir um skóglendi á vissum stöðum í hreppnum, t.d. í hlíðum Hafurseyjar. Þessi skógur var talinn allmikill að vexti á átjándu öld og fram eftir þeirri nítjándu. Nú er þarna aðeins lágvaxið birkikjarr sem hefur farið rýrmandi á síðustu áratugum.

Austan undir Reynisfjalli dafna ótal mörg afbrigði blóma- og grasategunda og hvergi annars staðar á landinu vaxa jafn margar tegundir á einum stað. Víða er mikið mýrlendi, með mýrargróðri, í lágsveitum s.s. örnefni gefa til kynna.

Votlendi er útbreitt í Mýrdalshreppi eins og nafn sveitarfélagsins vísar til og í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 skulu mýrar og flóar 3 ha eða stærri njóta verndar. Ef rannsóknir liggja ekki fyrir skal leitað umsagna Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda um framkvæmdir sem raska kunna slíkum svæðum áður en byggingar- eða framkvæmdaleyfi eru veitt. Sjá einnig kafla 2.1.

Ætíhvönn (*Angelica arcangelica*) hefur orðið æ meira áberandi í umhverfi Hjörleifshöfða og einnig í nágrenni Víkur, s.s. Víkurhömrum. Þetta hefur gerst eftir að svæðin voru afgirt og friðuð af beit sauðfjár. Ætíhvönnin er talin hafa lækningarmátt og er hún að einhverju marki nýtt.

#### Jarðvegsgerðir og gróður:

Að stærstum hluta er íslenskur jarðvegur svokölluð eldfjallajörð, sem er sérstök jarðvegsgerð sem myndast á eldfjallasvæðum jarðar (Andosol). Eitt einkenna eldfjallajarðar er frjósemi jarðvegsins, lítil rúmþyngd, en einnig skortur á samloðun sem gerir jarðveg viðkvæman fyrir roföflunum. Jarðvegur á Íslandi er um margt einstakur, og því veldur sambland áfoks frá auðnum og rofsvæðum og að móðurefni jarðvegsins eru að stærstum hluta gjóska. Jarðvegurinn veðrast auðveldlega og þá myndast nýjar leirsteindir í jarðveginum, einkum allófan, sem er

einkennissteind eldfjallajarðar, en einnig imógólít og ferrihýdrít. Þessar steindir móta eiginleika jarðvegsins ásamt lífrænum efnum sem safnast fyrir í jarðveginum. Þessir eiginleikar valda því að þúfnamyndun er mun víðar á Íslandi en annars staðar.

Í búvísindum er jarðvegur skilgreindur sem sá hluti jarðefnanna sem plöntur vaxa í og hægt er að vinna með tækjum. Almennari skilgreining, og sú sem hér verður notuð, er að jarðvegurinn sé hin lausu og veðruðu jarðefni ásamt misniðurbrotnum lífrænum efnum sem liggja á berggrunninum eða föstu undirlagi.

Jarðvegsmyndun hefur átt sér stað á löngum tíma, síðan jökultíma lauk. Þetta lag þekur nú mestan hluta láglandis á svæðinu ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa fyrir

Jarðveg má flokka á ýmsa vegu, en hér er notuð einföld flokkun sem byggir að mestu á kornastærð og uppruna jarðvegsins. Flokkunin er eftirfarandi:

1.	<b>Mýrajarðvegur:</b>	a) Flóar b) Hallamýrar c) Flæðimýrar
2.	<b>Móajarðvegur:</b>	a) Fínkorna b) Sendinn
3.	<b>Sandjarðvegur:</b>	a) Áreyrar b) Sandur
4.	<b>Grýttur jarðvegur:</b>	a) Skriður b) Melar
5.	<b>Landsvæði án jarðvegs:</b>	a) Fjalllendi b) Hraun c) Jöklar

Jarðvegsdýpi er mjög mismunandi, en algeng þykkt þess í Mýrdalshreppi er allt að 7 til 8 m á bökkum ofan sanda, en niður á sandinum er dýpin allt frá 20 til 30 m.

Jarðvegur á landbúnaðarsvæðum er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar og frjósamur, enda eru hinar frjósömu jarðvegsgerðir í miklum meirihluta, þ.e. móa- og mýrajarðvegur.

Uppblásturshætta er allmikil í Mýrdalshreppi, sem stafar af lausum jarðvegi, ásamt jarðvegsrofi af völdum vatns og vinda. Jarðvegsrof og skriður eru víða í bröttum hlíðum dala og draga. Efnainnihald jarðvegsins er töluvert mismunandi á svæðinu, og hefur yfirleitt hátt sýrustig.

**Dýraríki:** Landdýralíf á svæðinu er yfir meðallagi hvað fjölbreytileika varðar miðað við landið allt Heimildir um aðra flokka en spendýr, fugla og skordýr eru fremur litlar víðast hvar.

Allmikill selur þrífst í árósunum. Helstu landspendýr (villt) í Mýrdalshreppi eru mýs, refur og minkur. Þar eru búsældarlegustu hagamýs á landinu að talið er. Austan undan Reynisfjalli er talin vera ein stærsta byggð hagamúsa á Íslandi. Í sveitarfélaginu er um 40 refagren sem þarf að fylgjast með. Þessi gren hafa verið kortlögð og að hluta færð inná GPS-kerfi.

Eitt stærsta kríuvarp í Evrópu er í næsta nágrenni Víkur og er stórfengleg sjón að sjá er allur hópurinn kemur í einu að vori til varps. Í Reynisfjalli og Dyrhólaey er fjöldi fuglategunda, þar á meðal fýll, lundi, svartfugl, rita og nokkuð af æðarfugli. Ýmsir mó- og mýrarfuglar eru algengir í sveitarfélaginu, einnig skógarprestir og auðnutittlingar. Hrafnar eru algengir en nokkuð er af smyrli og fálkum. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af fugli sem veiddur er til matar á vissum árstímum, þ.e. rjúpa, grágæs og heiðagæs. Nokkuð margar andategundir finnast í Mýrdalshreppi. Fýllinn, eða múkkinn, er sá fugl sem hefur þá sérstöðu í Mýrdalshreppi, umfram það sem almennt gerist á Íslandi, að vera veiddur í talsverðum mæli og nýttur til matar. Nokkur þúsund fýlsungar eru veiddir árlega.

Sem dæmi um fuglalíf á svæðinu hafa eftirfarandi fuglategndir verið skrásettir sem varpfuglar í Dyrhólaey: Fýll (*Fulmarus glacialis*), rita (*Rissa tridactyla*), lundi (*Fratercula arctica*), álka (*Alca torda*), langvía (*Uria aalge*), hringvía (*Uria aalge*), svartbakur (*Larus marinus*), sílamávur (*Larus fuscus*), silfurmávur (*Larus argentatus*), æðarfugl (*Somateria mollissima*), kría (*Sterna paradisaea*), kjói (*Stercorarius parasiticus*), tjaldur (*Haematopus ostralegus*), steindepill (*Oenanthe oenanthe*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), snjótitlingur (*Plectrophenax nivalis*), márfuerla (*Motacilla alba*), hrafn (*Corvus corax*) og súla (*Sula bassana*). Auk þeirra varpfugla sem sést hafa í eygni og nágrenni hennar hafa sést eftirtaldir fuglar á svæðinu: Skúmur (*Catharacta skua*), dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*), stökkönd (*Anas platyrhynchos*), gulönd (*Mergus merganser*), straumönd (*Histrionicus histrioionicus*), urtönd (*Anas crecca*), rauðhöfðaönd (*Anas penelope*), toppönd (*Mergus serrator*), stelkur (*Tringa totanus*), sendlingur (*Calidris maritima*), sandlóa (*Charadrius hiaticula*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóuþræll (*Calidris alpina*), tildra (*Arenaria interpres*), skógarpröstur (*Turdus iliacus*), stormmávur (*Larus canus*), hettumávur (*Larus ridibundus*), spói (*Numenius phaeopus*), jarðkani (*Limosa limosa*), grágæs (*Anser anser*), blesgæs (*Anser albifrons*), stari (*Sturnus vulgaris*), svartpröstur (*Turdus merula*), grápröstur (*Turdus pilaris*), bæjasvala (*Delichon urbica*), rauðbristingur (*Calidris canutus*), teista (*Cephus grylle*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) og lómur (*Gavia stellata*). Menn hafa séð á einum degi 26 til 31 tegundir fugla í Dyrhólaey og í nágrenni hennar.

Samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka umferð um Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní ár hvert. Stefnt skal að því að bæta aðgengi að Dyrhólaey og takmarka umferð sem minnst og þá einungis um hluta eyjunnar. Jafnframt skal tekin upp landvarsla á svæðinu og unnið að úrbótum samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.

Skordýralíf er talið í meðallagi fjölbreytilegt. Af köngulóm er talsvert mikið sem og land- og vatnasniglum. Einnig má finna óvenju stóra brekkusnigla í Mýrdalunum. Um önnur smádyr vantar meiri heimildir.

Sjá umfjöllun um veiðivötn/fiskeldi í kafla 5.6.7.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fulgum og spendýrum nr. 64/1994 eiga að tryggja viðgang og fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag veiða og aðra nýtingu.

#### 4.4. Veðurfar

Í Mýrdalshreppi fara veðurathuganir fram í Vík og Vatnskarðshólum og eru því miklar upplýsingar til um veðurfar á þessum stöðum hjá Veðurstofu Íslands. Reglulegar veðurathuganir hafa farið fram í Vík frá 1925.

Vík á sér langa veðurathugunarsögu, því Sveinn Pálsson læknir athugaði þar frá 1809 til dauðadags (1840). Mælingar Sveins í Vík voru þó mjög stopular og lögðust að mestu af 1812, þó hann hafi haldið veðurdagbók áfram. Sveinn mældi einu sinni 25°C hita í Vík, 15. ágúst 1810, en mælirinn var ekki í skýli og óvíst hvort hann var varinn beinni eða óbeinni geislun. Lægsti hiti sem Sveinn Pálsson mældi í Vík var -14,6°C, janúar 1811. Vík er, ásamt Vestmannaeyjakaupstað, hlýjasta veðurstöð landsins árið í heild, en ívið hlýrra er í Vík en í Vestmannaeyjum á sumrin, en kaldara á vetrum. Mjög úrkomusamt er í Vík, ársmeðalúrkomun var 2333 mm á árunum 1971 til 2000. Í september 2007 var veðurfarsstöðinni í Vík í Mýrdal breytt í skeytastöð. Úrkomumælingar eru gerðar, eins og á öðrum skeytastöðvum. Veðurskeytastöð er á Vatnsskarðshólum, þar hafa mælingar farið fram frá 1978, slík stöð var áður á Loftasölum. Vegagerðin hefur rekið sjálfvirka veðurstöð á Mýrdalssandi frá 1995.

Hér á eftir er greint frá veðurfarstölum á árabílinu 1992-2002 og árabílið 1971-80 (rigningardagar).

##### Hiti.

Vetrarhiti í Vík er talsvert hærra heldur en víðast annars staðar á landinu og sumarhitinn

er nálægt því hæsta sem gerist á landinu. Sveiflur eru talsverðar á hitafari, einkum yfir vetrartímamann. Á árabílinu 1992-2002 var meðalhiti í janúar 2,1°C, meðalhámarkshiti var þá 4,4°C en meðal lágmarkshiti var -0,5°C í janúar. Í júlímánuði var á sama tímabili meðalhiti 11,0°C, meðalhámarkshiti var 13,6°C og meðal lágmarkshiti var 8,7°C í júlí. Meðalhámarkshiti á tímabilinu var 8,1°C og meðallágmarkshiti var um 0,0°C. Á tímabilinu var meðalhiti 5,6°C. Hæsti hiti sem mælt hefur í Vík eru 28,5°C, 11. ágúst 1939. Af ýmsum ástæðum er þessi tala grunsamleg, en næsthæsti hiti sem mælt hefur á staðnum er 25,0°C, 21. júní 1939, daginn áður en hitamet Íslands mældist á Teigarhorni. Þar á eftir fylgja 24,4°C úr hitabylgjunni miklu í ágúst 2004. Lægsti hiti í Vík er -16,9°C sem mældist aðfaranótt 1. apríl 1968, en þá var fádæma kalt um land allt.

##### Úrkoma.

Á árabílinu 1992-2002 var mesta meðal sólarhringsúrkoma í janúar 38,6mm og meðal dagsúrkoma var þá 11,9mm. Í júlímánuði var á sama tímabili mesta meðal sólarhringsúrkoma í janúar 40,4mm og meðal dagsúrkoma var þá 15,7mm. Meðalársúrkoma var 2413mm.

##### Skýjafar.

Meðalskýjahula á áttunda hluta himinhvolfsins á árunum 1992-2002 var 5,9. Skýjahula er skilgreind á bílinu 0-8, 0 táknar heiðskýrt, 4 er hálfskýjað og 8 alskýjað.

##### Rakastig.

Rakamælingar sem liggja fyrir sýna meðal-rakastig sem nemur 81,7% í Vík í Mýrdal. Meðalrakastig í janúar á tímabilinu var 83,0% og í júlí 82,9%.


##### Vindur.

Meðalvindhraði í Vík á árunum 1992-2002 var 4,0 m/sek (8 hnútar). Á árabílinu 1992-2002 var meðalvindhraði í janúar 4,9 m/sek í júlímánuði var á sama tímabili meðalvindhraði 3,0 m/sek. Meðaltalsvindhraði í Vík er talsvert undir samanburðartölum í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Stórviðri eru þó jafntíð og búast má við að vindhraði nái allt yfir 55 m/sek einu sinni á 50 árum. Fyrir árið í heild eru vindar frá norðaustri til austurs tíðastir, norðvestanáttir eru einnig tiltölulega tíðar. Í janúar er norðanátt tíð og í júlí dettur hún að mestu niður. Vindáttir milli norð- norðausturs og austnorðausturs eru mun tíðari í janúar en júlí. Vindar milli vesturs og norðvesturs eru tíðari í júlí en janúar.

Staðhættir næst veðurathugunarstöðvum ráða jafnan miklu um tíðni **vindátta** á viðkomandi stað. Tíðni vindátta er töluvert háð árstíðum. Fjöll og aðrar landslagsgerðir ráða mjög miklu um hegðan vinda og vindátta. Þessar aðstæður skapast við legu Mýrdalshrepps syðst á Íslandi með jökulinn norðan byggðarinnar. Á köldum

vetrardögum gætir víða napurra frálandsvinda og eru þeir einkum tilgreindir út úr dölunum. Ef tölur eru skoðar í töflu sem greina frá meðaltalshita og -úrkomu í Vík og

Vatnsskarðshólum má sjá nokkurn mun. Hiti er 0,3°C lægri og úrkoma er 743 mm minni á síðarnefnda staðnum.



Mynd nr. 1: Veðurupplýsingar frá Vík; hitastig.

Heimild: Veðurstofa Íslands, birtar á alneti.

Tími	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	ár.mt
Mt.hiti	2.1	0.9	1.5	4.0	7.2	9.2	11.0	11.0	9.1	5.6	3.5	2.1	5.6
Mt.úk	190	217	213	174	157	175	162	214	240	236	233	201	2413
Mt.hiti.: Meðalhiti							Mt.úk: Úrkoma, meðaltal						


Veður, meðaltalstölur frá Vík í Mýrdal.

Tími	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	ár.mt
Mt.hiti	1.3	1.6	1.8	4.0	6.8	9.0	10.7	10.5	8.0	5.2	2.7	1.5	5.3
Mt.úk	160	145.9	103.4	112.8	109.9	118.3	147.5	166.9	159.6	160.8	139.7	139.2	1.670
Mt.hiti.: Meðalhiti							Mt.úk: Úrkoma, meðaltal						

Veður, meðaltalstölur frá Vatnsskarðshólum.

Tafla nr. 3. Veðurfar.

Heimild: Veðurstofa Íslands, birtar á alneti.



Mynd nr. 2: Veðurupplýsingar; úrkoma.

Heimild: Veðurstofa Íslands, birtar á alneti.

**Mengun:** Í kyrru veðri kemur fyrir að fremur kalt loft er næst jörðu en hlýrra þegar hærra dregur. Við slíkar aðstæður og raunar einnig ef loft kólnar lítið upp á við berst reykur eða önnur mengunarefni ekki hátt upp heldur dreifast lárétt eða safnast á litlu svæði. Oft fylgir jarðvegsfok ríkjandi vindáttum.

Ósonlagið er að þynnast yfir Evrópu og sérstaklega á norðurslóðum. Þessu fylgja hættulegir geislar frá sólinni og miklægt er að vakta þetta vel. Viss tegund efnamengunar er talin vera meðal orsakavalda ósónþynningarinnar.

Við gerð svæða- og aðalskipulags skulu skipulagsyfyrvöld hafa hliðsjón af loftgæðarannsóknunum og álitu eftirlitsaðila, sbr.

skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Þetta á fyrst og fremst við um mengandi iðnað.

#### 4.5. Kötlugos/Skriðuföll og snjóflóð

Sögulegar heimildir eru til um eldsumbrot í Kötlu frá landnámi, með jökulhlaupum um Mýrdalssand og Sólheima- og Skógasand, að því er ætla má. Stór jökulhlaup hafa einnig farið um farvegi Markarfljóts vegna eldsumbrota í Mýrdals- og Eyjafjallajökli. Samkvæmt heimildum hafa Kötlugos venjulega orðið tvisvar á öld með svokölluðu lengra millibili (60 ár) og skemmra millibili (40 ár). Milli gosa í Kötlu hafa minnst liðið 13 ár og mest 80 ár. Skoðun á gossögunni bendir til þess að lengd goshlés sé háð stærð gossins á undan þannig að eftir stórt gos líði langur tími

þar til að það gjósi næst. Síðasta eldgos var í Kötlu 1918, en hugsanlegt er talið að smágos hafi orðið í henni 1955. Einnig varð verulegt hlaup í Jökulsá á Sólheimasandi í júlí 1999 og er talið að það hafi orðið vegna smágoss undir vestanverðum Mýrdalsjökli (Sólheimajökli).

Ár	Dagsetning	Goslend	Tími milli gosa
1918	12. okt.	24 dagar	58 ár
1860	8. maí	20 dagar	37 ár
1823	26. júní	28 dagar	68 ár
1755	17. okt.	120 dagar	34 ár
1721	11. maí	100 dagar	61 ár
1660	3. nóv.	60 dagar	35 ár
1625	2. sept.	13 dagar	13 ár
1612	12. okt.		32 ár
1580	11. ágúst		80 ár

Tafla nr. 4. Helstu gos í Mýrdalsjökli/Kötlu.

Heimildir segja að jarðskjálftar séu forboðar Kötlugosa, auk þess sem hugsanlega verði breyting fyrir gos á vatnsmagni og efnainnihaldi vatna sem renna undan Mýrdalsjökli. Mýrdalsjökull (sjá kort) er um 600 km<sup>2</sup> að flatarmáli og er Katla eldstöð í fjalllendi undir suðaustanverðum jöklinum. Úr Mýrdalsjökli ganga nokkrir skriðjökklar. Helstu vatnasvæði undir Mýrdalsjökli eru vatnasvæði áa á Mýrdalssandi til austurs og suðurs, vatnasvæði Jökulsár á Sólheimasandi til suðurs og vatnasvæði Markarfljóts til vesturs. Helstu vatnsföll sem flytja leysingavatn frá norðaustur og austurjöklinum eru Brennisteinskvísl, Jökulkvísl og Leirá sem sameinast Kúðafljóti og svo Múlakvísl. Innri- og Fremri-Emstruá renna frá norður- og norðvesturhlutanum og mynda ásamt Krossá og fleiri ám í vestri Markarfljót. Frá suðurhlutanum renna aðallega Jökulsá á Sólheimasandi og Klifandi.

Alvarlegustu áhrif eldgosa undir Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli eru jökulhlaup allt að 500-300.000 m<sup>3</sup> /sek, (til samanburðar þá var hámark Skeiðarárhlaupsins árið 1996, 45.000 m<sup>3</sup> /sek), gjóskufall (heildarmagn á bilinu 0,5-1,5 km<sup>3</sup>), stöðurafmagn í lofti (static) með miklum eldingum, flúormengun, flóðbylgja á sjó (hafnabylgja). - Jökulhlaup er sambland af vatni, gjósku, grjóti og ís.- Við Kötlugos má búast við jökulhlaupum undan Kötlujökli og fram úr Krika út á Mýrdalssand, undan Sólheimajökli út á Sólheima- og Skógasand og undan Emstrujökli út í farveg Markarfljóts. Frá landnámsöld hafa langflest hlaup fallið niður á Mýrdalssand en einungis örfá niður á Sólheima- og Skógasand.

Líklegasta afleiðing jökulhlaupa undan Mýrdalsjökli er rof á samgöngumannvirkjum (vegum og brúm), rafmagns- og símalínnum og ljósleiðara. Alvarlegustu afleiðingar jökulhlaupa geta orðið að fólk, búsmali, hús og tæki

geta orðið hlaupum að bráð. Afleiðingar gjóskufalls frá eldgosum koma fram undan vindi á hverjum tíma frá eldstöðinni. Mökkurinn getur orðið svo myrkur að ekki sér ratljóst innan hans. Eiturefni og aska geta torveldað öndun og lungu skaddast. Gjóskufall á raflínur, tengivirki og loftnetsbúnað geta valdið skammhlaupi og skemmdum, sérstaklega í votviðri. Fólk sem ekki kemst í skjól undan öskufalli getur beðið bana af. Afleiðing stöðurafmagns í lofti sem bundið er við gosmökkinn, eru truflanir og skemmdir á rafbúnaði, síma- og talstöðvabúnaði og mannvirkjum. Lífshætta getur skapast af eldingum og dæmi eru um að manntjón hefur orðið vegna eldinga úr gosmekki Kötlu í allt að 30-40 km fjarlægð frá eldstöðinni. Flóðbylgjur á sjó myndast þegar jökulhlaupið nær til sjávar og annálar herma að árið 1918 hafi áttæringur sem var í fjöruborði í Vestmannaeyjum kastast á land. Þá var talið að flóðbylgju hafi orðið vart allt vestur fyrir Reykjanes.

Ólíklegt er talið að jarðskjálftar sem fylgja eldgosum undir Mýrdals- og Eyjafjallajökli geti valdið mikilli hættu eða tjóni vegna smæðar sinnar og hversu langt þeir verða frá byggð.

Það sem hér að ofan er ritað er úr séráætlun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra frá 2006. Á liðnum áratugum hafa ýmsar greinargerðir verið unnar um Kötluhlaup með tilliti til skipulags byggðar í Vík m.a:

1. Pálmi Hannesson 1950: „Hætta af völdum Kötluhlaupa fyrir byggðina í Vík.“
2. Sigurður Þórarinnsson 1955: „Álitsgerð um hættu af völdum Kötlugoss og mögulegar varúðarráðstafanir.“
3. Jón Jónsson 1969: „Athugasemdir varðandi skipulagningu byggðasvæðis í sandinum austan við Reynisfjall.“
4. Þorbjörn Karlsson 1974: „Flóðalda vegna Kötluhlaupa.“
5. Sigurður Þórarinnsson 1974: „Nokkrar athugasemdir varðandi flóðöldu í Vík í Mýrdal vegna Kötluhlaupa.“
6. Jón Jónsson 1974: „Um Kötluhlaup og hættu af þeim fyrir Vík í Mýrdal.“
7. Almannavarnarráð: „Skilgreining og tillögur um æskilegan viðbúnað gegn Kötlu.“
8. Jón Jónsson 1985: „Um breytingar á ströndinni við Vík í Mýrdal og á vestanverðum Mýrdalssandi.“
9. ORION ráðgjöf 2000: „Katla. Áhættugreining vegna hugsanlegs goss og hlaups niður Mýrdalssands.“
10. ORION ráðgjöf 2004: „Vík í Mýrdal. Mat á bókun almannavarnarráðs frá árinu 1975.“
11. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ofl. 2006: „Séráætlun fyrir Vestur-Skaftafellssýslu vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli.“

Í greinargerð Jóns Jónssonar frá 1985 er fjallað um breytingar sem orðið hafa á ströndinni við Vík og við vestanverðan Mýrdalssand. Hann telur að mest áhrif breytinganna stafa af Kötluhlaupum, enda þótt landsig og sjávargangur hafi einnig mikil áhrif. Í greinargerðinni er einnig rakin saga Kötlugosa s.s. heimildir ná til.

*Stutt sögulegt yfirlit úr greinargerð Jóns Jónssonar jarðfræðings:*

Fyrir Kötlugos árið 1660 gengu Víkurhamrar í sjó fram, frá Vík að Höfðabrekku „Þar liggur þjóðvegur nú sem dregin var stórlúða á 30 m dýpi um 1600. Líklega verður þetta að teljast stórfenglegustu breytingar, sem orðið hafa á þessu svæði frá því að sögur hófust og án efa þær sem mesta þýðingu hafa haft fyrir samgöngurnar, því eftir 1660 hefur þjóðvegurinn verið framan undir Víkurhömrum.“ Ennfremur segir: „ljóst er að hlaupið 1660 hefur að verulegu leyti farið vestur með fjallinu og a.m.k. vestur fyrir Víkurklett, og að því er ætla má alla leið vestur að Reynisfjalli.“

Næstu Kötluhlaup árin 1721, 1755 og 1823 fóru öll til vesturs að Víkurkletti. Kötlugos og -hlaup árið 1721 er sennilega það mesta sem sögur fara af og þá hefur sennilega hin mikla urðardyngja, sem Höfðabrekkujökull er, myndast. Orðrétt segir um hlaupið í heimildum: „það sama jökulhlaup hljóp út með Skiphellisnefi og allt út fyrir Skorbeinsflúðir fyrir austan Víkurklett. En sjávarflóðið, sem frá jöklinum rann, þegar hann í sjóinn kom, fór að Víkurbæ og spillti þar tünnum og engjum.“

Síðasta Kötlugos var árið 1918. Hlaupið sem því fylgdi fór ekki til vesturs með fjallinu, „og má telja vafalítið að Höfðabrekkujökull hafi verið sá varnarveggur sem hindraði það og beindi hlaupinu sniðhallt til sjávar.“ Talið er að þótt Höfðabrekkujökull hafi veitt vissa vörn árið 1918 gegn því að hlaupið færi til vesturs þá má benda á það að hlaupið árið 1755 gekk að hluta yfir jökulinn og fór að vestan. Jafnframt hefur Höfðabrekkujökull rofnað nokkuð í gegnum tíðina og veitir því minni vörn en áður.

**Kötlustefna** var haldin í Vík dagana 27.-29 mars 1993. Þetta var ráðstefna þar sem ýmsir vísindamenn komu saman og fjölluðu um margs konar þætti er tengjast eldvirkni undir Mýrdalsjökli og gosum á því svæði. Með þessari ráðstefnu var reynt að komast að því hvers konar hættu getur stafað af Kötluhlaupum og hvernig hægt er að bregðast við henni.

Viðfangsefni vísindamanna voru eftirfarandi, sbr. heiti viðkomandi greina:

1. *Söfnun á aurframburði í Kötluhlaupum.* Höfundar: Ármann Höskuldsson og Áslaug Geirsdóttir.
2. *Kvikuhólfíð undir Kötluöskjunni..* Höfundar: Bryndís Brandsdóttir, Ólafur Guðmundsson, William Menke, og Halldór Ólafsson.
3. *Skjálftahrinan haustið 1992 undir Goðabungu í Mýrdalsjökli: Atburðarás og hugleiðingar um viðbrögð.* Höfundar: Bryndís Brandsdóttir, Páll Einarsson og Freysteinn Sigmundsson.
4. *Nokkur orð um Kötlugos og Kötlugjósku.* Höfundur: Guðrún Larsen.
5. *Um leiðir Kötluhlaupa og þróun Mýrdalsands.* Höfundur: Guðrún Larsen.
6. *Ýmis sjónarmið um eðli Kötluhlaupa.* Höfundur: Helgi Björnsson.
7. *Mýrdalsjökull: yfirborð, botn og rennislíeiðir jökulhlaupa.* Höfundar: Helgi Björnsson, Finnur Pálsson og Magnús Tumi Guðmundsson.
8. *Landbrot við Höfðabrekkujökul.* Höfundur: Hreinn Haraldsson.
9. *Eftirlit og mælingar á Kötluvæðinu.* Höfundur: Páll Einarsson
10. *Jarðskjálftavirkni undir Mýrdalsjökli.* Höfundar: Páll Einarsson og Bryndís Brandsdóttir.
11. *Kötlugos -yfirlit um hegðun Kötlugosa, fylgifyribæri þeirra og hættur þeim samfara.* Höfundur: Páll Imsland.
12. *Kerlingarfjörður -hvar var hann, hvernig var hann og hver urðu örlög hans?* Höfundar: Páll Imsland og Guðrún Larsen.

Allar þessar greinar miða að því að auka skilning á eðli og hegðan eldstöðvarinnar sem er í næsta nágrenni við byggð. Um er að ræða lýsingar á ýmis konar mælingum og vöktun með nútímataekni, jafnframt sögulegri greiningu á Kötluvæðinu.


Til að bregðast við hættu af völdum Kötluhlaupa hafa verið gerðar áætlanir um rýmingu ákveðinna svæða. Í Mýrdalshreppi eru það hluti Víkur, hluti Sólheimabæja og Höfðabrekka. Séráætlun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra innifelur þessar rýmingaráætlanir og þar segir m.a: Í Vík í Mýrdal voru um 286 skráðir íbúar þann 1. desember 2005. Aðeins hluti þorpsins hefur verið skilgreint sem rýmingarsvæði en á því svæði voru búsettir 141 í desember 2005. Það segir þó ekki alla söguna því á rýmingarsvæðinu eru allflestir vinnustaðir í þorpinu s.s. grunnskólinn í Vík, Víkurprjón, verslanir, þjónustuaðilar, opinberar stofnanir og iðnaðarhverfið í þorpinu. Rýmingarsvæðið í Vík hefur verið skilgreint á eftirfarandi hátt: Allar byggingar

við Víkurbraut, Sunnubraut, Mánabraut, Árbraut, Kirkjuveg og Klettsveg auk allra bygginga við Austurveg sunnan Suðurvíkurvegar. Á skilgreindu rýmingar-svæði eru íbúðarhús, hótél, tjaldsvæði, grunnskóli, íþróttamiðstöð og ýmis konar atvinnustarfsemi.

Á Höfðabrekku eru þrjú íbúðarhús og stórt hótél sem tekur um 120 manns í gistingu. Föst búseta á Höfðabrekku er um 8-10 manns auk þess sem starfsmannafjöldi þar er árstíðarbundinn. Samkvæmt hermun Jarðvísindastofnunar Háskólans á hlaup frá Kötlu getur jökulhlaupið náð vestur að Kerlingardalsá og því mögulegt að hlaupvatn geti lónað upp að Höfðabrekku. Einnig getur verið hætt á ferðum ef varnargarður við Höfðabrekkujökul lætur undan. Því er gert ráð fyrir því að rýma Höfðabrekku ef jökulhlaup er talið yfirvofandi. Samkvæmt fyrrgreindum hermunum er ekki gert ráð fyrir að hlaupvatn nái til Víkur en ekki hefur verið útlokað á að sjávarbylgja gæti skolið á ströndinni við vissar aðstæður. Því er gert ráð fyrir rýmingu á skilgreindum svæðum í Vík samkvæmt séráætlun almannavarna í V-Skaftafellssýslu. Hermun var einnig gerð vegna jökulhlaups á vatnasvæði Sólheimajökuls í kjölfar goss. Í niðurstöðu þeirra hermunar var staðfest að Sólheimabæir geta verið í hættu og var því tekin sú ákvörðun að rýma alla bæi á Sólheimasandi norðan Þjóðvegarsins frá Jökulsá austur að Eystri-Sólheimum vegna hættu á jökulhlaupi. Vegna aðstæðna á Sólheimasandi


er gert ráð fyrir vararáðstöfunum í rýmingar-áætluninni eða leið B. Til hennar yrði einungis gripið ef aðstæður er metnar þannig að ekki er talið óhætt að rýma samkvæmt leið A. Fyrst og fremst eru um veðurfarslegar aðstæður að ræða. Samkvæmt sömu hermun er byggð í Pétursey ekki talin í hættu. Föst búseta er á fimm Sólheimabæjum en einnig eru á svæðinu nokkrir sumarbústaðir og býli þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu. Íbúafjöldi á þessu svæði er frá 17-30 manns eftir því hvort fólk dvelst í sumarhúsum sínum eða ekki.

Á Mýrdalsjökli reka bændur frá Ytri-Sólheimum öfluga ferðaþjónustu þar sem boðið er upp á snjósleðaferðir. Þar hefur m.a. verið byggður skáli vegna starfsseminnar upp á Sólheimaheiðinni. Um 15-25 mínútna akstur er upp að skálanum frá Sólheimabæjum eftir grófum malarvegi. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur reiknað framrás hlaups út frá hermun Jarðvísindastofnunar, annars vegar niður Mýrdalssand og hins vegar niður Sólheimasand. Samkvæmt þeim útreikningum er, frá upphafi goss, gert ráð fyrir að jökulhlaup undan Sólheimajökli nái Þjóðvegi 1 á ca. 50 mínútum. Íbúar á því svæði hafa því mjög skamman tíma til að yfirgefa heimili sín. Frá Kötluheiði við Pétursey að afleggjaranum að Sólheimabæjum er 2,7 km samkvæmt GPS mælingu lögreglu og tekur það u.þ.b. 2-3 mínútur að aka þessa vegalengd á 80-90 km/klst.




Mynd nr. 3: Kötluhlaup frá 1860.

Teikning: Guðrún Larsen jarðfræðingur



Mynd nr. 4: Kötluhlaup frá 1918.

Teikning: Guðrún Larsen jarðfræðingur



Mynd nr. 5. Helstu hlaupaleiðir vegna Kötlugoss.

Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins ORION ráðgjöf ehf frá árinu 2000 kemur fram að “Kötlugarðurinn við Höfðabrekkujökul var hannaður til að taka við stóru Kötluhlaupi. Þorbjörn Karlsson reiknaði út að ef svo illa færi að varnargarður við Höfðabrekkujökul léti undan mætti áætla hæð flóðöldu um 1,4 m

Miðað við þær forsendur sem gengið var út frá þá er líklegt að hann standist jökulhlaup niður Múlavísl”.

þegar að Víkurkletti væri komið.



Mynd nr. 6. Hermun hlaups niður Mýrdalssand.


Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 er gert ráð fyrir varnargarðinum við Höfðabrekkujökul sem hefur verið hækkaður í samræmi við ráðleggingar sérfræðinga almannavarnaráðs. Þá er gert ráð fyrir

sérstökum varnargarði sunnan og austan byggðar í Vík sem þegar er orðinn að veruleika að mestu leyti. Gert er ráð fyrir að tengja saman núverandi flóðvarnargarð sunnan Víkur og “Kötlugarð” austan núverandi byggðar en

hann hefur verið hækkaður á liðnum árum. Þessir garðar eru að jafnaði um 2 m yfir aðliggjandi land. Gert er ráð fyrir að flóðvarnagarðurinn verði grjóttvarinn á næstu árum til að verjast landbroti og verði þá fullgildur sjóvarnagarður. Við hönnun hans má telja eðlilegt að taka tillit til hugsanlegrar sjávarbylgju af völdum Kötluhlaupa.

Miðað við ofangreindar forsendur má vera ljóst að byggð í Vík getur ekki talist í teljandi hættu vegna Kötluhlaups.

Viðbúnaður vegna Kötlugoss hefur að öllu leyti batnað á liðnum árum. Jarðvísindamenn vakta Kötlu allan sólarhringinn og telja má öruggt að vara megi við Kötluhlaupi fram Mýrdalssand með nokkurra klukkustunda fyrirvara. Almannavarnanefnd, björgunarsveit Landsbjargar og Rauðakross-deildin æfir viðbúnað reglulega og haldnar hafa verið almennar æfingar. Skilgreint hefur verið hvaða svæði í Vík skuli rýma og á æfingum hefur tekist að rýma á 20 mínútum og hafa upp á hverjum og einum einstaklingi sem býr eða starfar í Vík.



Mynd nr. 7. Hermun hlaups niður Sólheimasand.

Manntjón af völdum Kötlu hafa sem betur fer verið afar fátíð á liðnum öldum og ætti því Víkurbúum varla að vera hætt miðað við allan þann viðbúnað sem viðhafður er. Ekki er hægt að útiloka einhver tjón á mannvirkjum í Vík vegna Kötluhlaupa þrátt fyrir ofangreindar varnir en í því sambandi væri kannski fróðlegt að velta fyrir sér almennum forsendum fyrir hönnun mannvirkja gagnvart náttúruálagi (vindi, snjó, jarðskjálftum osfrv.) en þar er gjarna reiknað með mesta álagi sem von er á hverjum 50 árum. Sagan hefur kennt mönnum að ekki er von á Kötluhlaupi á hverjum 50 árum frekar en gosi í Vestmannaeyjum eða í Bláfjöllum svo dæmi séu tekin.

Eðlilegt er að öryggi fólks sé tryggt með öllum tiltækum ráðum en á sama skapi óeðlilegt að hindra möguleika sveitarfélagsins til uppbyggingar á forsendum Kötluvár.

**Ofanflóð** eru flokkuð snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram.

Í bókaflokknum „Skriðuföll og snjóflóð“ er mjög ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð á Íslandi svo langt aftur í tímann sem annálar ná og allt til árána 1990 og 1991, útgáfuár bókanna er 1992. Frá útgáfu bókanna (1990) hafa nokkrar skriður fallið og hefur verið reynt fá upplýsingar til að skrásetja helstu atburði til ársins 2007.



Mynd nr. 8: Kötlugos 1918 séð frá Vík.

**Skriðuföll**

1829 Hlaup varð úr Reynisfjalli rétt fyrir innan Bolabás (Jón Þorkelsson 1899).

- 1888 Mikið hrun, líklega um 100 m breitt, var í Reynisfjalli á útmánuðum, menn sluppu frá slysum.
- 1891 Bóndinn í Kerlingardal fyrst af steinhöggi og skriðuhlaup var í Víkurbás.
- 1905 Um jólaföstu varð grjóthrun í Reynisfjalli og sluppu tveir menn naumlega.
- 1926 Mikið tjón varð í úrhellisrigningum í Mýrdal og skriður skemmdu tún í Skammadal.
- 1932 Stórkostlegt hrap í Reynisfjalli, skammt vestan við Vík varð hinn 14. janúar. Stórt stykki klofnaði úr fjallinu og hrapaði niður á sand. Þetta svæði er austan við Breiðuhlið og er það grasi og hvönn gróið og mikið fuglalíf þrífst þar. Matjurtagarðar þorpsbúa eyðilögðust á stóru svæði. sem og girðingar. Jarðspilda stór féll fram úr brekkunni ofan við Vík um haustið.
- 1933 Hinn 7. september féll stórkostlegt skriðuhlaup ofan við Vík. Skriðan féll yfirir heyllöður og gripahús og fóru þau á kaf. Sum íbúðarhús voru einnig í hættu en ekkert manntjón varð. Hinn 2. nóvember varð mikið úrfelli á Suður- og Vesturlandi sem ollu feikna vatnavöxtum í mörgum ám. Skemmdir urðu mestar í Borgarfirði og Mýrdal.
- 1934 Mikið jarðfall varð hjá Bólstað, rafstöðvarhús sópaðist að mestu burt.
- 1945 Skriða í Mýrdal drap þrjár kindur, staður ótilgreindur.
- 1950 Vatnavextir í Mýrdal ollu skemmdum á brúm og skriður féllu.
- 1951 Rigningarveður ullu jarðskriðum ofan við hótelið í Vík. Hjallur stöðvaði flóðið að mestu og skemmdir urðu tiltölulega litlar.
- 1956 Hinn 1. febrúar féll aurskriða úr brekku ofan við hótelið í Vík. Þetta gerðist er kröpp lægð olli ofsaverðri af suðri. Aurleðja barst alla leið að húsinu en féll ekki á það sjálft. Töluverð garðrækt ofan við hótelið skemmdist þegar jarðvegur sópaðist burt.
- 1966 Víða urðu skemmdir í úrhellisrigningu í Mýrdalshreppi og víðar.
- 1974 Í Mýrdal urðu víða skriður og mestar voru þær í Skammadal; girðingar rifnuðu upp og stórgrýti barst á túnin.
- 1983 Mikið hrun varð í Dyrhólaey þegar stór bergfylla losnaði.
- 1989 Berghrun (mætti e.t.v. flokka sem berghlaup) var í Reynisfjalli, austan við Reynisdrangana, um 500 m breið og talið var að og ein milljón rúmmetra sneið hafi losnað. Skriðan fyllti víkina Bolabás og kaffærði nær algjörlega

klettanefið Klakk. Eftir hrunið varð gangfært fyrir Reynisfjallið sem ekki var áður. Lítil hætta er talin á slíku hruni á þessum slóðum í bráð.

- 1992 Hinn 3. apríl varð stórt hrap í austanverðu Reynisfjalli sem fór í sjó fram Þetta hrap var um 200 m breitt, en olli ekki verulegum skemmdum.
- 1995 Hinn 21. maí varð töluvert hrun úr Reynisfjalli rétt vestan við Vík, þar sem liggur vinsæl gönguleið. talsvert drapst af fíl í hruninu.

Eins og fram kemur er töluverð hætta á skriðuföllum í Mýrdalshreppi og ekki hvað síst í nágrenni Víkur, þ.e. úr Reynisfjalli. Ekki hefur þó verið talið að þessi hætta ógni byggðinni í Vík. Full ástæða er til að fylgjast vel með og að setja upp viðvörunarskilti þar sem hætta er á grjóthruni, þetta á sérstaklega við um gönguleiðir í nágrenni Víkur.

### **Snjóflóð**

Þó að snjór liggi yfirleitt aldrei lengi í Mýrdal og þar sé yfirleitt snjólétt, getur þannig viðrað að mikill snjór falli á stuttum tíma.

- 1797 Snjóflóð tók af annan bæinn á Fjósum í Mýrdal á jólaföstu. Mannbjörg varð.
- 1824 Snjóflóð tók af „baðstofukarm“ í Reynishverfi, einn maður lét lífið.
- 1847 Bóndinn á Heiði ferst í snjóflóði.
- 1873-76 Snjóflóð féll í svokallaðar Lyngtóarhillur, tveir menn slösuðust.
- 1895 Ungur maður frá Fagradal fyrst í snjóflóði í Mýrdal.
- 1902 Maður lenti í snjóflóði og féll ofan í Kerlingardalsá. Hann lifði af og náði síðar fullri heilsu.
- 1906 Snjóflóð féll fram af brekkunni ofan við sandinn í Vík, við lá að illa færi.
- 1921 Ungur vinnumaður að Giljum fyrst í snjóflóði er hann hljóp fyrir kindur.
- 1968 Snjóflóð féll að Lækjarbakka og Presthúsum og tók af fjárhús, flestar kindurnar í húsunum fórust.
- 1969 Tvö flóð féllu í Mýrdal, eftir stórhrið og hvassviðri, en ollu ekki tjóni.
- 1975 Mikill snjór var í upphafi árs í Mýrdal, tjón af þessum völdum var ekki skráð.
- 2002 Snjóflóð sem féll úr Reynisgili ofan við Lækjarbakka lenti á eldra íbúðarhúsi á jörðinni. Flóðið hreif með sér þrjá bíla sem stóðu á bæjarhlaðinu. Eigi varð slys á fólki né fénaði.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar er nauðsynlegt að kynna sér enn frekar einstök svæði vegna skipulagstillagna, s.s. vegna frístundabygðar, vegagerðar, útivistarsvæða eða annarrar landnotkunar. Vegna ofanflóðahættu hefur

verið leitað eftir umsögn Veðurstofu Íslands, en formlegt svar hefur ekki borist þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Í viðtölum við starfsmenn Veðurstofunnar hefur komið fram að ekki er talin nauðsyn á sérstöku hættumati vegna ofanflóða vegna þéttbýlis í Vík. Veðurstofan leggur aðaláherslu á að gera hættumat á þéttbýlissstöðum, en í dreifbýli þarf að óska hættumats vegna einstakra framkvæmda áður en að byggingar-leyfi er gefið út, sé um þekkt ofanflóðasvæði að ræða.

### Landeyðing/Landbrot

Landeyðing í Víkursandi er talin hafa byrjað á ný um 1970 og virðist hafa verið nokkuð hröð fyrstu árin en síðan hægt á sér. Frá 1990 jókst landbrotið til nokkurra muna og hafa menn haft vaxandi áhyggjur af þróun síðustu ára. Þetta veldur því að við aðalskipulagsgerð þarf að taka verulegt mið af þessu. Frá 1992 hafa farið fram reglulegar mælingar á strandlínunni sem fyrst voru gerðar af Hönnun hf en síðar hafa heimamenn séð um mælingar.

### Stuttur landbrotsannáll á Víkursandi:

- 1904-19** Landeyðing var mikil á Víkursandi á þessum árum. Mest var það um 200 m austan við Víkurá, eða 10-14 m að meðaltali á ári frá vesturbakka Víkurár og 2 km til austurs, minna til vesturs að Reynisfjalli. Menn höfðu áhyggjur af þessari þróun og hannaður var sjóvarnargarður og hæðar- og dýptarmæling var framkvæmd. Ströndin tók síðan að færast út eftir Kötlugosið 1918.
- 1919-35** Ströndin færðist út um 200-300 m á meiri hluta svæðisins, meira austan- en vestanvert.
- 1935-71** Ströndin færir enn út um 200-300 m og mest neðan við Víkurskála og neðan iðnaðarhúsanna við Smiðjuveg. Í lok þessa tímabils fór ströndin síðan að hopa.
- 1971-90** Ströndin tekur að hörfa undan sjó og verulegt landbrot hefst. 1970-90 hopaði ströndin 120-150 m, eða um 6-8 m á ári að meðaltali. Frá 1977-1988/1991 hægir landbrotið á sér, sennilega vegna veðurfars. Upp úr 1990 hófst meira landbrot á ný.
- 1990-93** Á 3 1/2 ári var mjög mikið landbrot, langmest miðsvæðis á Víkursandi, eða 65-80 m. Allmikill munur var á landbroti eftir stöðum í sandinum á þessum tíma.
- 1993-02** Nokkurt landbrot var austan byggðarinnar í Vík. Í byrjun ársins 2002 varð aftur töluvert landbrot sunnan byggðarinnar og er nú fjörubakkinn kominn nokkuð inn

fyrir svokallaða eftirlitslínu á 150-200 m kafla.

Sýnt þykir að veðurfar hefur mikil áhrif á landbrotið og suðvestan umhleyplingar með brimi úr þeirri átt vinna mjög með landbrotinu. Austlægar áttir eru ekki taldar eins skæðar í þessu tilliti. Landbrotið virðist að mestu eiga sér stað yfir háveturinn, oftast í janúar og febrúar, en þó stundum í nóvember og desember, eins og t.d. 1993.

Þar sem fjörubakkinn er kominn inn fyrir eftirlitslínu þarf að fara að huga að grjótvörn á flóðavarnargarðinn, sbr. skýrslu Fjarhitunar hf sem unnin var fyrir Siglingastofnun 1994.

### Landbrot af völdum ána Klifandi og Hafursár.

Um er að ræða jökulár sem upptök eiga í Mýrdalsjökli. Á stuttri leið til sjávar safna þær upp lækjum og afrennsli í nálægu fjallendi. Vatnavextir eru því tíðir og miklir, þetta leiðir oft til landbrots. Aur- og grjótfraumburður ána hefur oft borist víða um svæðið. Fram til 1930 runnu árnar eftir mörgum síbreytilegum farvegum, Klifandi beggja megin Péturseyjar en Hafursá um lönd Steigar, Hvolajarða, Ketilsstaða, Hryggja og Dyrhólahverfis. Eftir vega- og brúargerð í kringum 1930 var ánum veitt saman í einn farveg sem liggur til sjávar nálægt landamerkjum Hvols- og Péturseyjarjarða. Framkvæmd þessi hafði þær afleiðingar að vatni var þrýst í auknum mæli á fyrrnefndar jarðir. Mikið landbrot hefur átt sér stað á vesturbakka Klifanda neðan brúar. Viðhald á varnargörðum er mjög kostnaðarsamt. Það sem er þó jákvætt er að hundruðir hektara af ógrónum áraurum hafa gróið upp eftir þessar vatnaveitingar. Sjá einnig kafla 5.10.

### Landbrot í Höfðabrekkujökli.

Höfðabrekkujökull er öflugasta vörn Víkur gegn jökulhlaupum. Jökullinn, sem er mikil malarðyngja, er talinn hafa myndast í Kötlu-gosum á fyrri hluta átjándu aldar. Jökullinn hefur staðið af sér ágang Kötluhlaupa og Múlakvíslar í rúmar tvær aldir. Mismunandi mikið hefur brotið á jöklinum af völdum Múlakvíslar og mikilvægt er að draga sem mest úr þessu landbroti. Til að minnka eða stöðva landbrotið var árið 1986 gerður varnargarður eða straumbeinir til móts við miðjan jökulinn austanverðan. Annar garður var gerður nokkru sunnan síðar meir. Þessar aðgerðir hafa að mestu komið í veg fyrir landbrot. Mjög mikilvægt er að fylgjast vel með ágangi árinna, Múlakvíslar sem stundum er sameinuð Kerlingardalsá, til þess að sjá til þess að þessi náttúrlega vörn verði ekki fyrir verulegum skakkaföllum.

### Staða landbrots 1998:

1. Hafursá brýtur land vestan bakka strax og hún kemur úr gljúfrum, sérstaklega í landi Álftagrófar. Varnargarðar hafa brostið.
2. Hafursá að austanverðu. Þar var ánni veitt til vesturs norðan við Steig. Vegagerðin sér þar um grjótvörn og varnargarð.
3. Klifandi rennur yfir mikla aurkeilu eftir að gljúfrum sleppir. Dýrt er að beina henni í farvegi undir brú neðan við Fell. Ef áin sleppur laus mun hún rjúfa þjóðveg nr. 1.
4. Frá brúnni neðanvert hefur Klifandi brotið land bæði austan og vestan farvegar, en þó meira á vesturbakka í landi Péturreyjarjarða. Þar hefur verðmætt ræktunarland borið skaða. Þarna þarf að verja árbakkana allt til sjávar.
5. Mikið landbrot var frá Múlakvísl, sem setti veg og flugvöll í hættu.

Vegna landbrots af völdum Klifandi og Hafursár hefur þurft að gera varnargarða beggja megin brúar. Vegagerðin og Landgræðsla ríkisins hafa haft umsjón með nær öllum varnaraðgerðum ofan brúar og skipt kostnaði. Neðan brúar var byrjað að byggja varnargarða árið 1976, beggja megin Klifandi. Þessir garðar eru lítt grjótvörðir og hafa þeir því gefið sig, t.d. í vatnavöxtum árið 1998.

### Flód vegna stíflu í Dyrhólaósi.

Við ákveðnar veðurfarasáðstæður getur það gerst að sandur heftir útfall í Dyrhólaósi. Þetta gerist einkum þegar austan- og suðaustanáttir með mikilli úrkomu eru ríkjandi. Staða sjávarstrauma hefur einnig áhrif á þetta. Við þessar aðstæður hækkar vatnsborðið í ósnum umfram það sem eðlilegt er og tekur að flæða yfir nálæg tún, stundum tugi hektara. Venjulega jafnar ósinn sig í vestanáttum. Þetta getur valdið skemmdum og kali á tünnum. Hægt er að rjúfa þetta haft með réttum vélbúnaði.

### Hlaup í Jökulsá á Sólheimasandi 18. 7. 1999.

Allmikilar jarðhræringar hófust í kjölfar hlaupsins sem bentu til þess að eldsumbrot væru í aðsigi. Eftir nokkrar vikur dró úr jarðskjálftavirkninni og var þá dregið úr viðbúnaði heimamanna. Þá var ýmsum sérhæfðum búnaði skilað sem fluttur hafði verið á vettvang.

## 4.6. Jarðskjálftar

Mýrdalshreppur er á svæði sem búast má við einhverjum jarðskjálftum, enda þótt sveitarfélagið sé ekki á svokölluðu „Suðurlands-skjálftasvæði“. Snarpir skjálftar geta fylgt Kötlugosum. Nákvæmar og stöðugar mælingar á jarðhræringum fara fram við

Mýrdalsjökul. Þar mælist oft nokkuð samfelldur titringur sem talinn er m.a. ártíðarbundinn. Upptök skjálfta af þessu tagi eru oft taldir vera við Goðabungu. Mikilvægt er að fylgjast með jarðhræringum á svæðinu þar eð tengsl eru talin vera á milli þessara hreyfinga og hugsanlegs Kötluhlaups. Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn **EC-8 (ENV 1998): Design provisions for earthquake resistance of structures**, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali **FS ENV 1998-1-1:1994** er Mýrdalshreppur á hönnunarhraðasvæðum 0,10 g, 0,15 g og 0,20 g.

## 4.7. Náttúruminjar, umhverfis- og verndunarmál

Í gildi eru fjölmörg lög og reglugerðir sem taka til flestra þátta umhverfismála. Með setningu laga nr. 44/1999 um náttúruvernd voru gildandi lög endurskoðuð.

Lög sem ná til verndunar íslenskrar náttúru tóku fyrst gildi árið 1956. Í endurskoðuðum lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 segir að tilgangurinn sé að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að ekki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Rannsóknir á náttúru Íslands eru mjög misjafnlega langt á veg komnar og ennþá eru viðáttumikil svæði að miklu leyti ókönnuð. Á forgangslista eru oft þau svæði sem þéttbýlust eru eða í nálægð þeirra. Þetta á einnig við um þau svæði sem virkjanir eða þess háttar framkvæmdir hafa farið fram eða eru fyrirhugaðar. Sama gildir einnig um hættusvæði, s.s. Kötlusvæðið. Þessar rannsóknir hafa að miklu leyti farið fram áður en lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda gengu í gildi og þess vegna var aðferðafræðin að nokkru önnur þá en nú tíðkast.

Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi Náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um öflun gagna vegna viðbóta og undirbúnings heildarútgáfu náttúruminjaskrár.

Sjöunda útgáfa náttúruminjaskrár sem síðast var gefin út af Náttúruverndarráði árið 1996 kveður á um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Í samræmi við ný lög um náttúruvernd skal umhverfisráðherra gefa út Náttúruminjaskrá fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum.

Á Náttúruminjaskrá eru svæði, 402 talsins í landinu öllu, sem ekki eru friðlýst enn sem komið er, en hafa til að bera eitthvað sem er mikils virði og verður ekki bætt sé því raskað. Náttúruminjaskrá er ætlað að marka stefnu í friðlýsingarmálum og að vera grundvöllur að viðræðum við réttihafa um þessi efni. Skráin á einnig að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands.

Á náttúruminjaskrá eru upplýsingar um stærð og náttúruverndargildi hvers svæðis um sig. Í Mýrdalshreppi er, samkvæmt lögum um náttúruvernd, eitt friðlýst svæði:

**Dyrhólaey.** Lýst friðland með auglýsingu Stjórnartíðindum B, nr.101/1978. Stærð 510ha.

Fjögur svæði eru á **náttúruminjaskrá**. Þessi svæði eru aukennt skipulagsupprætti, NMS 708, 709, 710 og 711:

**712. Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall.** (1) Fjörur þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta umhverfi. Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.

**713. Skammadalaskambar í Mýrdal.** (1) Efri hluti Skammadalaskamba og Sjónaröxl, uppaf bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á víð og dreif um móbergið.

**714. Vatnsdalur á Dalaheiði.** (1) Dalurinn afmarkast af Ögmundarhöfði að norðan, Vatnstindi og Gæsatindum að austan og sunnan. Innan markanna er Gæsaá ásamt nánasta umhverfi, allt að Hálsgili. (2) Vatnsdalur er geysistór og hrikalegur sprengigígur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálsgil. Ísaldarminjar.

**715. Eyjarhóll.** (1) Eyjarhóll og um 200 m breið pöldótt brekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna pöldr (jarðsils).

Samkvæmt 53. gr. náttúruverndarlaga getur Umhverfisstofnun, að fengnum tillögum eða álitum Umhverfisstofnunar, friðlýst:

- ◆ Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlýst landsvæði nefnast friðlönd.
- ◆ Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra

steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.

- ◆ Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðlýsing skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls. Í III. kafla laganna er fjallað um almennarétt, umgengni og útivist. Þar segir m.a. í 12. gr. : „Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt.“ Í 13. gr. segir m.a.: „Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeiganda og öðrum réthöfum lands fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirætlum varðandi ferð og umgengni um landið.“ Í 14. gr. laganna segir m.a.: Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða réttihafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. För um ræktað land, sbr. 7. tölul. 3. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða réttihafa. Í 16. gr. segir m.a. Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.

#### Um Náttúruverndaráætlun 2004-2008:

Umhverfisstofnun hefur lagt fram tillögu að náttúruverndaráætlun 75 svæða. Friðlýsing allra þessara svæða ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna mun tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu, verndun helstu flokka íslenskra jarðminja, verndun mikilvægustu náttúrlegru birkiskóga landsins og verndun mikilvægra vatnakerfa. Tillögur um svæðisbundna friðun eru fæstar nýjar því 68 svæðanna (88%) eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá og eða nefnd í öðrum heimildum. *Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir frekari friðlýsingu í Mýrdalshreppi.*

**4.8. Efnistökusvæði**

Árið 1995 gaf Náttúruverndarráð út Fjölrit nr. 27 „Námur á Íslandi” er þar reynt að átta sig á ástandi í efnistökuárum á Íslandi. Skýrslan byggir á námuskrá Vegagerðarinnar og upplýsingum frá eftirlitsmönnum Náttúruverndar ríkisins. Þar kemur fram að í Vestur-Skaftafellssýsu eru á skrá um 100 námur. Flestar eru malarnámur, nokkrar eru stórar grjótnámur nýttar til varnargarða. Flestar eru námurnar í einkaeigu. Vegagerðin er stærsti notandi efnisnáma á Suðurlandi ásamt öðrum opinberum aðilum s.s. Vita- og Hafnar-málastofnun, Flugmálastjórn og Landsvirkjun. Þá eru nokkrar námur sem verktakar nýta sérstaklega í nágrenni við þéttbýli. Samkvæmt skráðum heimildum hefur umgengni um námur ekki verið viðunandi og sagt er í skýrslunni að drjúgur hluti þeirra sé ófrágenginn þótt vinnsla í þeim sé hætt. Fram kemur að Vegagerðin hafi í seinni tíð lagt metnað sinn í að ganga vel frá öllum stærri námum að lokinni notkun sama megi segja um Landsvirkjun. Því megi segja að frágangur hafi farið batnandi á undanförunum árum. Að lokum er komist að þeirri niðurstöðu að námur séu of margar á Suðurlandi og þeim megi fækka verulega. Vakin er athygli á að brýnt er að gerð sé úttekt á efnistökuárum í landshlutanum og nýtingu jarðefna í framtíðinni.

Eins og áður segir eru efnistökusvæði í Mýrdalshreppi nokkuð mörg. Meginhluti láglendis í sveitarfélaginu er mótaður af framburði jökulvatna. Eftir lauslega skoðun á efnistökuárum á skipulagssvæðinu hefur álit það sem greint er frá hér á undan aðeins verið staðfest. Greinilega er um framför að ræða hjá

framkvæmdaraðilum Vegagerðarinnar þar sem jafnan er gengið frá námustöðum að lokinni framkvæmd.

Alls eru 20 skilgreindar námur í notkun í Mýrdalshreppi, sjá töflu nr. 5. Í töflu eru nefndar þrjár bergnámur (grjótnáma), setnámur eru 14 talsins. Auk þeirra náma sem taldar eru upp í töflunni hér á eftir skal nefnd nokkuð stór sandnáma sem er á Sólheimasandi (16) þar sem unnin er sandur til sandblásturs og vikurnáma á Mýrdalssandi (17), sem annars staðar er getið í greinargerðinni. Fyrirhuguð er efnisvinnsla í nýrri námu í 300 mys í Eystri-Sólheimahiði (ES19). Í námuni er reiknað með nokkuð háu hlutfalli af grjóti sem nýttast mun fyrir rof-, straum- eða brimvarnir. Smærra grjótið fyrir varnir við Klifanda en stærra fyrir varnir í Víkurfjöru. Sand- og malarnám fyrir byggingarstarfsemi er í Vík (ES20), þ.e. í Víkurfjöru. Efnistakan ræðst af uppsöfnun efnis við fjöruborðið. Náman er sýnd á þéttbýlisupprætti. Stærðir þessara náma eru allar, utan einnar, innan þeirra stærðarmarka þar sem þarf að gera umhverfismat vegna efnistökkunnar, hvorki í núverandi eða fyrirhuguðum efnisnámu. Í þessu sambandi er einnig tekið tillit til staðsetningar námanna, m.t.t. verndar og friðunar svæða. Í nokkrum tilfellum er um að ræða efnistöku úr sjó eða árossum sem getur verið allt að því nauðsynlegt til þess að halda farveginum opnum.

Vegna vikurnámunar (Kötluvíkurs) á Mýrdalssandi, námuvinnslusvæði sem er allt að 15,8 ferkílómetrar að stærð, hefur farið fram umhverfismat. Sjá einnig kafla 2.1, 2.1.3 og 3.0.

ES	Náma	Jörð	Gerð námu	Stærð námu	Staða námu	Athugasemdir
1	Brandslækjargryfja	?	Setnáma	I	Friðun, frágengin	Tekið úr Dyrhólaós. Mikil efnismagn. Yfirfarið 24.07.2001 GÞ
2	Við efri brú á Klifanda	Fell	Setnáma	I	Lokuð í bili, frágengin	1.5 km. frá neðri Klifandabru Hefur einnig heitið Klifandi-Hafursá og Klifandi-trébrú Yfirfarið 02.08.2001 GÞ
3	Gatnabrun	Norður-Götur	Setnáma	I	Lokuð í bili, frágengin	550 m ofan vegar frá vegam. 215. Yfirfarið 25.07.2001 GÞ
4	Hafursey I	Hjörleifs-höfði	Setnáma	I	Lokuð í bili, frágengin	13.62 km frá Áltaversvegi. Allt efni hefur verið tekið vestan í fjallinu. Yfirfarið 25.07.2001. GÞ
5	Hvamsásá	?	Setnáma	I	Lokuð í bili, frágengin	1.00 km frá vegam. 215. 5393 m frá Vík.
6	Litlu-Heiðargryfja II	Litla-Heiði	Setnáma	I	Lokuð í bili, frágengin	2.43 km frá Vík. Heiðardalur sýsluv. 2. Yfirfarið 25.07.2001 GÞ
7	Aurgata	Kerlingardalur	Setnáma	I	Lokuð í bili, hálffrágengin	3.5 km. frá Suðurlandsvegi
8	Háfell	Höfðabrekka	Setnáma	II	Lokuð í bili, ófrágengin	Áin er farin að taka úr Háfelli. Yfirfarið 26.07.2001 GÞ
9	Holtsgil (Grjót)	Fell?	Bergnáma		Í notkun, ófrágengin	5.16 km. frá Dyrhólavegamótum. Námuvegur 1400 m Grjótnáma Mikil efnismagn Yfirfarið 23.07.2001 GÞ

ES	Náma	Jörð	Gerð námu	Stærð námu	Staða námu	Athugasemdir
10	Hólsá	Sólheimar	Setnáma	I	Í notkun, ófrágengin	Yfirfarið 23.07.2001 GÞ
11	Kerlingardalsá (náma)	Fagridalur	Setnáma	II	Í notkun, ófrágengin	Náman er ca 0,7 km í vestur frá stöð 84+460. Sama og Kerlingardalsárnáma nr. 2011207. Yfirfarið 26.07.2001 GÞ
12	Klifandi við Suðurlandsveg.	N-Hvoll	Setnáma	III	Í notkun, ófrágengin	4.04 km frá Dyrhólavegi. Áætlað efnismagn 400 m <sup>3</sup> . Austan brúar yfir Klifanda ca 15,5 km austan Skóga.
13	Múlakvísl, sunnan vegar	Höfða-brekka	Setnáma	III	Í notkun, ófrágengin	Áraurar, hreinn sandur og mól, frekar fínt efni. Hefur verið malað í klæðingu og jöfnunarlag (1990). Yfirfarið 26.07.01 GÞ
14	Selgilsgrýfja	Fell?	Setnáma	I	Lokuð í bili, ófrágengin	5,16 km frá Dyrhólav. Sýsluv. að Álftargróf 3,25 km. Námuvegur 920 m Góður frá sýsluvegi. Mikið efnismagn. Yfirfarið 23.07.2001 GÞ
15	Steigaraurar	Steig	Setnáma	I	Lokuð í bili, ófrágengin	2.46 km frá Dyrhólavegi, sýsluv. 0.44 km 650 Yfirfarið 23.07.2001 GÞ
16	Sólheimasandur	Sólheimar	Sandnáma	I	Í notkun, ófrágengin	
17	Vikurnáma á Mýrdalssandi	Hjörleifs-höfði	Vikurnáma	V	Fyrirhuguð	
18	Háfell	Höfða-brekka	Bergnáma	II	Í notkun, ófrágengin	
19	Eystri-Sólheimar	Eystri-Sólheimar	Bergnáma	III	Fyrirhuguð	Fjarlægð frá Víkurskála er 24 km.
20	Víkurfjara	Vík	Sand- og malarnáma	Óskilgr.	Í notkun, ófrágengin	

Tafla nr. 5. Námuskrá í Mýrdalshreppi.

Heimild: Vegagerðin/Sveinn Pálsson

Námurnar eru flokkaðar eftir stærð.

- (I) Mjög lítil náma minni en 10 þúsund rúmmetrar.
- (II) Lítil náma; 10 til 25.000 rúmmetrar.
- (III) Meðalstór náma; 25-100.000 rúmmetrar.
- (IV) Stór náma; allt að 150.000 rúmmetrar.
- (V) Mjög stór náma; stærri en 150.000 rúmmetrar eða umhverfismatsskyld náma af öðrum orsökum.

## 5.0. Byggð

### 5.1. Saga byggðar

Mýrdal var skipt í tvö sveitarfélög árið 1887; Dyrhólahrepp og Hvammshepp. Í ársbyrjun 1984 voru hrepparnir sameinaðir að nýju og heitir sveitarfélagið nú Mýrdalshreppur. Mörk Mýrdalshrepps að vestan eru skammt vestan við Jökulsá á Sólheimasandi og þar eru jafnframt sýslumörk. Mörkin að austan voru umdeild og náðist sátt um þau hjá sýslumanni árið 2000 og eru þau þessi: „Fjörumörk niður við sjó milli Hjörleifshöfða og Dynskógarfjöru, þaðan bein lína upp að Blautukvíslarbotnum, austan Hafurseyjar. Frá Blautukvíslarbotnum bein lína í Kötlukskoll klettahöfða í Höfðabrekkujökli [Kötlujökli], rétt austan við Kötlugjá“.

„Í Landnámabók getur um einn fyrsta bústað norræna manna á Íslandi í Hjörleifshöfða með komu Hjörleifs Hróðmarssonar, fóstbróður Ingólfs Arnarsonar, í upphafi landnáms. Svo segir í Landnámu: „Hjörleifur tók land í Hjörleifshöfða og var þá þar fjörður og horfði botninn inn af höfðanum. Hjörleifur lét gera þar skála tvo og er önnur tóftin átján faðmar en hinn níttján.“ Vistin þar var eigi löng, þar sem þrælur Hjörleifs drápu hann úr launsátri og flúðu til Vestmannaeyja. Eyjarnar heita eftir þeim Vestmönnum sem reyndust vera hinir svikulu þrælur Hjörleifs. Efst á höfðanum er grjóthrúga mikil á sandblásnum mel en munnmæli herma að þar sé haugur Hjörleifur, enda nefndur Hjörleifshaugur. Markús Loftsson, bóndi og fræðimaður lét gera grafreit efst á Höfðanum við hlið Hjörleifshaugs með ærinni fyrirhöfn þar sem flytja þurfti grjót og jarðvegsefni langa leið að. Hann er þar jarðsettur ásamt þriðju konu sinni, Áslaugu Skæringsdóttur, bróður sínum Sigurði Loftssyni og einu barni.

Á Sólheimum nam land Loðmundur hinn gamli og náði landnám hans frá Hafursá og allt að Jökulsá á Sólheimasandi. Áður hafði hann komið á land í Loðmundarfirði en hann hafði varpað öndvegissúlum sínum fyrir borð og þær rekið upp að Sólheimafjörum. Löngum átti hann í illdeilum við nágretta sinn, Þrasa í Skógum. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir svo: „Þrasi bjó í Eyrstrískógum, sumir segja á Þrasastöðum, skammt austur frá Skógafossi. Skógar eru nú austastur bær í Rangárvallasýslu. Þá bjó Loðmundur í Sólheimum, næsta bæ fyrir austan Sólheimasand, og voru þeir því nágrennar. Þeir Þrasi og Loðmundur voru báðir fjölkunnugir mjög. Á sú féll milli landa þeirra

er Fúlilækur hét, en síðan Jökulsá á Sólheimasandi. Þessari á veittu þeir hver á annars land sem Landnáma segir; því hvorugur vildi hafa hana nærri sér. Af þessum veitingum og vatnagangi varð sandur graslaus sem Sólheimasandur heitir og sér þar enn marga farvegi sem áin hefur runnið um í það og það skiptið. Loksins sáu þeir nágrennarnir landauðn þá sem af þessu varð. Svo hagar til að austan megin Jökulsár gengur háls einn í Sólheimaheidi frá fjallinu fram með ánni og heitir hann Loðmundarsæti; en vestan megin árinna þar á móts við í neðanverðu Skógafjalli er kallaður Þrasaháls. Fellur svo áin úr gljúfrum milli þessara hálsa fram á sandinn. Á þessum stöðvum segja menn að þeir Þrasi og Loðmundur hafi hafst við meðan þeir veittust vötnum á enda segir bæði Landnáma og munnmælin að þeir hafi sætt þar við gljúfrin á það að áin skyldi þaðan í frá renna þar um sandinn sem stytst væri til sjávar, og það varð. En svo þykir sem allajafna sé öfugstreymi í á þessari og falli önnur bára að neðan, andstreymis, þegar hin fellur að ofan, forstreymis, og segir sagan að sú ónáttúra árinna sé komin af viðureign þeirra Þrasa og Loðmundar. (Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar “- Textasafn Orðabókar Háskóla Íslands). Sólheimar þóttu kostajörð mikil en hefur látið á sjá vegna ágangs Kötluhlaupa fyrr á öldum. Ekki eru til öruggar heimildir fyrir hvar bær Loðmundar stóð en talið er að bæjarstæðið sé á Ytri-Sólheimum þar sem kirkjan stóð. Sagnir herma að haugur Loðmundar sé í Sólheimanesi; er það nefnt Loðmundarleiði og að leiði Gráfríðar konu hans, Gráfríðarhóll, sé í díki fyrir norðan Sólheimahjáleigu. Kirkjustaður var á Sólheimum frá fornu fari og er kirkjunnar getið í máldaga 1179. Kirkja þessi var í eigu bændna en var lögð niður 1898 og gekk land í eigu kirkjunnar, þ.e. helmingur Sólheimajarða þá til bændna þeirra er áttu kirkjuna. Kapella var reist árið 1960 á gamla kirkjustæðinu.

Eystri hluti Mýrdalshrepps er í landnámi Reyni-Bjarnar af Valdresi í Noregi en hann nam land milli Hafursár og Kerlingardalsár og bjó hann á Reyni. Var illt milli þeirra Loðmundar en ekki getur frekar um illdeilur þeirra í Landnámu. Ennfremur getur *Njála* í landnámi Reyni-Bjarnar um bústað Kára Sölmundarsonar á Dyrhólum. Kirkjustaður hefur verið á Reyni frá því skömmu eftir kristnitöku.

Jarðirnar fyrir austan Kerlingardalsá, eða “fyrir austan heiði” eru ekki taldar með landnámi Reyni-Björns. Eysteinn, sonur Þorsteins drangakarls, braut skip sitt í landi Fagradals

eins og frá segir í *Landnámu* og er Fagridalur landnámsjörð hans.

Höfðabrekka er talin vera landnámsjörð Sigmundar Kleykis en ekki er getið bæjarnafns í *Landnámu*. Höfðabrekka kemur lítillega við sögu í *Njálu* en getur þar um Þorgrím Skrauta, son Þorkels hins fagra en í þætti af Þorleifi Jarlaskaldi segir að þar hafi hann eytt síðustu æviárum sínum. Höfðabrekka hefur löngum verið talin höfðingjasetur og hefur margt stórmennið setið jörðina. Kirkja var á Höfðabrekku frá 12. öld er jörðin komst í eigu Oddaverja og var kirkjustaður allt til ársins 1924.

Sonur Sigmundar Kleykis, Vémundur smiður, er talinn hafa átt bústað í Kerlingardal, eða Kerlingarfirði eins og um getur í *Landnámu*. Galdra-Héðinn bjó í Kerlingardal en hann á að hafa reynt að koma Þangbrandi presti fyrir kattarnef þegar hann boðaði Íslendingum kristna trú. Munnmæli herma að þeir brennumenn sem Kári og Þorgeir skorageir höfðu banað séu heygðir í nesi einu niður við Kerlingardalsá. Í Kerlingardal var hálfkirkja undir Höfðabrekkusókn og sat þar bæði djákni og prestur.“ *Samantekt: Sigrún Lilja Einarsdóttir.*

Allt frá landnámi og fram undir 1950 var allmikið útræði í Mýrdal og oft barst talsverður fiskur í land. Réru þá flestir bændur úr sveitinni til fiskjar að sækja sér björg í bú.

Fyrr á tímum var Dyrhólaey mikilvægur verslunarstaður, enda þótt ekki væri þar föst verslun eða búseta. Á síðari árum hafa bændur byggt upp myndarlegt æðarvarp í eyinni sem nýjað er til dúntekju.

Þéttbýli myndaðist í Vík á síðustu áratugum 19. aldar. Tvö lögbylí höfðu verið í Vík um aldaradír, þau voru Norður- og Suður-Vík. Þetta þóttu kostjarðir og þar var sýslumannssetur Skaftfellinga á tímabili. „Undir Bökkunum“ eins og svæðið kallaðist var ekki byggt fyrr en síðla níttjándu aldar. Áður höfðu verið þar sjóbúðir og tímabundin búseta. Elstu húsin eru norðan Víkurbrautar en nokkru yngri eru hús sunnan hennar eins og Halldórsverslun. Um 1915 munu hafa verið þarna um 20 hús. Smám saman færðist byggðin út, fyrst eingöngu vestan Víkurár. Árið 1915 voru gerðir út 14 róðrabátar í Mýrdal. Eftir Kötlugosið 1918 varð allmikil fjölgun íbúa í Vík, mest var þar um að ræða bændur og búalið sem flosnaði upp af hálfeyddum bújörðum í Skaftártungu og Álftaveri. Talað hefur verið um að fyrsti vísir að verslun í Vík í Mýrdal hafi verið 1885 er hákarlaskipið Jósefína frá Vestmannaeyjum

kom þangað með vörur. Þá var eigi löggilt höfn í Vík, en árið 1887 var Vík gert að löggilttri höfn sem greiddi fyrir skipakomum og vöruflutningum. Víkurbændur, þeir Halldór og Þorsteinn Jónssynir hófu árið 1893 að panta vörur frá Bretlandi og seldu í upphafi vörur sínar heima fyrir. Árið 1890 hlaut Halldór borgarabréf sem löggiltur kaupmaður. Árið 1903 reisti hann tveggja hæða verslunarhús við Víkurbraut sem nefnd var Halldórsverslun. Þessi verslun var rekin til ársins 1959. Danskur kaupmaður, J.P.T. Bryde, var fyrstur til að opna heilsársverslun í Vík, sem nefnd var Brydebúð. Hann flutti gamla Godthaabverslunarhúsið frá Vestmannaeyjum árið 1895 sem hafði staðið þar frá árinu 1831. Fjölskylda Bryde rak síðan verslun í Vík til ársins 1914, en þá tók Þorsteinn Þorsteinsson við, hann rak verslunina til ársins 1926. Frá þeim tíma tók Kaupfélag Skaftfellinga við rekstri sem stóð yfir til ársins 1980. Eftir það var rekin þjónustofa í húsinu til ársins 1993. Húsið hefur verið endurbyggt á síðustu árum og er nú menningar- og þjónustuhús fyrir ferðamenn.

Fram að fjórða áratug síðustu aldar voru allar vörur fluttar sjóleiðis til Víkur og skipað upp á árabátum, oft við erfiðar aðstæður. Síðar hófust flutningar landleiðina til og frá Reykjavík, enda höfðu þá Markarfljót og Klifandi verið brúaðar. Um 1960 hófst uppbygging á sandinum austan Víkurár, fyrst eingöngu í krikanum næst Víkurgili. Á áttunda og níunda áratugum var farið að byggja hús neðar á sandinum, þ.á.m. Víkurskála, iðnaðarhús og grunnskólann. Í Vík býr nú rúmlega helmingur íbúa sveitarfélagsins.

### 5.1.1 Menningarminjar

#### 5.1.1.1 Fornminjar/fornleifar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir m.a. „Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsóknna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.“ Í IV. kafla þjóðminjalaga er kveðið á um fornleifar en til þeirra teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Fornleifar eru skilgreindar þannig:

- A. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- B. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri;
- C. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- D. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- E. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- F. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- G. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- H. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- I. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. laganna.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skyld er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Skráning fornleifa hefur farið fram fyrir þéttbýlið í Vík og næsta nágrenni. Stefnt er að því að ljúka vinnu við fornleifaskráningu fyrir sveitarfélagið í heild á skipulagstímabilinu. Miðað skal við að þar sem deiliskipulag er gert skuli fornleifaskráning jafnframt fara fram.

Fornleifavernd ríkisins ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Fyrstu fornleifarannsóknir á Íslandi fóru fram á síðustu öld, 1879-1882 (Kristian Kaalund) og sumrin 1900 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson), auk athuganna Finns Jónssonar og Daniels Bruuns sumarið 1907. Þessar rannsóknir voru

gerðar á þeirra tíma forsendum, m.t.t. þeirrar söguskoðunar Íslendinga sem þá var viðurkennd, en nú hefur ýmislegt verið endurskoðað varðandi þessi efni.

1. **Garðar.** 1. Rústir eyðibýlisins Hella, austur af háhrygg Hellnaskaga. 2. Bæjarhellir (Baðstofuhellir) sunnan í Hellnaskaga, með höggnu útskoti og kroti á hellisveggjunum, þar sem séra Jón Steingrímsson bjó veturinn 1755-1756. Sbr. Jökull 1981: 74-76; Jón Steingrímsson 1913-1916: 105. Skjal undirritað af ÞM 15.12.1983. Þinglýst 28.12.1983.
2. **Hjörleifshöfði.** Dys Hjörleifs, uppi á höfðanum, þar sem hann er hæstur. Sbr. Árbók 1909: 19. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.
3. **Loftsalir.** Loftsalahellir, hinn forni þingstaður Dyrhólahrepps og Gálgaklettur vestanvið hamarinn, sem hellirinn er í. Skjal undirritað af ÞM 05.11.1984. Þinglýst 15.11.1984.
4. **Norður-Hvammur.** Hellir, er Moldi heitir, fyrir sunnan túnið; hann er að innanverðu mannaverk. Sbr. Árbók 1909: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.
5. **Reynisdalur.** Forn kringlótt girðing, nál. 5 fðm. í þvermál, en þó óglögg; hún er á kringlóttum hól fyrir ofan túnið. Sbr. Árbók 1909: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Ekki þinglýst.
6. **Sólheimar.** Gömul bæjarrúst, þar sem heitir Bæjarstaður (eða Fornu-Sólheimar), í dálitlu dalhvarfi sunnan í Sólheimanesi. Inn úr dalhverfinu ganga tvær lautir og er bæjarrústin framaní balanum á milli þeirra. Sbr. Árbók 1909: 21-22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 05.06.1931.
7. **Stóra-Heiði.** A. „Loddahellar“, svo nefndir, þrír saman, í berginu fyrir innan túnlakinn. B. „Loddapollur“, er svo heitir, kringlótt dæld með þúfu í miðju, suður í túninu, og er nær 5 faðma í þvermál. Sbr. Árbók 1909: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.
8. Þórissholt. A. Þórisshaugur, svo nefndur, norður í túninu, eigi alllitill og að ofan eins og samantfallinn, með þúfu í miðju. B. Íluhaugur, svo nefndur, suður á túninu; hann er að öllu útliti mjög líkur Þórisshaug, en talsvert minni. Sbr. Árbók 1909: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.

**Tafla nr. 6. Friðlýstar fornminjar í Mýrdalshreppi.** Heimild: *Fornleifaskrá.*

#### 5.1.1.2 Húsafríðun

Í húsafríðunarlögum nr. 104/2001 segir í 4. gr.: „Fríða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Fríðun getur náð til nánasta umhverfis fríðaðs mannvirkis. Fríða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur fríðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur fríðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu fríðaða mannvirkisins.“

Í 5. gr. segir: „Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafriðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr. Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu.“

Í 6. gr. segir orðrétt. „Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.“

Samkvæmt þessum lögum er kirkjan á Skeiðflöt friðuð, en hún var vígð árið 1900.

Skylt er að leita álits húsafriðunarnefndar ef eigendur eftirfarandi mannvirkja í Mýrdalshreppi hyggjast breyta þeim:

**A. Mannvirki 100 ára og eldri:**

1. Skeiðflöt; fjárhús (1882).
2. Litla-Heiði; hlaða (1890).
3. Víkurbraut 28 í Vík; Brydebúð (1895).
4. Víkurbraut 34 ; íbúð (1899).
5. Giljur, fjós (<1900).
6. Víkurbraut 22 ; Bindindishúsið, (1900).
7. Víkurbraut 22 a; Gamla símstöðin (1900).
8. Víkurbraut 30 a; Einarsstaðir (1901).
9. Víkurbraut 30 b; Hamar (1901).
10. Austurvegur 11 b í Vík; Hjalli (1902).
11. Suðurvíkurvegur 1; Suður-Vík (1902-20).
12. Suðurvíkurvegur 1; Suðurv.fjós (1902).
13. Víkurbraut 20; íbúð (1902).
14. Víkurbraut 20; geymsla (1902).
15. Víkurbraut 20 a; íbúð (1902).
16. Giljur; íbúð (1903).

**B. Mannvirki undir 100 ára aldri, sem einnig falla undir skilgreiningu 6. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001, eru eftirfarandi:**

1. Skeiðflöt; geymsla (1904).
2. Víkurbraut 16; íbúð (1904).
3. Víkurbraut 16; Halldórsbúð (1904).
4. Víkurbraut 19; Strönd (1905).
5. Víkurbraut 32; Lundur (1905).
6. Víkurbraut 32 a; Lundur (1905).
7. Afréttur; afréttarhús (1906).

**C. Mannvirki sem næst eru að falla undir skilgreiningu 6. gr. laganna:**

1. Suður-Hvammur; íbúð (1906).
2. Eystri-Pétursey; hesthús (1907).
3. Víkurbraut 18; Sólheimar (1907).
4. Víkurbraut 24 a; gamla hótelið (1908).
5. Víkurbraut 30; Sigurðarstaðir (1908).
6. Reynishólar; íbúð (1910).
7. Kirkjuvegur 2; Sandfell (1910).
8. Víkurbraut 12; íbúð (1910).
9. Víkurbraut 30 c; Lækjamót (1910).

10. Stóri-Dalur; íbúð (1912).
11. Víkurbraut 10; íbúð (1912).
12. Víkurbraut 11 a; íbúð (1912).
13. Kirkjuvegur 3; Hof (1913).
14. Eystri-Dyrhólar; geymsla (1914).
15. V-Pétursey; fjárhús (1915).
16. Víkurbraut 24; Sælundur (1915).
17. Víkurbraut 24; geymsla (1915).
18. Víkurbraut 26; Hótel Lundi (1916).
19. Eystri-Dyrhólar; geymsla (1917).
20. Eystri-Dyrhólar; geymsla (1917).
21. Víkurbraut 18; geymsla (1918).

**D. Mannvirki sem næst eru að falla undir skilgreiningu 6. gr. laganna:**

1. Ytri-Sólheimar; hesthús (1920).
2. Neðri-Dalur; íbúð (1920).
3. Eystri-Pétursey; geymsla (1920).
4. Sólheimahjáleiga; hlaða (1920).
5. Þórisholt; hlaða (1920).
6. Austurvegur 11 d; Varmahlíð (1920).
7. Bakkabraut 1; Hlíðarendi (1920).
8. Bakkabraut 2; Bjarg (1920).
9. Bakkabraut 6 a; Laufás (1920).
10. Víkurbraut 11; íbúð (1920).
11. Austurvegur 11, Hlíð (1922).
12. Bakkabraut 12; Grund (1922).
13. Bakkabraut 12 a; Grund (1922).
14. Bakkabraut 3, íbúð (1922).

**5.1.1.3 Fornminjaskráning/hverfisvernd**

Sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum gilda um hverfisverndarsvæði sem sveitarstjórnir setja og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, þetta á t.d. við um einstakar byggingar, mannvirkji eða húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Sjá 4.22. gr., skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og kafla 2.1.2 í greinargerð.

Gera skal grein fyrir svæðum sem njóta hverfisverndar, staðsetningu þeirra og helstu einkennum og hvaða reglur gilda á hverjum stað um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð.

Gera skal grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.

Gera skal grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á hverfisverndarsvæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Þau svæði/staðir sem hverfisvernd er staðfest samkvæmt aðalskipulagi skal deiliskipuleggja ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Um vissa staði sem hér á eftir eru taldir upp gilda önnur ákvæði laga, sjá t.d. lög um húsafriðun, nr. 104/2001, kafla 5.1.1.2.

Til umræðu hefur komið að eftirfarandi staðir/svæði njóti hverfisverndar, sjá kafla 2.1.2.

**1. Sundlaug við Réttarklett í landi Hvammbóls.**

Byggð af Umf. Garðarshólma fyrir 1920, hlaðin úr torfsnyddum. (ÞT). Nánast óskemmd og aðgengileg.

**2. Gróðrarstöðin í Brynkudal í landi Skammadalshóls.**

Þar var gróðursett á vegum Umf. Kjartans Ólafssonar, fyrst 1923. Báðir þessir staðir eru „minnisvarðar“ um öflugt starf ungmennafélaganna á fyrsta hluta 20.aldar.

**3. Völvuleiði (Völvureitur) á Felli.**

„Syðst í Fellsbrekkum er spilda á að giska 60 til 70 faðma breið og nær frá rótum fjallsins upp í flagjaðar efst. Þessi reitur heitir Völvureitur. Neðst í honum er aflöng rúst og heitir Völvuleiði. Horfir það upp og niður brekkuna“. frh. (Skrásetjari, Eyjólfur Guðmundsson átti heima á Felli á árunum 1882-8, lýsingin er frá þeim tíma). „Völvuleiði er á Felli og ýmsar munmælasagnir tengdar því. Þær kvaðir fylgdu jörðinni að ábúandi greiddi ákveðinn skatt til fátækraframfæris í sóknnum sínum, Fellstollinn, sem svo er nefndur og mun hann hafa verið goldinn fram til ársins 1970. (Skþ. bls. 621). Til er áheitasjóður, Völvusjóður, sem varið skal til líknarmála og hefur ýmsum reynst heilladrjúgt að heita á völvuna á Felli.

**4. Strympa (heygeymsla) í Eyjarhólum.**

Hlaðin af Ólafi Högnasyni er bjó í Eyjarhólum 1823-57. „Ólafur var frumkvöðull hlöðubygginga í Mýrdal og víðar og hlaut viðurkenningu yfirvalda fyrir. (Skþ. 506).

**5. Fiskigerði, Ketilsstöðum II.**

Afmarkaður reitur, um 9 x 10 metrar að stærð, og í norðaustur horni þess er hringlótt laut. Þar voru hertir og þurrkaðir fiskhausar og hryggir.

**6. Tættur gömlu bæjarraðarinnar í Pétursey.**

Það var óvída annars staðar en í Skaftafellssýslu sem þekktist að margir bæjir væru reistir saman á einni jörð. Bæirnir voru áfastir og stóðu allir í einni röð. (Skþ. 505). Þarna eru einu heillegu tættarnar sem til eru af þessari húsaskipan.

**7. Húsatættur í Engigarði.**

**8. Syngjandinn í Vík.**

Þar eru rústir bænhúss. Sunnl.b. Skaftárþing : „Syngjandi á milli lækjarins og Víkurár en á

honum var á fyrri öldum hálfkirkjan í Vík og sér þar enn móta fyrir rústum hennar.“ (bls 396).“ Bænhúsið í Vík stóð á svokölluðum Syngjanda sem er niður af Norður-Víkurtúninu og sér þar enn móta fyrir bænhúsrústinni“. (bls. 356).

**9. Heiðarrétt.**

Byggð 1890, skilarétt Hvammshrepps frá þeim tíma. Réttin er alveg hringlótt, járnkalli var stungið niður í miðjuna og mælt út frá honum. Grjóts í var aflað á skerinu ofan við réttina, sem hlaðin var á einni viku. (TP). „Rétt sú á sér nokkuð sérstæða sögu. Áður var skilaréttin lengi búin að vera milli Hvamms og Gilja, og þegar Einar Hjaltason (6/11 1852-14/11 1932) frá Suður-Götum bjó á Giljum (1876-82), var hann réttarbóndi, en um 1890 flutti hann að Stóru-Heiði (1887-96) og hafði þá komið því til leiðar við hreppsnefndina að réttin var byggð í Heiðardalnum og hélt svo áfram að vera réttarstjóri, meira að segja eftir að hann fór frá Heiði og allt meðan heilsa og kraftar leyfðu. Mun það ekki alltítt, að bóndi flytji með sér skilarétt hreppsins“. ( Árb.FÍ bls. 59).

**10. Bæjarrústir á (gamla) Felli.**

**11. Miðfellshellir, Höfðabrekkuafrétti:**

Austan og neðan í Miðfelli. Þar eru gamlar bergristur. „Hann er hér um bil 20 faðmar ummáls. Hafa safnsmenn á haustum legið í hönum og klappað nöfn sín mörg í bergið. Er sagt, að þrír eða fjórir rúnastafir séu þar, og mun vera mannsnafn í rúnum skammstafað. Um dyrnar verður að smjúga. Þær vita móti austurlandsuðri.“ (Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1873, bls 236).

**12. Stórhellir, Kerlingardal.**

„Í Lambaskörðum í Kerlingar- og Höfðabrekkueiði er hellir sem nefnist Stórhellir. Hann er mjög athyglisverð náttúrusmíð, talinn myndaður á þann hátt að ísjaki hafi lent þar undir blautu gjóskulagi og ekki bráðnað fyrir en gjóskuhaugurinn var orðinn það þéttur í sér að þakið hélst uppi þótt jakinn héldi því ekki lengur uppi.“ (Skþ. bls.337).

**13. Selhellrar, Vatnsársundum.**

„Selhellrar Reynishverfinga, er liggja austan megin Vatnsár norðan í Arnarstakksheiði, eru ekki klappaðir. Þeir eru í lögun líkir innyflum úr sauðkind og kallast því: *Vinstur, Laki Keppur, Vömb* og *Langi*. (Sk. sýslu- og sóknarl. bls. 235).

**14. Selhellir í Yztheiði, Ytri-Sólheimum.**

„Á Selheiði, austur af Seltorfu, er stór hellir, sem notaður mun hafa verið sem sel, er þarna var selstaða“. (Örn.skrá).

**15. Hóltún, Fagradal.**

Stór, gróinn hóll. Við jarðrask þar var komið niður á gamlar hleðslur. Í Árbók FÍ 1975 segir: „Þar eru í jörð allmiklar fornar húsarústir, trúlegast allt frá upphafi,

landnámsbær Eysteins.” „Þegar grafið var fyrir kjallara timburhúss, sem byggt var skömmu eftir síðustu aldamót, var komið niður á forna vegghleðslu og þar á leif af stalli fannst allstór steinbolli, sem a.m.k. í þá tíð var talinn vera hlautbolli, og hefði þá verið þarna um að ræða forna rúst af heimilishofi eða goðahúsi.”

#### 16. **Forn vegagerð í Vatnsársundum.**

(FÍ 107) : (eftir að Fagradalsbr. urðu ófærar af skriðuföllum). „Var þá leiðin lögð um Vatnsársund og vestur um Heiðardal. Þar mótar enn fyrir fornri vegagerð. Sunnan Vatnsár, móts við eyðibýlið Kárhólma, hefur leiðin legið yfir mýrarsund. Þar hafa verið gerðar vegabætur á þann hátt að raðað hefur verið allstórum hellusteinum á nokkra fadma kafla. Sá vegur þætti nú mjór, því að ekki hafa tveir hestar getað gengið hann samsíða og útilokað hefur verið að mætast þar með klyfjahesta”.

#### 17. **Núpar-þjóðleið af Mýrdalssandi upp á heiðina:**

Árbók FÍ 1975 bls. 110 : „Ekki sést vegurinn upp hlíðina að austan nema að ganga austur á brúnina. En mörgum hefur þótt það borga sig, bæði til að njóta útsýnis og skoða hina gömlu, haglegu vegagerð upp brattann. Ekki er vitað, hversu gamalt þetta mannvirki er, en örugglega er það ekki yngra en frá því einhvern tíma á 19.öld. Svo gróinn er þessi gamli vegur, að lítt sér, hvernig frá honum hefur verið gengið. Þó sést greinilega á efstu beygjuni, að þar hefur verið flórað með allstórum steinum til varnar úrrennsli, og máskje hefur slitlagið verið móbergshellugrjót, því að ekki hefur verið um önnur malarflutninggstæki að ræða en reiðingshesta með mykjulaupum, og seinunninn flutningur hefur það verið”. Í sýslu- og sóknarlýsingum er sagt um legu alfaravegar, eftir að komið er í áfangastaðinn, Núpa : „þar ofan bratta götu austur á Mýrdalssand, .....

#### 18. **Götuslóðar í Fagradalsbrekkum:**

Árbók FÍ 1975 bls.107 : „Sé augunum rennt upp eftir brekkunum (Fagradalsbrekkum), blasa við allmiklir grónir götuslóðar, er hverfa sjónum vestur af svonefndu Klifi. Þarna sér til elztu þjóðleiðar milli landshluta, meðan leiðin lá um Arnarstakksheiði, samanber Njálu og víðar”.

19. Hlaðinn grjótgarður í landi Garða.

20. **Eysteinshaugur**, Fagradal. Aflíðandi höll, sem talinn er vera haugur þess manns, er fyrstur nam land og bjó í Fagradal. Sá hét Eysteinn Þorsteinsson, og haugurinn er því nefndur **Eysteinshaugur**. (örnefnaskrá)

21. **Króktúnsbrekkur**, akurreinar, Fagradal.

22. Ekrur, akurreinar, Ketilsstöðum. Árið 1999 var ráðist í rannsóknarverkefni sem vonast var til að varpaði nýju ljósi á akurminjar á Íslandi. Niðurstöður þessa

verkefnis staðfestu að ofangreindir staðir eru forn akurlönd sbr. Árbók Fornleifafél. 2004.

23. **Víkurbaðstofa**, þar var fyrr meir útræð, ssl bls. 236.

24. **Vegir** um Grafargil, inn Kerlingardals- og Höfðabrekku-heiðar.og elsti vegurinn upp á Reynisfjall.

25. Vegur inn Kerlingardals- og Höfðabrekkuheiði.

#### **Gamlir kirkjugarðar:**

26. Reynir.

27. Dyrhólar.

28. Sólheimar.

29. Höfðabrekka.

Nauðsynlegt er að almenningur hafi gott aðgengi að upplýsingum um þá staði sem síðar munu hugsanlega njóta hverfisverndar eða eru á einhvern hátt verndaðir/friðaðir.

### **5.2. Íbúapróun í Vestur-Skaftafells-sýslu**

Samkvæmt almennu álitni sem fram hefur komið hjá Byggingastofnun og fleiri stofnunum er ljóst að þéttbýlistaðir verða megin þróunarsvæði á Íslandi, nokkuð á kostnað dreifbýlisins. Þéttbýlið í Árborg er það fjölmennasta á Suðurlandi. Íbúapróun á Suðurlandi hefur verið jákvæð á síðustu árum, en þau áhrif hafa ekki til austasta hluta svæðisins. Lengi hefur fækkun íbúa átt sér stað í dreifbýlinu en nokkur hluti þeirra hefur flutt í þéttbýlið á svæðinu, þannig var þróunin fram til 1990.

Á síðustu árum hefur fólki fjölgað í Árnessýslu og atvinnulíf eflst. Ekki er að sjá annað en að sú jákvæða þróun haldi áfram. Það er m.a. vegna góðra landkosta, þéttbýlis og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Árborg, með Selfoss sem megin þéttbýli, gegnir miklu hlutverki sem þjónustumiðstöð alls Suðurlands. Byggt í Rangárþingi og Vestur-Skaftafellssýslu hefur ekki vaxið að sama skapi og reyndar hefur orðið mikil fækkun í Mýrdals- og Skaftárhreppum. Sóknarfærin þar liggja helst í nýjum búgreinum, matvælaíðnaði og ferðaþjónustu.

Árið 1998 samþykkti Alþingi stefnu í byggðamálum og fól ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999-2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnnt er að því að fólkkjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali og nemi um 10% til ársins 2010.

Gjarnan er reiknað með að íbúum á Suðurlandi fjölgi um 10% frá árinu 2000 til 2010.

Samkvæmt því fjölgar í þar úr 21.123 (1.des. 2000) í 23.235 árið 2010 eða um 2112 íbúa. Hagstofa Íslands hefur ekki treyst sér til að sundurgreina hvernig þessi fólksfjölgun skiptist á einstök sveitarfélög.

Með mikilli einföldun mætti af þessari niðurstöðu draga þá ályktun að íbúum á Suðurlandi fjölgaði á skipulagstímabilinu, úr 21.123; 2000 í um 26.000 árið 2022.

Frávik frá þessum tölum með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum er mjög líkleg. Ákvarðanir ríkisvaldsins um framkvæmdir á landsbyggðinni mun örugglega hafa áhrif.

Á síðustu árum hefur verið mikil umræða um fólksfækkun í dreifbýli og byggðastefna nefnd í þessu samhengi. Opinber gögn, s.s. flestar hagtölur lýsa vanda byggðamála á Íslandi. Þessi byggðaröskun hefur gerst í Vestur-Skaftafellssýslu. Breytingar í atvinnuþróun með minnkandi vægi landbúnaðar, en á hinn bóginn vöxtur í flestum þjónustugreinum atvinnulífsins sem að mestu hafa byggst upp á höfuðborgarsvæðinu, hafa haft mikil áhrif. Svæðið hefur þó fengið einn nýjan starfsvettvang til þess að bæta nokkuð stöðu sína sem er „Suðurlandsskógaverkefnið“.

**5.3. Íbúapróun í Mýrdalshreppi árabilið 1971-2005 -spá**

Framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi og Vík er töluvert háð staðsetningu stofnvegar. Iðnaður, þjónusta og verslunarstarfsemi laðast að umferðinni sem þjóðvegurinn leggur til.


Hinsvegar þarf vegurinn ákveðið rými sem takmarkar aðra landnotkun á tilteknu svæði. Nokkur helstu atriða sem áhrif geta haft á þróun byggðar í Mýrdalshreppi eru rakin kafla 2 sem fjallar um stefnumörkun og landnotkun.

Frá 1971 til 2005 hefur íbúum í Mýrdalshreppi fækkað um 208 manns. Nú búa um 60% íbúa Mýrdalshrepps í Vík, þannig að árið 2003 var heildarfjöldi íbúa í Mýrdalshreppi 493 en þá voru íbúar í Vík um 290.

Mýrdalshreppur er meðal þeirra sveitarfélaga á Suðurlandi þar sem fækkun hefur verið á síðustu árum. Í samræmi við íbúapróun í Mýrdalshreppi telst sveitarfélagið svokölluð jaðarbyggð. Eingöngu 10 ár af þessu tímabili hefur þessu verið fjölgun en 23 ár er fækkun. Á því tímabili sem íbúapróunin er rakin í töflu nr. 7 hefur fækkun íbúa verið rúmlega 200 manns eða um 6 manns á ári, að meðaltali. Mesta fækkun á einu ári er 26 manns sem er gríðarleg fækkun, eða um 5%, þetta var árið 1996. Jákvæðasta árið var 2004 en þá varð fjölgunin 16 manns. Ársmeðaltal á öllu tímabilinu er þá um -1,3 %. Líklega hefði orðið enn meiri hlutfallsleg fækkun íbúa ef ekki væri þéttbýliskjarni í sveitarfélaginu. Með því að bera saman árlegar breytingar á íbúafjölda í sveitarfélaginu og á Íslandi má sjá all mismunandi tölur. Í Mýrdalshreppi er sveiflan frá -4,8% til 3,2%, en í landinu öllu er þessi sveifla frá „aðeins“ 0,4% til 1,9%.

Ár	Íbúatala	Árleg breyting	Árleg breyting %	Árleg breyting á Íslandi %
1981	641	-10	-1,6	1,2
1982	630	-11	-1,7	1,5
1983	640	10	1,6	1
1984	642	2	0,3	0,9
1985	640	-2	-0,3	0,7
1986	637	-3	-0,5	0,8
1987	616	-21	-3,4	1,4
1988	611	-6	-1,0	1,9
1989	614	3	0,5	0,7
1990	599	-15	-2,5	0,9
1991	613	14	2,3	1,5
1992	596	-17	-2,9	1,0
1993	594	-2	-0,3	1,0
1994	579	-15	-2,6	0,7
1995	563	-16	-2,8	0,4
1996	537	-26	-4,8	0,7
1997	526	-11	-2,1	0,7
1998	517	-9	-1,7	0,7
1999	519	2	0,4	1,2
2000	520	1	0,2	1,5
2001	526	6	1,1	1,12
2002	507	-19	-3,7	0,66
2003	493	-14	-2,8	0,72
2004	509	16	3,2	
2005	503	-6		
2006	496	-7		

Tafla nr. 7. Íbúapróun í Mýrdalshreppi 1981-2005. Heimild: Bygðastofnun/Hagstofan.




Mynd nr. 9. Íbúapróun í Mýrdalshreppi frá 1981, spá.

Heimild: Bygðastofnun/Hagstofnan.

Hver íbúapróun verður í Mýrdalshreppi næstu 20 árin ræðst af mörgu. Þar vegur þyngst hvort takist að skapa eftirsóknarverð skilyrði til búsetu. Þá þarf að vera í boði fjölbreytni í atvinnumálum og félags- og menningarleg þjónusta þarf að vera nálæg. Þróun næstu tuttugu ára, þ.e. á skipulagstímabilinu sem framundan er, ræðst af því hvernig t.d.

landbúnaður kemur til með að ganga og hvort nýir rekstrarkostir bætist við atvinnulífið og að þeir skili tilætluðum árangri. Á mynd nr. 2 er miðað við 1.2% fjölgun á ári sem gæti verið nokkuð raunsæ tala miðað við ýmsar aðstæður. Verði hins vegar farið út í umsvifamiklar framkvæmdir í Mýrdalshreppi er eðlilegt að gera ráð fyrir töluvert hærri tölu.




Mynd nr. 10: Nettóflutningar í Mýrdalshreppi 1980-1999.

Heimild: Bygðastofnun.

Ef lítið er á myndina sem sýnir flutninga til og frá Mýrdalshreppi sést að flutningar frá sveitarfélaginu hafa verið mun meiri frá því heldur en til þess og eðlilegt er að túlka þessa

þróun sem sérlega óæskilega fyrir sveitarfélagið. Stefnt er að á þessu verði breyting.




Mynd nr. 11: Fjölgun/fækkun í Mýrdalshreppi 1980-1999.

Heimild: Bygðastofnun.

### 5.3.1. Aldurs- og kynjaskipting

Mismunur á fjölda karla og kvenna hefur verið talsvert mikill í Mýrdalshreppi á síðustu árum og áratugum. Þar munar því að karlar hafa jafnan verið fleiri en konur. Árið 1997 bjuggu 57 fleiri karlar en konur í sveitarfélaginu. Er sá munur rúmlega 10% af heildar íbúafjölda Mýrdalshrepps. Frávik aldursskiptingar í Mýrdalshreppi, annars vegar og landsins í heild, hins vegar, er töluverður. Eins og sjá má af myndinni er skiptingin á milli karla og kvenna í öllu landinu nokkuð jöfn sem einnig gildir um aldursskiptinguna. Þetta er mjög algengt, næstum því regla, þegar um er að

ræða minni sveitarfélög. Í Mýrdalshreppi eru nokkrir hlutfallslega stórir árgangar, sérstaklega meðal ungra og miðaldra íbúa, meðan að nokkuð vantar í aðra áganga, sérstaklega meðal eldri íbúa. Þessa gætir einnig meðal íbúa allt niður á sextugsaldurinn í sveitarfélaginu. Aldursskipting hefur veruleg áhrif á ýmsar áætlanir, s.s. í tengslum við rekstur dagheimilis og grunnskóla. Í efri aldursflokkum er komið að áætlunum um velferð eldri íbúa sveitarfélagsins. Samsetning hinna starfandi árganga hefur einnig mikil áhrif á tekjumöguleika og rekstur í Mýrdalshreppi.



Mynd nr. 12: Aldurs- og kynjaskipting í Mýrdalshreppi/Íslandi 1997.

Heimild: Bygðastofnun

### 5.4. Skipulagsáætlanir eftir 1950

Aðalskipulag hefur verið staðfest tvisvar sinnum í Vík í Mýrdal, eða hinn 22. apríl árið 1970 og aftur hinn 11. ágúst 1977. Seinna aðalskipulagið, sem nær yfir árabilið 1975 til 1995 með síðari breytingum, hefur verið í gildi til þessa. Aðalskipulagstillaga, unnin af Skipulagi ríkisins, sem gilda átti tímabilið 1988 til 2008 hlaut ekki staðfestingu ráðuneytis.

Helstu atriði sem gerst hafa og lúta að skipulags- og byggingarmálum í Vík í Mýrdal og síðar einnig í Mýrdalshreppi eru:

**1950** Við gerð skipulaguppdráttar af Vík var lagt til að byggt yrði á sandinum neðan „Bakkana“. Rannsóknarráð

ríkisins, með álitserð Pálma Hannessonar, lagði til að ekki yrði byggt á sandinum. Skipulag ríkisins kom álitserðinni á framfæri og lagði til að ekki yrði gert ráð fyrir byggð á sandinum.

**1955** Með hliðsjón af munnlegri álitserð Sigurðar Þórarinnssonar, um hættu af Kötluhlaupi og varnargarða til að verjast því, féllst skipulagsstjórn á byggð niðri á sandinum. Þá var gert ráð fyrir sérstökum vörnum austan Víkurár með sandgræðslu. Hugsanlega hefur hlaup í Múlakvísl, sem átti sér stað þetta ár, haft þau áhrif að sumir teldu að seinkun yrði á stærra Kötluhlaupi.

**1969** Jón Jónsson jarðfræðingur skilar greinargerð til hreppsnefndar, um

- hættu af Kötluhlaupi og hugsanlega landeyðingu af völdum sjávargangs.
- 1970** Nýtt aðalskipulag var staðfest án frekari uppbyggingar á sandinum.
- 1972-4** Nokkrar álitsgerðir voru samdar um hættu á Kötluhlaupi, um afleiðingar þess og tillögur um gerð varnargarða. Höfundar voru: Jón Jónsson, Sigurður Þórarinnsson og Þorbjörn Karlsson.
- 1975** Nýtt aðalskipulag 1975-1995 gerir á meginatriðum ráð fyrir íbúðarbyggð í hlíðinni en iðnaðar-, verslunar- svæðum og opinberum svæðum á sandinum.
- 1977** Aðalskipulag Víkur 1975-95 staðfest.
- 1979** Þingsályktunartillaga var samþykkt um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.
- Skipulag ríkisins lagði fram breytt deiliskipulag á Suður-Víkurtúni.
- Í septembermánuði var aukin og endurbætt tillaga að aðalskipulagi Víkur send frá skipulagsstjóra til hreppsnefndar.
- Vík í Mýrdal var kortlögð og í framhaldi af því var staðurinn deiliskipulagður samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.
- 1981** Varnargarðurinn við Höfðabrekkujökul var hækkaður.
- Hreppsnefnd óskaði eftir því við Skipulag ríkisins að gert yrði skipulag sumarhúsa við Vík í Mýrdal.
- 1984** Hvamms- og Dyrhólahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag: Mýrdalshrepp.
- Bygging 10 sumarhúsa austan við þáverandi byggð undir Víkurhömrum var samþykkt.
- 1985** Breyting var gerð á landnóttun milli Víkurbrautar og Sunnubrautar, verslunarsvæði var breytt í íbúðarsvæði. Einnig var svæði sem ætlað var fyrir opinberar byggingar, á horni Ránar- og Víkurbrautar, að hluta breytt í verslunarlóð.
- Skýrsla Jóns Jónssonar jarðfræðings, samin fyrir Skipulag ríkisins; „Um breytingar á ströndinni við Vík í Mýrdal og á vestanverðum Mýrdals-sandi“, kom út.
- 1988** Kort af Vík í Mýrdal voru dagréttuð.
- Hafin var vinna við endurskoðun aðalskipulags Víkur hjá Skipulagi ríkisins. Þar var gert ráð fyrir byggingu atvinnuhúsnæðis austan Víkurár. Skipulagsstjórn gerði þann fyrirvara að ekki skyldi heimiluð uppbygging sunnan Suðurlandsvegur og austan Víkurár fyrr en endurmat á öryggi Víkursands lægi fyrir. Í framhaldi af þessum fyrirvara skyldi komið fyrir nauðsynlegum vörnum sem ákvörðuð væru af Almannavörnum ríkisins. Hreppsnefnd mótmælti þessum fyrirvara. Tillagan var ekki staðfest.
- 1990** Samþykkt var skipulag af Fellsmörk, sem nær yfir jarðirnar Fell, Álftagróf og Keldudal í Mýrdal. Um er að ræða lóðir fyrir almenna skógrækt og heimilt er að byggja frístundahús á lóðum. Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur þetta land á leigu.
- 1998** Deiliskipulag sem tekur til urðunarsvæða fyrir byggingarúrgang og seyru við Uxafótarlæk var samþykkt.
- 2000** Breyting á gildandi aðalskipulagi Víkur var staðfest. Breytingin var eftirfarandi: Á óskipulögðu landi við enda Víkurbrautar er gert ráð fyrir íbúða- og iðnaðarsvæði, íþróttavöllur er færður inná uppdrátt í samræmi við legu hans og loks er gert ráð fyrir að verslunarsvæði norðan Sunnubrautar breytist að hluta í íbúðarsvæði. Deiliskipulag var samþykkt í samræmi við þessa breytingu.
- Deiliskipulag útivistarsvæðis í Dyrhólaey unnið, ekki staðfest.
- 2001** Umhverfismat vegna vikurnáms unnið.
- 2002** Gerð breyting á gildandi aðalskipulagi skv. 21. gr. 1.mgr. Þessi breyting náði til iðnaðarsvæðis (IS2).
- 2005** Deiliskipulag í Dyrhólaey var samþykkt.

**5.5. Íbúðarbyggð**

**5.5.1. Núverandi íbúðar- og atvinnuhúsnæði og aðrar fasteignir**

Samkvæmt fasteignaskrá var fjöldi matseininga í Mýrdalshreppi árið 2000 1,339, heildarrúmmál bygginga var alls 409,611 rúmmetrar. Ræktað land í sveitarfélaginu var


2.032,6 ha. Fjöldi skilgreindra lóða var 255 og samtals var flatarmál þeirra 1.033.555,6 fm og 3.505,3 ha.

Yfirlit um áætlað fasteignamat og stærðir fasteigna frá árinu 2000/2006, í Mýrdalshreppi er sýnt á töflu nr. 8.

Tegund eigna 2000	Fjöldi	Flatarmál	Lóðarmat	Tegund eigna 2006	
*Íbúðarhús og íb. herbergi	135	18,624	16,611	Íbúðir og íb. herbergi	212
Bílskúrar, sérmetnir	73	2,986	1,296	Ræktun	72
Verslunar- og skrifstofuh.	10	1,866	3,224	Hlunnindi	78
Iðnaðarhús	23	7,163	10,760	Önnur mannvirki	630
Vörugæmslur	6	896	1,011	Óbyggðar lóðir	47
Sérhæfðar byggingar	58	9,330	6,906	Jarðir	95
Önnur mannvirki	10	1,340	264		
Óbyggðar lóðir	32	0	6,880	Fjöldi matseininga	1,384
Ræktað land	71	0	0	Rúmmál bygginga	427.492,4 m <sup>3</sup>
Óræktað land jarða	88	0	4,759	Ræktað land	2.012,0 ha
*Íbúðarhús á jörðum	69	10,014	0	Fjöldi lóða	288
Frístundahús	63	3,194	11,469		
Hlunnindi	78	0	0		
Útihús á jörðum	423	53,186	0		
<b>Samtals</b>	<b>1,139</b>	<b>89,704</b>	<b>89,704</b>		

Tafla nr. 8. Fasteignir í sveitarfélaginu skv. fasteignamati 2000/2006.

Heimild: Fasteignamat ríkisins.



Mynd nr. 13: Fasteignir í sveitarfélaginu skv. fasteignamati 2000.

Heimild: Fasteignamat ríkisins.

Í Mýrdalshreppi voru skráðar 204 fullgerðar íbúðir í árslok 2000 og íbúafjöldinn var þá 520, meðalíbúafjöldi á íbúð var því 2,55. Í árslok 2006 voru skráðar íbúðir 212 og hafði því fjölgað um 8. Miðað við þetta eru íbúar/íbúð um 2,34. Landsmeðaltal íbúa/íbúð er nær þrjár íbúar/íbúð. Megin uppbygging núverandi íbúðarhúsnæðis í Mýrdalshreppi stóð yfir á árabílinu 1961 til 1980, eftir þetta tímabil dró nokkuð úr þessari uppbyggingu. Á áðurnefndu tímabili var íbúafjöldunin í

hámarki í sveitarfélaginu. Samkvæmt fasteignaskrá fyrir Mýrdalshrepp var íbúðarrými pr. íbúa árið 1998 samtals u.þ.b. 36.02 fermetrar og voru þá allar íbúðir/íbúar í sveitarfélaginu reiknaðar í þessari tölu. Endurmat fasteigna fór fram árin 1997-1998. Á tímabilinu uppúr aldamótum og til þessa dags hefur á ný hafist nokkur uppbygging íbúðarhúsnæðis sem má telja í edlilegu jafnvægi við aðstæður.

**5.5.2. Húsnæði og landnotkun**

Fremur lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsum í Vík á síðustu árum, eða innan við 10 íbúðir, árabilið 1990-2000. Á undanförunum 10 árum hefur verið byggt eitt nýtt íbúðarhús. Mest var byggt í Vík á árabilinu 1961-1970 eða yfir 40 hús. Meira hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði í dreifbýlishluta Mýrdalshrepps síðustu 15-20

árin. Meðalaldur húsa er þess vegna nokkuð hár þar, flest er húsin 25-40 ára og allt upp í 80 ára gömul. Núverandi íbúðarsvæði (hverfi) í Vík, sem eru ýmist fullbyggð eða eru í uppbyggingu eru í meginatriðum fimm talsins. Á skipulagstímabilinu 2005-2025 er ekki gert ráð fyrir nýjum íbúðasvæðum, þar er rými fyrir 58-60 nýjar íbúðir en fyrir eru 104 íbúðir í Vík.

Íbúðarsvæði	Sv.nr.	Stærð sv.	Byggðar lóðir	Óbyggðar lóðir	Gerð húsa	Heildarfj. lóða
Tún	ÍS1	4,11 ha	18	32	einb., parhús	50
Bakkar	ÍS2	2,64 ha	22	7	einbýli	29
Hjallar	ÍS3	1,49 ha	20	1	einb., parh., raðh.	21
Fit	ÍS4	2,26 ha	24	5	einb., parh., raðh.	29
Undir Bökkunum	ÍS5	1,43 ha	22	0	einb., parhús	22
Smáíbúðahverfi	ÍS6	0,9 ha	4	8	einbýli	12
Samtölur	6 svæði	12,83 ha	110	53		163

Tafla nr. 9. Áætluð nýting íbúðasvæða á skipulagstímanum.

Heimild: BB/SP.

Í Aðalskipulagi Víkur 1975-1995 var áætlun um uppbyggingu eftirfarandi íbúðasvæða:

1. Svæðið austan og norðan við Mýrarbraut (hefur ekki gengið eftir).
2. Svæðið austan við kirkjuna ofan Víkurhamra (hefur ekki gengið eftir).
3. Svæðið við Tún (hefur gengið eftir).

2. Forsendur um íbúðartíðni eftir aldurshópum eru óvissar.
3. Þörfin fyrir íbúðir eftir landshlutum og svæðum getur verið mismunandi, m.a. vegna mismunandi félagslegra aðstæðna.

Áætluð íbúðarþörf var á bilinu 40 til 80 samkv. aðalskipulagstillögunni.

Aðalatriðið varðandi íbúðarspár er þó að kanna hvort um sé að ræða uppsafnaða þörf fyrir húsnæði eða hvort rýmkað hafi um vegna mikilla íbúðabygginga eða brottflutnings frá viðkomandi svæði.

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 er gert ráð fyrir umtalsverðri breytingu á þróun íbúðasvæða frá fyrri tillögum. Uppbyggingin verði sú sem fram kemur í töflu nr. 9, hvað varðar Vík.

Á því skipulagstímabili í Mýrdalshreppi sem framundan er má hugsanlega gera ráð fyrir að nokkrar íbúðir verði aflagðar eða teknar undir aðra starfsemi.

Ef framreikningur á skipulagstímabilinu miðast við 1,2% íbúafjölgun þá er þörf á rúmlega tveimur nýjum íbúðum á ári og er þá reiknað með 3,0 íbúum að meðaltali í hverri íbúð. Miðað við þessar forsendur verður þörfin á næstu 20 árum á bilinu 40 til 50 nýjar íbúðir

Á hverjum tíma hefur reynst erfitt að gera nákvæmar íbúðaspár, en sú fyrsta var gerð héraðs árið 1944. Þessi könnun þótti vönduð, en frávik urðu þó veruleg. Íbúðaspár byggja fyrst og fremst á framreikningi íbúðaparfar með tilliti til mannfjöldaþróunar, en hagsveiflur og tekjuþróun breyta jafnan þessari mynd. Forstöðumaður stofnunar innan Háskóla Íslands hélt því fram á Mannvirkjaþingi (2000) að byggingar íbúðarhúsnæðis myndu „sem næst leggjast af“ á næstu 15 árum. Sem betur fer er ólíklegt að þessi spá gangi eftir og sem dæmi má nefna gerir Orkuspárnefnd ráð fyrir að uppbygging íbúða á Suðurlandi næstu 25 ár verði 15%, sem viðbót við það sem fyrir er. Núverandi fjöldi íbúða í landshlutanum er 7528 og verður fjöldi íbúða því 8657 árið 2025.

Meðalfjöldi fullgerðra íbúða yrði að vera þeim mun meiri eftir því sem íbúðarþróunin yrði jákvæðari en ef stöðnun ríkir munu tölur falla að sama skapi. Auk þessa má að gera ráð fyrir einhverri endurnýjun eldri íbúða.

Forsendur fyrir íbúðaspár byggjast einkum á áhrifum fólksfjöldabreytinga á byggingarþörfina. Vissir annmarkar geta þó komið fram við þessa spá og mætti í þessu sambandi nefna þrjá þætti:

1. Tölur um fjölda íbúða og stærð þeirra eru, í ýmsum tilfellum, ekki alveg nákvæmar (sjá kafla 5.5.1).

Nýtingarhlutfall á svæðum í Vík sem ætluð eru fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi verði ekki hærra en 0.5 og byggingar af þessari gerð verði að jafnaði einlyftar og jafnan eigi hærra en sem nemur 6-7m frá gólfkóta. Á verslunar-

og þjónustusvæðum ásamt miðsvæði getur nýtingarhlutfall verið allt að 0.7, enda er þar gert ráð fyrir að hús geti verið tví- eða þrílyft að hluta eða öllu leyti. Þess skal þó ávallt gætt að útirými sé nægt og að fjöldi bifreiðastæða verði í samræmi við reglur á hverjum tíma.

## 5.6. Atvinnulíf

### 5.6.1. Almenn um atvinnulífið

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífi á Íslandi á undanförunum áratugum með samhlíða breytingu á búsetu. Vægi frumatvinnugreina hefur minnkað en í stað þess hefur þjónusta vaxið.

Grunnur var lagður að talsverðum rekstri í Vík um aldamótin 1900 með stofnun verslunarfélaga. Þessi félag höfðu með höndum margs konar starfsemi. Upp úr því hófst annars konar starfsemi þar, sem hefur verið að þróast, eða í vissum tilfellum lagst af.

Til þessa hefur landbúnaður og þjónusta við hann verið megin uppistaða í atvinnulífinu í Mýrdalshreppi. Ársstörfum í landbúnaði fækkaði á Mýrdalshreppi á árabílinu 1985-1995 úr 107 ársstörfum í um 85 ársstörf og þjónustan dróst mjög saman er sláturhúsin hættu starfsemi.

Framleiðslufyrirtæki eru nokkur í Vík, en öll eru þau fremur smá í sniðum. Stærst fyrirtækja er þjónustofan með 10-15 störf.

Í Vík er enn blönduð atvinnustarfsemi, hún hefur breyst nokkuð á seinustu árum. Verslun hefur dregist saman. Sláturhús eru aflögð og komin iðnaðar- og þjónustustarfsemi í staðinn. Gert er ráð fyrir öflugum vikurvinnslufyrirtæki við Suðurlandsveg (þjóðveg nr 1). Öflug ferðaþjónusta er rekin í Vík og raunar í öllum Mýrdalshreppi. Héraðsstöð Vegagerðarinnar er í Vík, en aðalstöðvar á svæðinu eru á Selfossi.

Hlunnindi, s.s. fuglatekja í björgum, lundaveiði, fýlaveiði, eggjataka og reki færðu Mýrdælum björg í bú fyrir á tímum allt fram á síðustu öld ásamt verðmætri matbjörg úr sjó. Útræði var stundað fram undir 1940 við erfiðar aðstæður og oft hlutust slys af í erfiðum lendingum. Hlunnindi eru enn nýtt að einhverju marki s.s. veiði á fuglum og fiskum.

Mýrdalshreppur er enn skammt á veg kominn hvað bændaskógrækt áhrærir. Aðrar atvinnugreinar hafa aukist í sveitarfélaginu og er mesti vaxtarbroddurinn í ferðaþjónustu.

Í einhverjum mæli sækir fólk vinnu utan sveitarfélagsins, enda þótt það kysi frekar að sækja vinnu í heimabyggð. Eins og víða gildir á Íslandi flyst allt of margt fólk úr sveitarfélaginu sem sótt hefur framhaldsmenntun. Þetta stafar af því að vinnumarkaðurinn á viðkomandi stöðum býður ekki upp á valkosti fyrir þetta fólk.

Undanfarin ár (1999-2002) var í gildi samningur sem undirritaður var 1998 af oddvitum Mýrdals- og Skaftárhrepps við Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands um þróunarverkefni í atvinnu- og byggðamálum. Meginmarkmiðið var að finna leiðir til þess að treysta skilyrði fyrir búsetu í Vestur-Skaftafellssýslu. Leitað var eftir samstarfi við innlenda og erlenda aðila um þáttöku í verkefninu. Samstarf var haft við þróunarsvið Bygðastofnunar við rekstur verkefnisins. Þessi vinna skilaði góðum árangri hvað gagnasöfnun, kynningu á ýmsum valkostum og fleira áhrærir.

Á Suðurlandi voru 3.786 samanlögð ársverk í þjónustugreinum (1997) 48,3%. Þar af voru störf við verslun 12,2%, samgöngur 4,5%, banka og peningastofnanir 4,8%.

Líkur eru á því að störf í þjónustugreinum verði flest á þéttbýlissvæðinu á Suðurlandi við umönnun sjúkra, kennsla, bankastarfsemi og verslun. Næstur er landbúnaður með 20,8% ársverk. Fyrir 10 árum voru ársverk í landbúnaði 25,1%. Þjónusta sem tengist atvinnulífi í héraði hefur átt stóran þátt í uppbyggingu Víkur. Þetta hefur sérstaklega átt við um þjónustu við landbúnaðinn.

### 5.6.2. Ársverk


Með samdrætti í landbúnaði í sveitarfélaginu og veru þéttbýlis í Vík hefur atvinnulífið verið að þróast í æ ríkari mæli í þjónustutengdar greinar. Störf í byggingariðnaði og verktöku eru mikilvæg fyrir sveitarfélagið en fremur sveiflukennd. Mestur vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu og tengdri þjónustu. Allar líkur eru á að þessi þróun muni vara enn um skeið.

Unnið hefur verið að undirbúningi á vikurtöku á Mýrdalssandi og úrvinnslu á vikri í Vík. Talsverðar vonir hafa verið bundnar við þessa starfsemi og væntingar hafa staðið til að hlutfallslega mörg störf geti skapast í Mýrdalshreppi.

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Landbúnaður	107	120	114	101	96	103	103	104	95	90	85	83	77
Fiskveiðar	3	3	3	5	6	4	5	1	2	2	3	3	3
Fiskvinnsla	2	3	5	2	3	4	1	1	0	0	0	1	1
Iðnaður	55	52	58	55	57	56	41	37	27	30	35	32	33
Byggingar	32	35	39	39	38	35	32	33	39	37	34	31	34
Verslun	40	41	53	36	36	35	30	32	32	33	33	34	35
Samgöngur	13	15	13	18	17	18	17	17	16	17	21	23	18
Bankar	20	24	22	22	21	19	16	16	18	14	15	14	16
Þjónusta	43	55	62	56	62	61	64	56	61	59	59	61	62
Alls	313	348	368	334	336	334	307	298	290	281	284	282	278

Tafla nr. 10. Ársverk í Mýrdalshreppi 1985-1997.

Heimild: Byggðastofnun.



Mynd nr. 14: Ársverk í Mýrdalshreppi 1985-1997.

Heimild: Byggðastofnun.

Eins og fram kemur í tölum hér á undan hefur orðið allmikil breyting á fjölda starfa innan einstakra starfsgreina í Mýrdalshreppi á því 11 ára tímabili sem þær ná til (1985-1995). Nokkur fækkun ársverka hefur orðið við landbúnaðstarfsemi. Í iðnaði hefur orðið veruleg fækkun en innan byggingastarfsemi er staðan svipuð í byrjun og lok tímabilsins. Störf við verslun hefur fækkað nokkuð, en störfum við samgöngur hefur fjölgað. Um fjórðungs fækkun hefur orðið í störfum við bankastarfsemi. Störfum við þjónustugreinar hefur fjölgað.

Fækkun á heildarfjölda starfa í Mýrdalshreppi, þegar borið er saman upphafsár og lokaár, er um 9%. Flest voru störfin árið 1987 eða 368, að öðru leyti hefur verið um að ræða tiltölulega jafna fækkun.

### 5.6.3. Landbúnaður

Landbúnaðarsvæði er skilgreint, að jafnaði, það svæði sem nær upp í 300 metra yfir sjávarmáli. Landbúnaðarsvæðið mun rúma landnýtingu til skógræktar, stakra frístundahúsa og fleiri þátta, sem fram koma í 2. kafla greinargerðar. Svæði þar ofar og upp til heiða og jökla er kallað óbyggt svæði, enda þótt það sé að hluta mikilvægt beitarland og tengist á þann hátt landbúnaði.

Allt frá landnámi og fram í síðustu áratugi nýliðinnar aldar var landbúnaður afgerandi mikilvægust atvinnugreina í Mýrdalshreppi. Mest var þá búið með sauðfé. Yfirleitt eru jarðir í Mýrdalshreppi heldur minni en gerist á Íslandi og þess vegna er sveitin óvenju þéttbyggð og bændur hafa nýtt ræktanlegt land svo vel sem kostur er á. Félagsbúskapur hefur einnig verið meiri á svæðinu en gerist og gengur og um þriðjungur bænda býr félagsbúi. Allstór hluti bænda hefur aukatekjur með búrekstrinum.

Víða er gróður viðkvæmur í Mýrdalshreppi sem á seinni tímum stafar af því hversu móbergið veðrast hratt og þess vegna er jarðvegsmyndun ör og jarðvegurinn laus og foggjarn. Allmikið hefur dregið úr beit í sveitarfélaginu öllu enda hefur sauðfé fækkað um 30% á síðustu 15-20 árum, og verður því ekki kennt um uppblásturinn. Landgræðsla hefur verið mikil í Mýrdal, frá austri má nefna lönd í Höfðabrekku og Fagradal þar sem sandar og melar við ströndina hafa verið ræktaðir. Melgresi hefur verið sáð í fjörur allt að Reynisfjalli og raunar enn lengra til vesturs með ströndinni. Á heimalöndum og heiðum hafa verið ræktað stór svæði. Landgræðsla hefur verið mikil í Steigarhálsi, einnig í nágrenni Péturseyjar og í landi Ytri-Sólheima. Lúpínuræktun hófst fyrir 1990 á Mýrdalssandi, á milli Múlakvíslar og Blautukvíslar, þar eru góð skilyrði til slíkrar ræktunar. Þeir sem staðið hafa að landgræðslunni eru

einstaklingar, bændur og félagssamtök í hreppnum, með stuðningi frá Landgræðslu ríkisins og Mýrdalshreppi. Litlir skógarlundir eru víða við bæjarhús.

Skilyrði til að stunda landbúnað í Mýrdalshreppi eru að ýmsu leyti tiltölulega góð og þar hefur framleiðni verið með því besta í landinu. Þegar landnotun í Mýrdalshreppi er skoðuð í heild er stærstur hluti lands þar ætlaður til landbúnaðarnota eins og verið hefur. Tún- og önnur jarðræktarsvæði í sveitarfélaginu eru nú um 2100 ha. Hlutfallsleg framleiðsla fódurvara og grænmetis er há í Mýrdalshreppi.

Hefðbundinn landbúnaður hefur verið fremur á undanhaldi, störfum hefur fækkað og

framleiðsla dregist saman. Á tveimur bújörðum hefur verið gerður samningur við Suðurlandsskóga, þ.e. á jörðinni Neðri-Dal og Steig.

Það er einkennandi fyrir dreifingu bújarða í Mýrdalshreppi að í mörgum tilfellum er um að ræða eins konar jarðaþyrpingu sem kölluð eru hverfi. Bújarðir voru að líkindum flestar í Mýrdal á tímabilinu um 1850 eða rúmlega 100 talsins.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um samsetningu og umfang búreksturs í sveitarfélaginu í heild eru hér birtar töflur sem sýna fjölda bújarða, framleiðslu á jörðum og nokkrar fleiri upplýsingar.

Bújarðir	Ræktað land, ha	Eignar hald	Starfsemi í landbúnaði/landnotkun	Önnur landnotkun á jörðum
Ás		R.sjóður	Í ábúð. Sauðfjárrækt.	Gistihús,ferðaðþjónusta.
Brekkur 1	51,1	R.sjóður	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Brekkur 3	42,6	R.sjóður	Í ábúð. Mjólkur- og kjötframleiðsla.	Eitt frístundahús.
Eystri-Sólheimar	28,9	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur.	Bændaskógrækt
Fagridalur	41,5	Einkal.	Í ábúð. Sauðfjárrækt. Lax- og silungsveiði, fiskeldi.	Eitt frístundahús.
Garðar	20,8	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	Svefnskáli, ferðaðþjónusta.
Giljur	34,8	Einkal.	Í ábúð. Sauðfjárrækt, nokkrir nautgripir.	Eitt frístundahús.
Hryggir	25,8	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Hvoll I	49,2	Einkal.	Í ábúð. Mjólkurframleiðsla, sauðfé.	
Hvoll II	47,3	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur; sauðfé, rófur, hross.	
Kerlingardalur I	60,4	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur. Lax- og silungsveiði.	Eitt frístundahús.
Ketilsstaðir 2		R.sjóður	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Ketilsstaðir 3		Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur; sauðfé.	
Kvíaból	1,0	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur.	
Litla-Heiði	65,1	Einkal.	Í ábúð. Sauðfjárrækt. Lax- og silungsveiði.	Tvö frístundahús og veiðihús.
Lækjarbakki	35,3	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Norður-Foss	48,8	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Nykhóll	59,1	Einkal.	Í ábúð. Sauðfjárrækt,hross.	
Pétursey I	22,8	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	Íþróttavöllur, aðst.h. hús.
Pétursey II	28,6	Einkal.	Í ábúð. Mjólkur- og kjötframleiðsla, garðrækt.	Ferðaðþjónusta.
Presthús II	9,0	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur; sauðfé.	
Rauðháls	28,0	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Reynir		Einkal.	Í ábúð. Mjólkur- og kjötframleiðsla, fáeinar kindur.	Tvö frístundahús.
Skagnes II		Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur; sauðfé.	
Skammidalur II		Einkal.	Í ábúð. Mjólkur- og kjötframleiðsla, fáeinar kindur.	
Skeiðflöt	32,2	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur.	
Sólheimahjáleiga	27,0	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	Ferðaðþjónusta.
Sólheimatunga	15,0	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur; sauðfé.	
Steig	36,6	Einkal.	Í ábúð. Sauðfjárrækt, nokkrir nautgripir.	Ferðaðþjónusta.
Stóra-Heiði		Einkal.	Í ábúð. Sauðfjárrækt.	
Suður-Foss		Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	
Ytri-Sólheimar 1	25,0	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur; sauðfé, hross.	
Ytri-Sólheimar 2-4	25,6	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur.	Þrjú frístundahús.
Ytri-Sólheimar 3	30,0	Einkal.	Í ábúð. Lítil búrekstur; sauðfé.	
Vatnsskarðshólar	30,2	Einkal.	Í ábúð. Mjólkur- og kjötframleiðsla.	Eitt frístundahús.
Vellir	22,0	Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur, hross.	Ferðaðþjónusta.
Þórisholt		Einkal.	Í ábúð. Blandaður búrekstur, rófur.	Ferðaðþjónusta.
<b>Samtals: 37 jarðir</b>				

Tafla nr. 11. Ábúð á bújörðum og fleiri upplýsingar (haustið 2007). Heimild: Sveinn Pálsson/Heimamenn.

\*Skýringar: Einkal.-einkaland, R.sjóður-ríkissjóður, S.sjóður-sveitarsjóður

Hér að ofan eru bújarðir taldar upp með sama hætti og gert er hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Í töflum nr. 10, 11 og 12 er notast við stafrófsröðun.

Í heild eru átta jarðir í eigu ríkisjóðs, þrjá í eigu sveitarsjóðs en 79 jörð er í einkaeigu. Í Mýrdalshreppi er hefðbundinn búrekstur stundaður á 41 jörð. Ábúð án hefðbundins búrekstrar og íbúðarhús á bújörðum er á 21

jörðum og jarðarpörtum -(tafla 12). Eyðijarðir eru 27 talsins og eru sumar þeirra nú nýttar af öðrum bújörðum eða gömul hús nýtt sem frístundahús (tafla 13). Af eyðijörðum eru þrjár í eigu sveitarsjóðs. Oft getur verið erfitt að gera greinarmun á stöðu einstakra jarða eða jarðarluta með tilliti til hvort telja þær til jarða með takmarkaðri ábúð eða til eyðijarða.

Í samræmi við skýringarupprátt E er fjallað um þær jarðir sem eru í hefðbundnum

búrekstri og aðrar jarðeignir eru merktar, annars vegar sem jarðir í takmarkaðri ábúð og hins vegar eyðijarðir. Í einstaka tilfellum er um að ræða stök íbúðarhús í bújörðum, á skilgreindum lóðum, og verður þeirra ekki sérstaklega getið.

Þar sem stök frístundahús eru á bújörðum verður það sýnt á skýringarupprátti I sem sýnir staðsetningu slíkra húsa.

Bújarðir	Ræktað land,	Eignarhald	Landnotkun	Önnur landnotkun, skýringar
Dyrhólar- Eystri	28,2	Einkal.	Íbúðarhús á lóð.	
Eyjarhólar	35,1	Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	Aðst.h. Hestam. Fél. Sindra.
Framnes	15,0	Einkal.	Lítill búrekstur, hross.	Eitt frístundahús.
Garðakot	18,9	Einkal.	Í ábúð. Lítill búrekstur.	
Höfðabrekka	82,3	Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	Hótel, flugskýli.
Kaldrananes	24,4	Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	
Ketilsstaðir Ia	28,9	R.sjóður	Í ábúð. Ekki búrekstur.	
Kerlingardalur 2	8,3	Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	
Litli-Hvammur I		Leigulóð	Íbúðarhús á lóð.	Úr landi Ketilsstaða 3.
Litli-Hvammur II		Leigulóð	Íbúðarhús á lóð.	Úr landi Ketilsstaða 3.
Norður-Götur	11,6	Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	
Presthús I	23,8	Einkal.	Íbúðarhús á lóð.	
Skagnes I		Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	
Skammidalur I		Einkal.	Í ábúð. Ekki búrekstur.	
<b>Samtals: 14</b>				

Tafla nr. 12. Bújarðir án búrekstrar og íbúðarhús á lóð, uppl. (haustið 2007). Heimild: S P/Heimamenn.

Bújarðir í eyði	Ræktað land, ha	Eignarhald	Landnotkun	Önnur landnotkun
Alftagróf	13,7	Einkal.	Frístundasvæði	
Bólstaður	18,8	Einkal.	Ekki jarðarnytjar.	
Breiðahlíð		Einkal.	Ekki jarðarnytjar.	
Dyrhólahjáleiga		Einkal.	Nytjuð.	
Dyrhólar- Vestri	4,0	S.sjóður	Nytjuð	
Engigarður		Einkal.	Ekki jarðarnytjar.	
Fell		Einkal.	Frístunda- og útivistarsvæði.	Hluti af landi Fellsmerkur.
Fjós		Einkal.	Ekki jarðarnytjar.	
Harðivöllur		Einkal.	Ekki jarðarnytjar.	Eitt frístundahús.
Hellur I		Einkal.	Nytjuð.	Eitt frístundahús.
Hellur II		Einkal.	Nytjuð	
Hjörleifshöfði		Einkal.	Í eyði frá 1936.	
Holt		Einkal.	Ekki búrekstur.	
Keldudalur		R.sjóður	Frístunda- og útivistarsvæði.	Hluti af landi Fellsmerkur.
Litlu-Hólar	8,9	Einkal.	Ekki búrekstur.	
Loftsalir	16,6	Einkal.	Ekki búrekstur.	
Neðri-Dalur	8,0	Einkal.	Frístundahús, ekki búrekstur.	Alm. skógrækt, bændskógr.
Norðurgarður		Einkal.	Ekki í ábúð.	
Norður-Hvammur		Einkal.	Hús á jörð.	
Norður-Vík		S.sjóður		
Presthús I	23,8	Einkal.	Nytjuð.	Nytjað frá Kvíabóli.
Reynisbrekka	15,3	Einkal.		
Reynisdalur	10,1	Einkal.		Tvö frístundahús.
Reynishjáleiga	4,0	Einkal.		
Reynisholt I		Einkal.		
Reynisholt II-III		Einkal.		
Reynisholt IV		Einkal.		
Reynisholt V		Einkal.		
Reynishólar		Einkal.	Nytjuð.	
Skammadalshóll	7,5	Einkal.	Nytjuð.	
Rof		Einkal.		
Rofhagi		Einkal.		
Stóri-Dalur		Einkal.		
Suður-Götur		Einkal.	Nytjuð.	
Suður-Hvammur		Einkal.	Nytjuð.	
Suður-Vík		S.sjóður		
Teigagerði	17,2	Einkal.	Íbúðarhús á lóð.	Úr landi Reynishóla.
<b>Samtals: 37</b>				

Tafla nr. 13. Eyðibýli, upplýsingar (haustið 2007). Heimild: Sveinn Pálsson/Heimamenn

\*Skýringar: Einkal.-einkaland, R.sjóður-ríkissjóður, S.sjóður-sveitarsjóður.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um samsetningu og umfang búreksturs í sveitarfélaginu í heild eru hér birtar töflur sem sýna framleiðslu á jörðum og nokkrar fleiri upplýsingar. Greiðslumark í mjólk í upphafi verðlagsárs 2007/2008 var 1.597.661 lítri á 15 jörðum, en var verðlagsárið 1998-99 1.625.226 lítrar á 20 jörðum. Heildargreiðslumark í sauðfé var í ársbyrjun 2007 3.862.1 ærgildi en var árið 1999 4.662,2

ærgildi. Í Mýrdalshreppi voru árið 2007 27 jarðir sem skráðar eru fyrir ærgildum. Mjólkurframleiðsla hefur haldist nokkuð stöðug í síðari árum en nokkurs samdráttar gætir í framleiðslu kindakjöts. Erfitt er að segja til um hvert stefnir í framtíðinni en vægi landbúnaðar verður enn um sinn verulegt í Mýrdalshreppi.

Greiðslumark í sauðfé; ærgildi	Fjöldi bújarða		Lítrar mjólkur	Fjöldi bújarða	
	1998	2007		1998-99	2007-08
0,0-40,0	5	6	0-50,000	4	0
41,0-60,0	4	2	50,001-75,000	3	3
61,0-100,0	7	5	75,001-100,000	9	3
101,0-200,0	11	7	100,001-150,000	3	8
200,0-	4	7	150,001-	1	1
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>27</b>	<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>15</b>

Tafla nr. 14 og 15. Greiðslumark í kindakjöti 1998/2007 og greiðslumark í mjólk 1998-99/2007-08.

Heimild: Bún. Suðurl.

Samkvæmt ásetningsskýrslu haustið 2000 var samanlögð áhöfn í búrekstri í Mýrdalshreppi

eftirfarandi, einnig eru sýndar tölur frá tímabilinu til 1990, til samanburðar :

Búfénaður	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Nautgripir	1508	1489	1542	1502	1573	1531	1485	1427	1379	1364	1268	1288
Kýr	558	537	532	550	563	547	519	447	431	505	422	458
Kvígur	60	84	71	233	117	70	93	108	146	98	122	124
Geldneyti	575	607	504	278	439	467	463	397	411	408	385	344
Sauðfé	5281	5378	5581	5699	5802	5551	5548	5403	5358	5350	5466	5485
Ær	4325	4348	4456	4461	4560	4494	4481	4375	4366	4218	4326	4340
Hross	491	522	521	506	513	467	458	406	339	359	294	255
Hænur	32	35	13	0	0	10	0	20	14	5	6	10
Svín- gyltur+geltir	73	74	77	78	72	65	72	19	0	0	0	0
Refir	0	0	38	35	0	0	0	0	0	0	0	0

Tafla nr. 16. Ásett búfé árabilið 1995 til 2006.


Heimild: Búnaðarsambandið/Heimamenn.

Heyfengur/rækt	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Þurrhey, rúmmetrar	15.831	8.159	7.660	4.800	4.654	2.408	1.659	1.614	1.073	1.075	1.055
Vothey	425	300	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Heyrúllur, stk	23.017	27.890	24.532	26.759	29.942	30.505	26.023	28.841	23.184	25.311	23.734
Korn	65,8	72,7	66,4	31,2	25,0	59,7	89	72	75,5	102,5	90,4
Kartöflur	60,7	49,0	52,0	50,0	0	0	0	0	0	0	0
Rótarávextir	240,0	175,0	141,0	214,0	215,0	70	0	0	0	0	0
Kornhálmur, m3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	184	191

Tafla nr. 17. Heyfengur og ræktun árabilið 1996 til 2006.

Heimild: Búnaðarsambandið/Heimamenn.

Frá árinu 1998 hefur vothey og heyrúllur verið talið saman.



Mynd nr. 15: Fóðuröflun, þróun 1990-2000.

Heimild: Búnaðarsambandið/Heimamenn.

Eyðijarðir eru allmargar í Mýrdalshreppi, eins og áður segir, og hefur orðið nokkur fjölgun á

þeim síðari ár. Fjallskilaneindir eru tvær í Mýrdalshreppi; vestri og eystri.

Afréttar- og heiðarlönd Mýrdalshrepps er tiltölulega lítil, en afréttir eru Höfðabrekku- og Kerlingardalsafréttir.

**Höfðabrekkuafréttur** afmarkast af Múlakvísl að austan, Afréttisá að sunnan, Raufargili að vestan og Mýrdalsjökli að norðan. Vestan Þakgils kallast Miðafréttur en austan Austurafréttur. Afrétturinn er talin fremur graslítill, en fjölskrúðugur að sumarlagi og háfjallagróður talsverður. Í sjálfum afréttinum er ekki mikið um ógöngur, sem kallast svo, en einstaka kaflar eru slæmir yfirferðar.

**Kerlingardalsafréttur** tekur við vestan Höfðabrekkuafréttar og afmarkast að austan af Raufargili, að sunnan af Sundaá, að vestan af Heiðargilsá og að norðan Mýrdalsjökli. Austast heitir Kamsheiði, síðan Svínatungur og vestast Koltungur. Áin úr Raufargili, sem er allmikil, rennur í **Afréttisá** sem fellur til austurs í **Múlakvísl**. Vestan Kamsheiðar er **Kambsgil** og vatn úr því rennur í Sundaá og síðan í Kerlingadalsá. Kamsheiði er með mjög bröttum hlíðum en tiltölulega slétt og víðlent að ofan. **Kerlingar** eru fjallshryggur sem gengur suður úr heiðinni. Að ofan eru Kerlingar eins og hvöss egg, en þegar neðar kemur þykkna þær dálítið. Víða eru þarna ókleifir hamrar og miklir og brattir fláar og er heiðin erfið til smölunar og yfirferðar. Í Svínatungum er talsvert graslendi.

**Höfðabrekku- og Kerlingardalsheiðar** afmarkast af Afréttisá að norðan, heiðarbrúunum við Múlakvísl að austan, Sundaá og Kerlingardalsá að vestan og heimalöndum Kerlingardal, Reynisbreykkju og Höfðabrekku að sunnan.

**Heiðarheiði** er næst vestan Kerlingardalsafréttar, afmarkast af Heiðargilsá að austan, heimalöndum Heiðardalsjarða að sunnan, Dalaheiði að vestan og Mýrdalsjökli að norðan. Engin skýr landfræðileg mörk eru milli Heiðarheiðar og Dalaheiðar en mörk liggja úr Mosakambi suður í Skiptingaháls og þaðan í Norðurgilshaus. Þaðan fara þau í norðurhorn Gæsatinds og þaðan í Hestkambasel.

**Dalaheiði** liggur vestan Heiðarheiðar, afmarkast að austan af Heiðarheiði eins og lýst er hér að ofan, að sunnan af heimalöndum og að vestan af Hafursá. Gvendarfell liggur norðan Dalaheiðar og er hluti Dalajarða.

**Stórhöfði** er afréttarland austur af Keldudalsheiði, milli Lambárgils að vestan og Hafursárgils að austan. Stórhöfði tilheyrir jörðunum Eystri-Pétursey, Vestri-Pétursey, Völlum, Nykhól og Eyjarhólum.

Vestan Stórhöfða eru **Keldudalsheiði, Holtsheiði og Fellsheiði**. Vesturmörk Fellsheiðar er um Klifurárgil.

Heiðarlönd **Eystri- og Ytri-Sólheimajarða** afmarkast af Sólheimajökli að vestan, Mýrdalsjökli að norðan, Klifurárgili að austan og heimalöndum að sunnan. Ytri-Sólheimum tilheyrir einnig Hvítmaga sem nær á milli Sólheimajökuls að austan og Jökulsár í Jökulsárgili að vestan. Mörk milli Ytri- og Eystri-Sólheima er lína frá upptökum Merkigilslækjar í Glæraugum til hánorðurs í jökul.

**Heiðarlönd Norður- og Suður-Víkur og Fagradals** eru á Víkur-, Arnarstakks- og Fagradalsheiðum.

Núverandi fjallskilaréttir sveitarfélagsins eru Heiðar-, Nes- og Kerlingardalsréttir.

Mýrdalshreppur er á svæði Mjólkursamsölnunar á Selfossi og þar leggja bændur inn mjólk sína.

Hlunnindi í sveitarfélaginu, sem fyrrum voru talin mikilvæg, voru silungsveiði, sjófuglatekja (sérstaklega fýlsunga), rekaviður og útræði.

Sex svæði í Mýrdalshreppi eru undir umsjón Landgræðslu ríkisins. Sandfok hefur verið mikið í Mýrdalshreppi eins og í Vestur-Skaftafellssýslu allri. Landgræðsla ríkisins hefur sett þar upp fjölda girðinga, yfirleitt með góðum árangri, en sums staðar þarf meiri aðgerða við. Eftirfarandi tafla lýsir stöðu mála á einstökum svæðum sem eru sex talsins.

	<b>Staður-svæði</b>	<b>Hvenær girt, ár</b>	<b>Lengd í km</b>	<b>Flatarmál í ha</b>	<b>Skr.nr.</b>
1	Ytri-Sólheimar	1913	2,4	38	117
2	Vík í Mýrdal	1933-1984	6,0	532	21/45/61
3	Dyrhólaey, Pétursey	1935-1978	12,6	750	25
4	Sólheimasandur	1956	3,2	60	49
5	Hafursáaurar	1980	5,0	270	121
6	Mýrdalssandur (eystri)	1988			127

Tafla nr. 18: Landgræðslugirðingar í Mýrdalshreppi

Heimild: Landgræðsla ríkisins

**5.6.4. Iðnaður**

Samkvæmt skilgreiningu Fasteignamats ríkisins eru 23 iðnaðarhús og sex vörugeymslur í Mýrdalshreppi. Eins og sést á töflunni hér að neðan eru iðnaðar- og þjónustufyrirtæki nokkur í Mýrdalshreppi, sé tekið mið af íbúafjölda þar. Þessi fyrirtæki vinna m.a. á sviði verktoðu og njóta þau síðan stuðnings annarra þjónustufyrirtækja sem rekin eru í Vík. Sjá einnig skrá yfir þjónustufyrirtæki í kafla 5.6.6. Þegar skrár eru skoðaðar og bornar saman við stöðu mála árið 1990 kemur í ljós að nokkur þýðingarmikil fyrirtæki sem þá störfuðu í Mýrdalshreppi hafa

hætt rekstri, má þá nefna sláturhús SS og saumastofuna Gæði. Allmikil fækkun starfa í iðnaði gefur einnig til kynna hver þróun þessara mála hefur verið.

Starfsemi í iðnaði er mjög þýðingarmikill í Mýrdalshreppi og verður það viðvarandi verk-efni einstaklinga og fyrirtækja að huga að nýsköpun og þróun í starfsgreininni.

Handverk er talsvert stundað í Mýrdalshreppi og þessi starfsemi tengist mjög vel ferðaþjónustunni. Ljóst er að markaður er fyrir gerð góðra og vel grundaðra minjagripa í þágu ferðaþjónustunnar.

Nafn	Starfsemi	Heimili
Andrés Pálmason	Verktaki	Kerlingardal, 871 Vík
Auðbert og Vigfús Páll ehf	Vöruflutningar	Sunnubraut 15
Bíladrangur ehf	Vöruflutningar	Nykhóli, 871 Vík
Klakkur ehf.	Bygginga- og gjafavöruverslun - steypusala	Smiðjuvegi 9
Fagradalsbleikja, reykhus	Matvælaframleiðsla	Fagradal, 871 Vík
Framrás ehf	Jarðvinnuverktakar, bifreiðaviðgerðir	Smiðjuvegi 17
Gunnar Einarsson	Verktaki	Víkurbraut 3
Jeppar og allt ehf	Bílabreytingar – leiga geymsluhúsnæðis	Sunnubraut 12-14
Rafsuð ehf	Rafverktaki	Suðurvíkurvegi 6
Trévík ehf	Trésmiðja	Víkurbraut 15
Vélsmiðja Smára Tómassonar	Vélsmiðja	Smiðjuvegi 13
Víkurhús slf	Húsbyggingar og mannvirkjagerð	Sunnubraut 21
Víkurþjón ehf	Framleiðsla á ullarvörum og sokkum	Austurvegi 20
Ógmundur Ólafsson ehf	Sorphirða	Víkurbraut 15

**Tafla nr. 19. Skrá yfir iðnfyrirtæki og verktakaþjónustu í Mýrdalshreppi í ágúst 2007.** Heimild: Heimamenn.

**5.6.5. Ferðaþjónusta, frístundasvæði**

Ferðaþjónusta af ýmsum toga er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og hefur uppbygging greininni í Mýrdalshreppi verið mikil hin síðustu ár. Fjöldi starfa við ferðaþjónustuna hefur vaxið í samræmi við aukna uppbyggingu. Helsta markmiðið nú er að lengja þann tíma sem ferðaþjónusta stendur yfir.

Í Svæðisbundinni byggðaaætlun fyrir Suðurland eru miklar vonir bundnar við þessa atvinnugrein. Nú eru í boði í Mýrdalshreppi hótél, gistiheimili, farfuglaheimili, bændagisting og tjaldsvæði. Eins og sést á töflu nr. 20 kemur í ljós að rúmlega 20 aðilar eru með virka ferðaþjónustu sem er að vissu marki töluvert sérhæfð og valkostir með ýmsu móti.

Heildarfjöldi gistirýma sem boðið er uppá í Mýrdalshreppi voru árið 2007 nær fimm hundruð. Aðstaða fyrir veitingaþjónusta er mjög ríkuleg og þar eru hlutfallslega margir sem bjóða þjónustu af þessu tagi.

Lögð er áhersla á að ferðaþjónusta tengist náttúru og menningu svæðisins. Helstu valkostir í afþreyingu eru: Kaup á veiðileyfum, lengri og skemmri hestaferðir, jeppaferð inná afrétt, skoðun á handverksframleiðslu heimamanna, golfvöllur, vélsleðaferðir á Mýrdalsjökul, skoðunarferðir með Reynisflugi, siglingar að Dyrhólaey auk þess eru margar merktar gönguleiðir í Mýrdal.

Lögð er áhersla á að ferðaþjónusta verði rekin með þeim hætti að grundvöllur hennar – sérstæð náttúra og menning Mýrdælinga – fái einnig nýst framtíðarkynslóðum.

Nafn	Starfsemi	Heimili
Arcanum	Vélsleðaferðir á Mýrdalsjökli	Ytri-Sólheimum I, 871 Vík
Gistihúsið Ársalir	Gistihús	Austurvegi 7, 870 Vík
Brydebúð	Sýningar, upplýsingamiðstöð	Víkurbraut 28, 870 Vík
Dyrhólaeyjarferðir	Hjólábataferðir	Vatnsskarðshólum, 871 Vík
Ferðaþjónusta bænda, Sólheimahjáleigu	Gisting	Sólheimahjáleigu, 871 Vík
Ferðaþjónusta bænda, Eystri Sólheimum	Gisting	Eystri-Sólheimar, 871 Vík
Ferðaþjónusta bænda, Pétursey 2	Gisting	Pétursey II, 871 Vík
Ferðaþjónusta bænda, Völlum	Gisting og hestaleiga	Vellir, 871 Vík
Ferðaþjónusta bænda, Steig	Gisting	Steig, 871 Vík
Farfuglaheimilið Norður Vík	Gisting	Suðurvíkurvegur 5, 870 Vík

Halldórskafti	Veitingar	Mánabraut 14, 870 Vík
Hópfærðabílar Suðurlands	Fólksflutningar	Höfðabrekka, 871 Vík
Hótel Höfðabrekka	Gisting	Víkurbraut 26, 870 Vík
Hótel Lundi	Gisting	Brekkur I, 871 Vík
Hótel Dyrhólaey	Gisting	Klettsvegur 1, 870 Vík
Hótel Vík í Mýrdal	Gisting	Klettsvegur 1, 870 Vík
Hundasleðaferðir	Hundasleðaferðir á Mýrdalsjökli	Austurvegur 25, 870 Vík
Smáhýsið og kaffihýsið Görðum	Gisting og veitingar	Garðar, 871 Vík
Tjaldsvæðið Vík	Tjaldstæði og sumarhús	Klettsvegur 7, 870 Vík
Víkurskáli	Söluskáli og veitingar	Austurvegur 18, 870 Vík
Tjaldstæði Þakgili	Tjaldstæði og smáhýsi	Sigtún 6, 870 Vík
<b>Tafla nr. 20. Skrá yfir fyrirtæki í ferðaþjónustu í Mýrdalshreppi í ágúst 2007. Heimild: Heimamenn.</b>		

Í Fellsmörk; Felli, Álftagróf og Keldudal, hefur verið unnið ígildi deiliskipulags sem er leiðbeinandi fyrir uppbygginguna þar, bæði hvað frístundahús og opin græn svæði varðar. Árið 1989 tók Skógræktarfélag Reykjavíkur á leigu þessar þrjár ríkisjarðir. Jörðunum var skipt í svokallaðar landnemaspildur, þar sem einstaklingum gafst tækifæri á að leigja lönd til skógræktar auk þess að hafa rétt til þess að

byggja þar frístundahús. Í Fellsmörk er gert ráð fyrir allt að 72 frístundahúsaloðum. Þar hafa nú verið reist 10 frístundahús.

Frístundahús hafa verið reist nokkuð víða í Mýrdalshreppi, sem ýmist eru í einkaeigu eða í eigu félagsamtaka. Frístundahús sem eru stök eða á skipulögðum svæðum (með eyðibýlum, sjá FMR) voru samtals 36 árið 2003.

Bújörð	Fjöldi frístundahúsa/annað	Bújörð	Fjöldi frístundahúsa/annað
Brekkur I	Eitt frístundahús	Pétursey 1	Eitt frístundahús
Eystri-Sólheimar	Eitt frístundahús	Reynir	Tvö frístundahús
Fagridalur	Eitt frístundahús	Reynisdalur	Tvö frístundahús
Fell	Eitt frístundahús	Reynishjáleiga	Eitt frístundahús
Fellsmörk	Tíu frístundahús	Reynisholt	Eitt frístundahús
Hellur I	Eitt frístundahús	Sigdalur	Eitt frístundahús
Kerlingardalur	Eitt frístundahús	Sólheimar	Eitt frístundahús
Litla-Heiði	Þrjú frístundahús	Stóra-Heiði	Tvö frístundahús
Neðri-Dalur	Eitt frístundahús	Vatnsskarðshólar	Eitt frístundahús
Norður-Garður	Eitt frístundahús	Ytri-Sólheimar	Þrjú frístundahús
<b>Samtals: 36 frístundahús</b>			

Tafla nr. 21. Núverandi frístundahús /-svæði 2003.

Heimild: Fasteignamat/Heimamenn.

Á meðan á vinnunni við aðalskipulagið stóð var gerð athugun á áformum landeigenda landnotkun á landi þeirra. Átta aðilar komu fram með hugmyndir um uppbyggingu frístunda- byggða og meðal þeirra komu einnig fram

hugmyndir um víðtækari uppbyggingu, s.s. ferðaþjónustu og afþreyingu. Sjá kafla nr. 7.0.

Bújörð	Fjöldi frístundahúsa	Stærð svæðis	Bújörð	Fjöldi frístundahúsa	Stærð svæðis
Ytri-Sólheimar (FS1)	8 frístundahús		Ey-Sólheimar (FS5)		
Reynisdalur (FS2)	>3 frístundahús				
Fellsmörk (FS3)	>72 frístundahús		Fríst.byggð í Vík (FS6)	12 frístundahús	5,94 ha
Reynisholt 1 (FS4)	4 frístundahús	4.00 ha	Stakt hús í Vík (FS7)	Eitt hús	3200 fm

Tafla nr. 22. Frístundasvæði samkvæmt aðalskipulaginu.

Heimild: Fasteignamat/Heimamenn.

Staður	Fjöldi gesta	Staður	Fjöldi gesta
Hótel Dyrhólaey (VP9)	107	Steig (VP16)	9
Hótel Vík (VP6)	42	Ársalir (VP2)	12
Hótel Vík-sumarhús	20	Ársalir - svefnpokapláss	14
Hótel Lundi (MS1)	22	Sólheimahjáleiga (VP10)	18
Staður	Fjöldi gesta	Staður	Fjöldi gesta
Hótel Lundi -svefnpokapláss	20	Vellir, -sumarhús (VP14)	10
Hótel Höfðabrekka (VP8)	130	Garðar, -svefnhýsi	4
Norður-Vík, farfluglaheimili (VP1)	36	Hötturinn, -sumarhús	12
<b>Samtals gistirými</b>			<b>456</b>

Tafla nr. 23. Gistirými í Mýrdalshreppi, heildarframboð, 2007.

Heimild: Sveinn Pálsson..

	Fjöldi gistaða			Fjöldi herbergja			Fjöldi rúma		
	Alls	1-59 rúm	≥60 rúm	Alls	1-59 rúm	≥60 rúm	Alls	1-59 rúm	≥60 rúm
<b>Landið allt</b>	<b>248</b>	<b>184</b>	<b>64</b>	<b>6.174</b>	<b>2.447</b>	<b>3.727</b>	<b>12.632</b>	<b>5.139</b>	<b>7.493</b>
Suðurland	45	35	10	1.082	503	579	2.292	1.077	1.215
<b>Par af hótél</b>									
<b>Landið allt</b>	<b>54</b>	<b>23</b>	<b>31</b>	<b>2.661</b>	<b>471</b>	<b>2.190</b>	<b>5.168</b>	<b>934</b>	<b>4.234</b>
Suðurland	9	4	5	335	66	269	672	133	539
<b>Par af gistihéimili<sup>2</sup></b>									
<b>Landið allt</b>	<b>194</b>	<b>161</b>	<b>33</b>	<b>3.513</b>	<b>1.976</b>	<b>1.537</b>	<b>7.464</b>	<b>4.205</b>	<b>3.259</b>
Suðurland	36	31	5	747	437	310	1.620	944	676

Skýring: Í þessari töflu er átt við gistirými yfir sumartímann. <sup>1</sup> Hótel eru gististaðir þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn, morgunverður framreiddur og a.m.k. 75% herbergja eru með fullbúinni snyrtingu. <sup>2</sup> Íbúðahótel eru meðtalin

Tafla 24. Framboð gistirýmis á hótélum og gistiheimilum á Suðurlandi 2001

Heimild: Hagstofa Íslands.

### 5.6.6. Önnur þjónusta-einkarekin/verslun

Um aldamótin 1900 voru fjórar til fimm verslanir starfandi í Vík og frá þeim tíma var þar að þróast þjónustumiðstöð. Nú er aðal matvöruverslunin rekin af fyrirtækinu Kaupás hf. Eins og áður segir eru fyrirtæki í Mýrdalshreppi bæði tiltölulega mörg, fremur

smá en jafnframt fjölbreytileg. Nálægð við höfuðborgarsvæðið veldur því að nokkuð er sótt í þjónustu þangað, sú hefur t.d. orðið þróunin í matvöruverslun. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að halda stöðu Víkur hvað verslun og þjónustu varðar og viðhalda góðu jafnvægi við nágrannana.

Nafn	Starfsemi	Heimili
B.V.T ehf	Bókhald-, viðskipti- og tölvuþjónusta	Austurvegi 15
Björgunarsveitin Víkverji/Slysav. féll. Ísl.	Björgunar- og slysavarnarstarf	Smiðjuvegi 15
Byggingafélagið Klakkur ehf	Byggingar- og gjafavöruverslun	Smiðjuvegi 9
Fréttabúi héraðsblað	Blaðaútgáfa	Skeiðflöt, 871 Vík
Hárgreiðsla og snyrtistofa	Hárgreiðsla og snyrting	Sunnubraut 15
Íslandspóstur hf	Póstþjónusta og skyldur rekstur	Austurvegi 15
Kaupþing-banki	Fjármálaþjónusta	Austurvegi 15
Kjarval	Verslun með matvæli og fleiri nauðsynjar.	Víkurbraut 5
Rauði krossinn Víkurdeild	Slysavarnir og mannúðarstarfsemi	Suðurvíkurvegi 3
Síminn	Fjarskiptaþjónusta	Austurvegi 17
Víkurskáli	Bensínstöð, söluskáli og veitingar	Víkurskáli

Tafla nr. 25. Skrá yfir þjónustufyrirtæki og umboð í Mýrdalshreppi í september 2007. Heimild: Heimamenn.

### 5.6.7. Veidivötn, fiskeldi

Helsta veidivatn í Mýrdalshreppi er Heiðarvatn, þar er oft allgóð silungsveiði, bleikja urriði og sjóbirtingur. Nokkur veiði er einnig í Oddnýjartjörn og Dyrhólaós. Lax- og silungsveiði er í Vatnsá, sem rennur úr Heiðarvatni og Kerlingardalsá. Vatnsá rennur í Kerlingardalsá. Mjög áhugavert væri að rækta vatnasvæðin í Mýrdal betur og sinna þeim á nauðsynlegan hátt, með því gætu þau skilað mun betri arði.

Fiskeldi hófst í Mýrdalshreppi í byrjun sjöunda áratugs nýliðinnar aldar. Fyrsta tilraun með laxarækt hófst í Vatnsá, sem rennur úr Heiðarvatni, árið 1970 og var veiðihús reist þar af því tilefni. Þar hefur seiðum verið sleppt.

### 5.6.8. Virkjun vatns- og vindafli

Ekki er gert ráð fyrir að margar smávirkanir verði reistar í Mýrdal þar sem aðstæður eru óvísða hagstæðar en áhugi er meðal nokkurra aðila að kanna þennan möguleika nánar. Áhugavert gæti verið að kanna virkjun vindafli á svæðinu.

Litlar vatnsvirkanir eru í Fagradal og Kerlingardal og fyrirhuguð er virkjun í Þakgili.

### 5.6.9. Landnotkun og mannaflí

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps fyrir tímabilið 2005-2025 er gert ráð fyrir að íbúafjölgun í sveitarfélaginu verði á bilinu 1,2-3,0% á ári. Miðað við 1,2% fjölgun verður íbúafjöldi Mýrdalshrepps um 660 í lok ársins 2022. Ef fjölgun yrði 2,0 % verður íbúafjöldinn um 740 og miðað við 3,0% verður íbúafjöldinn um 850.

Í framreikningi á mannafla (ársverkum) er reiknað með að hlutfall mannafla/íbúa verði á milli 48-50% af framreiknaðri hámarks-íbúatölu. Þurfa þá ný atvinnutækifæri til ársins 2022 að vera um 8 árlega miðað við 3,0% fjölgun íbúa eða tæp 160 ný atvinnutækifæri á öllu tímabilinu. Miðað við 2,0% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera um 5 og miðað við 1,0% fjölgun þurfa ný atvinnutækifæri að vera um 65 á skipulagstímabilinu eða um 3,25 nýtt atvinnutækifæri að meðaltali á ári.

Ef litið er á einstakar atvinnugreinar má ætla að aukningin verði aðallega í ferðaþjónustu. Ástand atvinnumála á Suðurlandi í heild ræður nokkru um þessa þróun.

### 5.7. Veitur

Helstu tegundir veitna felast í miðlun rafmagns, vatns, hitaveitu ásamt uppsetningu frárennslis og hreinsivirkja. Það er ýmislegt sem er vel á veg komið á sviði veitumála, en þó eru nokkur atriði sem vinna þarf að á næstu árum. Uppbygging veitumannvirkja, rekstur og viðhald, verður varanlegt verkefni meðan byggðin þróast. Stofnlagnir rafmagns, vatns, hitaveitu og frárennslis, nýjar eða endurnýjaðar, verði að jafnaði lagðar samsíða aðalvegum, þar sem því verður við komið. Á aðalskipulagsuppdrætti eru aðal lagnaleiðir skilgreindar og sýndar.

### 5.7.1. Vatnsveita

**Víkurveita**, tvö vatnsból eru í notkun í Vík, (VS1) og (VS2). Annað þeirra er vatnsból undir Hrafnatindum (VS2), það stendur það hátt að þaðan er sjálfrennslí. Stefnt er að því að taka það úr notkun. Hitt vatnsbólið (VS1) er skammt frá Þjóðvegi nr. 1, skammt norðvestan byggðar. Þar er einnig sjálfrennslí.

Aðrar samveitur eru:

**Reynishverfisveita (VS3)**; vatn er tekið úr svonefndum Réttarlæk, fremst undir Lambasteinabrekku. Vatnslögnin er um 4 km að lengd.

**Dyrhólahverfisveita (VS4)**; vatnsveita fyrir Dyrhólahverfi og nágrenni. Vatn er tekið úr borholu á Eystri-Dyrhólum.

**Péturseyjarveita (VS5)**; borhola. Sameiginleg vatnsleiðsla, um einn km að lengd, til allra bæjanna utan Eyjarhóla.

Að öðru leyti eru bújarðir með einkavatnsból í Mýrdalshreppi.

Til þess að tryggja þessa vatnsvernd eru skilgreindir í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með síðari breytingum nr. 533/2001 þrjú flokkar.

Þessir þrjú flokkar vatnsverndar eru:

1. Brunnsvæði, hið næsta vatnsbólínu sjálfu. Þar er algjör friðun. Stærð þessa svæðis skal vera minnst 5 m frá vatnsbólí, en stærðargráðan 50 x 50 m er oft æskileg.
2. Grannsvæði, er sá hluti aðrennslissvæðisins sem næst liggur vatnsbólínu. Þar ber að forðast alla aðsteðjandi mengun.
3. Fjarvæði, er hinn fjarlægari hluti aðrennslissvæðisins. Þar er mengunarhætta minni og ekki er þröf á eins strangri vernd eins og gildir um grannsvæðin. Þessi svæði eru oft mjög víðfeðm, t.d. þar sem vatnstaka er í áreyrum.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá til þess að vatnsverndarsvæði séu afmörkuð á grundvelli vatnafræðilegra og jarðfræðilegra aðstæðna. Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepp 2005-2025 hafa þessi vatnsverndarsvæði verið afmörkuð fyrir samveiturnar.

### 5.7.2. Hitaveita

Ekki er hitaveita í Mýrdalshreppi, enda hefur ekki fundist nægilegt heitt vatn enn sem komið er. Nokkuð finnst af 40-45°C heitu vatni í Vík og er það nýtt til sundlaugar. Borholan sem er 1350 m á dýpt er nýtt að hluta til. Í mars árið 2002 fundust 12,5 l/sek af 40°C heitu vatni í landi Höfðabrekku. Þetta vatn er nýtt fyrir rekstur ferðaþjónustunnar þar.

### 5.7.3. Rafveita

Fyrstu heimarafstöðvarnar komu í Mýrdalshrepp árin uppúr 1920. Vík fékk raflýsingu með virkjun Víkurár í kringum 1910 og var virkjunin stækkuð tvisvar sinnum uns RARIK tók yfir orkumiðlunina. Rafmagn frá samveitukerfinu kom fyrst í kringum 1960. Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, sér nú um alla dreifngu raforku í Mýrdalshreppi. Stofnlína, 33 kV, liggur til Víkur frá Hvolsvelli. Frá Vík liggja tvær línur, önnur yfir í Mýrdal en hin, sem er 19 kV, til Kirkjubæjarklausturs, þessi lína þjónar einnig Höfðabrekku, Kerlingardal og Háfelli. Línan til Kirkjubæjarklausturs getur einnig þjónað Mýrdalshreppi ef línan vestan frá rofnar. Vararafstöð er í Vík. Til þessa hefur meðal raforkunotkun í sveitarfélaginu verið um 1,5 MW. Díselrafstöðin í Vík getur framleitt allt að 1 MW. Umdæmisskrifstofa RARIK fyrir Suðurland er á Hvolsvelli.

Dreifikerfi rafmagns í öllu sveitarfélaginu hefur farið mikið fram á síðari árum og nú eru allar raflínur tveggja strengja (tveggja fasa).

Dreifikerfi lágspennu í Vík er í góðu lagi og þar er spennustöðvar x talsins.

### 5.7.4. Fráveita

Í Vík er tvöfalt fráveitukerfi austan Víkurár. Húsaskólþ er leitt í rotþró sem er sunnan Víkurskála, siturlögn opnast út í Víkurá. Vegna bakflæðis sem stundum á sér stað hefur einstreymisloka verið komið fyrir. Vestan Víkurár er einfalt fráveitukerfi og rennur skólþið þaðan í ána. Sérstök rotþró er fyrir iðnaðarsvæðið við Smiðjuveg og önnur fyrir

farfuglaheimilið í Norður-Vík. Almennt séð er holræsa- og frárennisliskerfið í Vík í nokkuð góðu lagi og er það að mestu kortlagt. Sjá einnig kafla 2.4.4.

Rotþróm hefur verið komið fyrir á mörgum bújörðum og þar sem um er að ræða nýleg frístundahús gildir hið sama. Sveitarstjórn hefur staðið fyrir átaki til að bæta frárennismál með frágangi rotþróa á bújörðum og vegna frístundahúsa í Mýrdalshreppi og er stefnt að því að ljúka þessu verki fyrir 2005. Þátttakendur í þessu verkefni eru um 20 talsins.

### 5.7.5. Sorpeyðing

Mýrdalshreppur er aðili að byggðasamlagi um sorphirðu ásamt Rangárþingi-Eystra og Skaftárhreppi. Byggðasamlagið heitir Hula. Starfsemin hefur öll tilskilin starfsleyfi. Endingartími verður a.m.k. út skipulagstímabilið.

Á gámavellinum sem er í iðnaðarhverfinu við Smiðjuveg eru gámar fyrir heimilissorp, pappa, byggingarúrgang, timbur, málma og garðaúrgang. Heimilissorp er flutt til urðunar á Skógasandi. Pappi, byggingarúrgangur og timbur er urðað við Uxafótarlæk. Garðaúrgangur er jarðgerður við Uxafótarlæk. Málmar eru fluttir til Reykjavíkur til endurvinnslu. Móttaka fyrir skilgjalddsskyldar umbúðir og spilliefni er að Víkurbraut 15. Áætlað ársmagn sorps í Mýrdalshrepp er um 463.380 kg eða 881 kg/íbúa, þetta er utan landbúnaðarplasts. Áætlað er að urðun og endurvinnslumags skiptist þannig að urðun á Skógasandi sé 192.960 kg, við Uxafótarlæk 160.350 kg og flutt sé til endurvinnslu 110.070 kg. Þá er endurvinnsluhlutfall 24%.

Sorphirðing er í höndum verktaka og er sorp tekið vikulega á sumrin (15. maí til 15. september) og hálfis mánaðarlega yfir vetrartímamann í öllu sveitarfélaginu.

Skyllt er að flokka spilliefni úr úrgangi. Úrgangur, brotamálmar og spilliefni í sveitarfélaginu er safnað á ákveðinn stað. Þaðan er varningurinn fluttur til endanlegrar förgunar eða endurvinnslu. Sérstök móttaka er á úrgangsolúu hjá tveimur aðilum og einn aðili tekur við annars konar spilliefnum. Tekið er við pappír til endurvinnslu á gámavelli. Með eftirlit að farið sé eftir samþykktum um sorphirðu fer Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

## 5.8. Samgöngumál

### 5.8.1. Almennt

Samgöngur eru samheiti fyrir allar gerðir samgangna. Hugtakið nær til vegna, flugvalla, hafna, gönguleiða og reiðleiða, þetta er í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Stór hluti sveitarfélagsins nýtur allgóðra samgönguskilyrða á landi. Bundið slitlag er komið á stofnveg að öllu leyti en á lítinn hluta tengivega. Til þess að vegaframkvæmdir nái enn betur að styrkja almenna byggðaþróun í sveitarfélaginu þarf að ljúka því sem enn er ógert og greint er frá í markmiðum aðalskipulagsins í kafla 2. Almennings-samgöngur eru takmarkaðar við áætlunarferðir sérleyfishafa á milli Reykjavíkur og Hafnar. Yfir sumarið eru daglegar ferðir, en yfir veturinn eru farnar þrjár ferðir í viku. Vöruflutningar um Vík og til Reykjavíkur, Kirkjubæjarklausturs og Selfoss eru nú stundaðar af tveimur sjálfstætt starfandi aðilum. Sérhannaðir bílar frá Mjólkurbúi Flóamanna sækja mjólk til bænda og bílar frá fyrirtækinu dreifa unnum vörum. Umferð flutningabíla um Mýrdalshrepp hefur aukist allmikið á síðari árum enda hefur dregið mjög úr öllum sjóflutningum um Ísland.

Akureyri	559	Borgarnes	244
Selfoss	129	Ísafjörður	630
Hringur	1336	Reykjavík	187
Egilsstaðir	511	Höfn	272
<b>Tafla 26. Nokkrar vegalengdir frá Vík, km.</b>			
<i>Heimild: Vegagerðin</i>			

Helstu brýr í Mýrdalshreppi eru: Yfir Jökulsá á Sólheimasandi, Klifanda, Kerlingardalsá, Múlavísl og Blautkvísl.

Flugsamgöngur, um flugvöllinn við Höfðabrekku, munu að líkindum ekki aukast á skipulagstímabilinu en vaxandi skilvirkni er æskileg. Flugsamgöngur eru takmarkaðar við sjúkra- og leiguflug.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987 sem taka til flugmálaáætlunar er flugvöllum skipt í fjóra flokka eftir lengd flugreina. Þeir eru: Áætlunarflugvellir I með 1800 m flugrein og lengri, áætlunarflugvellir II með 1200 að 1800 m flugrein, áætlunarflugvellir III með 800 að 1200 m flugrein og IV aðrir flugvellir og landingarstaðir með allt að 800 m flugrein. Höfðabrekkuflygsvöllur er í flokki IV samkvæmt þessu.

Engin hafnarskilyrði eru í Mýrdalshreppi og er Vík eini þéttbýlisstaður við sjó á Íslandi án hafnar. Gamall viti, sem reistur var árið 1910 og endurbýggður 1927, í eigu Siglingastofnunar er staðsettur í Dyrhólaey. Vitinn er ennþá á rekstri og er merkilegt og með vissum hætti stórbrotið mannvirki. Hönnuður var

Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins. Vitinn er 8 m hár með viðbyggðu geymslu- og íbúðarrými. Vitinn hefur verið friðaður, skv húsafríðunarlögum.

### 5.8.2. Samgöngur á landi, umferð

Eiginlegar vegabætur hófust í Mýrdal um aldamótin 1900. Þá var með frumstæðum hætti lagður akfær vegur úr Vík og út fyrir Gatnabrún. Um 1930 hófust markvissar framkvæmdir við vegagerð sem enn standa yfir og er viðvarandi verkefni.

Skilgreiningar vega eru samkvæmt vegalögum sem samþykkt voru á Alþingi þann 25. apríl 1994 og nýjustu samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi 2003.

#### Skilgreiningar á þjóðvegum skv. vegalögum 45 6. maí 1994:

##### Þjóðvegir

Vegagerðin er veghaldari<sup>1)</sup> þjóðvega. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, héraðsvegaáætlun og landsvegaskrá. Þeir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegum er skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum. Veghald merkir forræði yfir vegi (vegagerð, þjónusta og viðhald).

##### Stofnvegir (S)

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kaптúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200-400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

##### Tengivegir (T)

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kaптúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð. Þar sem tengivegur tengir

þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins. Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

##### Héraðsvegir (V)

Héraðsvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til héraðsvega teljast: Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð. Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa

##### Landsvegir (X)

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

##### Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.

Eigendur almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga hafa veghald þeirra. Almennir vegir eru í eigu opinberra aðila og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Einkavegir eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Reiðvegir eru einkum ætlaðir umferð riðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagsamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Til reiðvega skal og veita fé í vegáætlun. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagsamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

##### Vegamál í Mýrdalshreppi:

Upplýsingar um ástand núverandi stofnbrauta í Mýrdalshreppi eru fengnar hjá Vegagerðinni á Selfossi og útibúinu í Vík. Lýsing vegakerfisins sem er línuleg landnotkun verður samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar en ekki samkvæmt sveitarfélagsmörkum eins og aðrir landnotkunarflokkar.

Til **annarra vega** sem ekki falla undir vegalög telst vegur upp á Reynisfjall, vegir að Hafursey og Hjörleifshöfða ásamt afréttarvegum.

Hringvegur nr. 1 liggur um skipulagssvæðið. Í Mýrdalshreppi fer stofnvegur á milli sveitarfélagsmarka, frá Blautukvísl í austri að Jökulsá á Sólheimasandi í vestri.

**Stofnvegir:**

Vegnr	Kaflannr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd í km
1	b2	Hringvegur	Hjörleifshöfði	Vík, vesturgafli Víkurprjóns	12,04
1	b3	Hringvegur	Vík, vesturgafli Víkurprjóns	Vík, Mýrarbraut, skurður t.v.	0,72
1	b4	Hringvegur	Vík, Mýrarbraut, skurður t.v.	Dyrhólavegur (218)	12,07
1	b5	Hringvegur	Dyrhólavegur (218)	Sýslumörk, vegrist	14,29
<b>Tafla nr. 27. Stofnvegaskrá í Mýrdalshreppi. Vegagerðin.</b>				<b>Samtals</b>	<b>39,12</b>

**Tengivegir:**

1. Kerlingardalsvegur fer frá Hringvegi að Kerlingardal.
2. Reynishverfisvegur fer frá Hringvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.
3. Reynisvegur fer frá Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
4. Dyrhólavegur fer frá Hringvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Vatnsskarðshólum.

5. Péturseyjarvegur fer frá Hringvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Hringveg vestan Péturseyjar.
6. Sólheimavegur fer frá Hringvegi að Sólheimum.

Tengivegir í Mýrdalshreppi eru að mestu án bundins slitlags.

Vegnr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd í km	
214	Kerlingardalsvegur	Hringvegur (1)	Kerlingardalur		
215	Reynishverfisvegur	Hringvegur (1)	Presthús	4,55	
216	Reynisvegur	Reynishverfisvegur (215) við Lækjarbakka	Reynishverfisvegur (215)	2,20	
218	Dyrhólavegur	Hringvegur (1)	Vatnsskarðshólavegur (2251)	0,85	
218	Dyrhólavegur	Vatnsskarðshólavegur (2251)	Dyrhólaey	5,40	
219	Péturseyjarvegur	Hringvegur (1)	Hringvegur (1)	4,04	
221	Sólheimajökulsvegur	Hringvegur (1)	Sólheimajökull	4,17	
222	Mýrdalsjökulsvegur	Hringvegur (1)	Mýrdalsjökull	10,22	
2120	Giljavegur	Hringvegur (1)	Giljur	0,15	
2140	Brekknavegur	Hringvegur (1)	Brekkur 2a	0,73	
2160	Hvolavegur	Hringvegur (1)	Norðurhvoll	2,41	
218	Dyrhólavegur	Vatnsskarðshólavegur (2251)	Dyrhólaey	5,40	
<b>Tafla nr. 28. Tengivegaskrá í Mýrdalshreppi. Vegagerðin</b>				<b>Samtals</b>	<b>42,52</b>

Austurvegur er stofnvegur í gegnum þéttbýli. Nokkur fjöldi **héraðsvega** (heimreiða) tengja bújarðir við þjóðveg og einnig eru fáein dæmi

um sérstakar tengingar að stökum mannvirkjum.

Vegnr	Heiti vegar	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd vegar í km
214	Kerlingardalsvegur	Kerlingardalur	Kerlingardalur 2	0,25
218	Dyrhólavegur	Vatnsskarðshólavegur (2251)	Dyrhólaey	5,40
221	Sólheimajökulsvegur	Hringvegur (1)	Sólheimajökull	4,17
222	Mýrdalsjökulsvegur	Sólheimakotsvegur (2286)	Mýrdalsjökull	9,02
2120	Giljavegur	Giljur	Giljur 3	0,09
2140	Brekknavegur	Brekkur 2a	Brekkur 1	0,02
Vegnr	Heiti vegar	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd vegar í km
2160	Hvolavegur	Norðurhvoll	Suðurhvoll 1	0,43
2202	Höfðabrekkuvegur	Kerlingardalsvegur (214)	Höfðabrekka	0,15
2206	Fagradalsvegur	Hringvegur (1)	Fagridalur	1,02
2208	Litlu-Heiðarvegur	Hringvegur (1)	Litla-Heiði	3,04
2209	Stóru-Heiðarvegur	Litlu Heiðarvegur (2208)	Stóra-Heiði	0,28
2212	Suður-Fossvegur	Reynishverfisvegur (215)	Suður-Foss	0,39
2213	Norður-Fossvegur	Suður Fossvegur (2212)	Norður-Foss	0,01
2215	Reynishólavegur	Reynisvegur (216)	Reynishólar	0,18
2217	Reyniskirkjuvegur	Reynishverfisvegur (215)	Reyniskirkja	0,04
2219	Presthúsvegur	Reynishverfisvegur (215)	Presthús 1	0,60
2221	Garðavegur	Reynishverfisvegur (215)	Garðar	1,09
2223	Gatnavegur	Hringvegur (1)	Götur	0,22
2225	Norður-Hvammsvegur	Hringvegur (1)	Norður-Hvammur	0,55
2227	Suður-Hvammsvegur	Norður Hvammsvegur (2225)	Suður-Hvammur	0,02
2229	Skammadalvegur	Hringvegur (1)	Skammidalur	0,02

2231	Skagnessvegur	Hringvegur (1)	Skagnes	0,15
2235	Ásvegur 1	Brekknavegur (2140)	Ás	0,11
2239	Brekknavegur 3	Hringvegur (1)	Brekkur 3	0,11
2241	Rauðhálsvegur	Hringvegur (1)	Rauðháls	0,25
2243	Ketilsstaðavegur	Hringvegur (1)	Ketilsstaðir 1	0,02
2245	Ketilsstaðaskólavegur	Hringvegur (1)	Ketilsstaðaskóli	0,14
2247	Ketilsstaðavegur 2	Hringvegur (1)	Ketilsstaðir 2	0,26
2249	Hvambólsvegur	Hringvegur (1)	Hvamból	0,22
2251	Vatnsskarðshólavegur	Dyrhólavegur (218)	Vatnsskarðshólar 1	0,21
2252	Litlu-Hólavegur	Dyrhólavegur (218)	Litlu-Hólar	0,34
2254	Garðakotsvegur	Litlu-Hólavegur (2252)	Garðakot	0,29
2256	Litla-Hvammsvegur	Hringvegur (1)	Litli-Hvammur 1	0,30
2258	Skeiðflatararkirkjuvegur	Litla Hvammsvegur (2256)	Skeiðflatararkirkja	0,05
2262	Skeiðflatarvegur	Hringvegur (1)	Skeiðflötur	0,17
2264	Steigarvegur	Hringvegur (1)	Steig 1	1,63
2266	Péturseyjarvegur eystri	Péturseyjarvegur (219)	Eystri Pétursey	0,14
2268	Vallavegur	Péturseyjarvegur (219)	Vellir	0,15
2269	Péturseyjarvegur 1	Péturseyjarvegur (219)	Vestri Pétursey 1	0,11
2272	Péturseyjarvegur 2	Péturseyjarvegur (219)	Vestri Pétursey 2	0,07
2274	Nykhólsvegur 1	Péturseyjarvegur (219)	Nykhóll 1	0,07
2276	Nykhólsvegur 2	Péturseyjarvegur (219)	Nykhóll 2	0,01
2278	Eyjarhólavegur	Péturseyjarvegur (219)	Eyjarhólar	0,12
2279	Álftagrófarvegur	Hringvegur (1)	Álftagróf	4,36
2282	Eystri-Sólheimavegur	Hringvegur (1)	Eystri-Sólheimar	1,57
2284	Sólheimahjáleiguvegur	Mýrdalsjökulsvegur (222)	Sólheimahjáleiga	0,37
2285	Ytri-Sólheimavegur	Mýrdalsjökulsvegur (222)	Ytri-Sólheimar	0,49
2286	Sólheimakotsvegur	Mýrdalsjökulsvegur (222)	Sólheimakot	0,06
<b>Tafla nr. 29. Héraðsvegaskrá í Mýrdalshreppi. Heimild Vegag.</b>				<b>Samtals 38,25</b>

	Heiti vegar	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd vegar í km
214	01 Kerlingardalsvegur	Frá Kerlingardal, um Höfðabrekkuheiði	Að Þakgili	Um 14,0 km
221	01 Sólheimajökulsvegur	Hringvegur (1)	Sólheimajökull	4,17
222	02 Mýrdalsjökulsvegur	Sólheimakotsvegur (2286)	Mýrdalsjökull	9,02
<b>Tafla nr. 30. Landsvegaskrá í Mýrdalshreppi. Heimild Vegag.</b>				<b>Samtals 27,19</b>

Allir þessir héraðsvegir eru malarvegir. Þar sem vegir eru 50 m eða styttri, að hlaði bújarðar, er ekki um safnveg að ræða og þann hluta þarf landeigandi að kosta.

#### Úr Jarðgangnaáætlun frá árinu 2000:

„Á Hringveginum á Suðurlandsundirlendi má segja að Reynisfjall sé eina verulega misfellan. Snjór er þar stundum til trafala, og leiðin uppá fjallið að vestanverðu, um svonefnda Gatnabrún, er brött. Oft hefur komið til tals að einfaldast sé að fara gegnum fjallið í tiltölulega stuttum göngum. Eðlilegast væri þá að fara veginn í Mýrdalnum töluvert sunnar og fara í gegnum fjallið á mótis við Vík og svo áfram með veginn sjávarmegin byggðarinnar. Göngin yrðu um 1,2 km á lengd. Miðað við þessa færslu á veginum væri eðlilegt að fara sunnan við Geitafjall í Mýrdal, eða í göngum gegnum það við Skeiðflöt. Slík göng yrðu um 500 m löng. Meðalumferð ársins nálgast 500 bíla á dag, þannig að óvarlegt er að reikna með öðru en tvíbreiðum göngum. Bergið er blanda af móbergi og basalti, og aðstæður líklega eitthvað undir meðallagi. Kostnaður við göng í Reynisfjalli er áætlaður um 800 m.kr. með forskálm og stuttum veggengingum. Ef bæði göngin eru tekin með og nýr vegur milli þeirra er heildarkostnaður áætlaður 1,3 milljarðar og stytting 3 km.”

Skv. skýrslu Vegagerðarinnar „*Hættulegar beygjur á þjóðvegi 1*“, útg. í sept. 2002 er beygjan í Gatnabrún, þar sem núverandi Hringvegur liggur upp á Reynisfjall, ein af sex hættulegustu beygjum á Hringveginum og flokkast þar sem stórhættuleg. Þetta er þrátt fyrir að töluverðir fjármunir hafi verið lagðir í að lagfæra veginn á undanförmum árum. Þá er einsýnt að núverandi Hringvegur, þar sem hann liggur um Mýrdal, þolir ekki þungaflutninga sem um hann fara í dag og þyrfti styrkingar og endurnýjunar við ef ekki verður farið í gerð nýs vegar og jarðgangna.

#### Framkvæmdir á gildandi vegaáætlun:

Af almennum verkefnum er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna tengivega í sveitarfélaginu vegna Dyrhólavegar og Reynishverfisvegur.

Ráðstafnanir hafa verið gerðar til þess að draga úr umferðarhraða í gegnum byggðina í Vík, með þrengingum og breytingu á yfirborði vegarins.

Á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps og Vegagerðarinnar, 7. nóv. 2000 var eftirfarandi samþykkt gerð: „Vegagerðin og Mýrdalshreppur gera með sér samkomulag um áætlun til tveggja ára um að á árunum 2001 og 2002

girði Vegagerðin um 20 km kafla beggja vegna Þjóðvegur nr. 1 og loki með ristarhliðum afleggjurum að Heiðardal, Reynishverfi og öðrum afleggjurum sem þörf er á. Vegagerðin sjái um viðhald á þeirri girðingu og öðrum girðingum meðfram Þjóðvegi nr. 1 í hreppnum enda séu þær í viðhaldsbæru ástandi. Mýrdalshreppur mun í kjölfarið banna lausagöngu búfjár á vegstæði Þjóðvegur nr.1.“

Vegna framkvæmda við efnistöku vegna vegagerðar þykir rétt að vísa til nýrrar skýrslu : „*Námur-efnistaka og frágangur.*“ Skýrslan var gefin út af tíu ríkisstofnunum ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Umferðapungur

Ákvarðanir um úrbætur í vegamálum taka m.a. mið af umferðapunga á einstaka leiðum. Ársdags meðaltalsumferðapungur (adu) á einstökum stofnvegum á Suðurlandi er mismikill. Á Suðurlandi er álag mest á vegakerfinu út frá Selfossi. Á Þjóðvegi nr. 1 er umferð langmest næst Selfossbrú, árið 1999, eða um 8100 bílar adu og austan Selfoss er 2200 bílar (adu) þetta ár.

Næst vestan Víkur var sólarhringsumferðin 468 (adu) árið 1996, 524 (adu) 2001 og 602 (adu) 2006. Næst austan Víkur var hún 328 (adu) árið 1996, 395 (adu) 2001 og 441 (adu) 2006. Þegar komið er á Mýrdalssand er umferðin komin niður í ca. 250 (adu).

**Sveitarfélagsvegir (húsagötur) í þéttbýlinu í Vík** sem eru reknar af sveitarfélaginu, eru eftirfarandi: Mýrabraut, Bakkabraut, Árbraut, Víkurbraut, Sunnubraut, Ránarbraut, Mánabraut, Sæbraut, Sundlaugarbraut, Hátún, Sigtún, Klettsvegur, Kirkjuvegur, Smiðjuvegur, Suðurvíkvegur, Heimaland og Mylluland.

### 5.8.3. Reið- og gönguleiðir

Megin reiðvegir í Mýrdalshreppi eru jafnan samsíða Þjóðvegi nr. 1 eða fara með öðrum vegum eða slóðum. Reiðleiðir innan sveitarfélagsins sem eru mjög viðamiklar, eru sýndir á skipulagsupprætti. Reiðleiðir sem eru ákvarðaðar í aðalskipulaginu miðist við að tryggja öryggi og umferðarétt hestamanna. Meðal reiðleiða hefur verið gerð tillaga um nýja legu þeirra um byggðina í Vík. Sjá einnig kafla 2.5.2.

Samkvæmt aðalskipulaginu eru eftirfarandi reiðleiðir staðfestar í Mýrdalshreppi:

R-1. Reiðleið er fylgir núverandi Þjóðvegi frá Jökulsá á Sólheimasandi og austur

á Mýrdalssand þar sem farinn er gamli Þjóðvegurinn um sandinn. Leiðin víkur frá veginum þar sem farið er í gegnum Vík, fer eftir gamla Þjóðveginum um Grafargil og ofan Víkurþorps og niður sandkinnina við Klettsveg og þar fram að Þjóðvegi.

R-2. Frá R-1 með Jökulsá upp að Sólheimajökli.

R-3. Reiðleið umhverfis Pétursey, tengist við R-1 á tveimur stöðum.

R-4. Reiðleið sem fer niður með Klifanda og austur Hvols- og Dyrhólafjöru. Þaðan fer hún austur með ströndinni allt þar hún tengist R-6 við Loftsal.

R-5. Reiðleiðin er til norðurs frá R-1 við Steigarveg og fer umhverfis Búrfell. Leiðin tengist R-1 á ný við Skagnes.

R-6. Reiðleiðin fer frá R-1 við Litla-Hvamm og meðfram veginum niður í Dyrhólaverfi. Leiðin fer um Dyrhólaós og tengist R-8 við Garða í Reynishverfi. R-4 tengist inn á þessa leið við Loftsal.

R-7. Reiðleið sem tengist við R-1 neðan við Kaldrananes, fer með Brandslæk uns hún tengist R-6 austan við Norðurgarð.

R-8. Reiðleið sem fer með Reynishverfisvegi frá R-1 og tengist síðan R-6 vestan við Garða.

R-9. Reiðleið sem fer frá R-1 um Heiðardal og Vatnsársund og með Afréttisá við Kerlingardals- og Höfðabrekkuafreitti. Fer eftir gamla Þjóðveginum um Höfðabrekkuheiðar að R-1 við Höfðabrekku.

R-10. Reiðleið frá R-1 og umhverfis Hafursey.

R-11. Reiðleið frá R-1 og umhverfis Hjörleifshöfða.

Unnið hefur verið að tillögum um gönguleiðir í Mýrdalshreppi. Einnig er unnið að tillögum að gönguleiðum á deiliskipulögðum svæðum í Dyrhólaey og í Fellsmörk.

Samkvæmt aðalskipulaginu eru eftirfarandi gönguleiðir staðfestar í Mýrdalshreppi:

#### G-1. Hvítmaga

Upphafsstaður þessarar gönguleiðar er við enda Sólheimajökulsvegur 221 sem liggur austan við Jökulsá á Sólheimasandi. Gengið er yfir Sólheimajökul vestanverðan. Þaðan er gengið upp Hvítmögu vestan jökulsins á endastöð. Sama leið er gengin til baka. Einnig er mögulegt að fara yfir þveran jökulinn yfir á gönguleið G-2.

- G-2. **Sólheimaheiðar**  
Upphafstaður er við skógræktarreitinn í Gjögnum og liggur leiðin upp Selheiði og síðar Hrossatungur. Farið er um Lakaland, yfir Hólsá, um Ártungnahöfuð og niður Hrutagilsháls hjá Klifurárgili. Endastöð er á Álftagrófarvegi 2279 norðan Péturs-eyjar. Leiðin liggur nærri þjónustuhúsum á Sólheimaheiði og einnig er hægt að byrja eða enda gönguna þar.
- G-3. **Fellsheiði-Stórhöfði**  
Upphafsstaður gönguleiðarinnar er austan við Fell, gengið inn með austanverðu Fellsfjalli og upp Fellsheiði. Gengið um Klofninga austur með jöklinum og með vestanverðu Hafursárgili fram Stórhöfða og vestur í Keldudal.
- G-4. **Heiðarheiði**  
Upphafs- og endastaður er á Falli á Heiðardalsvegi í námunda við eyðibýlið Rof. Gengið er upp heiðina, umhverfis Gæsavatn og niður um Hvammsdal.
- G-5. **Mælifell**  
Lagt er af stað úr Þakgili, upp Miðafirétt eftir vegslóða, gengið er á Mælifell og þaðan niður austurbrúnir Raufargils niður á Barð, að skála Ferðafélags Mýrdælinga.
- G-6. **Huldufjöll**  
Sama leið og G-5 til móts við Mælifell og þaðan að vesturbrúnum Rjúpnagils. Þar er farið yfir á jökli í Huldufjöll. Leiðin niður Austursfrétt er um Iðrunarstand og Vestureggjar, endar hún í Þakgili eða niður á sandi austan við Hvolhöfuð.
- G-7. **Vík-Þakgil**  
Upphafsstaður er Vík, gengið er um Brathól upp á Víkurheiði að Höttu. Þaðan er farið til norðausturs, austan Heiðarvatns. Þá er farið yfir Kerlingardalsá og gengið um Kamba og Hnitbjörg að skála Ferðafélags Mýrdælinga við Barð eða áfram inn í Þakgil.
- G-8. **Barð-Höfðabrekka**  
Upphafsstaður er skáli Ferðafélags Mýrdælinga við Barð eða Þakgil. Gengið vestur eftir Sundum, vestan Hnitbjarga og Kambs. Upp á Kerlingardalsheiði þar sem heitir Selgil og til austurs um Kverkhól eftir gamalli þjóðleið að Núpum. Þaðan til suðurs upp á Háfell og niður á þjóðveg við Kaplagarða eða vestur Höfðabrekkuháls að Höfðabrekku.

- G-9. **Reynisfjall**  
Stuttar gönguleiðir um Reynisfjall, lagt upp frá Vík.
- G-10. **Hjörleifshöfði**  
Stutt gönguleið upp á Hjörleifshöfða.
- G-11. **Víkurá**  
Stutt gönguleið með Víkurá, lagt upp frá Vík
- G-12. **Arnarstakksheiði**  
Gönguleið um Arnarstakksheiði er að hluta sama leið og G-7. Í stað þess að fara niður að Vatnsá eins og leið G-7 er haldið til suðurs með austurbrúnum Arnarstakksheiðar. Hægt er að fara niður að Fagradal um Fagradalsklif eða gengið með suðurbrúnum Fagradalsheiðar til Víkur. Frá Höttu er einnig hægt að fara niður Kjósir og suður eftir Grafargili þar sem komið er inn á leið G-11.

#### 5.8.4. Flugsamgöngur

Ekki eru reglubundnar flugsamgöngur til Mýrdalshrepps. Flugbrautin á Höfðabrekkujökli (Fl. IV) var samt mikilvæg fyrir sjúkraflug (þyrlur hafa leyst fastvængjur af hólmi). Við völlinn er flugskýli. Flugvöllurinn er 707 m að lengd og 25 m á breidd með möguleika á lengingu upp í um 1200 m. Lágmarks landingarbúnaður ásamt öryggis- og brunavörnum er á flugvöllum. Ekki er vakt á flugvöllum.

#### 5.8.5. Fjarskipti

Fyrsta landsímastöðin í Vík tók til starfa árið 1914 og sjálfvirk símastöð kom í notkun árið 1967. Póstur og sími flutti í sérhannað húsnæði við Austurveg sama ár og sjálfvirka símstöðin hóf göngu sína. Fyrstu útvarpstækin komu á svæðið árið 1930. Í seinni heimsstyrjöldinni var reist lóranstöð í Reynisfjalli sem starfrækt var allt til 1977.

Ljósleiðari liggur um Mýrdalshrepp. Símsstöðvar eru í Vík og við Pétursey. Farsímasamband á að vera með stofnbrautinni um Mýrdal fyrir árslok 2007 og þá jafnframt víðast um sveitarfélagið. Tölvusamband er með ADSL í Vík og næsta nágrenni en með ISDN eða örbylgju um aðra hluta sveitarfélagsins. Tetra samband er um mestan hluta sveitarfélagsins.

Hús Landsímans fyrir fjölsímasambönd til Víkur er við Austurveg 17. Stórt fjarskiptamastur ásamt húsi, um 150 fermetar að stærð, er á Háfelli. Þessi aðstaða nýttist Landsímanum fyrir farsímasenda NMT og

GSM. Aðalleið Rásar 1, sjónvarps RÚV og Stöðvar 2 fer um örbylgju frá Vestmannaeyjum á Háfell. Á Hraunhól eru einnig fjarskiptamöstur í eigu Landsímans. Björgunarsveitin Víkverji er með endurvarpa á Höttu og Almannavarnir eru með endurvarpa í Hjörleifshöfða. Lóranstöð var reist á Reynisfjalli á tímum seinni heimstyrjaldarinnar og þá var lagður vegur uppá fjallið.

Háhraðatengingar fyrir tölvusamskipti eru leyst með ADSL-tækni í Vík og næsta nágrenni, en með örbylgju í dreifbýlinu.

Hugsanlega er þörf á nýjum möstrum vegna fjarskipta.

### 5.9. Þjónustustofnanir

Almennt séð hafa íbúar í Mýrdalshreppi góðan aðgang að opinberri þjónustu, enda nýtur sveitarfélagið góðs af tiltölulega fjölbættri þjónustu sem finna má í Vík. Önnur þjónusta er að mestu sótt til höfuðborgarsvæðisins. Þeir helstu þættir sem um er að ræða eru dagvistun og grunnskólamenntun ásamt heilsugæslu, dvalarheimili- og heimaþjónustu fyrir aldraða. Ennfremur má nefna vegaðþjónustu, pósthjónustu og þjónustu vegna almannatryggingakerfisins. Í áhaldahúsi eru tveir starfsmenn.

Nafn	Starfsemi	Heimili
Félagsheimilið Ketilstöðum	Félagsheimili	Ketilsöðum
Félagsheimilið Leikskólar	Samkomu- og fundarhald	Víkurbraut 8
Grunnskóli Mýrdalshrepps	Grunnskóli	Mánabraut 3
Heilsugæslustöðin	Heilsugæsla	Hátúni 2
Hjallatún	Dvalarheimili aldraða	Hátúni 10
Íþróttahús	Íþróttir og leikfímikennsla	Mánabraut 3
Leikskólinn Suður-Vík	Leikskóli barna	Suðurvíkurvegur 1
Lögreglan	Löggæsla	Ránarbraut 1
Slökkvilið Mýrdalshrepps	Brunavarnir	Suðurvíkurvegur 3
Stjórnsýsluhús	Skrifstofa Mýrdalshrepps	Austurvegur 17
Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu	Opinber umsýsla	Ránarbraut 1
Tónskóli Mýrdalshrepps	Tónlistarkennsla	Mánabraut 3
Tryggingarstofnun ríkisins	Umboð	Ránarbraut 1
Vegagerðin	Vegaðþjónusta, brúarsmiði	Smiðjuvegi 14
Viti á Dyrhólaey	Leiðsaga í siglingum	Á Dyrhólaey

Tafla nr. 31. Skrá yfir stofnanir í Mýrdalshreppi í mars 2002. Heimild: Heimamenn.

### 5.9.1. Mennta- og menningarmál

Barnafræðsla fór fram á heimilum í Mýrdalshreppi á fyrri hluta 20. aldar, ýmist með farkennslu- eða eftirlitssniði. Barnaskólinn í Litla-Hvammi hefur göngu sína 1901 þegar bindindishús sem hýst hafði kennsluna er fært frá Vatnsskarðshólum að Litla-Hvammi. Fast skólahald mun hafa byrjað einhvern tíman á árabílinu 1907 til 1910 í Víkurþorpi, um það leyti sem fyrstu fræðslulögin tóku gildi. Skólinn í Litla-Hvammi er fyrsti fasti skóli í sveit á Íslandi. Nú er rekinn einn grunnskóli í Mýrdalshreppi.

Tónskóli er nú í sama húsnæði og Víkurskóli.

#### Kennsla, nemendur og starfsmannahald:

Fjöldi nemenda í grunnskóla síðustu þrjú árin hefur verið nokkuð stöðugur eins og kemur fram í töflu nr. 31.

Kennslustundir sem ætlaðar eru til almennrar kennslu á skólaárinu 2001-2002 eru rúmlega 260 talsins. Auk þess eru rúmlega 40 stundir ætlaðar til sér- og stuðningskennslu. Fjöldi stöðugilda við skólann eru 10.5 auk skólastjóra. Einnig er við skólann starfsfólk sem sinnir skólaakstri,

ræstingum og mótuneyti, gangavörslu og liðveislu milli 6 og 7 stöðugildi.

Í Grunnskóla Mýrdalshrepps er verið að þróa samkennslufyrirkomulag sem hentar stærð skólans, það byggir á samkennslu árganga í ákveðnum greinum en jafnframt á einstaklingsmiðað nám í smærri hópum. Fyrsti og 10. bekkur hafa þar nokkra sérstöðu þar sem þeir eru yfirleitt ekki í samkennslu nema í valgreinum og samþættu námi. Skólinn er einsetinn.

#### Aðstaða í skóla:

Grunnskólanu m í Vík eru 9 almennar kennslustofur, tölvuver og bókasafn, mótuneyti fyrir nemendur og starfsfólk. Þá er þar skrifstofa skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, kaffistofa kennara og vinnuherbergi kennara. Einnig er lítill fjölnýttisalur fyrir félagsstarf nemenda. Verkmennt og myndmennt er kennd í leiguhúsnæði skammt frá skólanum. Leikfimi er kennd í nýju íþróttahúsi. Tónskóli er með tvær kennslustofur.

2003-2004	74 nemendur
2004-2005	71 nemandi
2005-2006	75 nemendur
2006-2007	74 nemendur
2007-2008	68 nemendur
2008-2009	70 nemendur

Tafla nr. 32. Nemendafjöldi í grunnskóla/spá. Heimild: Sveitarstjóri.

Skólalóðin býður uppá góða möguleika á viðbyggingu við skóla. Góð útisundlaug er við skólann. Á útisvæði við skóla er körfubolta- og sparkvöllur og í næsta nágrenni er íþróttavöllur, sem endurgerður var fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2005.

Unnið er að öflugu umhverfisverkefni í skólanum undir merkjum Grænfánans sem er evrópskt umhverfisverkefni á vegum Landverndar og hafa nemendur og starfsfólk verið að þróa hugmyndir að fjölbreyttu heilsárs útisvæði við skólann, þar sem náttúran fær að njóta sín í margvíslegum skilningi og það m.a haft í huga að maðurinn er hluti af vistkerfinu.

Úttekt var gerð á Grunnskóla Mýrdalshrepps árið 1999-2000 m.t.t. stjórnunar, kennslu, aðstöðu, samskipta innan skóla og við aðila utan skólans. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri vann úttekina og skilaði lokaskýrslu á júní 2000. Umræður um skólastarf hafa verið talsverðar í sveitarfélaginu á liðnum árum.

Mýrdalshreppur tekur þátt í rekstri Skólaskrifstofu Suðurlands á Selfossi sem sér skólum fjórðungsins fyrir sérfræðiþjónustu. Starfssvið skrifstofnunar er ráðgjafarþjónusta við grunnskóla skv. grunnskólalögum á sviði sálfræðilegrar ráðgjafar, kennsluráðgjafar og sérkennsluráðgjafar auk ráðgjafar á sviði talmeina. Auk þess rekur Skólaskrifstofan gagnasafn, býður upp á símenntun til kennara í formi fræðslufunda, námskeiða, aðstoðar við þróunarverkefni og fleira í þeim dúr. Rannsóknir og forvarnir er hluti af viðfangsefnum Skólaskrifstofunnar. Í dag starfa við stofnunina forstöðumaður, 3 sálfræðingar, 2 kennsluráðgjafar og talkennsluráðgjafi. Skólaskrifstofan þjónar einnig leikskólum á sviði sálfræðiþjónustu og sérkennslu. Sérkennsluráðgjöfin við leik-skólana er einkum fólgin í ráðgjöf á sviði talkennslu. *Úr greinargerð skólastjóra.*

Eftir grunnskólanám fer stór hluti nemenda í framhaldsskóla ýmist í Menntaskólann á Laugarvatni eða í Fjölbrautarskólann á Selfossi sem er stærsti framhaldsskóli í fjórðungnum, en einnig hafa nemendur leitað út fyrir fjórðunginn.

Héraðsbókasafn Mýrdalshrepps er í Vík, og jafnframt er skólabókasafn í Grunnskólanum í Vík. Héraðsskjalasafn er í Skógum.

Árið 1996 keypti Mýrdalshreppur Brydebúð af Búnaðarbankanum og gaf það síðan félagi sem hafði það að markmiði að endurbyggja húsið í sem næst upprunalegri mynd. Þetta verkefni hefur gengið vel, með fjárstuðningi einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Sýningin *Mýrdalur* -

*maður og náttúra* prýðir vestursal Brydebúðar. Í norðursal er sýningin *Gott strand eða vont..*, sem gerir grein fyrir skipströndum við suðurströnd landsins. Á efri hæð er sýning á kirkjulistarmunum Sigrúnar Jónsdóttur. Í austursalunum hefur verið opnað kaffihús sem hlaut nafnið Halldórscaffi í virðingarskyni við Halldór Jónsson athafnamann í Suður-Vík. Í Brydebúð er ennfremur upplýsingamiðstöð ferðamála. Í skemmu gegnt Brydebúð er vélbáturinn Skaftfellur og í næsta nágrenni er hús Halldórsverslunar. Unnið er að stefnumótun varðandi nýtingu þessara menningarminja.

### 5.9.2. Dagvistun

Leikskólinn Suður-Vík er í rúmlega 100 ára gömlu húsi, það var byggt 1902.

Sveitarfélagið hefur rekið leikskóla í Suður-Vík frá árinu 1975. Í upphafi var leikskólinn eingöngu rekin yfir sumarmánuðina. Árið 1978 var leikskólinn opnaður allt árið, en þá eingöngu eftir hádegið. Árið 1984 var leikskólinn opnaður bæði fyrir og eftir hádegi.

Haustið 1987 var opnuð aðstaða að Mýrabraut 13 til þess að sinna yngstu börnunum, kölluð Skriðdeild. Þessi aðstaða var ýmist opin hálfan eða allan daginn næstu árin.

Í upphafi var leikskólinn rekin í Suðurvíkurbúðinni ásamt dvalarheimili aldraða. Leikskólinn var á neðri hæð hússins en dvalarheimilið á efri hæð. Tónskóli Mýrdalshrepps var síðan starfræktur á efri hæð Suðurvíkurbúðar á árabilið 1989 til 1992.

Haustið 1994 fékk leikskólinn allt Suðurvíkurbúðið til afnota og farið var á stað með breytingar á húsnæðinu. Þessum endurbótum var lokið á aldarafmælinu 2002 og ári síðar var endurbótum á lóð og leiktækjum lokið. Húsnæði leikskólans er afar viðkunnanlegt með heimilisbrag, það hentar mjög vel undir starfseminu. Húsið er 216 fermetrar að stærð. Sveitarstjórnir Mýrdalshrepps hafa lagt mikinn metnað í að gera húsnæðið upp og hefur það tekist vel og er mikill sómi af húsinu sem hefur fengið verðugan vettvang við að þjóna yngstu kynslóð Mýrdælinga.

**Árið 2007** eru um þrjátíu börn skráð í leikskólann, frá eins árs til sex ára. Vistunartími er frá fjórum upp í níu tíma yfir daginn og er um 80% barnanna í heilsdagsvistun. Leikskólinn er opinn frá kl. 7,45 til kl.17,00 alla virka daga.

Þrír leikskólakennarar eru starfandi við skólann en samtals eru þar fjögur stöðugildi.

### 5.9.3. Heilbrigðismál

„Heilsugæslustöðin í Vík stendur á fallegum stað í brekkunni neðan við Víkurkirkju. Húsið er teiknað af Jes Einari Þorsteinssyni arkitekt og var tekið í notkun árið 1979. Stöðin er, eins og lunginn af heilbrigðiskerfi landsmanna í dag, rekin fyrir fjárframlög úr ríkissjóði.

Stöðin er svokölluð H1 stöð sem þýðir að við stöðina er ein staða lækni og hjúkrunarfræðings.

Tannlæknir, sjúkraþjálfari, sálfræðingur og augnlæknir eru ekki fastir starfsmenn en samningar eru við þessar stéttir um þjónustu sem þeir veita á stöðinni. Einnig er samvinna heilsugæslu og Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins í föstum skorðum.

Helstu mannvirki tilheyrandi stöðinni eru; heilsugæslustöð, lækniþústaður samtengdur henni og þrefaldur bílskúr. Lyfsala er rekin í heilsugæslustöðinni. Formleg samvinna er milli heilsugæslu og dvalar og hjúkrunarheimilisins Hjallatúns.

Fyrsti læknir með fast aðsetur í Vestur-Skaftafellssýslu var Sveinn Pálsson læknir og náttúrufræðingur en hann sat í Suður- Vík sem þjónandi læknir 1809-1833.

Árið 1915 var ákveðið í lögum að lækniþústaður skyldi vera í Vík í Mýrdal, en fram að þeim tíma höfðu læknar setið á ýmsum stöðum í Mýrdalnum og undir Eyjafjöllum. Í lækniþústaðinu nú eru íbúar Mýrdalshrepps og austasta hluta Rangárþings Eystra. Íbúar héraðsins eru tæplega 700.

Það liggur í hlutarins eðli að í svo fámennu héraði verður þjónustan með persónulegra yfirbragði en á fjölmennari stöðum, í fámenninu felast bæði styrkleikar og veikleikar. Í lögum um heilbrigðisþjónustu 1990 nr. 97 segir til um þá starfsemi sem fram skuli fara á heilsugæslustöðvum.

„Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn lækniþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg lækniþjónusta, tannlækningar og lækniþjónusta endurhæfing.
4. Heimahjúkrun.
5. Heilsuvernd.

#### Aðalgreinar heilsuverndar eru:

- 5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
- 5.2. Mæðravernd.
- 5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.

- 5.4. Heilsugæsla í skólum.
- 5.5. Ónæmisvarnir.
- 5.6. Berklavarnir.
- 5.7. Kynsjúkdómavarnir.
- 5.8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
- 5.9. Sjóhvernd.
- 5.10. Heyrnarvernd.
- 5.11. Heilsuvernd aldraðra.
- 5.12. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
- 5.13. Félagsráðgjöf, þ.m.t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
- 5.14. Umhverfisheilsuvernd.
- 5.15. Atvinnusjúkdómar, sbr. [lög nr. 46/1980](#).
- 5.16. Slysavarnir

Þróun byggðar í landinu hefur undanfarna áratugi verið í þá átt að verulega hefur fækkað á landsbyggðinni og fólk flykkst á höfuðborgarsvæðið. Skiptar skoðanir eru um ágæti þessarar þróunar en ljóst er að gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu er einn undirstöðuþátta byggðar í landinu.“ *Úr greinargerð Helgu Þorbergsdóttur hjúkrunarforstjóra.*

Læknir kom fyrst til starfa í Vík á árunum 1904-05, en frá árinum 1910 hefur verið fast lækniþústaður í Vík. Hafist var handa um byggingu lækniþústaðar og sjúkralýsis í Vík árið 1925 og var því lokið árið 1927. Rúm voru fyrir fimm sjúklinga í sjúkralýsinu. Starfsemi í þessu húsi varði aðeins til ársins 1938. Íbúðarhús fyrir lækni og lækni-móttöku var keypt árið 1962.

Næsta sjúkrahús er á Selfossi. Sérhæfða heilbrigðisþjónusta þarf að sækja til stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Sé litið til góðrar heilsugæslu í Vík, nálægðar við höfuðborgarsvæðið og góðra samgangna á landi má segja að íbúar Mýrdalshrepps búi við öryggi í heilbrigðisþjónustu.

### 5.9.4. Félagsþjónusta

Sveitarfélög hafa viðamiklu hlutverki að gegna í skipulagi og framkvæmd félagsþjónustu sbr. lög um málefni aldraðra, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Óflug félagsþjónusta getur komið í veg fyrir að fólk þurfi að flytjast búferlum gegn vilja sínum vegna sjúkdóma, öldrunar eða fötlunar.

Markmið félagslegrar þjónustu fyrir aldraða er að aldraðir eigi vól á þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Einnig er mikilvægt að þjónustan sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast er og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Aðstaða:

- ◆ Mýrdalshreppur rekur Hjallatún; dvalarheimili fyrir aldraða, að Hátúni 2 í Vík. Þar

eru dvalarrými fyrir 8 og hjúkrunarrými fyrir 10, eða samtals 18 manns.

- ◆ Heimþjónusta hefur farið vaxandi í sveitarfélaginu á undanförunum árum.
- ◆ Barnaverndarnefnd er sameiginleg í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.
- ◆ Mýrdalshreppur er með starfandi félagsmálastjóra í samvinnu við sveitarfélögin í Rangárbíngi.

### 5.9.5. Opnber þjónusta/Stjórnsýsla

Stjórnsýsluhús Mýrdalshrepps er til húsa að Austurvegi 17.

Aðsetur sýslumanns Vestur-Skaftafellssýslu er að Ránarbraut 1 í Vík. Lögreglan starfar undir yfirstjórn sýslumannsins á Hvolsvöllum. Samtals eru þrjú stöður lögreglumanna í Vestur-Skaftafellssýslu.

Héraðsnefnd hefur hefur afskipti af ýmis konar stjórnsýslu í sýslunni og byggðasamlög hafa verið stofnuð um nokkur verkefni á vegum sveitarfélaganna.

Skattstofa er á Hellu. Umdæmisskrifstofa Fasteignamats ríkisins (FMR) fyrir Suðurland er á Selfossi.

Sveitarfélagið er aðili að Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, sem er í eigu sveitarfélaganna. Mýrdalshreppur er einnig aðili Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem vinnur að hagsmunum sveitarfélaga á Suðurlandi.

Heilbrigðiseftirlit, sem staðsett er á Selfossi, þjónar öllu Suðurlandi. Vinnueftirlitið er í Hveragerði.

Brunavarnir eru í Vík, en eiginlegt brunaeftirlit er ekki starfrækt. Ný slökkvistöð var tekin í notkun árið 2001.

Björgunarsveit og Rauðakrossdeild er einnig starfandi á svæðinu. Sjá kafla 5.10. Almennavarnarnefnd er sameiginleg fyrir Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur.

### 5.9.6. Kirkjur

Kristnihald virðist frá fornu fari hafa verið öflugt í Mýrdal þar eð allsnemma er getið fjögurra kirkna í sveitinni á Ytri-Sólheimum, Dyrhólum, Reyni og Höfðabrekku. Auk þess voru a.m.k. tvö bænhús eða hálfkirkjur; á Felli og í Stóradal. Um aldamótin 1900 voru gerðar breytingar á sóknaskipan og kirkjustöðum í þá veru sem nú gegnir.

Prestsetur hefur verið í Vík frá 1911 og í Mýrdalshreppi eru þrjú kirkjusóknir, þ.e. Víkursókn, Reynissókn og Skeiðflatarsókn.

Víkurkirkja var reist í kaптúninu á árunum 1931-1934. Hún er steinsteypt hús með kór og turni. Kirkjan hefur að geyma ýmsa góða gripir og rúmar hún um 180 manns í sæti.

Kirkjan á Reyni var vígð árið 1946, hún er steinsteypt, með kór og turni.

Kirkjan á Skeiðflöt var vígð árið 1900, hún er byggð úr timbri og járnklædd, af Samúel Jónssyni, föður Guðjóns húsameistara ríkisins. Altaristaflan er máluð af Anker Lund og sýnir upprisú Krists. Þar eru fleiri góðir gripir, m.a. kirkjuklukka með árinu 1742.

Kapellan á Ytri-Sólheimum var vígð árið 1960.

Samkvæmt íbúaskrá 1. desember 2002 eru langflestir íbúar Mýrdalshrepps meðlimir í Þjóðkirkjunni. Utan hennar reyndust vera 11 íbúar.

Gert er ráð fyrir nokkurri stækkun kirkjugarðsins í Vík, til norðurs. Hinir kirkjugarðarnir, sem eru umhverfis kirkjurnar eða í nágrenni við þær, eru taldir fullnægja þörfum á skipulagstímabilinu. Einnig eru kirkjugarðar í Höfðabrekku, að Eystri-Dyrhólum og eldri kirkjugarður við Reyni. Þá er einnig heimagrafreitur á Hjörleifshöfða.

### 5.9.7. Félagslíf, opin svæði til sérstakra nota; íþróttir og útivist

#### Almennt um félagsmál:

Félagsmál eru af mjög mismunandi meiði og flestir þættir þeirra koma inn á svið sveitarstjórna. Grundvöllur fjölbreytilegs félagslífs byggist að nokkru leyti á íbúafjölda í sveitarfélags. Ýmis konar félagsstarfsemi hefur þó, í vaxandi mæli, farið yfir sveitarfélagsmörkin. Þrátt fyrir að Mýrdalur væri fyrrum aðgreindur í tvö sveitarfélög voru ýmis málefni unnin sameiginlega, má þar nefna fræðslumál, heilbrigðismál, símamál og fleiri félagsleg verkefni. Félagsstarfsemi hefur jafnan staðið með miklum blóma í Mýrdalshreppi og til skamms tíma hafa verið starfandi allt 15 félög með mismunandi markmið.

Skömmu eftir 1900 var málfundafélagið Ármann stofnað í Vík og starfaði það að krafti fram undir 1940. Félagið lét til sín taka ýmis framfarumál, bæði í Vík og nágrenni. Kvenfélög, þrjú talsins, hafa lengi starfað í Mýrdal og hafa þau unnið að líknarmálum og fleiri góðum málum. Tvö Ungmennafélög, sem heita Drangur og Dyrhólar, og tvö búnaðarfélög, hafa starfað lengi. Félagssvæðin fara eftir gömlu hreppsskiptingunni.

Stéttar- og fagfélög starfa einnig í Mýrdalshreppi. Verkalýðsfélagið Víkingur, sem í upphafi var tiltölulega sterkt, var stofnað 1932. Það hefur nú sameinast öðrum verkalýðsfélögum í Vestur-Skaftafells- og Rangárvallasýslu í Verkalýðsfélag Suðurlands. Lions-klúbburinn Suðri hefur félagssvæði frá Skógum til Víkur. Samherjar, félag eldri borgara, hefur sama starfssvæði og Lions. Víkurleikflokkurinn hefur starfað nokkuð lengi af mismunandi krafti.

Aðstaða til félagsstarfa er nokkuð fjölbreytileg í Mýrdalshreppi og hefur aukist með íþróttahúsinu. Félagsheimilið Leikskálar er í Vík, þar fer fram margháttuð starfsemi og sama á við um félagsheimilið á Ketilsstöðum. Félagsmiðstöð unglunga, sem fékk nafnið OZ, hefur verið í Leikskálum þar sem eldri borgarar hafa einnig aðstöðu. Sérklúbbar eru starfræktir hjá nokkrum aðilum. Á Eyrarlandi er gamalt félagsheimili, sem nú er í einkaeigu. Fyrri hluta ársins 2006 var stofnað Ferðafélag Mýrdælinga og er það deild í Ferðafélagi Íslands.

Samskipti Mýrdals- og Skaftárhrepps, sem saman mynda Vestur-Skaftafellssýslu, eru talsverð á sviði félags- og menningarmála, enda samgöngur góðar.

#### Útivist:

Eitt hinna áhugaverðu svæða í Mýrdalshreppi er Dyrhólaey, sem er 120 m hár kletthöfði vestan Víkur. Þar hefur verið unnið deiliskipulag sem í meginatriðum felst í eftirfarandi þáttum:

- Endurbætur verði gerðar á vegakerfinu.
- Fjánhús og hlaða sem fyrir eru verði nýtt fyrir gestastofu.
- Aðkomusvæði verði vönduð og bílastæði komi á Lágeynni og á Háeynni.
- Gönguleiðir um eyna verði merktar sem og útsýnisstaðir.
- Útsýnispallur verði byggður.
- Endurhleðsla ásamt stækkun grjóttveggja sunnan og vestan Dyrhólaeyjarvita komi til.

Möguleikar til útivistar eru miklir í Mýrdalshreppi og hefur þar mest áhrif samspil landslags, vatns og fjölbreytileiki í gróðurfari. Útsýni er víða mjög gott og möguleikar til gönguferða og annarar útivistar eru miklir. Sjá kafla 5.8.3. sem fjallar um reið- og gönguleiðir

Samkvæmt Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 er gert ráð fyrir mjög stóru útivistarsvæði innan þéttbýlismarkanna í Vík. Langstærsta svæðið er ofan byggðarinnar, þar er unnið að skógrækt, með grasflatir inná milli. Einnig er gert ráð fyrir útivistarsvæði meðfram Víkuránni að miklu leyti. Gert er ráð fyrir allstórum gróðurlundi neðan kirkju og heilsugæslu og loks er gert ráð fyrir sérstökum listigarði á Syngjanda. Loks ber að

nefna svokallaðan minningarlund, sem er suðvestan byggðarinnar.

Skógræktarfélag Mýrdælinga hefur staðið fyrir töluverðri trjáplöntun á undangengnum áratugum. Plantað hefur verið á friðuðum svæðum og er árangurinn yfirleitt góður. Aðalverkefni hafa verið plöntun ofan þéttbýlisins í Vík. Félagið hefur einnig staðið að trjáplöntun í Gjögum í landi Ytri-Sólheima, í Heiðardal og í Brynkudal við Deildará.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur leigt jarðirnar Fell, Álftagróf og Keldudal, heildarsvæðið er kallað Fellsmörk. Þarna hefur verið gróðursett allmikið. Skógræktinni er ætlað að veita skjól fyrir útivistar- og frístundahúsasvæði. Í *Félagi landnema á Fellsmörk* eru um 40 fjölskyldur sem hver um sig hefur til umráða einn til tvo hektara lands til skógræktar sem eru leigðir af Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Ræktun hefur staðið yfir í um 15 ár og er árangur farinn að skila sér.

Enda þótt sléttir og grónir sandar neðan við Vík og víðar í Mýrdalshreppi séu ekki skilgreindir sem útivistarsvæði, og ekki sé gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum á þessum svæðum, munu þau hafa aðráttarafl fyrir þá sem kjósa útivist og náttúruskoðun. Sama gildir um ýmsa aðra staði upp til landsins, enda er gert ráð fyrir áhugaverðum göngu- og reiðleiðum til að tengja þá við byggð, sjá kafla 5.8.3.

#### Íþróttir:

Þegar skilyrði eru fyrir skíðaiðkun í Vík er stundum komið fyrir toglyftu í Norður-Víkurtúni.

Gott íþróttasvæði er í Vík sem er í nánd við Víkurskóla og þar hefur einnig verið lokið byggingu íþróttahúss og sundlaugar. Annað íþróttasvæði er í landi Péturseyjar.

Í Mýrdalshreppi er starfandi hestamannafélagið Sindri, en auk Mýrdælinga standa hestamenn undir Eyjafjöllum og í Álftaveri að félaginu. Hesthús hafa verið á tveimur stöðum í Vík á síðustu áratugum, sem verða aflögð. Nú hefur nýtt hesthúsasvæði verið ákvarðað austanvert á þéttbýlissvæðinu í aðalskipulagstillögunni, sem á að fullnægja þörfum hestamanna í Vík. Á þessu svæði hefur þegar verið gerður reiðvöllur.

Golfvöllurinn í Vík er eitt hinna stóru opnu svæða til sérstakra nota. Golfklúbburinn í Vík var stofnaður árið 1992 og félagar eru um 50. Golfklúbburinn hefur staðið myndarlega að uppbyggingu 9 holu golfvallar austan tjalddæða.

### 5.10. Öryggismál

Öryggismálum er sinnt sameiginlega á öllu landinu af Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Almannaverndarnefnd Mýrdalshrepps starfar skv. lögum um Almannavarnir og neyðarskipulagi Almannavarna. Auk almenns neyðarskipulags hefur verið unni séráætlun um viðbrögð við eldgosi í Mýrdalsjökli. Séráætlunin hefur verið endurskoðuð reglulega og æfð, bæði með sérstökum æfingum fyrir hjálparlið og stærri æfingum með þátttöku hins almenna borgara. Á þessum æfingum hefur tekist að rýma öll svæði sem gert er ráð fyrir að rýma á 30-40 mínútum. Almannavarnanefnd hefur aðstöðu á skrifstofu Sýslumannsins í Vík nema þegar rýma þarf hluta Víkur en þá hefur nefndin aðstöðu í slökkvistöðinni. Almannavarnanefnd hefur gert héraðssamning við björgunarsveitina Víkverja og Víkurdeild Rauða Krossins um hjálparlið vegna almannavarna.

Slökkvilið í Vík hefur aðstöðu að Suðurvíkurveg í Vík og hefur yfir að ráða tveimur ágætum slökkvibílum og tækjabíl. Slökkviliðið getur boðað 15-20 manns til slökkvistarfa.

Rauða krossdeildin í Vík hefur aðstöðu í sama húsi og slökkviliðið. Fjöldahjálparstöð er í grunnskólanum í Vík nema þegar Kötluvá er uppi en þá er fjöldahjálparstöðin í leikskólanum við Suðurvíkurveg. Í Neyðarvarnaráætlun Rauða-kross deildarinnar er miðað við að 15-20 manns gegni störfum flokksstjóra og stuðningsaðila.

Björgunarsveitin Víkverji hefur aðstöðu við Smiðjuveg nema þegar Kötluvá er uppi en á fær sveitin aðstöðu í áhaldahúsi Mýrdalshrepps við Suðurvíkurveg. Sveitin getur kallað út allt að 20 manns, en félagar eru 44. Tækjabúnaður sveitarinnar er: Ford Econoline fólksflutningabíl, Toyota Tacoma torfærubifreið, MAN trukkan, snjóbíl, snjósléðar, slöngubátur, fjórhjól, fluglínutæki, sigbúnaður o. fl. Björgunarsveitin Víkverji starfrækir fjarskiptaendurvarpa sem staðsettur er á Höttu skammt norðan Víkur.

Önnur svið öryggismála ná til eldvarnareftirlits og löggæslu. Sjá einnig kafla 5.9.5.

Auk náttúruvár vegna hlaupa og landbrots þarf einnig að huga að öðrum þáttum sem geta fylgt eldsumbrotum í eldstöðinni. Þeir eru: Jarðskjálftar, gjóskufall, eldingar og eiturefni. Jarðskjálftar hafa verið fyrirboðar Kötlugosa og einnig hafa þeir fylgt í kjölfar þeirra. Þetta geta verið snarpir skjálftar, allt 5 á Richterskala eða stærri. Hefðbundnir og árstíðabundnir skjálftar eru jafnan mun minni.

Margs konar mælingar eru stundaðar í Mýrdalsjökli sem tryggja eiga öryggi svæðisins. Nefna má jarðskjálftamælingar, GPS- mælingar, vatnamælingar og flogið er reglulega yfir jökulsvæðið til að kanna ástand þess.

## 6.0. Eignarhald á landi

Land í dreifbýli í Mýrdalshreppi er ýmist í einkaeigu eða í eigu sveitar- eða ríkissjóðs. Land þéttbýlis í Vík er að mestu í eigu Mýrdalshrepps. Sveitarstjórn hefur beitt sér fyrir að kaupa meira land í og við Vík til þess að greiða fyrir uppbyggingu þéttbýlisins þar.

Ýmislegt mælir með því að sveitarfélög eigi land í þéttbýli og geri lóðaleigusamninga við húseigendur. Má í þessu sambandi einkum nefna atriði sem lúta að gerð skipulags.

## 7.0. Könnun á landnotkun

Þegar í upphafi vinnunnar við gerð Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2005-2025 var ákveðið að gera könnun á áformum landeigenda um landnotkun. Þetta er eðlilegt vegna þess að unnið er að skipulagi sveitarfélagsins í heild, en ekki eingöngu þéttbýlisins í Vík eða þess hluta eingöngu sem sveitarstjórn hefur til umráða. Mikilvægt er einnig að virða eignarrétt manna og að skapa lýðræðisleg skilyrði fyrir landeigendur til þess að koma á framfæri hugmyndum sínum um landnotkun á eigin landi. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi breyttra skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Til þess að fylgja eftir þessum markmiðum ákvað skipulagsráðgjafi í samstarfi við sveitarstjóra að útbúa dreifibréf og spurningalista sem sveitarstjóri sá um að senda landeigendum í Mýrdalshreppi.

Undirtektir landeigenda við þessari könnun er nokkuð góð, en svör bárust frá 27 aðilum. Í svörum komu fram 18 dæmi um áform um breytta landnotkun sem kalla öll á umfjöllun og afgreiðslu sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar. Níu aðilar sem svara hyggjast halda óbreyttri landnotkun. Sumir hafa á síðari stigum breytt þessum áformum, ýmist hætt við fyrri áform eða bæst við.

Mjög líklegt má telja að síðar á skipulagstímabilinu komi fram óskir og hugmyndir um heimild til framkvæmda, en þá þarf að gera breytingar á skipulagstillögunni í samræmi við kafla 8.1. í greinargerð þessari. Niðurstöður þessarar könnunar eru sýndar á töflu nr. 23, (sjá einnig kafla 2.3).

Bújarðir-landareign	A:Óbreytt landnotkun	B:Breytt landnotkun	Ný landnotkunáform - greinargerð
Álftagróf, Fell og Keldudalur	x		
Ás		x	5, 6, 9, 10, 13

Breiðahlíð		x	5 eða 6
Dyrhólahjáleiga		x	5 eða 6
Eystri-Sólheimar		x	6
Fagridalur		x	2, 4, 6, 7, 8, 10
Garðakot	x		
Giljur og Fjós		x	2, 4, 5, 7, 8, 9, 10
Höfðabrekka		x	1, 3, 5, 6, 7, 9, 10, 12
Kaldrananes		x	5
Ketilsstaðir II	x		
Loftsalir		x	3, 5 eða 6
Norðurgarðar		x	5
Norður-Götur	x		
Nykhóll	x		
Pétursey I		x	1, 6, 8
Reynisbrekka		x	5, 8, 13. Greinargerð: Útsýnisvegur og jarðgöng
Reynisholt I		x	2
Rof - 3/4 hlutar jarðar		x	1, 5 eða 6
Skammadalshóll		x	1, 5, 6, 7 og 10.
Skammidalur I og II		x	1, 5, 6 og 7
Sólheimahjáleiga	x		
Suður-Foss	x		
Suður-Hvammur	x		
Teigagerði	x		
Þórisholt		x	1, 2, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 12
Ytri-Sólheimar I		x	2, 3, 5, 7, 8, 9, 10, 13. Grg.: Ferðapj. og affreyving
Samtals	9	18	Alls: 27

Tafla nr. 33. Niðurstöður könnunar um landnotkun.

Heimild: BB/Heimamenn.

## Landnotkun/valkostir

A. óbreytt landnotkun

B. Breytt landnotkun

Ef svarið er B þá er spurt um hver eftirfarandi atriði eiga þar við, eitt eða fleira.

1. Leiga/sala á frístundahúsalóðum (1-3 lóðir).
2. Leiga/sala á frístundahúsalóðum (fleiri en 3 lóðir).
3. Leiga/sala á íbúðarhúsalóðum, utan búreksturs 1-3 lóðir.
4. Leiga/sala á íbúðarhúsalóðum, utan búreksturs (fleiri en 3 lóðir).
5. Almenn skógrækt.
6. Bændaskógrækt; landgræðsluskógar, skjólbelti.
7. Virkjun til raforkuframleiðslu: Vatnsafl. -Vindafl.
8. Starfræksla efnistökusvæða.
9. Ferðapjónusta (bændagisting).
10. Önnur þjónusta.
11. Ósk um heimild til að byggja upp hafnaraðstöðu.
12. Breytt landbúnaðarstarfsemi.
13. Aðrar breytingar á landnotkun.

Ef krossað er við lið nr. 13 á listanum þá er vinsamlegast óskað eftir stuttri greinargerð.

Svo virðist sem ýmsir landeigendur hafi ekki áform um breytta landnotkun nú eða að fremur sé óljóst um framtíðina. Einnig er hugsanlegt að viðkomandi aðilar vilji ekki tjá sig um slíkt áform á þessu stigi.

Nokkur svör bárust seint en niðurstöður þeirra hafa verið teknar til greina.

Vegna þeirra tafa sem orðið hefur á endanlegum frágangi aðalskipulagsins og þar af leiðandi nokkuð langs tíma frá könnuninni hafa ýmis ný atriði komið til. Þá hafa einnig komið fram nýjar

hugmyndir hjá landeigendum sem tekið hefur verið fullt tillit til.

### 7.1. Skipulag á bújörðum

Um landnotkun á bújörðum gilda almenn skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 sem tóku gildi frá og með áramótum 1998. Ein af þýðingarmiklum breytingum á hinum nýju skipulags- og byggingarlögum og í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er sú að allt landið er skipulagsskipt og eru bújarðir ekki undanskildar eins og áður var. Þess vegna nær skipulagstillagan til sveitarfélagsins í heild.

Uppdráttur, sem nær yfir allt sveitarfélagið, heitir samkvæmt lögunum sveitarfélagsuppdráttur og er hann í mælikvarðanum 1/50.000.

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025 á að greiða fyrir öllum afgreiðslum vegna einstakra skipulagsserinda sem tillagan nær til og gera bændum og öðrum landeigendum léttara að ná markmiðum sínum varðandi landnotkun. Í flestum tilfellum verður þó að gera ráð fyrir að vinna þurfi deiliskipulag í samræmi við aðalskipulagstillöguna.

Breytingar og viðbætur vegna landnotkunar í dreifbýlinu fara samkvæmt áður nefndum lögum, sjá kafla 8.1.

### 8.0. UM SKIPULAG

### 8.1. Framkvæmd og endurskoðun skipulags

Í inngangi þessarar greinargerðar eru rakin helstu atriði sem snúa að hinni lögformlegu hlið aðalskipulags, m.t.t. meðferðar og afgreiðslu þessa mikilvæga þáttar í stjórnýslu sveitarfélagsins.

Eftir að staðfesting aðalskipulags hefur farið fram hefur það öðlast það gildi sem því er ætlað, þ.e. að vera bindandi fyrir allar meiri háttar framkvæmdir í sveitarfélaginu næstu tuttugu árin. Þótt aðalskipulagstillagan sé unnin af kostgæfni, svo sem aðstæður leyfa, þá geta ýmsar forsendur breyst á tuttugu ára tímabili. Athugun á forsendum endurskoðunar er því nauðsynleg með ákveðnu millibili, enda er ráð fyrir því gert í skipulagsreglugerð. Þetta skal gert a.m.k. á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum (sbr. 16. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997).

Auk þeirrar reglulegu athugunar á endurskoðun sem áður er nefnd getur það gerst að nauðsynlegt sé að gera breytingu á hluta aðalskipulags meðan skipulagstímabilið stendur yfir. Í þessu tilfalli er um tvær leiðir að velja:

**A. Óveruleg breyting:** Ef sveitarstjórn telur að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar samkvæmt 17. og 18 gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni innan viku frá því að tillagan barst henni. Fallist ráðherra á tillöguna skal sveitarstjórn auglýsa hana með áberandi hætti. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komi fram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn. Afgreiðsla sveitarstjórnar skal send ráðherra til staðfestingar. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

**B. Stærri breyting:** Ef um breytingu á aðalskipulagi er að ræða skal farið með slíkt mál eins og ef um nýtt aðalskipulag væri að ræða, þ.e. leitað staðfestingar ráðherra að nýju, að undangenginni opinberri auglýsingu og samþykki Skipulagsstofnunar, samkvæmt 17., 18. og 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Innan marka aðalskipulags þarf jafnan að gera deiliskipulag sem kveður nánar á um einstakar framkvæmdir, t.d. stærð lóða, breidd gatna,

mænisstefnu þaka, nýtingarhlutfall húsa og fleira. Ef vikið er frá staðfestu aðalskipulagi í deiliskipulagstillögu skal sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn á slíku frávik og þá ber að senda Skipulagsstofnun tillögu um breytingu á aðalskipulag sbr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

### 9.0. LOKAORÐ

Það eru talsvert mörg atriði sem þarf að skrasetja og fjalla um í greinargerð sem fylgir aðalskipulagstillögu sem þessari. Þetta er vinna sem alltaf er álitamál hvenær ber að ljúka. Markmiðið er þó ávallt að koma fram með öll meginatriði sem ýmist eru einkennandi fyrir sveitarfélagið, hafa áhrif á þróun byggðarinnar, eða hafa fengist samþykkt í stefnumörkun sveitarstjórnar á viðkomandi stað.

Það sem undirritaður telur vera mikilvægast varðandi aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025, sem nú er lagt fram til afgreiðslu og staðfestingar, er í aðalatriðum í eftirfarandi:

- Vikurvinnslusvæði á Mýrdalssandi, sem er um 16 ferkílómetrar að stærð.
- Skilgreiningar á hættusvæðum; Kötlugos, skriðu- og snjóflóð og landbrot.
- Hverfisverndun hefur fengið ríkulega umfjöllun í tengslum við skipulagsgerðina en ákvarðanir um slíka verndun hafa þó ekki verið teknar í einstökum atriðum. Ákvarðanir um þessi málefni verða teknar í samræmi við niðurstöður fornleifaskráningar í Mýrdalshreppi.
- Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun íbúa í Mýrdalshreppi og mótast landnotkun í sveitarfélaginu af því. Gert er ráð fyrir að talsvert verði byggt í Vík og jafnvægi haldist í dreifbýlishluta sveitarfélagsins. Þetta álit byggist á því að eðlilegi þróun vari.
- Könnun á áformum landeigenda um breytta landnotkun, sem framkvæmd var meðan á vinnunni við skipulagstillögunni stóð, bendir til þess að nokkrar framkvæmdir séu fyrirhugaðar í dreifbýlinu.
- Afkoma atvinnulífs og þróun íbúafjölda í Mýrdalshreppi hljóta að fylgjast að. En þó ber að líta á nágrennasveitarfélögin sem móta sameiginlegt atvinnusvæði. Þetta þýðir að ef jákvæð þróun atvinnumála á sér stað á austanverðu Suðurlandi, er mjög líklegt að það

komi fram með auknum umsvifum í sveitarfélaginu.

- Til þess að koma í veg fyrir þá íbúapróun sem verið hefur á síðustu árum og áratugum víðast hvar á landsbyggðinni verður ekki annað séð en til þurfi að koma stjórnvaldsaðgerðir sem með ýmsum hætti þyrftu að styrkja jaðarbyggðir á Íslandi. Verði þetta ekki gert er líklegast að hnignun landbyggðarinnar haldi áfram á næstu árum og áratugum. Í þessu sambandi er vitnað í skýrslu Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands sem Stefán Ólafsson prófessor hafði umsjón með. Stöðumat liggur fyrir og nú er aðgerða þörf.

Nokkur umræða um jarðgöng í gegnum Reynisfjall ásamt aðkomuvegum fór fram á fyrri stigum skipulagsvinnunar án þess þó að formleg afstaða væri tekin til málsins. Síðar var tekin sú ákvörðun, við endurtekna yfirferð aðalskipulagsins með auglýsingu, að leggja til að jarðgöng verði hluti af skipulagstillögunni.

Með ákvörðun um endurtekna auglýsingu Aðalskipulags Mýrdalshrepps var einnig ákveðið að uppfæra tillöguna til nýrrar tímasetningar og þá um leið að breyta gildistíma skipulagsins.

Áðurtalin atriði eru einna mikilvægust í fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu, en fjölmörg önnur mál fá umfjöllun og ýmsar nýjar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi stefnumörkun sveitarfélagsins.

Ég vil að lokum þakka ágætt samstarf við heimamenn í Mýrdalshreppi og þá sérstaklega sveitarstjóra og skipulags- og byggingarnefnd. Sömuleiðis ber að geta þess að höfundur hefur fengið góða fyrirgreiðslu hjá ýmsum stofnunum og einstaklingum.

Gert í Kópavogi, hinn 26. apríl 2002, síðast endurskoðað 20. september 2007 .

---

Benedikt Björnsson arkitekt faí.

## 10.0. HELSTU HEIMILDIR

1. Alþingi: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005, 2002.
2. Atvinnuþróunarfélag: Ýmsar upplýsingar og samtöl, 2000.
3. Árbók Ferðafélags Íslands, 1975.
4. Birgit Abrecht: Arkitektúr á Íslandi, 2000.
5. Björn G. Björnsson: Menningarmiðstöð í Vík í Mýrdal, 2004.
6. Bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Birgir Þórðarson heilbrigðisfulltrúi, 2003.
7. Byggðastofnun: Áætlanir og spár.
8. Byggðastofnun: Byggðarlög í sókn og vörn, Suðurland, ágúst 2004.
9. Byggðastofnun: Mýrdalshreppur, atvinnulíf og byggðapróun, nóvember 1990.
10. Byggðastofnun: Tölfræðilegar upplýsingar.
11. Fasteignamat ríkisins, Selfossi: Skráning fasteigna.
12. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Stefán Ólafsson prófessor: Búseta á Íslandi, 1997.
13. Fjarhitun hf: Lágsvæði- 2. áfangi (2. hluti), Vík í Mýrdal., 1994.
14. Guðmundur Páll Ólafsson: *Perlur í náttúru Íslands*. Mál og Menning, Reykjavík 1990.
15. Guðrún Larsen: *Um leiðir Kötluhlaupa og þróun Mýrdalssands*. Raunv.d. HÍ 1993.
16. Hagstofa Íslands: Hagtíðindi og mannfjöldaskýrslur.
17. Heildaráætlun um fráveituframkvæmdir Mýrdalshrepps (skýrsla): Sveinn Pálsson, 2003.
18. Heilsugæslustóðin í Vík: Upplýsingar um starfsemi þar, heimahjúkrun o.fl.
19. Heimamenn: Ýmsar upplýsingar, skriflegar og munnlegar, 2002.
20. Íslenskur söguatlas, Reykjavík, 1991, 1992, 1993.
21. Landgræðsla ríkisins: Græðum Ísland, 1987.
22. Landslag ehf: Deiliskipulag Dyrhólaeyjar, drög, maí 2000.
23. Markús Á. Einarsson: Veðurfar á Íslandi, Rvk 1976.
24. Menntamálaráðuneytið: Tölfræðileg gögn, vegna skóla og dagvistunar.
25. Menntamálaráðuneytið: Fjöldi nemenda í grunnskólum, 1998.
26. Menntamálaráðuneytið: Tölfræðileg gögn, vegna skóla og dagvistunar, 1998.
27. Menntamálaráðuneytið: Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 1998.
28. Mýrdalshreppur, byggðapróunarverkefni Vestur-Skafta.f.s.: Framtíðarsýn í Mýrdalshreppi, 2001.
29. Náttúruverndarráð: Náttúruuminjaskrá, sjötta útgáfa 1991.
30. Orion, ráðgjöf: Katla, áhættugur. vegna hugsanlegs goss og hlaups niður Mýrdalssand, 2000.
31. Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð, endurúgefin 1992, þrjú bindi.
32. Rala 1984: Rannsóknir á ástandi og beitarþoli gróðurlendis.
33. Rala 2001: Rannsóknarverkefnið Ýmir, jarðvegsgerðir. Greinargerð.
34. Raunvísindastofnu HÍ: Kötlustefna, ýmsar greinar. Reykjavík, mars 1993.
35. Ríkislögreglustjóri o.fl.: Séráætlun fyrir Vestur-Skaftafellssýslu vegna eldgosa undir Mýrdalsjökli, 2006.

36. Samband íslenskra sveitarfélaga: Árbækur sveitarfélaga.
37. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands: Greinargerð, 1997.
38. Sigurborg Kr. Hannesdóttir: Sýrsla um íbúáþing Vestur- Skaftfellinga, mars 2001.
39. Skipulag ríkisins: Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988, 1990.
40. Skipulag ríkisins: Vík í Mýrdal -Aðalskipulag 1988-2008, greinargerð skipulagstillögu, óst.f.
41. Skipulagsstofnun: Lög, reglugerðir og leiðbeiningarit.
42. Skólastjóri Grunnskólans í Vík: Almennar upplýsingar, 2000.
43. Sunnlenskar Byggðir – Skaftárþing, VI. bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, 1985.
44. Sveitarstjórn og ráðgjafi: Könnun á áformum um breytta landnotkun, 2001.
45. Umhverfissráðuneytið: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, 1997.
46. Þjóðhagsstofnun: Atvinnuvegaskýrsla 1994, útgefið 1997.
47. Veðurstofa Íslands: Ýmis gögn.
48. Vegagerðin: Umferð á þjóðvegum fyrir árið 2001.
49. Vegagerðin Selfossi: Ýmsar upplýsingar um einstaka vegi í sveitarfélaginu.
50. Vegagerðin: Vegaskrá 1999, Suðurland.
51. Ýmis rit um skipulags- og byggingarmál: Innlend/erlend.
52. Zóphónías Pálsson: Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfél. 1938-1988.
53. Þjóðminjasafn Íslands: Fornleifaskrá, Rvík 1990.
54. Þorleifur Einarsson: Jarðfræði, 4. útgáfa 1980.
55. Þorsteinn Jósepson, Steindór Steindórsson: Landið þitt Ísland , 1981.
56. Örn og Örlygur: Íslandshandbókin, 1989.

#### Heimildir vegna sögu Mýrdalshrepps

Árbók Ferðafélags Íslands, 1975.

Dynskógar – héraðsrit Vestur-Skaftfellinga, 4. bindi. Prentstofa G. Benediktssonar, Reykjavík 1988.

Dynskógar – héraðsrit Vestur-Skaftfellinga, 5. bindi. Prentstofa G. Benediktssonar, Reykjavík 1990.

Einar Finnbogason: „Lausagöngur eftir fyl““. Úr ritinu Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar. Björn O. Björnsson tók saman og bjó til prentunar. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1930.

Kjartan Ólafsson: Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga, fyrra bindi. Prentstofa G. Benediktssonar, Reykjavík 1987.

Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir Sjávarhættir, V. bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1986.

Sigrún Lilja Einarsdóttir: „Draugagangur í Hjörleifshöfða og á Myrdalssandi“. Námsritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands, vormisseri 1995.

Sigrún Lilja Einarsdóttir: „Brydesverslun í Vík“. Lesbók Morgunblaðsins 16. og 23. janúar 1999.

Sunnlenskar Byggðir – Skaftárþing, VI. bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, 1985.

### 11.0. Skýringar hugtaka

Helstu hugtök sem varða skipulags- og byggingarmál og skyld mál eru eftirtalin:

**Aðalskipulag:** Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á gert sé aðalskipulag. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfissráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Afréttur:** Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarstarfsemi búfjár.

**Athafnasvæði:** Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

**Áætlanir um landnotkun á landsvísu:** Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s.s. um samgöngur, fjaraskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga.

**Byggðamynstur:** Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðar, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnóttunar.

**Byggðareitur (reitir):** Götur skipta þéttbýli í misstór svæði, t.d. bæjarhluta og bæjarhverfi. Byggðareitur kallast hið minnsta slíkra svæða. Um hann liggja engar akbrautir. Oftast markast byggðareitur af fjórum götum.

**Byggðapróun:** Framvinda atvinnulífs og mannfjölda á tilteknu svæði.

**Byggingarfulltrúi:** Framkvæmdastjóri byggingar- nefndar.

**Byggingarhæft:** Svo er svæði kallað þegar það hefur verið undirbúið til húsbyggingar. Þá hafa verið gerðir uppdættir, er setja má lóðarmörk og hús eftir og sýna hvar nálægar götur og leiðslur eru. Þá er og búið að koma götustæðum í rétta hæð, leggja holræsi, vatnsveitu og rafmagnsleiðslur, undirbyggja götur og gera þær akfærar.

**Byggingarleyfi:** Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki, ofan jarðar eða neðan, eða breyta notkun þeirra. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir brýr aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Ennfremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum. Byggingarleyfi skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. þó 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

**Byggingarnefnd:** Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

**Byggingarreglugerð:** Umhverfissráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð. Í byggingarreglugerð er m.a. mælt fyrir um hvernig háttáð skuli undirbúningi byggingarframkvæmda, eftirliti, efnisnotkun o.fl.

**Byggingarreitur:** Reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppdráttum eða mæliblaði. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð.

**Byggingarsvæði:** Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað til bygginga s.s. íbúða, iðnaðar- eða verslunarhúsnæðis, stofnana o.fl.

**Deiliskipulag:** Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaaðila eða á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Eignarland:** Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

**Einkavegur:** Einkavegir eru þeir vegir sem skv. vegalögum teljast ekki stofn-, tengi-, safn- eða

landsvegir, og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

**Flokkun gatna/vega :** Sjá kafla 5.8.2.

#### **Flokkun vatnsverndarsvæða:**

Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu.

#### **I. flokkur. Brunnsvæði.**

Brunnsvæði er næsta nágreppi vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

#### **II. flokkur. Grannsvæði.**

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

#### **III. flokkur. Fjarsvæði.**

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

**Fornleifar:** Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk og orðin eru 100 ára eða eldri.

**Fólkvangur:** Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.

**Framkvæmdaleyfi:** Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlunir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

**Friðlýstar fornleifar:** Fornleifar sem ástæða hefur þótt til að friðlýsa sérstaklega vegna mikilvægis minjanna. Hægt er að friðlýsa minjar yngri en 100 ára. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað.

**Friðlýst svæði/friðland:** Friðland kallast það landsvæði sem friðlýst er samkvæmt náttúruverndarlögum vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs.

**Grenndarkynning:** Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem skipulagsnefnd telur að hagsmuni eigi að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

**Grunnkort:** Kort sem sýnir ákveðinn fjölda kennileita, s.s. mörk sveitarfélaga, lóðarmörk, götur, hæðarlínur eða önnur náttúruleg auðkenni.

**Götareitur:** Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götareitur af fjórum götum.

**Halli götu:** Halli götu er yfirleitt mældur í prósentum. Oft er sagt að halli sé t.d. 1 á móti 10 (10%). Halli = hæð/lengd.

**Heilbrigðisreglugerð:** Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, og gildir hún fyrir allt landið, landhelgi þess og lofthelgi.

**Hollustuvernd ríkisins:** Var ríkisstofnun sem hafði yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknnum þessu tengdu og sá um framkvæmd þessa í samræmi við lög. Umhverfisstofnun hefur nú tekið við þessu hlutverki

**Húsfriðunarnefnd:** Í húsfriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar. Meginverksvið húsfriðunarnefndar er að gera tillögur um hvaða hús eða húshluta skuli friða vegna menningarsögulegs, listræns eða umhverfislegs gildis. Menntamálaráðherra ákveður

friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsfriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

**Hverfisvernd:** Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

**Hættusvæði:** Svæði sem að hætta getur stafað af t.d. flóðum, ofanflóðum (snjóflóðum og skriðuföllum), sviptivindum eða jarðskjálftum. Óheimilt er t.d. að reisa mannvirki á svæði þar sem vitað er að snjóflóð hefur fallið.

**Íbúðarsvæði:** Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað fyrir íbúðarhús. Á íbúðarsvæðum má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi sem eðlilegt telst að þar sé til þjónusta fyrir íbúðahverfi, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum og öðru slíku, sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna ólyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

**Jarðalög:** Ný jarðalög nr. 81/2004 eru í ýmsum greinum ólík þeim eldri. Nokkur meginatriði laganna eru eftirfarandi:

1. Forkaupsréttur sveitarfélags á jörðum er afnuminn. Þótt þessi réttur sé afnuminn þurfa sveitarstjórnir í nokkrum tilfellum að veita umsögn vegna viðskipta með jarðir.
2. Jarðanefndir verða afnumdar.
3. Leitað skal umsagnar héraðsráðunautar við stofnun nýs lögbýlis.
4. Forkaupsréttur ábúanda er stytur, var eftir 10 ár en verður 7 ár. Þetta gildir einnig um ríkisjarðir.
5. Ættaróðul verði aflögð.
6. Ný ákvæði gilda um sameiningu jarða. Þörf er á samþykki landbúnaðarráðherra vegna þessa gjörnings.
7. Landbúnaðarráðherra skal eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum jarðahluta eða landspildna séu þær leystar úr landbúnaðarnotum eða skipt út úr jörð.

Með nýjum lögum er heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsparfir og einnig öll vatns og jarðhitaréttindi.

**Landnotkun:** Ráðstöfun lands til mismunandi nota svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

**Landnotkunarflokkur:** Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 2. kafla.

**Landnotkunarreitur:** Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitir skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götareit. Innan

landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 2. kafla. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

**Landnýting:** Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleiki byggðar og ítölu.

**Landslag:** Form og útlit landsins.

**Landsskipulag:** Áætlun sem tekur til landsins alls og fjallar um aðalatriði varðandi þróun byggðar og atvinnuvega. Markmið landsskipulags er að skapa heildaryfirlit, samræma byggðaðróun og móta ramma fyrir svæðisskipulag.

**Landsvegur:** Landsvegir eru samkvæmt vegalögum þeir vegir yfir fjöll og heiðar sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

**Leikvöllur:** Leikvöllir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá heimilum þeirra barna sem þeir eru ætlaðir. Eftir því hvaða aldurshópi leikvöllum er ætlað að þjóna og fjarlægð frá heimadyrum má skipta þeim í nær-, grenndar- og hverfisvelli.

**Lögbýli:** Jörð eða lögbýli nefnist skv. ábúðarlögum hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- eða engjamerkjum, ef um er að ræða hjáleigu eða býli sem hefur sameiginlegt beitarland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býlið að hafa nægt landrymi eða búrekstraraðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Auk þess verður að vera nægur húsakostur til að nýttja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur telst eyðijörð og þó hús séu fallin eða rifin telst hún lögbýli nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afreittar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki og staðfestingunni landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

**Mengun:** Með mengun er átt við að örverur, efnir og efnasambönd valdi óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raski lífríki eða óhreinlu loft, lág eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

**Miðsvæði:** Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum,

veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

**Mæliblað:** Mæliblað lýsa legu og stærð lóða og gildandi mörkum eigna og umráðasvæða. Á mæliblaði skal sýna kvaðir sem eru í gildi á viðkomandi svæði, s.s. vegna samþykktra mannvirkja eða veitukerfa. Þar skal sýna byggingarreit og hæðartölur aðliggjandi götu. Yfirleitt unnið í mælikvarða 1: 500.

**Náttúruminjar:** a. náttúruverndarsvæði, b. lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjasrá, sbr. 67. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

**Náttúruminjasrá:** Umhverfisráðherra gefur út náttúruminjasrá fjórða hvert ár og auglýsir hana í Stjórnartíðindum. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá um öflun gagna og skráningu í náttúruminjasrá og undirbúa útgáfu hennar.

**Náttúruverndarnefnd:** Í hverju sýslu- og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna, kys þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma. Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði m.a. með fræðslu, umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

**Náttúruverndarsvæði:**

- Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
- Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjasrá.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

**Nýtingarhlutfall:** Hlutfall milli brúttó gólfplatár á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfplatár á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli heildargólfplatár á landnotkunarreit eða göturreit og flatarmáls reitsins.

**Opið svæði til sérstakra nota:** Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði,

siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

**Óbyggt svæði í skipulagsáætlunum:** Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði. Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu óbyggðra svæða. Ef mannvirki, s.s. stígar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum þarf að deiliskipuleggja þau.

**Ósnortið víðerni:** Landsvæði sem er a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

**Ræktað land:** Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

**Sérstök svæðisskipulagsmeðferð:** Svæðisskiplag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. 15.gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskiplag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskiplag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Sjálfbær þróun:** Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

**Skipulagsáætlun:** Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðanna. Skipulagsáætlunir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskiplag, aðalskiplag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

**Skipulagsferill:** Framvinda skipulagsvinnu, m.a. undirbúningur skipulagsvinnunnar, uppbygging verkþátta, öflun og greining upplýsinga, úrvinnsla valkosta, stefnumörkun, samskipti við sveitarstjórn og almenning, ákvarðanatáka, framkvæmd skipulags, stjórnun og endurskoðun.

**Skipulagsfulltrúi:** Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar. Í þeim sveitarfélögum þar sem skipulags- og byggingarnefnd starfar, getur skipulags- og byggingarfulltrúi annast skipulagsmál.

**Skipulagsgreinargerð:** Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

**Skipulagskvaðir:** Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

**Skipulagsmarkmið:** Markmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

**Skipulagsnefnd:** Í hverju sveitarfélagi skal starfa sérstök skipulagsnefnd eða sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd. Skipulagsnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem við á, fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

**Skipulagsreglugerð:** Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdráttar, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana. Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra. Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskiplag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

**Skipulagsskilmálar:** Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetning byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

**Skipulagsstig:** Skipulagsstigin eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

**Skipulagsstjóri:** Framkvæmdastjóri Skipulagsstofnunar. Hann fer með stjórn skipulagsmála í umboði ráðuneytis.

**Skipulagsstofnun:** Hlutverk Skipulagsstofnunar er í aðalatriðum eftirfarandi: Að hafa eftirlit með

framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og viðeigandi reglugerða. Að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál. Að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum. Að annast leiðbeiningarstarf og sjá um umsagnir um ágreiningsmál. Að sjá um upplýsingar um landnotkun á landsvísu. Að stuðla að rannsóknum og útgáfu og að sjá um upplýsingar um ferlimál fatlaðra. Að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

**Skipulagssvæði:** Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til alls lands tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit.

**Skipulagstillaga:** Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.

**Skipulagstímabil:** Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miðað við ákveðið tímabil og er því ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera minnst 12 ár.

**Skipulagsuppdráttur:** Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

**Staðfest skipulag:** Skipulag sem umhverfisráðherra hefur staðfest eftir að það hefur hlotið meðferð skv. 17.-18. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þegar skipulag hefur verið staðfest er það bindandi fyrir alla aðila.

**Stofnanasvæði:** Svæði sem er fyrst og fremst ætlað fyrir stofnanir ríkisins og sveitarfélaga.

**Sveitarfélagsuppdráttur:** Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

**Svæði fyrir frístundabyggð:** Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

**Svæði fyrir þjónustustofnanir:** Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

**Svæðisbyggingarnefnd:** Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. gr. 7.2 í byggingarreglugerð nr. 44/1998. Svæðisbyggingarnefnd skal kjósa sér formann á fyrsta fundi.

**Svæðisskipulag:** Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleira en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnnum og Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag skal taka til alls þess lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

**Umhverfisvernd:** Alhliða vernd gegn hvers konar mengun, öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og varðveisla náttúrugæða.

**Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála:** Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

**Þéttbýli:** Þyrping húsa þar sem búa minnst 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

**Þéttleiki byggðar:** Landnýing innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfllatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reiknisstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

**Þjóðlenda:** Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

**Þjóðvegir:** Sjá kafla 5.8.2.

# *Uppdrættir vegna aðalskipulags:*

*Sveitarfélagsuppdráttur  
Þéttbýlisuppdráttur*

*Skýringaruppdrættir byggðir á kortagrunnum:*

- A. Friðuð/vernduð- svæði í Mýrdalshreppi*
- B. Efnisnám í Mýrdalshreppi*
- C. Flóðaannáll í Mýrdalshreppi*
- D. Rýmingarkort í Vík*
- E. Húsavernd, aldursgreining mannvirkja í Vík*
- F. Samsetning í landbúnaði 2002*
- G. Ræktað land í Mýrdalshreppi*
- H. Opinber mannvirki og slóðar í Mýrdalshreppi*
- I. Þjónustustofnanir í Vík*
- J. Frístundahús, ferðaþjónusta, íþróttá- og útivistarsvæði*
- K. Skógræktarsvæði í Vík*

## *Viðaukar greinargerðar*

*Afgreiðsla á athugasemdum íbúa*

*Afgreiðsla á athugasemdum umsagnaraðila*

*Samþykkt tillaga að afgreiðslu vegna minnisblaðs Skipulagsstofnunar,  
dags. xx*